This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

Soam 5565.131.5 (v.2)



Soan 5565.131.5 (v.2)



HARVARD COLLEGE
LIBRARY

FROM THE LIBRARY OF
KONRAD VON MAVRER
OF MVNICH

THE GIFT OF
ARCHIBALD CARY COOLIDGE
— CLASS OF 1887 —
ASSISTANT PROFESSOR OF HISTORY
1904

KVÆÐI

EPTIR

STEFÁN ÓLAFSSON.

GEFIN ÚT AF HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

II.

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTAD HJÁ BIANCO LUNO (F. DREYER).

1886.

~~Scan 5565.13.15~~
Scan 5565.13.15 (v. 2)

Harvard College Library
Von Maurer Collection
Gift of A. C. Coolidge
Jan. 13, 1904

FORMÁLI.

Árið 1823 var gefið út kvæðakver Stefáns Ólafssonar af hinu íslenzka bókmentafélagi. Það kver hefur af alþýðu manna stundum verið kallað „Steffánskver". Það var hin fyrsta deild af hinu íslenzka ljóðasafni, sem félagið ætlaði að gefa út. Hefur það tvöfaldan titil; sá fyrri er: Ljóðmæli | útgéfin | af því íslenzka Bókmentafélagi Fyrſta Deild|. Qvæði Síra Stepháns Ólafsſonar. Khöfn. 1823. Hinn síðari: Ljóðmæli | eignuð | Séra Stepháni Ólafsſyni,| Fyrrum prófasti í Múla þingi og ſóknarpreſti | að Vallaneſi | Utgéfin að tilhlutan hins íslenzka | Bókmentafélags. Kaupmannahöfn 1823. 8vo. XXIV + 204 bls. Meira en þessi deild kom aldrei út, en búin var önnur deild undir prentun af Árna Helgasyni, Hallgrími Scheving og Bjarna Thórarensen. Það handrit brann 1847 alt, nema formáli og registur, sem enn er til í safni Bókmentafélagsins Nr. 26. 4to.

„Steffánskver" bjuggu þeir undir prentun Finnur prófessor Magnússon, Máritz stúdent Mattíasson af Suðurnesjum (d. 1827) og Hannes stúdent Stephensen, seinna prestur á Hólmi á Akranesi. Aðalhandrit þau, sem þeir notuðu var syrpa sú, sem séra Þorvaldur Böðvarsson átti, en sem nú er týnd, og kvæðasafn Jóns fak-

tors Stefánssonar á Djúpavog (Berufirði), sem nú er að mestu brunnið.

Þessi útgáfa var, eins og að líkindum lætur á þeim tíma, léleg og henni var abótavant í mjög mörgu, og er það nægileg ástæða til þess, að bókinni yrðu gerð betri skil. En auk þess hefur hún nú um mörg ár verið alveg ófáanleg, hvað sem í boði hefur verið.

Hinn fyrsta vetur, sem eg var hér í Kaupmannahöfn hafði eg þegar blaðað talsvert í handritasöfnum hér, og einkum leitast við að kynna mér það, sem snerti Ísland og bókmentir þess eptir 1400; safnaði eg þá jafnóðum ýmsu, og þar á meðal óprentuðum kvæðum, sem eg rakst á eptir Stefán Ólafsson, og komst við það betur að raun um, hvað útgáfan 1823 var ófullkomin. Eg skrifaði því stjórn deildarinnar hér eptir nýjár 1884, og skýrði henni frá, að öll þörf væri á nýrri útgáfu af „Steffánskveri", og bauðst eg til að sjá um hana fyrir félagið. Á aðalfundi félagsins það ár var þetta tilboð borið fram, og gekk fundurinn að því.

Eg hefi við þessa útgáfu fylgt sömu reglu og þegar önnur forn rit eru gefin út, sem ekki eru til í frumritum, og hefi eg því notað þau handrit, sem fyrir mér hafa orðið, og dregið saman hinn verulegasta orðamun og tilfært hann. Þetta er að vísu hin örðugasta aðferð, því að hægast væri að taka eitt handrit og skrifa það blátt áfram upp og láta prenta það, en að minni hyggju er hún hin eina rétta. Eg álít það gjörræði bæði gagnvart höfundi og lesendum, að útgefandi, þegar hjá því verður komizt, setji saman textann eptir sínu eigin höfði, án þess að geta verið viss um að hitta hið réttasta og bezta og án þess að tilfæra orðamun, svo hver geti haft það, sem honum lízt bezt á. Eg skoða merk rit frá 16. og 17. öld alveg eins þess verð, að við þau sé lögð rækt eins og þó þau væri eldri, því merkilegt er altaf merkilegt frá hvaða tíma, sem það er. Ef einhver skyldi halda, að það væru einsdæmi að gefa út kvæðabók á

líkan hátt, sem þessi er gefin út, mætti telja upp sæg af dæmum, sem sýna að svo er ekki.

Eg hef af ásettu ráði tekið öll þau kvæði upp í þetta safn, sem finnast eignuð Stefáni Ólafssyni, þó þau væri að einhverju leyti vafasöm, ef eg hafði ekki nægilega sönnun fyrir því, að þau væru ekki eptir hann, og eins ef mér þóttu miklar líkur til að eitthvert kvæði væri eptir hann, þó það væri ekki beinlínis eignað honum, ef ekkert sérstaklegt var á móti því, og er alstaðar við hvert slíkt kvæði skýrt frá því nákvæmlega, hvað með sé og mót. Um þetta sýnist auðvitað sitt hverjum. En eg áleit þetta óhultast; hefði eg slept vafasömum kvæðum, sem seinna sannaðist að Stefán hafi gert hefði það verið lakara, og ef seinna sannast að annar hafi gert eitthvert kvæðið, sem eg hef tekið upp, er skaðinn ekki annar en sá, að kvæðið er prentað. Hvert af þessum kvæðum var og er jafnvafasamt, hvort sem það er prentað eða ekki, og eg hefði enda ekki átt hægt með að verja það, að sleppa því, sem handritin eigna Stefáni, þó einhver vafi væri á, ef eg ekki gat skorið úr með vissu, hvað réttast var. Hins vegar hef eg eins og sjálfsagt var, slept því, sem mér þótti nokkurn veginn vissa fyrir, að hann hafi ekki gert, en hef getið þess aptan til í II. bindinu.

Réttritun á bókinni er ekki sjálfri sér svo samkvæm, sem eg vildi, en þó held eg, að ekki séu svo mikil brögð að því, að það geti valdið neinum verulegum baga.

Eg hefi að öllu leyti einn búið þetta kvæðasafn undir prentun, og er því ekki neinum öðrum um að kenna það, sem ábótavant er. Þó hefur stud. theol. Hafsteinn Pétursson hjálpað mér til að safna til registurs úr öðru bindinu, og þakka eg honum fyrir það.

Þeir aðrir, sem eg leyfi mér að færa þýðar þakkir fyrir það, sem hver þeirra upp á sinn máta hefur velviljuglega greitt fyrir mér við útgáfu þessa, eru þessir: jústizráð Chr. Bruun yfirbókavörður við konunglega bókasafnið mikla í Kaupmannahöfn, sem hefur útvegað mér að láni þau handrit

frá Stokkhólmi, sem eg þurfti á að halda; Birket Smith yfirbókavörður við háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn, sem útvegaði mér að láni handrit frá Uppsölum. Hvortveggja þessi handritalán má eg og jafnframt þakka mannúð Dr. G. Klemmings bókavarðar við stóra ríkisbókasafnið í Stokkhólmi og Dr. Annerstedts bókavarðar við háskólabókasafnið í Uppsölum. Mér er skylt og ljúft að þakka Dr. Jóni Þorkelssyni skólameistara í Reykjavík, sem léði mér góðviljuglega handrit úr safni Latínuskólans heim til mín, þegar eg var í Reykjavík sumarið 1884, og hinum þá verandi forseta Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins Magnúsi assessor Stephensen, sem þá léði mér og þau handrit úr safni félagsins þar, er eg þurfti á að halda. Enn fremur má eg sérstaklega þakka yfirkennara Haldóri Kr. Friðrikssyni í Reykjavík formanni stjórnarnefndar Landsbókasafnsins, sem átti mestan þátt í því, að eg fékk að nota safnið jafnt á þeim tímum, sem það ekki er annars til afnota, sem hinum. Innlegar þakkir er mér skylt að tjá Landsbókaverði Jóni Árnasyni, sem ekki einungis sýndi mér alt hið mesta umburðarlyndi á bókasafninu, heldur gaf mér þar á ofan eitt hið merkilegasta handrit af kvæðasafni Stefáns með hendi Hálfdánar meistara Einarssonar og viðbæti þar aptan við með hendi bókavarðarins sjálfs (Hálfdánarbók). En einna mest á eg að þakka aðstoðarbókaverði cand. philos. Hallgrími Melsteð, sem með ópreytandi þolinmæði var með mér á Landsbókasafninu svo að segja á hverjum degi kvölds og morgna milli í nálega samfleytta tvo mánuði sumarið 1884, og hljóp opt undir bagga með mér á ýmsan annan hátt. Jónas Jónsson dyravörður latínuskólans og Jón lögregluþjónn Borgfirðingur hafa báðir léð mér handrit, og þakka eg þeim mikillega fyrir þá velvild. Séra Eggert Briem á Höskuldstöðum, Sigurður Jónsson verzlunarstjóri á Vestdalseyri, Sigmundur Mattíasson á Seyðisfirði og Sigfús Sigfússon unglingsmaður í Nesi í Loðmundarfirði í Norður-Múlasýslu hafa allir á ýmsan hátt

greitt fyrir mér, og er eg þeim þakklátur fyrir það. Dr. Guðbrandi Vigfússyni dócent í Öxnafurðu á eg að þakka ýmsar munnlegar bendingar, frá því eg kyntist honum haustið 1884, og hafa þær komið að haldi við útgáfuna. Meistara Eiríki Magnússyni bókaverði í Cambridge á Englandi fæ eg seint fullþakkað alla þá hjálp, sem hann hefur veitt og alúð þá, sem hann hefur lagt við þessa bók. Allar þær afskriptir, sem eg hefi haft úr British Museum í Lundúnum og Bodleys bóksafni í Öxnafurðu eru frá honum, nema afskriptin af F. Magn. Nr. 413. 8vo (Brit. Mus. Add. Nr. 11,185. 8vo), og hefði líklega rekið að því, að ómögulegt hefði verið að fá þær hefði hans ekki að notið, þar Dr. Guðbrandur gat eigi komið því við að annast þær. Auk þess eru honum að þakka ýmsar athugasemdir hér og hvar við kvæðin.

Forsetum hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn, Sigurði L. Jónassyni og Ólafi Halldórssyni, má eg af alhuga þakka alla þeirra mannúð í öllu samkomulagi við mig um útgáfuna.

Kaupmannahöfn, 18. December 1885.

Jón Þorkelsson.

frá Stokkhólmi, sem eg þurfti á að halda; Birket Smith yfirbókavörður við háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn, sem útvegaði mér að láni handrit frá Uppsölum. Hvortveggja þessi handritalán má eg og jafnframt þakka mannúð Dr. G. Klemmings bókavarðar við stóra ríkisbókasafnið í Stokkhólmi og Dr. Annerstedts bókavarðar við háskólabókasafnið í Uppsölum. Mér er skylt og ljúft að þakka Dr. Jóni Þorkelssyni skólameistara í Reykjavík, sem léði mér góðviljuglega handrit úr safni Latínuskólans heim til mín, þegar eg var í Reykjavík sumarið 1884, og hinum þá verandi forseta Reykjavíkurdeildar Bókmentafélagsins Magnúsi assessor Stephensen, sem þá léði mér og þau handrit úr safni félagsins þar, er eg þurfti á að halda. Enn fremur má eg sérstaklega þakka yfirkennara Haldóri Kr. Friðrikssyni í Reykjavík formanni stjórnarnefndar Landsbókasafnsins, sem átti mestan þátt í því, að eg fékk að nota safnið jafnt á þeim tímum, sem það ekki er annars til afnota, sem hinum. Innlegar þakkir er mér skylt að tjá Landsbókaverði Jóni Árnasyni, sem ekki einungis sýndi mér alt hið mesta umburðarlyndi á bókasafninu, heldur gaf mér þar á ofan eitt hið merkilegasta handrit af kvæðasafni Stefáns með hendi Hálfdánar meistara Einarssonar og viðbæti þar aptan við með hendi bókavarðarins sjálfs (Hálfdánarbók). En einna mest á eg að þakka aðstoðarbókaverði cand. philos. Hallgrími Melsteð, sem með óþreytandi þolinmæði var með mér á Landsbókasafninu svo að segja á hverjum degi kvölds og morgna milli í nálega samfleytta tvo mánuði sumarið 1884, og hljóp opt undir bagga með mér á ýmsan annan hátt. Jónas Jónsson dyravörður latínuskólans og Jón lögregluþjónn Borgfirðingur hafa báðir léð mér handrit, og þakka eg þeim mikillega fyrir þá velvild. Séra Eggert Briem á Höskuldstöðum, Sigurður Jónsson verzlunarstjóri á Vestdalseyri, Sigmundur Mattíasson á Seyðisfirði og Sigfús Sigfússon unglingsmaður í Nesi í Loðmundarfirði í Norður-Múlasýslu hafa allir á ýmsan hátt

greitt fyrir mér, og er eg þeim þakklátur fyrir það. Dr. Guðbrandi Vigfússyni dócent í Öxnafurðu á eg að þakka ýmsar munnlegar bendingar, frá því eg kyntist honum haustið 1884, og hafa þær komið að haldi við útgáfuna. Meistara Eiríki Magnússyni bókaverði í Cambridge á Englandi fæ eg seint fullþakkað alla þá hjálp, sem hann hefur veitt og alúð þá, sem hann hefur lagt við þessa bók. Allar þær afskriptir, sem eg hefi haft úr British Museum í Lundúnum og Bodleys bóksafni í Öxnafurðu eru frá honum, nema afskriptin af F. Magn. Nr. 413. 8vo (Brit. Mus. Add. Nr. 11,185. 8vo), og hefði líklega rekið að því, að ómögulegt hefði verið að fá þær hefði hans ekki að notið, þar Dr. Guðbrandur gat eigi komið því við að annast þær. Auk þess eru honum að þakka ýmsar athugasemdir hér og hvar við kvæðin.

Forsetum hins íslenzka bókmentafélags í Kaupmannahöfn, Sigurði L. Jónassyni og Ólafi Halldórssyni, má eg af alhuga þakka alla þeirra mannúð í öllu samkomulagi við mig um útgáfuna.

Kaupmannahöfn, 18. December 1885.

Jón Þorkelsson.

SKRÁ

yfir nokkur hin helztu handrit, sem eru notuð við útgáfu þessara kvæða.

---

1. A. Magn. Nr. 439. 12mo. Vísnakver Stefáns með hans eiginhendi. Titill: „Wijſnakuer Steffans | Olafsonar A Kyrkiu | Bæ Anno 1636, 20| dag Novembris | Stephan Olafſon | med eigin Hand.“ Neðar stendur orðtak séra Stefáns: „Omia conando docilis sollertia vincit.“ Alls 106 bls. Í kverinu finnast þessi ártöl 1636 (bls. 18, 40), 1637 (bls. 38), 1642 (bls. 61). Stefán skrifar hér víða nafn sitt undir hér um bil svo § (greinarmerki). Frá bls. 61—65 er oyða í kverinu. Þá koma æfintýrakvæðin (II. 252—94).
2. A. Magn. Nr. 149. 8vo kver í lausum blöðum skr. á seinni hluta 17. aldar eða nær 1700. Árni hefur skrifað á miða framan við: „Sigríðar Erlendsdóttur [á Völlum] til mín komið frá lögmanni Páli Jónssyni“. Eg hef því stundum kallað þetta handrit Vallakver. Á því er mart af fágætum kvæðum eg rímum.
3. A. Magn. Nr. 441. 12mo kver með góðri fljótaskript skrifað um og eptir 1700 á að gizka. Þar eru á ýms fágæt kvæði. Höndin er ekki alveg ólík Stefáns, en er þó ekki hans.

4. Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 80 4to bók með skýrri hendi. Þar eru á kvæði Eggerts Ólafssonar og nokkur kvæði aptan við, með sömu hendi, eptir Stefán Ólafsson.
5. Ísl. bókmentafél. Nr. 734. 8vo. Þykk kvæðabók óinnbundin, hér um bil öll með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokkahlöðum í Eyjafirði (d. $^{30}/_{12}$ 1838). Eg hefi kallað hana Stokkahlaðabók. Hún er komin í eigu félagsins 1857 frá Ólafi Briem timburmanni á Grund, tengdasyni Þorsteins. Hér er safn af kvæðum Eggerts Ólafssonar, og eitt hið fylsta safn af kvæðum Stefáns Ólafssonar, og sumt hér, sem hvergi hefur fundizt annarstaðar. Auk þess er á bókinni fjöldi af kvæðum eptir hina og þessa. Hún er skrifuð 1803 og þar eptir, og er mjög merkileg. Hún hefur gleymzt úr handritaskránni 1885.
6. Ísl. bókmfél. Nr. 639. 8vo. Kver með ágætri fljótaskript frá ofanverðri 18. öld með ýmsum kvæðum og vísum eptir hina og þessa; sumt fágætt. Kverið hefur áður átt Guðmundur Magnússon á Var[ð]g[j]á í Eyjafirði. Eg hef því kallað það Varðgjárkver eða einstöku sinnum Varðgjárbók.
7. Ísl. bókmfél. Nr. 9. 8vo, leifar af kvæðasafni Jóns Stefánssonar faktors á Djúpavog (Berufirði). Þetta kvæðasafn var upphaflega í 12 bindum, en brann 1847, svo að nú er ekki eptir nema brunnin og brothætt blaðaörmul, sumpart samstæð, sumpart ósamstæð. Var það alt ritað með Jóns ágætu hendi, og hafði hann safnað til þess lengi og víða. Meðal þessara leifa finnast ýms kvæði Stefáns Ólafssonar. Jón Stefánsson dó úr gulu 19. nóv. 1818 (Klausturp. II. 63).
8. Ísl. bókmfél. Nr. 629. 8vo. Sundurlaus blöð með kvæðum eptir ýmsa, mest með hendi séra Einars Hálfdánarsonar. Blöðin eru komin frá Ólafi Briem 1857. Eg hefi kallað þetta Grundarkver.
9. Ísl. bókmfél. Nr. 633. 8vo. Þykk kvæðasyrpa með hendi Þorkels lögréttumanns Jónssonar á Hrauni í Grindavík

skrifuð litlu eptir miðja 18. öld. Eg hefi getið þess til að þetta mundi vera Þorkatla meiri, og er sú tilgáta mín tekin þegjandi upp í handritaskrá bókmentafél. 1885.

10. Ísl. bókmentafél. Nr. 634. 8vo. Þórkatla minni með hendi Þorkels lögréttumanns, skrifuð litlu fyrr en Þórkatla meiri.
11. Ísl. bókmfél. Nr. 631. 8vo. Þetta handrit er venjulega kallað þykk bók númerslaus með registri eptir Pál Pálsson (sbr. hdra skýrslu II. 190).
12. Ísl. bókmfél. Nr. 105. 4to. Vatnshyrna skr. 1758—68 (sbr. hdrsk. I. 48—52).
13. Ísl. bókmfél. Nr. 213. 8vo. Það hef eg stundum kallað Brekkubók. Hún er skrifuð seint á 18. öld á Brekku í Mjóafirði af Eiríki Hemingssyni.
14. Ísl. bókmfél. Nr. 657. 8vo. Kallað Geirs Vigfússonar kver.
15. Ísl. bókmfél. Nr. 572. 8vo. Kvæðakver, sem eg hef kallað Guðlaugskver. Það er komið frá cand. jur. Guðlaugi Guðmundssyni.
16. Ísl. bókmfél. Nr. 380. 8vo skr. á 18. öld. Kallað á titilblaðinu Sálmareykelsi.
17. Kvæðabók Gunnlaugs Jónssonar á Skuggabjörgum. Hún var í 8 bindum eptir fróðra manna sögn (Sigurður L. Jónasson hdskr. II. 15). Syrpa þessi er skrifuð um 1840 og þar eptir, og er hún nauðamerkileg. Nú veit eg eigi af fleirum en 5 bindum. Jón Sigurðsson hefur átt 4, og hefur hann feingið þau flest um 1860 frá séra Sveini Skúlasyni nú í Kirkjubæ í Tungu, en eitt bindið er eign hins íslenzka bókmentafélags í Khöfn Nr. 272. 4to. Sá ruglingur hefur orðið á, þegar safn Jóns Sigurðssonar var flutt til Íslands 1880, að þetta bindi Bókmentafélagsins hefur slæðst með, en eitt af bindum þeim, sem Jón átti, hefur orðið eptir í láni hjá Sveini prófessor Grundtvig, en þegar

haun dó sumarið 1883 komst það í hendur Árna Magnússonar nefndinni, og er það nú geymt hjá henni. Bindi þau, sem flutt voru til Íslands með þókum Jóns Sigurðssonar eru Nr. 254—57. 4to í safni hans.

18. Ísl. bókmfél. deild á Ísl. Nr. 111. 8vo. Kver komið frá Viðey. Eg hef því optast kallað það Viðeyjarkver. Fremst á því er nokkurt safn af kvæðum Stefáns Ólafssonar með hendi séra Þorgeirs Guðmundssonar.
19. Ísl. hdr. í Stokkhólmi Nr. 1. 4to chart. Auk annars eru hér sálmar, eptir því sem sýnist, með eiginhendi Stefáns Ólafssonar frá 1655. (Sbr. hdsk. Arwidsons bls. 113—14).
20. Thotts safn í kgl. bókasafninu í Khöfn Nr. 489. 8vo; kvæðasafn skrifað um og fyrir miðbik 18. aldar eptir ýmsa, þar á meðal Stefán Ólafsson. Mun það áður fyrri hafa verið í eign Jóns rektors Þorkelssonar gamla.
21. Bodleys bókasafn í Öxnafurðu á Englandi, Finns safn Magnússonar Nr. 6. Fol.; syrpa skrifuð eptir 1766 með kvæðum eptir ýmsa, þar á meðal Stefán Ólafsson. Afskr. frá Eiríki Magnússyni.
22. British Museum í Lundúnum á Englandi, Finns safn Magnússonar Nr. 413. 8vo. Það hefur og annað merki: „British Museum Addit. Nr. 11,185. 8vo“, en til rúmsparnaðar í útg. er venjulega slept „Addit.“ við þau handrit, sem þaðan eru. Fyrri partur þessa handrits er að eins afskrift af vísnakverinu A. Magn. Nr. 439. 12mo, og hún ónákvæm, og er því einskis nýt. Seinni hlutinn er með eldri hendi settri, og er þar safn af öðrum kvæðum Stefáns og eru sum af þeim fágæt. Eg hefi fylgt afskript Jóns rektors Hjaltalíns, sem finst í safni Jóns Sigurðssonar Nr. 271. 4to.
23. Brit. Mus. F. Magn. Nr. 181. 8vo (Addit. Nr. 11,175. 8vo) skr. á 18. öld; á eru ýms kvæði, og þar á meðal eptir séra Stefán Ólafsson, alt prentað áður, nema ein vísa (II. 41—42). Afskr. frá Eiríki Magnússyni.

X

Brit. Mus. F. Magn. Nr. 194. 8vo (Addit. Nr. 11,191. 8vo). Ýms kvæði eptir hina og þessa, þar á meðal nokkuð eptir Stefán.

Brit. Mus. Ayscough Collect. Nr. 4891. 8vo alls 109 blöð. Þar er þýðing Stefáns á: Ades pater „supreme“ (sbr. II. 326) þar eru á ýmsir fágætir sálmar og æfiminningar. Af því þessu handriti er hvergi lýst tilfæri eg hið helzta hér, sem í því finst:

1. Passíusálmar séra Guðmundar Erlendssonar á Felli 7 að tölu — útgáfan frá 1660, er nú víst ekki víða til — og fleiri sálmar eptir hann.
2. Ýmsir sálmar eptir séra Jón Þorsteinsson píslarvott.
3. Sálmur eptir „Gísla Jónsson fyrir norðan“ (eflaust Gísla „fróða“ í Melrakkadal). Fágætur.
4. Alfabetsálmur séra Árna Þorvarðssonar á Þingvöllum.
5. Sálmur upp á ABC ortur af Bjarna S[igurðssyni] skálda.
6. Alfabet Sigurður Gíslasonar Dalaskálds.
7. Alfabet Jóns Einarssonar.
8. Sálmur eptir Jón Pétursson [á Bakka á Álptanesi uppi á 17. öld]. Fágætur.
10. Útfararminning Steinunnar Jónsdóttur 1711 eptir séra Stefán Hallkelsson í Grindavík.
11. Útfararminning séra Þórðar Oddssonar á Völlum í Svarfaðardal og Valgerðar konu hans Jónsdóttur eptir Benedikt Bech. Undirskr.: „Að [M]öðrufelli í Eyjafirði, dag 20. Aprili(!) Anno 1705“.
13. Útfararminning Árna lögmanns Oddssonar eptir Hallgrim Pétursson.
14. Minning Steinunnar Ólafsdóttur.
15. Sálmur um sælan afgang Högna Sigurðssonar á Gufunesi (d. 1671).
16. Andlegur afskeiðs og heimferðarsöngur Jóns Steinssonar Bergmanns.
17. Margir sálmar eptir ótilgreinda höfunda.

26. Rasks safn Nr. 46. 4to. Kvæðasafn með eiginhendi Rasks eptir ýms íslenzk skáld, þar á meðal eptir Stefán Ólafsson. Rask segir að hann hafi haft til samanburðar „et Haandskrift, som med stor Nöjagtighed er skrevet af Hr. Provisor Haldor Árnason og indeholder Sr Steffans Digte. Enkelte Fejl skyldes uden Tvivl det Exemplar, han har skrevet efter."
27. Rasks safn Nr. 83. 8vo. Syrpa með kvæðum Stefáns Ólafssonar með sömu hönd sem J. Sig. Nr. 82; Dr. Hallgrímur Scheving hefur gert registur við kverið. Þorsteinn Gíslason á Stokkahlöðum hefur haft kverið undir höndum (sbr. II. 96). Handritið er samkynja J. Sig. 82 og handriti því, sem séra Þorvaldur Böðvarsson átti.
28. Jóns Sigurðssonar safn Nr. 82. 8vo. Samkynja syrpa safni því, sem séra Þorvaldur Böðvarsson átti og Rask. Nr. 83. 8vo, en þó er þetta kver að nokkru fyllra en Rasks handritið, og hefur það t. a. m. Grýlukvæðið fram yfir, en er með sömu hendi og það.
29. J. Sig. Nr. 83. 8vo. Safn af ýmsum kvæðum eptir hina og aðra, alt með hendi Dr. Hallgríms Schevings. Er þetta optast kallað Schevingsbók í útg., en Jón Sigurðsson kallar það sjálfur Schevings þykku bók. Sumt af kvæðum Stefáns finst uppskrifað eptir þessu handriti í J. Sig. Nr. 271. 4to.
30. J. Sig. Nr. 92. 8vo. Kvæðasafn skr. á öndverðri 19. öld líklega fyrir vestan, því að bókin er komin til Jóns Sigurðssonar frá Þorláki Ó. Jóhnsen nú kaupmanni í Reykjavík. Hefur hún þá verið í blöðum, en Jón hefur látið binda hana inn og gylla á kjölinn: „Íslenzk kvæðabók". Þar á er sumt fágætt (sbr. I. 148—49).
31. J. Sig. Nr. 130. 8vo. Kvæðasafn skrifað á síðari hluta 18. aldar. Á titilblaðinn stendur reyndar, að það sé skrifað 1695, en það er auðsjáanlega rangt, því í bókinni eru kvæði, sem ekki eru ort fyrri en 1779 og þar um bil, og er bókin öll með sömu hendi. Á fremsta

blaðinu finst hönd Gísla Konráðssonar, og hefur hann því haft bókina undir höndum. Nú vantar nokkuð framan af. Jón Sigurðsson hefur fengið handritið í blöðum, en hefur látið binda það í gylt band. Hann kallar það Hrafnadalskver.

32. J. Sig. Nr. 228. 8vo. Kver með kvæðum eptir ýmsa skrifað á 19. öld.
33. J. Sig. Nr. 239. 8vo. Kver með hendi Hallgríms Jónssonar djákna á Sveinsstöðum; eru þar á kvæði eptir ýmsa. Hér hefur Jón Sigurðsson skrifað á spássíur orðamun við Húuvísur Stefáns Ólafssonar eptir Magnúsi Eiríkssyni.
34. J. Sig. Nr. 231. 4to. Mikið og merkilegt kvæðasafn með ágætri fljótskrift, skr. litlu eptir miðbik 18. aldar, með registri eptir Pál Pálsson. Jón Sigurðsson hefur fengið bókina frá Magnúsi Ólsen umboðsmanni á Þingeyrum 1859, og kallað hana Þingeyrabók.
35. J. Sig. Nr. 260. 4to. Mikið kvæðasafn með hendi séra Ólafs Jónssonar á Þingvöllum skr. um 1790 (sbr. Antikvarisk Tidskr.): Þingvallabók.
36. J. Sig. Nr. 271. Pakki, sem Jón Sigurðsson hefur safnað í kvæðum og sálmum séra Stefáns Ólafssonar. Mart af því er með hendi Jóns sjálfs, og hitt með ýmsum höndum frá ýmsum tímum, og skal eg hér nefna hið helzta, sem í þessum pakka er:
    a) Afskriptir Jóns Sigurðssonar eptir ýmsum handritum, þar á meðal afskript af kvæðakveri Stefáns í A. Magn. Nr. 439. 12mo.
    b) Afskript Jóns rektors Hjaltalíns af kvæðakveri Stefáns í British Mus. F. Magn. 413. 8vo (Addit. Nr. 11,185. 8vo), og er hún notuð við útgáfuna.
    c) Blöð í 8vo 16 að tölu með hendi Halldórs konrektors Hjálmarssonar (d. 1805), sem á eru kvæði eptir Stefán Ólafsson með þessari fyrirsögn: „Nokkrir kveðlingar eignaðir Sr St. O. s. í Vallanesi og skrifaðir eptir

skruddu Sr E. H. s.“ Þessi skrudda er að öllum líkindum það, sem eg annars hef kallað Grundarkver (Bókmf. Nr. 629. 8vo), sem er með hendi séra Einars, en hefur þá verið langtum fyllri en nú. Þó hefur Halldór ekki skrifað nema 1.—51. kvæði eptir kveri séra Einars. Framanvið 52.—61. kvæðið á blöðunum stendur: „Það, sem eptir kemur er tekið úr kveri frá Espihóli, og er þar eignað Sr Steph. Ol. s.“; 61. kvæðið er „eptir óþektri hönd.“ Halldór segist áður hafa haft kvæðasafn eptir Stefán undir höndum og skrifað mart af því upp (sbr. II. 58).

d) Viðaukar Hallgríms djákna Jónssonar við útg. frá 1823. Það eru nokkur blöð í 8vo. Þau hafa áður verið í safni Finns Magnússonar Nr. 197. 8vo, og hefur Jón keypt þau á uppboði eptir hann 1857.

e) Uppteiknanir margar með hendi Jóns Sigurðssonar af kvæðum Stefáns eptir því, sem tilfært finst í ritum Jóns frá Grunnavík, og hefur það verið notað svo mikið, sem það náði.

37. Safn Jóns bókavarðar Árnasonar, sem er afarauðugt af kvæðum, hefur og verið notað mikið við útg. Ber helzt að nefna af handritum í því, sem hér hafa notuð verið Lambastaðabók (afskr. J. Sig. Nr. 130. 4to með hendi Páls Pálssonar) og Bergsbók (A. V. 8vo), og eru þær báðar mjög merkilegar. Bergsbók er mestöll með hendi séra Ásgeirs Bjarnasonar í Ögursþingum (d. 1772), en hún er komin til Jóns frá séra Bergi Halldórssyni á Eyri, og við hann er hún kend; séra Bergur var sonur Halldórs Davíðssonar fyrst bónda í Skál á Síðu og síðar í Hvassahraunskoti (d. 1865), en faðir Halldórs var Mála-Davíð (d. 1838). Mörg fleiri handrit hafa verið notuð úr þessu safni, og í því finst uppskript séra Grímólfs Bessasonar af kvæðum Stefáns, en eg hefi fylgt afskript Páls af því handriti, því eg fann það ekki fyrri en svo seint.

Safn Páls amtskrifara Pálssonar (d. 1877). Nr. 1. 8vo í safni hans er kvæðasafn í 29 bindum eptir fleiri en 600 íslenzk skáld, alt með Páls eigin fallegu og skýru hendi. Þetta og Jóns Árnasonar er hið mesta og merkilegasta íslenzka kvæðasafn, sem til er, og eru þau bæði hin aðgengilegustu, því að bæði eru þau vel innbundin og svo fylgir þeim báðum gott registur. Hið XXII. og XXIII. bindi í Páls safni er það, sem hér hefur einkum notað verið. Hið fyrra er safn af kvæðum Stefáns með hendi Páls, en hitt er útg. frá 1823 með viðskrifuðu registri og orðamun úr ýmsum handritum á spássíunum, og hefur honum verið hér gaumur gefinn.[1]) Önnur afskript af kvæðum Stefáns með Páls hendi er í Jóns safni Sigurðssonar Nr. 271. 4to, og er hún einnig notuð, og þar er afskript Páls og orðamunur eptir handriti séra Grímólfs.

Handrit í 8vo. í safni lærða skólans í Reykjavík með ágætri settleturs hendi frá miðbiki 18. aldar; komið frá Einari stúdent Friðgeirssyni frá Garði í Fnjóskadal; eg hefi því optast kallað þetta handrit Einarsbók. Þar eru 16 sálmar eptir Stefán Ólafsson. Af því þessu handriti er hvergi lýst, nefni eg hér hið helzta, sem í því er:

1. Heimspekingaskóli Guðmundar Bergþórssonar ortur 1696.
2. Samhendur nýjar: Opt er munur manna. 12 err.
3. Bleksuðusálmur séra Árna Þ[orvarðs]s[onar].
4. Kvæðið Geðfró „Sigríðar Jónsdóttur skáldu“: Faðir sonur og friðar andi. 72 err. [Jón Grunnvíkingur segir, að Sigga skálda hafi verið austur í Hreppum

---

[1]) Þar á moti gat eg ekki komið því við að nota exemplar Jóns Sigurðssonar af útg. 1823, því að það fanst ekki í Landsbókasafninu þann tíma, sem eg var í Rvík 1884: í því á að vera mikill orðamunur skrifaður á spássíur.

hjá séra Eiríki Oddssyni í Hólum, og hafi dáið þar í stórubólu 1707. Hann nefnir ekki föður hennar (Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 23. Fol.), en Gísli Konráðsson nefnir Siggu skáldu fyrir norðan á dögum Björns á Skarðsá í þætti hans.]

5. Lífsleiðing Guðmundar Bergþórssonar.
6. Kvennadans séra Magnúsar Ó[lafs]s[onar] ortur 1619.
7. Þegjandidans J[óns] E[yjólfs]s[onar].
8. Veronikukvæði kveðið af Þ[orvaldi] M[agnús]s[yni]. Annars fátítt, að sé tilgreindur höfundur þess.
9. Eitt kvæði um herrans móður eptir Sr M. S. S.
10. Elisabetarkvæði.
11. Agnesakvæði.
12. Ýmsir sálmar eptir hina og þessa (G. J.; Sigurð Dalaskáld, Sr J. G. s. o. fl.).

40. Hálfdánarbók. Handrit í 4to með hendi meistara Hálfdánar Einarssonar (d. 2/2 1785). Aptan við formálann hefur hann skrifað: „Cursim Hólum d. 24. Jun. 1764.“ Bókin er bundin af Páli Pálssyni og titilblaðið er með hans hendi, og er svo: „Poemata sacra & profana eptir Stephán prófast Ólafsson í Vallanesi.“ Hefur Hálfdán safnað hér því, sem hann hefur komizt yfir af sálmum og kvæðum Stefáns. Bókina hefur áður átt Jón bókavörður Árnason og hefur hann skotið inn eyðublöðum bakvið. Á þessi eyðublöð hefur hann sjálfur skrifað allmörg kvæði Stefáns, sem vöntuðu í Hálfdánarbók, en á spássíur Hálfdánarbókar hefur hann skrifað víða orðamun; hefur hann gert það eptir bók, sem hann segir að Gunnlaugur Blöndal, seinna sýslumaður (d. 1884) hafi léð sér 1859 skr. um og eptir miðja 18. öld. Þessar afskriptir Jóns bókavarðar og orðamunur hans eru venjulega í útg. kölluð einu nafni Blöndalsbók. Sumstaðar hefur og Jón bókavörður borið önnur handrit saman við Blöndalsbók og tilfært orðamun. Þetta

13. Nýárs[vísa]: þeim nýa kongi nýan söng bl. 64.
14. Annar nýárs sálmur séra Thorkels Jónssonar: Hvað flýgur mér í hjarta blítt bl. 65.
15. Ágæt nýársvísa ort af séra Hallgrími Péturssyni: Árið hýra bl. 66.
16. Einn ágætur morgunsálmur S. J. T. S. (séra Jóns píslarvotts): Í Jesú nafni ó guð minn bl. 70.
17. Ýmsir fleiri sálmar eptir ónefnda höfunda.

42. Yrpa, syrpa í safni Jóns Borgfirðings með hendi Geirs Vigfússonar á Akureyri með fjölda af kvæðum, og er það merkileg bók.
43. Handrit séra Þorvaldar Böðvarssonar, sem notað var við útg. 1823, er nú glatað. Það er að svo miklu leyti notað við þessa útgáfu, sem þess er getið í orðamun þeim hinum litla í fyrri útgáfunni. Það hefur verið af sama tagi og J. Sig. Nr. 82. 8vo og Rask 83. 8vo.
44. Rask Nr. 68. 4to. Bók bundin inn í íslenzkt skinnband. Hún hefur áður verið, eptir því, sem sýnist, í eign Sigurðar Magnússonar í Holtum í Nesjum í Austur Skaptafellssýslu. Sigurður er alþektur fræðimaður og hefur skrifað upp mart af fornum og nýjum fræðum. Hann dó ofarlega á öldinni, sem leið. Mér hafði sést yfir þetta handrit, þangað til að búið var að prenta II. bindið[1]). Á bókinni er þetta:
1. Prédikun á Jóladaginn eptir Jón biskup Árnason og með hans hendi.
2. Brot úr prédikun eptir séra Hallgrím Pétursson og með hans eiginhendi (á einu lösnu blaði).
3. Brot úr postillu lítið með ágætri settaskript.
4. Nokkrar greinir og artikular af kristinrétti útdregið með eiginhendi séra Ólafs Einarssonar prófasts í Kirkjubæ í Hróarstungu föður séra Stefáns Ólafssonar.

---

[1]) Cand. mag. Guðm. Þorlákssón benti mér á hdrið.

5. Úr héraðsprótokoll Múlasýslu frá 1723 með hendi Þorsteins sýslumanns Sigurðssonar og Jons Péturssonar Víum.
6. Skiptareikningur með hendi Skúla landfógeta Magnússonar þá sýslumanns í Skaptafellssýslu eystri, dags. 19. Okt. 1734 að Felli í Hornafirði.
7. Hier skrifast þijſlar þſalmar sex ad tolu og sioundi af greptrunar hiſtoriuni. Þetta eru passíusálmar séra Stefáns Ólafssonar með hans eigin hendi, ljómandi fallega skrifaðir, og er auðséð að hann hefur lagt sig til við afskriptina; alls 6 blöð, og vantar af frá því í 4. sálminum, 2. v.:

   Pílatus spyr hvorn þjóðin þyrst
   þennan vilji ellegar Krist
   Gyðinga kong því . . .

   Framan við bókina á saurblaðið er skrifað efnisyfirlit; þar segir svo um sálmana: „þar nærst er á blöðunum 3½ þíslar sálmur ortur og skrifaður af sál. Sr Stefáni Ólafssyni á Vallanesi; þeir feingust ei fleiri með hans eiginhendi frá Vallanesi árið 1782 eptir bón S[igurðar] M[agnús]s[onar]. Þeir meinast, að hafa verið ortir og skrifaðir 1656 af nefndum Sr St. Ó. S.“ Á spássíuna neðantil á 5. blaði er skrifað með sömu hendi og framan við bókina: „þessir sálmar eru ortir af Sr Stefáni Ólafssyni á Vallanesi og þessi blöð með hans eiginhendi skrifuð.“
8. Bréf þrjú að tölu, a) Til séra Páls Ámundasonar á Kolfreyjustað frá Marteini sýslumanni Rögnvaldssyni, dagsett á Eyðum 30. martii 1683, b) Til Sigurðar Magnússonar í Holtum frá Sigurði Jónssyni á Meðalfelli dags. 13. Nóv. 1775, c) Til Sigurðar Magnússonar í Holtum frá Ásgrími Hallssyni dags. 2. Febr. 1776.

Auk þessara handrita hefur verið notaður mesti sægur af öðrum smærri, svo að eg veit sjálfur ekki tölu á þeim, og þykir hér óþarfi að geta þeirra frekara en gert er á sínum stað í bókinni. Merki hvers handrits í orðamuninum þykir hér ekki þurfa að skýra, því að það er auðfundið af sjálfu sér.

Stefán Ólafsson.

I.

Einar hét maður. Hann var Sigurðsson prests í Grímsey Þorsteinssonar. Þorsteinn faðir Sigurðar prests var launsonur Nikulásar Þormóðssonar príors á Möðruvöllum (1502–1521); albróðir Þorsteins var Þorbjörn. Móðir þeirra hét Þórey umkomulítilla manna, og voru þeir kallaðir Þóreyjarsynir. Þorsteinn bjó á Hallgilsstöðum, en Þorbjörn á Hvarfi hinu ytra í Svarfaðardal. Sumir segja að Þorsteinn hafi verið prestur á Völlum[1]), en það er ólíklegt. Frá Þorbirni eru og ættir taldar, þó að nokkur vandi sé að rekja. Dætur Þorsteins, en systur Sigurðar prests, voru Vigdís og Guðrún, og eru ættir taldar frá þeim. Kona séra Sigurðar, en móðir Einars, hét Guðrún, og voru börn þeirra auk Einars þessi: 1. Guðný, hún varð vel áttræð, og dó í Skálholti hjá Oddi biskupi 1600, 2. Guðný önnur átti Kár bónda í Bárðardal föður Sturlu Kárssonar, er bjó í Fljótshlíð og dó 1602, 3. Ingveldur, er átti Jón nokkurn Jónsson bónda í Fljótshlíð, 4. Þorsteinn faðir Jóns föður séra Sigurðar í Miklaholti (d. 1681), 5. Hróðný giptist í Grímsey; fyrri maður hennar hét Ásmundur, en seinni maður Eyjólfur

[1]) sbr. F. Joh. Hist. eccl. Isl. III. 332.

Bjarnason, 6. Ingibjörg, barnlaus, 7. Ingiríður, barnlaus, 8. Filippía kona séra Jóns Björnssonar siðamanns í Grímstungum[1]), sem svo var kallaður af því að hann var siðamaður og forsöngvari í öllum stórhófum. Frá öllum þessum systkinum, nema Ingibjörgu og Ingiríði, eru ættir taldar, en kynsælastur varð Einar. Guðrún kona séra Sigurðar var dóttir Finnboga Einarssonar ábóta á Munkaþverá (1525—32, F. Joh. hist. eccl Isl. IV. 51) og Ingveldar Sigurðardóttur ekkju af Austfjörðum[2]). Foreldrar Finnboga voru Einar Ísleifsson ábóti á Munkaþverá 1435—1487 eða 1488 (F. Joh. Hist. eccl. Isl. IV. 47, 49) og Guðrún Torfadóttir riddara Arasonar og Akra-Krístinar dóttur Þorsteins lögmanns Ólafssonar. Ísleifur faðir Einars ábóta var sonur Ísleifs beltislausa, sem fékk það nafn af því að hann var svo digur að einskis manns belti náði utan um hann. Kona Ísleifs beltislausa var Oddný Steinþórsdóttir, en óvíst er hvers son Steinþór faðir hennar var, en móðir hans var Oddný skyrkerling (skerkerling)[3]). Oddný skyrkerling var systir Magnúsar á Svalbarði, sem Svalbarðsættin hin fyrri er af komin, en dóttir Brands Eirikssonar í Höfða, Einarssonar[4]), Guðmundssonar dýra á Bakka í Yxnadal (d. 1185), Þorvarðssonar auðga, Guðmundssonar[5]), Guðmundssonar, Eyjólfssonar halta á Möðruvöllum, Guðmundssonar ríka á Möðruvöllum (og Þorlaugar dóttur Atla hins ramma og

---

[1]) Séra Jón er enn á lífi 1589, því að 1588 er hann nefndur í dóm að Sveinsstöðum og 1589 á Giljá, segir Hallgrímur djákni.

[2]) sbr. Bps. II. 657.

[3]) Sumir telja hér þó nokkuð öðruvísi, sbr. Bps. II. 419—20, og segja að Oddný Steinþórsdóttir hafi verið kölluð skyrkerling (skerkerling).

[4]) Einar var óskilgetinn. Guðmundur dýri átti Aldísi dóttur séra Páls Sölvasonar í Reykjaholti, en hún var ekki móðir Einars.

[5]) Sumir segja að Þorvarður hafi verið son Fljóta-Ketils, en það er rangt.

Herdísar dóttur Höfða-Þórðar landmámsmanns Bjarnarsonar byrðusmérs), Eyjólfssonar, Einarssonar[1]), Auðunarsonar rotins, Þórólfssonar smérs, Þorsteinssonar skrofu, Grímssonar kambans. Sumir rekja þessa ætt frá Höfða-Þórði alla leið til Adams gegnum 67 liði (sbr. Bps. II. 417—20). Séra Sigurður Þorsteinsson er fæddur 1502; vígðist til Möðruvallaklausturs og var þar prestur nokkra stund; því næst varð hann aðstoðarprestur hjá séra Sigurði Jónssyni biskups Arasonar á Grenjaðarstað. Þar eptir varð hann prestur á Stað í Kölduhinn, en hér um bil 1551 fór hann út í Grimsey og varð þar prestur þangað til nálægt 1561, að hann dó þar úr vatnssýki. Hallgrímur Jónsson djákni segir hann hafi unnið það til að fara til Grímseyjar svo að hann kæmi Einari syni sínum í skóla. Einar er fæddur á Hrauni í Aðalreykjadal árið 1539. Hann lærði söng og lestur þegar í æsku hjá munkum, segir Hallgrímur djákni, og fór í Hólaskóla 1553 á 14. ári og var þar í fjögur ár, til 1557. Þá vígðist hann átján vetra gamall til aðstoðarprests séra Birni Gíslasyni á Möðruvöllum. Þar eptir varð hann prestur við Mývatn og bjó þá á Helluvaði. 1565 varð hann prestur að Nesi í Aðalreykjadal og var það þangað til 1589, að Oddur biskup sonur hans tók hann til sín, og rak Salómon Guðmundsson árið eptir grátandi upp frá Hvammi í Norðurárdal og veitti föður sínum það brauð, því að þá var ekkert betra hendi nær. Árið eptir 1591 dó séra Þorlákur Ívarsson í Heydölum: fékk þá Oddur biskup föður sínum það brauð, og var hann þar til dauða dags 15. Júlí 1626. Þegar hann var í Hvammi var hann prófastur vestan Hvítár. Með Heydölum fékk Oddur biskup honum leigur af Bjarnanesumboði og gerði hann prófast í Austfjörðum. Einar prófastur var einn af hinum merkilegustu prestum á sinni tíð. Hann var eitt hið ágætasta skáld, og er eptir hann fyrri hluti vísnabókarinnar, sem Guðbrandur kiskup lét prenta á Hólum 1612 4to.

[1]) Sumir fella þennan lið úr.

Það er sagt hann hafi frá því að hann varð þritugur altaf ort eitthvað á hverjum degi. Eptir hann er lofdiktur um Guðbrand biskup, Engildiktur, Hugbót, sem á að vera hans fyrsta kvæði, og mart fleira. Þeir forfeður Einars og hann sjálfur framan af voru örfátækir og gætti þeirra lítt. Er sagt að karl einn gamall hafi spáð svo fyrir afsprengi Finnboga ábóta, að það mundi rétta við, og að ætt hans mundi verða merkileg. Þess getur séra Einar í æfiflokk sínum, sem hann orti áttræður 1619, og þótti það rætast á Oddi biskupi:

Um ætt Finnboga
einn karl spáði,
að frábæra mundi
fátækt líða,
þá eik sú him gamla
Einars félli,
en í fjórða lið
öll við réttast.

Einar Sigurðsson
sannar þetta,
sá var dótturson
séra Finnboga,
úr berri fátækt
bert við réttist
af sannri guðs mildi,
sem hér vottast.

Feðgar þessir tveir
Finnboga ættar
eptir fornri spá
fátækt liðu,
en Oddur fyrst
í fjórða lið kominn
af guðs ráði
ætt þá rétti.

Fyrri kona séra Einars var Margrét Helgadóttir Eyjólfssonar, sem uppi var í Hörgárdal á 15. öld; er mart fólk af Eyjólfi komið. Sigríður Ólafsdóttir hét kona Eyjólfs. Börn séra Einars og Margrétar voru: 1. Oddur, fæddur 1559, manna hæstur, var því kallaður Oddur hinn hái, 82 þumlungar á hæð; var við nám erlendis, og kyntist Tycho Brahe, og var hjá honum á Uraníuborg á Hveðn að nema stjörnufræði. Hann varð fyrst skólameistari á Hólum, en biskup í Skálholti við lát Gísla biskups Jónssonar 1587, mest fyrir tilstyrk Guðbrands biskups. Dó 1630; 2. Sigurður, fæddur 1562, varð prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð 1591 og dó 1634. Seinni kona séra Einars var Ólöf Þórarinsdóttir. Þórarinn faðir Ólafar var Gíslason húnvetnskur. Hann var kallaður Laga-Þórarinn. Móðir Laga-Þórarins hét Þórunn. Börn séra Einars og Ólafar voru þessi: 1. Gísli um tíma skólameistari í Skálholti, síðan prestur í Vatnsfirði og síðast að stað á Reykjanesi og dó þar 1660; 2. Ólafur prófastur í Kirkjubæ í Hróarstungu, 3. Höskuldur prestur í Heydölum, dó 1657; 4. Jón prestur á Hofi í Álptafirði, dó 1644; 5. Eiríkur, dó barnlaus erlendis (J. Esp. ætt. bls. 5057); 6. Margrét, átti séra Arna Þorvarðsson í Vallanesi (d. 1635); hún dó af barnsförum 1605; 7. Anna átti séra Ketil Ólafsson á Sauðanesi skálds Guðmundssonar, en föður séra Eiríks í Vallanesi; hún dó 1634; 8. Sigríður átti Bjarna silfursmið Jónsson í Berunesi; 9. Guðrún átti séra Gissur Gíslason á Þingmúla; þeirra son séra Bjarni skáld; 10. Sesselja átti Hall Hávarðsson prest í Bjarnanesi (d. 1626)[1]. Séra Ólafur Einarsson vita menn eigi hvenær er fæddur, en við nám hefur hann verið erlendis fyrir og um 1600. Hálfdán

[1]) Jón Espólín telur Sesselju fyrra konu barn séra Einars í ættartölubók sinni, en í árbókum sínum V. 64 telur hann hana seinna konu barn; sama gerir og Hallgrímur djákni, og sýnist það vera samkvæmt Barnatöluflokki séra Einars.

Einarsson heldur[1]) að hann hafi lært fyrst í Hólaskóla. Hann segir og, að séra Ólafur hafi erlendis verið „contubernalis (sambýlismaður) Magnúsar Ólafssonar, síðan rectoris á Hólum og þar eptir prests í Laufási", og segist hann sjá það „af þeirra poëmatis amoebeis autographis" (ljóðmælum með þeirra eiginhendi, sem þeir ortust á), og er svo að sjá, sem Hálfdán víst hafi haft þau kvæði, en nú er óvíst hvar þau eru til. 1601 varð séra Ólafur skólameistari í Skálholti hjá Oddi biskupi bróður sínum og var það þangað til 1608 eða 1609. Þá varð hann prestur í Kirkjubæ í Tungu og hélt þann stað þangað til 1649, að hann gaf hann upp við Eirík son sinn, en svo er að sjá, sem hann hafi þó prófastur verið til 1652, því að enginn er talinn milli hans og séra Vigfúsar Árnasonar á Hofi. Hann dó 1659. Séra Ólafur þótti hinn mesti merkisprestur á sinni tíð, og mat Brynjólfur biskup hann mest allra presta og lét hann sitja hið næsta sér á mannfundum. Í vísitazíu sinni 1641 í Júlí í Kirkjubæ í Tungu fer Brynjólfur biskup þessum orðum um séra Ólaf: „En með því þessi sókn er stór, svo kaupast verða fjórir áttungar víns, meira en ekki minna, þar með hefur séra Ólafur Einarsson vel þjónað því bágu og viðlendu prófastsembætti í XII og XX ár kauplaust í allan máta ..." (A. Magn. Nr. 262. Fol. bls. 19). Séra Ólafur var hinn lærðasti maður, og talinn jafnoki Odds biskups bróður síns, nema ef til vill í stjörnufræði (sbr. F. Joh. Hist. Eccl. Isl. III. 178, Bps. II. 670). Hann þótti og ágætt skáld, sem faðir hans. Hann hefur ort fjölda sálma og ýms kvæði, svo sem Íslands árgala 1627, Nauðvörn 1628 og mörg fleiri. Hálfdán meistari segir 1764, að hans „poemata sacra útgeri temmilega þykkan kvartista og séu þau á Tjörn á V[atn]n[es]i", en hvar sú bók nú er niður komin er óvíst. Séra Ólafur varð blindur í elli sinni „svo sem ráða má af einu hans kvæði", segir Hálfdán, og þrjár dætur hans urðu það

[1]) Formáli hans fyrir Hálfdánarbók.

egar í æsku. Hann giptist 1605 Kristínu dóttur séra Steáns í Odda Gíslasonar biskups, Jónssonar prests í Hraungerði (1522 og þar eptir) — og Vilborgar Þórðardóttur —, Gíslasonar prests í Gaulverjabæ seint á 15. öld, Arnbjörnssonar ríks bónda í Borgarfirði, Salómonssonar; hann var uppi um pláguna 1402. Kona séra Stefáns í Odda, en móðir Kristínar konu séra Ólafs, var Þorgerður dóttir séra Odds í Gaulverjabæ 1538 og þar eptir. Bróðir séra Odds var Snæbjörn á Keldum á Rangárvöllum faðir Þórkötlu móður séra Snæbjarnar Torfasonar á Kirkjubóli föður séra Björns á Staðastað. Séra Oddur lifði að minsta kosti enn 1565. Faðir séra Odds og Snæbjörns á Keldum var Halldór Brynjólfsson bóndi í Tungufelli. Hann erfði alla sína ætt til fjómennings eptir pláguna 1494 og varð því einn hinn ríkasti maður sunnanlands. Kona séra Odds, en móðir Þorgerðar, var Þórdís Jónsdóttir. Jón faðir hennar var Þorbjörnsson og var hann 14 vetra gamall í plágunni 1494. Eptir lát séra Odds varð Þórdís seinni kona Gísla biskups, og áttu þau ekkert barn. Hún fór til Odda og var hjá dóttur sinni afgömul og svo ellióra seinast, að hún mundi ekki, að hún hefði verið biskupsfrú í Skálholti. Kona Gísla biskups Jónssonar, en móðir séra Stefáns í Odda var Kristín systir séra Magnúsar í Selárdal, sem gaf upp þann stað 1546 af vináttu við Gísla biskup mág sinn. Faðir Kristínar og Magnúsar prests var Eyjólfur mókollur yngri Gislason í Haga (d. um 1522). Móðir Eyjólfs var Ingibjörg dóttir Eyjólfs mókolls eldra Magnússonar (d. 1504), en systir Magnúsar biskups Eyjólfssonar í Skálholti (1477—1490). Gísli faðir Eyjólfs var Filippusson í Haga (lifði um 1489), Sigurðssonar í Haga (d. um 1440), Þórðarsonar í Haga (enn á lífi 1404), Gíslasonar í Haga (d. 25. Nóv. 1370), Filippussonar (d. 1327), Loptssonar (d. 1303), Gíslasonar (d. 15. Júní 1258), Markússonar í Bæ á Rauðasandi (d. 3. Nov. 1196), Gíslasonar, Þórðarsonar, Úlfssonar. Þessi ætt er köllud Hagaætt. Börn séra Ólafs Einarssonar í Kirkjubæ og Kristínar Stefánsdóttur

voru þessi, sem séra Einar Sigurðsson telur í Barnatöluflokki sínum 1626 í 28. og 29. erindi:

Þrír synir Ólafs eru:
Eiríkur fyrstur þeirra:
Stefán og með Jóni,
allir gæfumenn kallast,
Margrét mest af dætrum
með Þorgerði verður
að beztu kvenmanns kostum,
Kristín og Guðný systur.

Guðrún mín hin góða
gæfu fær alla æfi,
Helgu hamingjan fylgi,
haldi blessun margfaldri,
angurlaus Margrét yngri
ein þó nefnd sé seinast,
flokkur Ólafs þar þekkist,
þeir hinum nýja heyri.

1. Eiríkur Ólafsson varð fyrst aðstoðarprestur föður síns 1637 og fékk Kirkjubæ þegar séra Ólafur lét af prestskap 1649. Hann dó 1690. Kona hans var Ólöf dóttir Jóns Einarssonar í Axarfirði. Þeirra börn séra Ólafur á Hjaltastað, og Kristín kona Páls sýslumanns Marteinssonar á Eyðum. Launsonur séra Eiriks var séra Halldór á Hjaltastað. Séra Jón Halldórsson segir um séra Eirík: „Hann var frómur, einfaldur maður, en mjög ólíkur föðurnum að gáfum". 2. Stefán Ólafsson prófastur í Vallanesi; 3. Jón; J. Esp. Árb. V. 64 nefnir hann, en um hann veit eg ekkert (sbr. I. bls. 23, 373, II. 400). Hann hefur líklega dáið ungur. 4. Margrét eldri átti Jón prest í Múla Gissursson (sbr. II. 367—68). Sumir segja að Jón hafi verið að laganámi í Hamborg. Synir Jóns og Margrétar voru séra Gísli á Helgastöðum og Grímur prestur á Stað í Kinn. 5. Þor-

gerður mun hafa snemma orðið blind og ekki gipst. 6. Kristín átti Guðmund Bjarnason prest á Grenjaðarstað. Dó barnlaus. 7. Guðný mun ekki hafa gipst, hefur líklega snemma orðið blind. 8. Guðrún átti séra Eyjólf Bjarnason á Kolfreyjustað. 9. Helga, mun ekki hafa gipst, er kanske ein af þeim, sem varð blind á unga aldri. 10 Margrét yngri, mun ekki hafa gipst. 11. Þordís (J. Esp. Árb. V. 64). Hún yrði að vera fædd eptir 1626, úr því séra Einar nefnir hana ekki, og er því dálítið vafasamt, að Espólín telji hana réttilega, enda eru og vantaldar hjá honum Kristín, Guðný, Helga og Margrét yngri. Fyrir öllum börnum Ólafs prófasts og Kristínar var Stefán, og verður hér nú sagt nokkru gerr af honum.

II.

Það er nú með öllu óvíst hvenær Stefán Ólafsson er fæddur. Sumir setja fæðingarár hans 1619, aðrir 1620, en hvorttveggja er bygt á ágizkun; annaðhvort er og líklegt að sé rangt þetta eða það, sem Jón Espólín segir í árbókum sínum VI. 62 við árið 1631. Því að sé það rétt, að Stefán sé fæddur 1619 eða 1620, þá sýnist það vera ofsnemt að Stefán hafi gerst öndvígur föður sínum í máli Rafns á Ketilstöðum í Jökulsárhlíð, þegar hann var ekki eldri en 11 eða 12 ára gamall (sbr. I. 71). Mér þykir líklegt að Jón Espólín árfæri vísuna rangt, en að hitt sé nærri sanni, að Stefán sé fæddur um 1620, því að ólíklegt er að hann hafi verið mikið yfir tvítugt þegar hann kom til háskólans, því að það var einmitt fátíðara þá, að Íslendingar væru gamlir þegar þeir fóru utan til náms en seinna, einkum væru það heldri manna synir. Því miður hefur eigi verið byrjað að innfæra aldur stúdenta í innskriptarbækur háskólans fyrri en seint á 17. öld, svo að af innskript Stefáns verður ekkert ráðið um aldur hans. Brynjólfur Þórðarson (biskups) Thorlacius er sá fyrsti af Íslendingum, sem aldurs er getið við í inn-

skriptarbókunum, og er það 22. Okt. 1697. Hinar fyrstu sagnir um Stefán, sem nú eru til, eru um aðgjörðir hans í máli Rafns Jónssonar og séra Ólafs föður Stefáns (sjá I. 71), og er það í sögnum, að þeir feðgar hafi átt í löngum brösum út úr því, og hafi verið kalt með þeim lengi síðan, en þó er svo að sjá sem það hafi alt verið jafnað orðið þegar Stefán var erlendis. Á árunum 1636—37 er Stefán í Kirkjubæ hjá föður sínum; frá þeim tíma er til vísnakver hans, og sést á því, að hann hefur þá verið farinn að yrkja stökur og stutt kvæði, og hafa þeir verið saman að yrkja séra Eiríkur bróðir hans og hann. Hann hefur og á þeim árum verið að yrkjast á við ýmsa menn eystra, svo sem séra Eirík Ketilsson frænda sinn í Vallanesi, séra Rögnvald Ormsson á Möðrudal og ýmsa fleiri. Annaðhvort er það, að Stefán hefur lært mjög snemma að skrifa og vanað það eða kverið er skrifað seinna, svo sem um það leyti, sem hann var í Skálholti, því að höndin á því er fullþroskuð, og furða ef það er skrifað á árunum 1636—37, hafi hann þá ekki verið meira en 16 eða 17 vetra. Enda eru og sum kvæði á kverinu, sem sýnast vera ort 1638 og þar eptir. Eptir öllum líkum fer Stefán í Skálholtsskóla 1638 eða 1639, og þaðan hefur hann skrifað Árna Jónssyni á Geirastöðum í Hróarstungu tvö fyrstu ljóðabréfin (I. 10—14) og líklega hið þriðja (I. 14—15). Þá var Björn Snæbjörnsson frændi Stefáns skólameistari í Skálholti, hinn strangasti og skylduræknasti maður, og er það auðséð á bréfi Stefáns, sem hann skrifar honum frá Kaupmannahöfn, að þeim hefur samið mæta vel. Annars vita menn lítið um hann á skólaárum hans, en það má sjá, að vel muni Brynjólfi biskupi hafa geðjast að honum og kemur það snemma fram, þótt mér sé grunur á að fátt hafi orðið með þeim síðar. 1641 þegar Brynjólfur biskup vísiteraði Austfirði er Stefán með honum, og mun hann þá ekki enn hafa verið útskrifaður úr skóla. Biskupinn vísiterar í Kirkjubæ seinast í Júlí, og skrifa þeir báðir undir visitazíuna bræðurnir „Eiríkur p. Olaffſon mꝫ eigiñ Heñde“

og „Stephan Olaffſon mz eigiñ hand“ (A. Magn. Nr. 262. Fol. bls. 20). Í Ási í Fellum visíterar biskup 1. Ágúst, og er „Stephan Olaffſon med e. h.“ einn at þeim, sem þar skrifar undir (bls. 24). Á Arneiðarstöðum skrifar „Stephan Olaffſon mz eigiñ hand“ undir 5. Ágúst (bls. 25). Á Skriðu (Skriðuklaustri) 6. Ágúst undirskrifar „Stephan Olaffſon mz e. h.“ (bls. 30), á Valþjófsstað 7. Ágúst (bls. 36), á Hallormsstöðum 8. Ágúst (bls. 40), í Vallanesi 9. Ágúst (bls. 48). Annarsstaðar skrifar Stefán ekki undir, og hefur hann því eigi verið með biskupi lengur. Það er svo að sjá sem hann hafi riðið með Brynjólfi úr Kirkjubæ og að eins á nálæga Kirkjustaði, og af því mætti ráða, að hann hafi ekki verið kominn í þjónustu hans heldur verið í fylgd hans fyrir virðingar og vináttu sakir. Árið eptir 1642 mun hann hafa útskrifast úr Skálholtsskóla, og veturinn 1642—43 er hann skrifari Brynjólfs biskups, og skrifar 28. Marts 1643 undir staðfestingar á tíu afskriptum gamalla skjala í Skálholti „Stephan Olaffſon Bpsskrifare m. e. h.“ (A. Magn. Nr. 258. 4to bls. 32, 42, 82, 110, 319, 344, 372, 395, 416, 438). Seinast skrifar hann undir, að Þorvarður Eiríksson af góðum huga og guðs elsku gæfi hálfkirkjunni að Ey og kirkjunni að Breiðabólstað það hús, er hann hefur að Ey byggja látið upp á sinn kostnað, til þess að vera bænhús. Skjalið er dagsett í Skálholti 8. Maí 1643. Fyrir utan „Stephan Olaffſon m. e. h.“ skrifar og undir Þorvarður Eiríksson og Bjarni Gissursson, seinna prestur á Þingmúla (A. Magn. Nr. 262. Fol. bls. 199). Það er því auðséð að Stefán hefur verið hjá Brynjólfi biskupi þennan vetur og fram í maímánuð; en skömmu síðar mun hann hafa farið þaðan og austur til föður síns, og ekki er hann skrifari biskups seinni hluta júnímánaðar, sem sést á því, að 17. Júní 1643 undirskrifar „Biarne Gissursson Biskupsskrifare m. e. h.“ staðfestingu gamalla skjala í Skálholti (A. Magn. Nr. 258. 4to bls. 449). Um sumarið hefur hann verið hjá föður sínum austur í Kirkjubæ að minsta kosti fram í septembermánuð, sem sést

á því, að hann skrifar séra Bjarna Gissurssyni, sem þá var biskupsskrifari í Skálholti, einmitt frá Kirkjubæ bréf, sem dagsett er í Sept. 1643 (II. 371). Litlu síðar hefur hann eflaust farið utan, því að kominn er hann til Kaupmannahafnar 22. nóv. 1643, og sést það á því, að þá hefur hann þýtt 32. dæmisöguna í Laufás-Eddu eptir fyrirlagi Tómasar Bangs prófessors (II. 371—72), en þá hefur hann sjálfsagt verið fyrir skömmu kominn til Hafnar. Hann segir í bréfi til Brynjólfs biskups dagsettu í Höfn 22. Marts 1644, að hann hafi verið fjórtán daga á leiðinni frá Íslandi til Kaupmannahafnar[1]). Það er eptirtektavert, að það skyldi einmitt vera sett fyrir hann Edda til að reyna hann, og hefur það, ef til vill komið af því, að menn vissu að hann var kominn undan handarjaðrinum á Brynjólfi biskupi. Jón Gissursson prestur í Múla mágur Stefáns skrifaði Jesper Brochmann Sjálandsbiskupi meðmælingarbréf með Stefáni og bað hann meðal annars, að sjá svo til, að Stefán fengi klaustur sem fyrst (sbr. II. 389)[2]). Sama haust er hann skrifaður í stúdenta-

---

[1]) . . . de nostra profectione, qvam per divini numinis clementiam diebus qvatuordecim feliciter absolvimus . . .

[2]) Meðmælingarbréfið er svo:

Doctrinae splendore et vitae integritate pietatisqve amore longe spectantissimo viro S. sanctae Theologiae Doctori juxta et Archiepiscopo Selandiae digniss: Dño Gasparo Erasmio Brochmanno, Praeceptori, Mecaenati et Dño meo, obseqvio, honore et amore semper suspiciendo salutem plurimam precor.

Admodum Reverende et praeclariss: Dñe Doctor juxta et Episcope longe humaniss: valde me pudet ejus, qvod per biennium tuae reverendae dignitati literario officio defui, nunc tamen venio, non tam excusatum, qvam veniam petitum, qvamqvam locorum vasta intervalla haec atqve anni superioris naufragiorum impedimenta magna sint in causa, qvo minus meo pro voto et studio dñum Doctorem compellare potuerim. Interim lituram tamen nullam patientur apud me amor et memoria mei Reverendi Dñi Praeceptoris, dum vitalis

tölu við háskólann 7. Dec. (Stephanus Olavius Islandus e schola Schalholt.) og valdi hann Óla Vorm fyrir praeceptor privatus, sem menn alt fram um miðbik 19. aldar voru vanir að hafa. Það er því misskilningur, sem Finnur Magnússon segir í æfiágripi Stefáns framan við útgáfuna 1823 bls. XIII, að Stefán hafi farið utan 1642, og ber Finnur fyrir

---

halitus hos fovet artus. Qvo in cardine res nostrae versentur heic, tum meae tum fratris mei Petri (uterqve enim vestrae tutelae vere est cliens) dum hic tabellarius facilius id coram dno Episcopo enucleabit, qvam caecutientes oculi mei pennae usu id praestent, iis ergo, cum ejusmodi aliis libens supersedeo; summum et intimum meum negotium interea tamen depromptum dare, licet vilitas et indignitas dissvadeant, svadet tamen solus amor, imo impellit, ut hunc juvenem Stephanium Olavium serio et magnopere reverendo Dño Episc. meo praeceptori et fautori, commendem, tanta fide et animi effectu, ut majori neqveam. Videtur hic juvenis ingenio apto ad literas et artes capescendas natus, natus itidem honesto loco, a piis parentibus famaqve praeclaris. Ipsius pater frater Episcopi Ottonis, qvi erat Scalholtiae, virtute et eruditione inter nostrates primarius, hic idem mihi socer est. Ita utrumqve tum affinitas tum maxime hujus juvenis ingenii alacritas me incitant, pro hoc orare et interpellare, ut prima qvavis occasione data liberalitatem regiae mensae sentire qveat. Novit autem reverenda dignitas dñi Episcopi Islandorum nummi carentiam et paupertatem consvetam. Ego tantum intuens benignitatem et clementem animum mei Reverendi Dni Episcopi, mihi semper opitulantis, nihil meam indignitatem morans exoratorem me hic fore, certo statuo, ita ut hic meus Stephanus cum temporis progressu, id ipsum suo bono sentiat, probet et dilaudet. Hujus beneficii in primis ipsum deum remuneratorem Dnus Episcopus habebit et juvenis hujus perpetuam gratitudinem. Valeat, vireat et vigeat R[veren]dus D: E: Divinae tutelae et protectioni ex intimo cordis affectu semper et ubiqve commendatus. Amen.

Tuae Reverendae dignitati Adjectiss: cliens
Jonas Gissurius m. m.

sig Ol. Wormii Epist. bls. 238, þar sem stendur í bréfi frá Vorm til Stephaníuss dagsettu í Okt. 1642: „Huc apulit juvenis, M. Brynolphi amanuensis“. Þetta skilur Finnur svo að átt sé við Stefán, en það er ekki, heldur er þar átt við Torfa Jónsson, seinna prest í Gaulverjabæ, bróðurson Brynjólfs biskups og eptirlætisgoð alla daga, því að hann er skrifaður í stúdentatölu 9. Dec. 1642 (Trebonius Jonæ Isl. Schalh.), og getur það því ekki annar verið en hann, sem Vorm á við. Þeir kyntust vel erlendis Torfi og Stefán og hafa enda eflaust verið kunnugir frá Skálholti, og voru þeir jafnan vinir síðan. Erlendis kyntist Stefán og Páli Björnssyni seinna presti í Selárdal, og til hans er hið fyrsta bréf, sem Stefán skrifar frá Höfn og nú er til. Hinir merkustu Íslendingar, sem honum voru samtíða erlendis voru Gísli Magnússon (sbr. II. 384—85), séra Erlendur Ólafsson á Melstað, Runólfur Jónsson skólameistari, séra Böðvar Sturluson, séra Þorleifur Jónsson í Odda, Markús Snæbjörnsson sýslumaður í Vestmanneyjum, séra Þórarinn Eiríksson frá Búlandi í Skaptártungu frændi Stefáns, seinna prestur í Heydölum, en misti kjól og kall fyrir barngetnað, séra Þorsteinn Illugason á Völlum (sbr. II. 389), séra Finnur Jónsson í Vallanesi, séra Gísli Einarsson á Helgafelli, séra Páll Hallsson seinast prestur í Harastað á Sjálandi, er varð sjódauður 1663, séra Þorkell Arngrímsson í Görðum og fleiri. Stefán komst skjótt innundir hjá Óla Vorm, sem um þær mundir fékst mikið við íslenzka fornfræði, og þurfti því á Íslendingum að halda, og er það auðséð á bréfum hans sumstaðar, að hann hefur verið í vandræðum þegar hann hafði þá ekki, og kvartar enda yfir því, að það séu fáir íslenzkir stúdentar, sem hafi nokkra þekkingu á fornum íslenzkum fræðum. Sveinn Jónsson á Barði forfaðir Sveins læknis Pálssonar, hinn lærðasti maður, hafði áður verið amanuensis Vorms og í miklu uppáhaldi hjá honum, og skrifuðust þeir á síðan meðan Vorm lifði; er það auðséð að Þorlákur biskup Skúlason hefur fyrst komið honum á framfæri við Vorm, og hefur verið mjög ant um hann. Litlu

fyrir 1600 byrjaði aptur að lifna yfir íslenzkum bókmentum og þjóðfræðum með þeim Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og Arngrími Jónssyni. Guðbrandur biskup gaf sig mest við að útgefa guðsorðabækur og efla lúterskan sið, en Arngrímur snéri sér að fornritunum, og er sá fyrsti, sem vekur áhuga manna á þeim og gefur mönnum nokkurn veginn rétta hugmynd um Ísland og Íslendinga. Hann kveður upp úr eins manns hljóði með það, sem fáir útlendingar vildu heyra fyrr, að Íslendingar væru engir skrælingar og að Ísland væri ekkert ófreskisland. Hið fyrsta rit hans í þá átt er Brevis commentarius de Islandia Hafn. 1593. 8vo. Þar rekur hann og hrekur allar þær vitleysur og fjarstæður, sem ýmsir útlendingar höfðu sagt um Ísland og Íslendinga, og er það auðséð að hann þolir þeim ekki neitt. Þegar Dithmar Blefken kom með sína bók 1607, greip Arngrímur hann glóðvolgan og lét hann sæta illri útreið[1]); eins fór hann[2]) með Fabricius, sem gaf út sína bók í Rostokk 1616, og gerði lítið annað en jeta eptir Blefken. Sögu Íslands ritaði hann í Crymogaea (Ísland), sem fyrst kom út í Hamborg 1609. 4to, 1610. 4to, 1618. 4to og optar að því, sem sumir telja og bygði hann hana á fornritunum. Um landafræði og landnám Íslands skrifaði hann í Specimen Islandiae historicum et magna ex parte chorographicum, Hamb. 1643 4to móti Pontanusi sagnafræðingi. Hann stóð í stuttu máli alstaðar á verði fyrir öllu, sem Íslandi og íslenzkum bókmentum var mein að. 1596 er það komið svo langt, að Danir vilja fara að fá íslenzk handrit, því að þá er útgefið konungsbréf 17. Apríl (Magn. Ketilss. Forordn. II. 206—207), sem bauð Arngrími að útvega Niels Krag sagnameistara þau, en Arngrímur svarar honum hálfgert út af í bréfi dags. Hol. 7. Cal. Aug. 1597 og segist reyndar hafa haft að láni 26 æfagamlar ís-

[1]) Anatome Blefkeniana Holum 1612 8vo, Hamborg 1613. 4to.
[2]) í Epistola pro patria defensoria. Hamb. 1618. 4to.

lenzkar skinnbækur og sjálfsagt langtum fleiri, en segist hafa skilað þeim aptur, þegar hann var búinn að halda á þeim (Mss. Barthol. Tom. XXV. Supl. Arngr. Hist. Norv.; sbr. og Njálu II. 656), og lítið mun Arngrímur hafa látið af hendi rakna. 1626 byrja þeir að skrifast á Vorm og Arngrímur (Epist. Worm. 293—95) og halda þeir áfram bréfaskriptum þangað til Arngrímur deyr 1648. Það kemur því undarlega við, sem sumir hafa viljað halda fram, að Vorm sé fyrsti endurreisandi hinnar fornu íslenzku bókfræði, þar sem Crymogæa er að minsta kosti komin þrisvar út áður en þeir fara að skrifast á. Við Þorlák biskup skrifast Vorm á frá 1622 (Epist. 96) og við séra Magnús Ólafsson frá 1626 (Epist. 352) og við marga fleiri lærða Íslendinga alt þar til hann deyr 1654. Þegar hér var komið (um 1640) voru Guðbrandur biskup og séra Magnús Ólafsson dánir og Arngrímur orðinn þreyttur og ellimóður. Var þá Vorm orðinn helzti skjöldur íslenzkra fræða, og um hann hópuðust nú hinir íslenzku fræðimenn erlendis, en á Íslandi um Brynjólf og Þorlák biskup. Árið 1637 misti Vorm Svein Jónsson[1]) því hann fór þá til Íslands og gerðist kirkjuprestur á Hólum. Þetta sama ár, sem Sveinn fór heim barst Jón Guðmundsson lærði til Kaupmannahafnar og spurði Vorm hann spjörunum úr[2]), en frá því Sveinn fór er ekki að sjá, að hann hafi haft neinn íslenzkan stúdent sérstaklega lagaðan til fornfræði. Það var því mesta heillasending fyrir hann, þegar Stefán kom, enda hefur hann skjótt látið hann taka til óspiltra málanna, því árið eptir (1644), þýðir Stefán fyrir hann Völuspá á latínu (sbr. II. 393—95). 1646 tók Stefán við að þýða Snorra-Eddu og gerði hann það eptir Ormsbók. Þá bók hafði Vorm fengið hjá Arngrími Jónssyni, og var hún ættargripur, og hafði Jón lögmaður Sigmundsson átt hana.

[1]) Vorm gefur Sveini vitnisburðarbréf það ár, og er það enn til í gl. kgl. saml. Nr. 3119 a 4to.

[2]) Ísl. þjóðs I. XIII.

Þá Þýðingu skrifaði Óli Vorm sjálfur upp og er að sjá hann hafi haldið hana nákvæmari en þá, sem séra Magnús í Laufási hafði áður gert. Þýðing Stefáns er prentuð í útgáfu Resens Hafn. 1665 að svo miklu leyti, sem hún eigi samhljóðaði Þýðingu séra Magnúsar. Alt til þess hafði Þýðingin legið óprentuð, og fékk Resen handritið léð hjá Vilhjálmi Vorm syni Óla. Þýðing Magnúsar og Stefáns náði eigi lengra en í 68. dæmisögu. Þar tók Þormóður Torfason við (Edda Hafn. 1665 præfat. 13)[1]). Um sumt í Þýðingu Stefáns fer Páll Vídalín hörðum orðum og þykir ekki rétt (Skýringar á fornyrðum lögb. bls. 514 - 15). Guðmundur Andrésson frá Bjargi gerði athugasemdir við Þýðing Stefáns af Völuspá æði óvægilegar, og lét Resen prenta þær aptan við hana 1665 með Eddu, og hefur Stefán því séð þær, en ekki er þess getið hvað honum hafi fundist um (sbr. II. 393—95). Páli Vídalín þykir Guðmundur vera hér heldur frekur, og þykir hann ekki gæta þess nógl, að bæði var Stefán þá unglingur og að þetta var í fyrsta[2]) sinni, sem Völuspá var þýdd og því ekkert við að styðjast, en þykir Guðmundur hins vegar ekki síður hafa flaskað í sinni Þýðingu (J. Sig. 30. 4to: sbr. II. 393—94). Af bréfabókarslitri Stefáns, sem enn er til, má sjá, að hann þegar er hann var í Kaupmannahöfn hefur skipst á bréfum við flesta hina merkilegustu Íslendinga bæði eldri og yngri og þar á meðal við annan eins mann og Brynjólf biskup, sem þá bar ægisskjöld yfir alla aðra Íslendinga, og er svo að sjá, sem bréfskipti þeirra hafi verið mjög tíð; en öll hafa þau verið á latínu, sem þá þótti mest stát, og lærðir menn skrifuðust á í þá tíð nær eingöngu á því máli. Brynjólfur biskup skrifaðist og á við

[1]) Þýðing Stefáns, sem Vorm sendi til Parísar hefur þó eflaust náð yfir meira (sjá hér síðar).

[2]) Það er ekki rétt, sem Páll Vídalín segir í þessu efni, því að Björn Jónsson á Skarðsá (d. $^{26}/_{6}$ 1655) hafði þá skýrt Völuspá, og á skýringum Stefáns er auðséð, að hann hefur þekt skýringu Björns.

marga fleiri af lærisveinum sínum, sem honum líkaði við og hann hélt að væru mannsefni, en allar þær bréfaskriptir voru og á latínu, og þótti honum enda vænst um þegar svo var. Í bréfum sínum, sem hann skrifaði þeim voru þá stundum áminningar og leiðréttingar á þeim málvillum, sem hinum hafði orðið á að setja í bréfið. Í registri við IX. bindi af bréfabók hans í Árna safni er sagt, að þrjú slík bréf eigi að vera í bókinni, en þau finnast þar nú ekki, og eru því á einhvern hátt glötuð þaðan. Af því að af þessum orðum, sem standa í registrinu má nokkuð ráða í hvernig slíkum bréfaskriptum hefur verið varið, set eg þau hér:

1. „Árnam Halthorium[1]) studiosum; finnur biskupinn að, bæði að genio styli, 2° ofmikilli hrósun, 3° in esse mendas."

2. Enarum Trebonium[2]); áminning röksamleg að vera lastvar til orðs og æðis, 2° ástundunarsamur til studia."

3. „Sæmundum Othonium[3]); ráðleggur biskupinn honum að haga sér, og sínum studiis eptir því, sem hann kenni óstyrk upp á sig að finna."

Bréfin hafa öll verið dagsett 1656. Bréfið til Árna og Sæmundar er þó enn til, að eg hygg, því að tvö bréf til

---

[1]) Sonur séra Halldórs í Hruna, en bróðir séra Daða, sem seinna átti barn með Ragnheiði dóttur biskups. Þeir feðgar voru áður ágætir vinir Brynjólfs biskups, og svo var um það leyti, sem bréfið er skrifað; Árni er skrifaður í stúdentatölu við háskólann 7. Júní 1656; en varð kirkjuprestur í Skálholti 1661, en varð að víkja þaðan þegar óvingaðist með séra Daða og biskupi 1663. Hann dó 1687 sem uppgjafaprestur í Hruna.

[2]) Soður séra Torfa Snæbjörnssonar á Kirkjubóli, en bróðurson séra Björns á Staðastað og frændi Stefáns. Hann er skrifaður í stúdentatölu við háskólann 1. Nóv. 1655. Var prestur á Stað í Steingrímsfirði, en misti prestskap fyrir barneign; fékk 1682 Stað á Reykjanesi. Dó 1696.

[3]) Sæmundur Oddsson er skrifaður í stúdentatölu 19. Okt. 1655; varð 1671 prestur í Hítardal, prófastur í Mýrasýslu. Dó 1687 og hafði þá fjóra um áttrætt.

þeirra frá 21. Júlí 1656 — eitt til hvors — finst í bréfabókarslitri Brynjólfs biskups í ny kgl. saml. Nr. 1392. Fol. í Kongsbókhlöðu í Kaupmannahöfn, og svara til þessara orða að efni til. Auk þess er þar og annað bréf til Sæmundar frá 17. Júlí 1657 og til Ólafs Jónssonar dags. Eid. Qvintilis (= 15. Júlí) 1656. En bréfið til Einars mun nú alveg glatað.

Það er auðséð af bréfum Stefáns til Brynjólfs biskups, að lærisveinum hans hefur þótt mikið í það varið að skrifast á við hann, og hafa lagt sig alla til að vanda bréf sín sem bezt og hlaða á hann gengdarlausu hóli, og hafa þóttst eiga þar alt sitt ráð og athvarf, sem hann var, ef þeir næðu hans hylli. Hann var og hin mesta hjálparhella þeirra bæði í orði og verki, sem honum líkaði vel við. Bréf Stefáns til Brynjólfs bera þess eingan vott, að biskupi hafi eigi getist nógu vel að öllu því smjaðri, sem Stefán ber upp á hann[1]). En það er auðráðið, að biskupinn hefur verið honum mjög góður og mannlundaður. Sambandið á milli ýmsra manna og Stefáns meðan hann var erlendis og eins hvernig honum hefur liðið sést bezt af bréfum hans, og tek eg hér því kafla til sýnis. Bréfkafli til Brynjólfs biskups dagsettur í Khöfn 22. Maí 1644 (sbr. II. 374) (í þýðing): „Nú kemur bráðum að því, háæruverðugi faðir, að hið eina kaupskip, sem á að flytja nauðsynjavörur upp til Vestmanneyja, leggi af stað, og væri betur að það yrði vel reiðfara. En eg hafði hugsað mér að grípa hvert hið fyrsta færi, sem gæfist og skrifa yður, háttvirti faðir, nokkrar línur, og leiðir mig til þess ást sú, sem eg hefi á yður og þrá til yðar, þó kraptar mínir ráði mér frá því; mig langar mikið til að

[1]) Biskup var annars vanur að svara skjalli lærisveina sinna á þann hátt, að hann vildi ekki heyra það og skoðaði það sem áminningu frá þeim um, að hann ætti að verða það, sem þeir segðu hann væri. En þó er auðséð, að honum þykir undirniðri ekkert leiðinlegt, að þeir hæli honum.

tala við yður á þennan hátt, því nú er af sem áður var, þegar yður varð á milli verka, að eg geti með orðum ávarpað yðar verðleik augliti til auglitis; nú kannast eg við og meira að segja [minnist] með sárum tilfinningum, hvern unað yðar sókratisku sermónar og yðar ljúflegu og hnyttilegu samræður uku mér, en hefðu samt aukið mér miklu meiri, hefði eg vitað meira en eg vissi þá; þeirra naut eg ekki endrum og sinnum, heldur daglega og svo árum skipti. Eg tel því hvern þann sælastan, sem getur verið hjá yður sem lengst, en þá loksins finnum vér allir hið góða, sem fram við oss hefur komið, þegar vér höfum mist það, sem vér áður höfðum, eins og gamanleikskáldið réttilega kemst að orði. Eg hefi mist þennan unað, sem mestur var, og notaði hann illa meðan færi var, og það iðrar mig, og skal eg heita á mig, ef hamingjan einhvern tíma lofar okkur aptur að sjást að taka betur eptir og gefa gaum að hverju einstöku; þangað til skulu tíð bréfaskipti milli okkar vera huggun mín, og eiga bréfin að koma í viðræðu stað, og það geta þau líka; út í þessi bréfaskipti legg eg nú, og er þó slíku mjög óvanur og illa vaxinn, og klóra mér því höfuðið og naga nöglurnar eins og eg sé kominn í ógöngur, og geti ekki með neinu móti smeigt mér úr þeim, og er nálega alveg frá með lögum að haga orðum mínum svo að nokkur mynd sé á; alt það, sem mér dettur í hug met eg einskis virði; það er heldur ekki annað en barnaskapur og margtuggið rugl; eg er eins og magaveikir menn, og finn ekkert, sem mér þykir nógu gott, mér leiðist hið hversdagslega og hef viðbjóð á öllu. Því ef eg lít á velgjörðir yðar við mig óverðugan og óþektan og byggist til að gjalda á einhvern hátt þökk fyrir þær, sæi eg strax, að þær eru fleiri en svo, að þær verði upptaldar og meiri en svo, að með orðum verði á nokkurn máta jafnað upp á móti þeim. Það er því fyrir löngu öll von úti fyrir mér um það, að eg geti upphugsað nokkuð, sem að einhverju leyti svaraði til þeirra. Eg sé í huga mér yðar verðleikstign;

jafnvel blindur maður sér, að hér skrifar ekki Tullius Attikusi, ekki jafningi jafningja, heldur lærisveinn meistara, skjólstæðingur verndara, mér liggur við að segja þjónn herra sínum. Skyldi eg ekki meiga, eins og Plinius, játa, að þér eruð settur á æðra stig metorðanna, að þér eruð gæddur hinni mestu málsnild, hinum mesta fróðleik, að þeir, sem færa yður kveðju sína eiga að nálgast yður með lotningu, og eiga nákvæmlega að gæta þess, að það, sem við yður er sagt, sé yður samboðið, en eg vantreysti, og meira að segja er úrkula vonar um, að nokkuð í þessum latínulausa miða sé af því tagi, heldur sé miklu fremur alt í honum ósamboðið þvílíkum manni, sem þér eruð."

Í bréfi, sem Stefán skrifar Brynjólfi biskupi dagsettu í Höfn 28. Júní 1644 segist hann hafa legið rúmfastur frá því á hvítasunnu, og hafa fyrst farið á fætur daginn, sem hann skrifar bréfið.

Bréfkafli til séra Bjarna Gissurssonar þá biskupsskrifara í Skálholti dags. í Khöfn 17. Apr. 1645. Það lýsir mjög þeirri trú, sem hann þá hefur haft á Brynjólfi biskupi.

„Eg hefi fengið tvö bréf frá þér, elsku-Bjarni, hingað til Hafnar og voru þau hvortveggja jafn kærkomin. Hið fyrra var á rómverskri (latínskri) tungu og er óhætt að segja að það var rómversku (latínu) bragð að því, en hið síðara var þjóðlega fyndið og skemtilegt. Í því fyrra auglýstir þú ást þína og velvild til mín, og líka hinn nátturlega lipurleik gáfna þinna, en í hinu síðara iðni þína að safna smáblómum í þeim görðum menta og þokkagyðjanna, sem nú eru svo vel ræktaðir í suðurhluta Íslands að slíkir finnast hvergi. Eg á við Skálholt, sem hamingjan hefur gefið þennan mikla snilling, sem nú á þessum mannsaldri er hverjum fróðari og mannúðarfyllri. Þú skalt því ekki meta lítils að hlusta á slíkan mann þegar hann talar, og hversdagslega leiðir mart fram af huldum fjarsjóðum hugskots síns; þú munt varla reka þig á það borinn langt í burt til erlendra þjóða á völtum viði. Þessvegna á maður heima því fýkilegar að sælast eptir

því (sem hann segir), sem það tekur fram því, sem lítilvægt er, og er annarstaðar ekki eins auðfengið. Þessvegna skaltu hlýða með kostgæfni á þennan Varro (alfræðing) ættjarðar okkar (svo nefni eg hann; farðu hægara í sakirnar ef þú vilt), dást að honum og meta hann og taktu svo eptir öllu, að þú ekki einungis getir gengið burt miklu byrgari og fróðari, heldur einnig betri; í þessu efni er eg reyndar óhæfur áminnari, af því eg tók ekki eptir neinu af þessu, þegar eg fyrrum var í þeirri stöðu, sem þú nú ert."

Bréfkafli til Björns Snæbjörnssonar skólameistara í Skálholti, frænda Stefáns, dags. Khöfn 1645. Stefán afsakar í byrjun bréfsins með veiki sinni á fyrra ári, að hann hafi ekki skrifað Birni, sem og önnum um það leyti, sem skip fari til Íslands, og segir: „Þá þurfum við að kaupa saman ýmsa hluti og senda vinum okkar heima á ættjörð okkar, og verðum við þá að biðja kaupmennina (íslenzku) eins og guð okkur til hjálpar um peninga, en eins og nú stendur er ekki hægt að hafa neitt út úr þeim. Þar að auki eru bréfin, sem reyndar væri réttara að kalla tímaþjófnað en bréf, sá aragrúi, sem við þurfum að skrifa til ýmsra ...." „Þó eg hafi ekki skrifað yður á þessum ársfjórðungi og ári, hef eg engu að síður mikið og opt hugsað um yður, enda talað um mannkosti yðar og lærdóm og með hvorutveggju þessu hafið þér gert mér gott, og hef eg minst yðar daglega, minst yðar þegar eg vildi, en eg vildi það allajafna; eg er knúinn til þessa af einhverjum unaði og þægilegri viðkvæmni fyrir minningu hins kærasta kennara, sem á það skilið að endurrækt sé og sem optast í hug manns. Því hvað ætti eg að vanrækja þann mann, sem að foreldrum mínum fráskildum enginn jafnast við fyrir mig, sem hefur dreypt á anda minn meðan hann var ófræddur og ennþá sveigjanlegur til hverskyns háttsemi, sem vera skyldi, síðum þeim, sem manni eru samboðnir, og fræðum þeim, sem hverjum manni ávalt hefur geðjast bezt að, og ekki einungis vísa vegi

mælsku, heldur góðs lífernis, vekja í hugum vorum frægðar neista og greina oss frá skynlausum skepnum, og ef einhver kipti þessum fræðum burtu, þá væri sem sjálfri sólinni væri kipt burt úr heiminum, eins og þar stendur[1]). Það er því eingin furða þó eg fagni því mjög, að sá tími sé kominn, að eg að minsta kosti geti þakkað yðar mannúð fyrir yðar mjög árvökru kenslu, yðar sannarlega föðurlegu vandlætingar, ótöllulegu velgerninga og einstöku þolinmæði, og á þetta alt hafið þér bætt eins og innsigli heiðrandi vitnisburðarbréfi[2]), sem þér sæmið mig slíkum meðmælum í og hrúgið upp á mig svo miklu lofi, að eg játa það, að eg er yðar ástsemi skyldugur um það, þar eg á ekkert af þessu hóli skilið, að og af öllu megni reyni einhvern tíma að verða slíkur, sem þér þar segið að eg sé eða viljið að eg í sannleika verði". Að endingu getur Stefán þess, að Björn hafi sent sér gjöf, sem fylgt hafi bréfi til Torfa Jónssonar.

Brétkafli til séra Ólafs föður Stefáns, auðsjáanlega skrifaður í Khöfn 1645: „Eg get ekki skýrt frá því með orðum, faðir minn, hve mikla jafnt aðdáun og unað bréf yðar vakti mér, sem þér senduð með Vopnafjarðar kaupmanni í fyrra. Eg dáist að yðar ljómandi djúpsetta lærdómi, jafnaldraður maður og þér eruð, þar sem þér, eptir jafnmörg ár og eru síðan, að þér lögðuð þessa þögulu meistara[3]) fyrir óðal, ekki einungis skrifið á latínu, heldur einnig svo lært, svo ljómandi, að jafnvel þeim, sem leingi og mikið og enda með frægð hafa unnið í helgidómi mentagyðjanna og gera það daglega, mundi ekki þykja þar neitt áfátt; þér jafnvel berið af mörgum; um þetta skyldi eg fara fleirum orðum, ef það væri ekki öllum kunnugt og ef þér væruð ekki svo frábitinn, faðir minn, að nokkur, en einkum eg, hæli yður

[1]) Tull. Cicero oratio pro Archia poeta.
[2]) Það er nú ekki til.
[3]) þ. e. hina fornu latínsku rithöfunda. Þá (1645) voru liðin 36—37 ár síðan séra Ólafur var skólameistari í Skálholti.

uppí eyrun, sem menn segja. Til unaðar var mér að heyra að yður liður vel, svo og að komast að raun um yðar brennandi föðurást til mín og sanna föðurþel, og sýnduð þér í þessu bréfi ekki að eins nokkra táknun þessa, heldur og skýra ímynd. Hvað á eg að segja um hin rausnarlegu fjárútlát og nærri gengdarlausa kostnað til náms míns, sem á yður kom svo mikill síðasta ár, að eg hefði ekki án blygðunar vonast eptir svo miklu? Við það bætist elska hinnar ástkærustu móður, sem eg má játa, að eg hef aldrei til unnið, og gjafir hennar, ástríki bræðra og systra og gjafir langt yfir efni fram; þannig keppist þið um að elska mig og hjálpa mér, svo að eg get ekki hjá því komist að láta mér þykja jafnvænt um ykkur öll. Eg get þess vegna ekki nógsamlega skýrt frá því, hvað eg kvelst hversdagslega af löngun til yðar, faðir minn, og þeirra. En eg lifna aptur við að minnast þess, — bæði sé eg ykkur í stöðugri umhugsun svo sem hjá mér og vona þess verði ekki langt að bíða, að eg geri það — að eg með gleði og heill á hófi finn ykkur aptur öll heil og hress og skil aldrei við ykkur síðan, nema dauðinn taki mig. Eg læt hins vegar aldrei af að biðja guð, að hann vilji eptirleiðis vernda yður, faðir minn, heilan og hraustan eins og hann hefur gert hingað til kirkjunni til góðs og oss til styrktar, ásamt öllu yðar fólki."

Það er öðru nær en þetta bréf beri þess merki, að nokkur kali hafi verið milli þeirra feðga séra Ólafs og Stefáns. Hafi nokkurn tíma nokkuð skorist í með þeim hefur það auðsjáanlega alt verið jafnað, þegar hér er komið.

Í bréfi frá 1645 til séra Vigfúsar á Hofi Árnasonar talar Stefán um fjárhag sinn, og lætur ekki mikið yfir honum, og segir það sé ekki fyrir þremilinn sjálfan að ná peningum út hjá íslenzkum kaupmönnum, og að maður hafi ekkert annað upp úr því að þreyta sig á því að reyna það, en að þeir verði leiðir á manni.

Bréfkafli til Péturs Gissurssonar heyrara í Skálholti og seinna prests á Ofanleyti í Vestmanneyjum, dags. í Khöfn

árið 1645: „. . . Hins vegar ert þú svo mannúðarfullur og gæddur svo hreinu hugarþeli lausu við allan keim hinnar bleksvörtu öfundar, að þú ekki einungis gefur hverjum manni færi á að afsaka sig, heldur tekur einnig bróðurlega öllu voru gemsi, þó það sé skeytingarlaust og óþvegið. Ef eg ekki játaði það, þá væri eg ranglátur gagnvart þínu mjög mannúðlega bréfi, sem Bremermann skilaði mér klakklaust, er hann var kominn aptur frá Hollendingum eptir glæfraferð á litlum bolla; sýndi það ljóslega, að þú hefur ekki hirt um orðaglamur, en það hafði eg af andlegri deyfð sett í bréf mitt til þín síðast, heldur anda, og bréfið var látlaus túlkur hans. Engu að síður fer mér eins og fjárplógsmönnum, sem ekki spyrja að, þegar um peninga er að gera, hverju myntin sé slegin, heldur hvað sé í henni, og vilja heldur ófalsaða mynt með marki Tevtóna, en falska mynt með rómversku merki. Þessvegna ertú mér svo miklu kærari, sem þú ert meira gefinn fyrir látleysi samtengt hyggindum, og þokar þér lengra og lengra frá ýmsum þeim mönnum þessarar hundfláu aldar, er við lifum á, sem af ljótum ávana eru orðnir svo sljófir, að þeir bæði í daglegri umgeingni og bréfum hafa svo falskt, sættmalandi og samsinnandi orðalag, að öll einkenni þess hvað þeir vilja hljóta að blandast saman, og nálega á eingan hátt er unt að sjá af hvaða hug þeir tala og skrifa. Hvað er þá eptir til þess að þekkja menn af, ef hið einasta einkenni hugarfarsins, sem hulið er jafmiklu fargi líkamans, er uppgert? Hvernig getur nokkur þá þekt velviljaðan frá illviljuðum? Þá hlýtur að fara svo, að maður þekkir ekki úlf frá lambi, eins og Vives segir, og getur hæglega orðið, að maður forðist lambið, af því manni er uggvænt um, að það sé grimmur vargur. Eg get ljóslega ráðið af bréfi þínu að svo hefur næstum farið fyrir þér. Þó við höfum kynst ekki skamma stund virðist sem þú í bréfi þínu hafir verið í efa um, hvort hugarfar mitt hafi, þegar við vorum saman, verið samhljóða dagfari minu, og þá hefur þú haldið, þegar nokkurt hlé varð á

bréfaskriptum mínum, að hér færi ekki alt með feldu, og að eg, þegar eg var skilinn við þig, hafi teigað óminnisdrykk, og hafi gleymt þér skyndilega. Þú ert nauðalíkur síli, sem [Ovidius] Naso talar um, að einu sinni hafi meitt sig á öngli og hafi því næst forðast allan mat af ótta fyrir, að svik byggju undir. En það er manninum eiginlegt að missýnast og reka sig á. Samt þykir mér hér undarlegt ef einnig þau metorð, sem eg hef fengið síðan eg fór frá ættjörð minni styrkja þessa tilgátu? Því hver eru þau heillin mín? Eru það not styrks þess hins ágæta hér við háskólann? Sú sæmd er hér ekki ný meðal okkar. Við lifum hér hvers dagslega eins og áður einangraðir í skot þess einstæðingsskapar, sem stúdentar eiga að venjast. Þó að af þessum metum kynni að hafa gefist eitthvert efni til að gleyma vinum sínum (sem eg reyndar ekki kannast við), hafa þó vissulega verið miklu styrkari stormveifur aðkastanna, sem hefðu getað barið niður í mér það rembilæti, og það getur þér ekki ókunnugt verið, sem hefur reynt líkt áður fyrri . . .“

Bréfkafli til séra Ólafs Einarssonar föður Stefáns, dagsettur í Khöfn. 16. Ágúst 1645: „Hvorki þarf eg né get, þó eg vildi, efast um að þér hættið aldrei faðir minn að þola önn fyrir mig meðan eg dvel meðal erlendra manna, einkum þar þér fyrir löngu vitið með vissu að alt veltist hér í ófriðarumbrotum, og sérílagi þar eg er í hættu, og yðar föðurást og kærleikspel hefur þegar fyrir löngu gefið það vottorð, að þar væri meiri og betri hluti sálar yðar í hættu, sem eg væri. En þó slík vandræði séu hér á ferðum, sem einmitt orsaka það, að eg hefi átt mjög bágt með að fara héðan, að einmitt af þessu er svívirðilegra að bíða dauða á ættjörð sinni en erlendis, þá er eg samt mjög hræddur um að föðurást yðar taki ekki þessar huggunargreinir gildar og enda vilji ekki ljá þeim eyrun, þar siglingu á þessu sumri hefur seinkað svo mikið fram yfir vanalegan tíma, að þér mættuð vel álykta að þetta ríki hafi orðið fyrir einhverju þungu áfalli. En eg bið yður, litið þér á

þessa björtu heiðríkju, sem hefur svipt burt þessu stórviðri. I dag hafa oss borist fregnir um endurreisn hins gullna friðar, sem öll borgin og enda alt ríkið svo opt hafði óskað eptir og sem voru því hinar gleðilegustu, setjanda skýrt fyrir sjónir og sýnandi áþreifanlega, hversu mikils bænarandvörp guðhræddra manna orka, og þar á meðal yðar bljúgu grátbænir, faðir minn, sem þér á hverjum degi hafið fram flutt biðjandi um frið í helgidómi og fyrir ölturum hins æðsta guðs."

Í bréfi til Brynjólfs biskups dags. Kh. 15. Júlí 1645 getur hann þess, að biskup kosti sig að einhverju.

Kaflar úr bréfi til Sr Eiríks Ketilssonar í Vallanesi, dags. 6. Maí 1646. „.... En eg er nú svo dónalega lítilmótlegur — eg segi það eins og það er — eða réttara sagt blygðunarlaus, að eg jafnvel af sjálfsdáðum ber mig eptir velgerningum vina og verndarmanna, og knýr mig til þess peningaleysi, sem fremur kemur um of fram við mig en vandamenn mína, og er það vant að að verða að sætta sig við þau óþægindi, að vér neyðumst til þess að taka við stöðugt af öðrum, en hlotnast aldrei að gefa öðrum svo nokkuð dragi; af því nú að efnin brestur þá inni eg þér að eins með orðum hinar mestu þakkir fyrir frábæra ást til mín og hið mesta örlæti, sem þú hefur svo rækilega látið sannast á mér, að þú neyðir mig jafnvel nauðugan til þess að elska þig eigi síður þó þú sért fjarrværandi, en áður þá er þú varst hjá mér. Því á meðan við vorum saman veiddir þú mig á gullöngla þinna hjólliðugu gáfna og flæktir mig á haldgóðum færum, sem eg þá hvorki kærði mig um að losa mig af, né get nú með nokkru móti."

„.... Ekki mun eg sjá aptur ættjörð mína á þessu sumri; eg ætla að fara til annara þjóða, ef eg að eins get feingið samþykki foreldra minna til þess, því að nú ber svo vel í veiðar, að eg get farið til Frakklands mér og mínum að kostnaðarlausu ..."

Þegar hér var komið, 1646, var Ísland og íslenzkar bók-

mentir farið að verða nokkuð kunnugt víða í hinum meiri löndum Norðurálfunnar og var það mest að þakka ritum Arngríms og Vorms, en þó einkum því, að Vorm skrifaðist á við afar marga fræðimenn um allar jarðir. Af frakkneskum mönnum hafði Vorm einna mest bréfaskipti við Ísak Peyrère sendiherra og Gabríel Naudæus bókavörð. Peyrère gaf 1643 út í Paris bók um Ísland, sem hann kallaði Relatio de Islandia, og segir hann sjálfur (Ol. Worm. Epp. 910) að Vorm hafi átt þátt í henni. Naudæusi sendi Vorm 1644 íslenzka lögbók á skinni (Jónsbók), íslenzkt rím, og 1645 prímstafi með rúnaristingum og 1646—47 Snorra-Eddu á latínu eptir Stefán Ólafsson ásamt afskrift af Ormsbók (Epist. 898—99, 902, 946; sbr. Nordisk Tidskr. for Oldk. I. 345). Áhugi Mazarins[1]) ráðherra í Frakklandi var þá orðinn svo mikill að safna íslenzkum bókum og efla íslenzk fræði, að Vorm átti að vera honum í útvegum með að fá einhvern lærðan Íslending til þess að fara til Parísarborgar og gerast þar íslenzkur fornfræðingur (antiqvarius). Var þá í ráði vorið 1646, að Stefán Ólafsson tækist þetta á hendur fyrir álitleg laun; vildi hann þó ekki gera út um það fyrri en hann hefði ráðfært sig áður við foreldra sína, og getur hann þess í bréfi sínu til séra Eiríks Ketilssonar í Vallanesi dags. 6. maí 1646 (sbr. hér að framan), en einkum vildi hann leita álita Brynjólfs biskups. Bréfið til foreldra hans um þetta er nú ekki kunnugt, en bréf hans til biskups er enn til, og er dagsett 5.[2]) Maí um vorið 1646, og tek eg hér upp í íslenzkri þýðingu þann kafla, sem hann talar um ferð sína í[3]): „Hinu sama, sem maður nokkur var vanur að segja, en það er,

[1]) J. Esp. Árb. VI. 112—13 segir ranglega, að það hafi verið Richelieu, sem vildi fá Stefán til Frakklands.

[2]) Það er rangt, sem stendur í Nord. Tidskr. for Oldk. I. 345 að það sé dags. 20. maí, og mun það vera tekið eptir afskript Guðm. Magnæuss í Rask 22. 4to; í bréfasyrpu Stefáns í Bodl. 67. 4to stendur 5. maí.

[3]) Þenna kafla hefur Werlauff látið prenta í Nord. Tidskr. f. Oldk. I. 345—46. Bréfið er afarlangt.

að fjölda margir færu til Apenuborgar til náms, væru upphaflega vitringar, yrðu því næst heimsspekingar, síðar mælskumenn og færu þaðan seinast heimskingjar, mundi sami maður stinga að mér, sem nú hefi verið nálega þrjú ár við nám á þessum háskóla og hefur farið svo aptur, að eg hef yfirgefið Latium (þ. latínuna) og er nú loksins farinn að stirðna upp í norrænum fræðum. Nú viljið þér fá að vita orsök þessa óláns, en hún er þessi. Edda vor er ein orsök til þessa, og er það hún, sem mestur tími minn og mest starf mitt gengur í að afskrifa. Því eins og hennar fyrsti höfundur var í Parisarborg[1]), svo dregur hún nú þangað jafnvel nauðuga þá, sem leggja rækt við hana, og svo að þér ekki látið þetta eins og vind um eyrun þjóta svo sem óheyrð tíðindi eða markleysu, þá viti þér að frakkneski sendiherrann, í hvers nafni eg er að skrifa Snorra-Eddu á íslenzku og latínu, hefir boðið mér allriflegan styrk til þess, að eg tækist ferð á hendur til Mazarins kardínála og vísi-kongs á Frakklandi, í því skyni að skýra norræn forn fræði, og hefur hann komið bókasafni af þeim á fót. Eg er að einu leyti fús til þessa, en að hinu leytinu aptrar mér frá því rækt sú, sem eg skulda foreldrum mínum og verndarmönnum og er ábyrgðarhluti að ráðast í svo mikið að þeim fornspurðum. Meðal þeirra eruð þér, háæruverðugi faðir, enda fremstur allra, og bið eg yður um yðar viturlegan dóm og hyggilegt ráð í þessu efni, og megið þér eiga það víst, að eg fylgi því. Eg efast um samþykki foreldra minna, og ef eg ekki get unnið þau til þessa, hvað á þá til bragðs að taka?“

Bréf Brynjólfs biskups til Stefáns, þar sem hann svarar þessu bréfi er nú ekki til, en svar Stefáns upp á það bréf er enn til og er það dagsett í Khöfn 13. Maí 1647. Á því

---

[1]) Hér ruglar Stefán saman Sæmundar-Eddu og Snorra-Eddu, Sæmundi fróða og Snorra Sturlusyni. Snorri var aldrei í París, en Sæmundur var þar.

er auðséð, að biskup hefur ráðið Stefáni frá Frakklandsferðinni. Í því er meðal annars þetta: „Ekki fór fjarri því, sem eg ætlaði að þér munduð dæma um Frakklandsferðina. Drottinn minn dýri! hversu mikið hughvarf taldi mér þessi yðar mjög lærdómsríka ráðlegging! Það var víst, að eg hefði þrátt fyrir mótspyrnur og jafnvel foreldrum mínum nauðugt ráðist í þessa ferð. En, sjá, hversu hugur þeirra er breyttur fram yfir það, sem eg ætlaði, því að þér skrifið að þau séu alt of áhyggju full um mig og taki of hart á því, að eg skuli hafa hangið í Danmörku þetta ár, en nú í hinu seinasta bréfi til mín gefa þau mér sjálfkrafa leyfi til þess í heilagrar þrenningar nafni að fara til Frakklands. Hvaðan kemur áttræðum föður slíkur hugur? Hvaðan kemur hinni eptirlátustu móður því líkt hugrekki? Eg gekk að því vísu að þau mundu aldrei gefa leyfi til þessa. Nú býst eg á hverjum degi við bréfi frá Frakklandi, sem bjóði mér þangað, eða öllu heldur nálega kalli mig þangað, því að Vorm hefur fengið tvö bréf frá ráðgjafa frakkneska sendiherrans skrifuð í Parísarborg, og var í þeim báðum minst á mig; lofaði hann einnig, að hann skyldi annast um, að laun fyrir starf mitt við Eddu skyldu vera viss, og enn fremur jafnskjótt sem Naudæus bókavörður konungs kæmi heim aptur — því hann kvað hann vera á ferð erlendis, en koma aptur innan skamms — skyldi verða eitthvað víst ályktað um för mína til þeirra. En hvernig sem allt snýst verð eg hér í Kaupmannahöfn í sumar og ef til vill í vetur líka, og fel guði hvernig það fer. . . .“

Í bréfum frá Vorm og til hans er opt minst á þessa þýðingu og afskrift Stefáns af Eddu og Frakklandsför hans, svo sem:

Vorm í bréfi til Naudæuss bókavarðar dags. í Nóv. 1645: „Eg hefi leigt ungan Íslending, sem skrifar Eddu upp eptir bók minni (Ormsbók) og snýr henni á latínu; af því bókin er hin fágætasta og torskildasta getur þetta forna handrit ekki verið létt viðfangs fyrir hann“ (Epp. Worm. 902).

Vorm í bréfi til Peyrère dags. í Júní 1646: „Íslendingurinn okkar starfar enn að því að þýða Eddu, en nokkuð seint, og hefur hann svo miklum öðrum önnum að gegna, að hann er valla búinn með helming hennar . . .“ (Epp. Worm. 938). Vorm í bréfi til hins sama dags. í Höfn 23. Okt. 1646: „. . . Íslendingurinn okkar hefur nú lokið við að skrifa Eddu upp . . .“ (Epp. Worm. 941). Ísak Peyrère til Vorms í bréfi dagsettu í París 10. kal. Jan. 1647: „. . . Eg mun skrifa yður um leið hvað í ráði sé með uppskript Eddu og hinn lærða Íslending, sem hefur skrifað hana upp, svo að hann fullvissi sig um, að hann hafi ekki unnið ófyrirsynju eða til einskis . . .“ (Epp. Worm. 942).

Vorm í bréfi til Ísaks Peyrère dags. 4. Dec. 1646: „Eg sendi nú herra Thuilerie Eddu, sem Íslendingurinn okkar hefur skrifað upp, og væri betur að það sé gert eptir því, sem þér vilduð; ef þér þurfið á honum að halda lofar hann að fara til Frakklands, þó geti það einungis orðið með því móti að honum bjóðist sæmileg kjör. Hér er nú ekki völ á neinum unglingsmanni frá Íslandi reglusamari og kunnugri norrænum fræðum . . .“ (Epp. Worm. 943).

Ísak Peyrère í bréf til Vorms dags. í París 3. Id. Jan. 1647 talar um einhvern „Svein okkar Íslending“ (Suenone nostro Islando) og segir: „ferð hans til vor og kjör hans mun eg gaumgæfilega annast“ (cujus adventum ad nos, & conditiones ejus curabo diligenter) (Epp. Worm. 944). En Peyrère ruglast hér auðsjáanlega í nafninu og kallar manninn Sveno fyrir Stephanus. Í bréfi til Peyrère 1647 segist Vorm hafa skilað Hanneqvinus Eddu og hafi hann greitt Stefáni verkalaunin (Epp. Worm. 946) tíu peninga (decem imperiales) (Epp. Worm. 961).

Hvað Brynjólfi biskupi hafi getað gengið til þess að hafa Stefán aptur af Parísarferðinni er ekki gott að gizka á, nema hann hafi þótst sjá það fyrir, að Stefán með því að fara þangað mundi ganga uggvænglega upp og með því slá skugga á frægðarljóma biskups sjálfs. Að vísu eru mönnum

ekki fullkunnugir kostir þeir, sem Stefán hafði að ganga að, en gera má ráð fyrir, að þeir hafi ekki verið geigvænlegir, úr því foreldrar hans gáfu honum fararleyfi og kennari hans og verndarmaður Óli Vorm var í ráðum með honum, og vekur það hvorttveggja þungan grun um að ráð biskups hafi hér ekki verið alskostar heilhugað. Það er og undarlegt, að ekkert bréf til biskups frá Stefáni skuli nú vera til eptir að Stefán var kominn til Íslands, og gæti það bent á, að ekki hefði alt verið heilt með þeim eptir þetta.

Frá því um vorið 1647 fara eingar sögur af Stefáni fyrri enn um vorið 1648 eða í hér um bil eitt ár, og mun hann mest hafa gefið sig við námi sínu á því tímabili. Í Vormsbréfum finst hans að eins getið á einum stað í bréfi frá Absalon Christophori XIII. Cal. Febr. 1648 (Epp. Worm. 1024)[1]). Í Kaupmannahöfn er Stefán enn um vorið hinn 3. Maí 1648; því að þá fær hann vitnisburðarbréf sitt hjá Óla Vorm, og er uppkastið að því með Vorms eiginhendi enn til í forna handritasafninu á bókhlöðu konungs í Kaupmannahöfn Nr. 3119. 4to A, og er það á þessa leið: Ingenuus et doctus juvenis Stephanus Olai Islandus ad Regiam hanc Academiam uberioris ingenii culturæ gratia cum appulisset anno 1643 ritibus consvetis in numerum eorum, qvi honestis disciplinis sacramentum dixerunt, adscriptus est mense decimo, mihi studiorum ac morum curam commendavit. Vixit ex eo sub mea manuductione, lectiones frequentando, exercitia tam publica qvam privata urgendo ita ut industria et sedula bonarum disciplinarum tractione palmam suis commilitonibus præripere velle mihi visus sit, qvietate præterea, modestia aliisqve ingenuo adolescente dignis virtutibus, hoc assecutus est, ut præceptoribus gratus,

---

[1]) „Necdum vero, rudi adeo penicillo adumbratus colymbus meus, evolare conspectum tuum sustinuisset, nisi ex mandato tuo, mihi per Islandum tuum Stephanum Olai significato, ejecissem ...“

mihi in primis, qvi ejus opera non raro usus sum. et acceptus semper extiterit. Tantum v[ero] in s[ancta] profecit Theologia, ut in ea profectus a censoribus delegatis honestum reportaverit Testimonium. Qvocirca non possum non honestos ejus conatus bonis omnibus proseqvi atqve omnibus literarum virtutis et honestatis fautoribus de nota meliori commendare, amice rogans juveni honestissimo ut faveant it[em] in honesto proposito juvent, me vicissim ad paria humanitatis officia habebunt paratissimum. In cujusqve fidem hæc scripsi Hafniæ 3. Maj 1648.

Rétt á eptir hefur hann eflaust lagt á stað til Íslands með vorskipum; hafði hann þá verið tæp fimm ár í Kaupmannahöfn eins og hann sjálfur segir í brúðkaupsvísunum til Jörgens Kems I. 41 13-16:

... úr Danaveldi vænu,
er varði mig, Ísajarðar
festan armi ástar,
ár fimm við ment klára[1]).

Til Íslands er hann kominn snemma um sumarið 1648; Brynjólfur biskup getur þess í bréfi til Vorms dagsettu í Skálholti Eidus Qvintilis (= 15. Júlí) 1648, að hann hafi fengið bréf frá Vorm með Stepháni Ólafssyni (... epistola ... per Dn. Stephanum Olavium nostrum illum allata ... Epp. Worm. 1037). Stefán sjálfur skrifar Vorm bréf dagsett í Skálholti „12. Julij Anno 1648", sem er til með eiginhendi Stefáns í safni Árna Magnússonar Nr. 267. Fol., og segir hann sjálfur bezt þar frá því, sem á dagana hafði drifið frá því þeir skildu Vorm og hann, og hvað hann hugsar fyrir sér: „Eptir allheppilega ferð frá

[1]) Það er undarlegt hvernig Finnur Magnússon lætur Stefán hafa komið til Kaupmannahafnar 1642, en fara þaðan 1648, og hafa þó ekki verið nema fimm ár, því eptir þeim reikningi, sem raunar er rangur, ætti hann að hafa verið þar nær 6 ár.

Danmörk til Íslands var eg í þrjár vikur[1]) við sæmd og góðar veitingar á vist með Jens Söffrínssyni, er nú sem stendur, er höfuðsmaður hér, því ómögulegt var fyrr að ferðast sökum hestaeklu, því að þá hrjáði hinn afarharði vetur síðast á fáheyrðan hátt. Óðar enn eg steig fæti á land varð eg þess áskynja, að Vallanesbrauð var af biskupi og Jens Söffrínssyni umboðsmanni skipað presti nokkrum Finni að nafni; en höfuðsmaður vildi ekki samþykkja þá veitingu, því að hann vissi, að sagður prestur var ekki vandur að líferni sínu og þessvegna sízt verður slíks embættis; neitaði hann því á sjálfu alþingi fastlega að samþykkja veitinguna. En af því að eg er þess áskynja, að biskupinn leitar álits hinar æðri yfirstjórnar í Danmörku um þetta mál, flý eg sem auðmjúkur beiðandi til yðar mannúðar og mér gjörreyndrar velvildar biðjandi með allri þeirri undirgefni, sem eg get, að þér vilduð tala mínu máli við yfirvöldin og af afli styðja Jens Söffrínsson, sem hefur nú lofað að veita mér þetta brauð .... Þetta skrifa eg í mesta flýti í Skálholti, og ætla eg nú í þessu augnabliki að leggja af stað til Austfjarða, og er það ærið löng og erfið ferð..."

Eins og Stefán víkur hér á var Vallanes að nokkru leyti laust. Séra Eiríkur Ketilsson vinur og frændi Stefáns hafði orðið prestur í Vallanesi 1636, en andaðist árið 1647; sótti þá áður nefndur Finnur um Vallanes. Finnur var Jónsson og bróðir Jóns skons „honum þó ólíkur í mörgu, hreinlyndur og djarfyrtur og mikill lögmálsprédikari" (J. Halld. Rask. 55. 4to). Faðir Finns var Jón Vigfússon yngri bróðir Orms í Eyjum, en móðir hans var Solveig dóttir séra Böðvars í Reykholti. Finnur lærði fyrst í Skálholtsskóla, fór síðan utan og skrifaðist í stúdentatölu við háskólann 13. December 1641 (Finnus Jonæ Islandus e sch. Schalholt.), og tók síðar attestaz. 1644 kom hann út aptur og varð þá

[1]) Á því er auðsætt að hann hefur að minsta kosti verið kominn til Íslands í júnímánuði.

kirkjuprestur í Skálholti, og var það þangað til 1647. Eptir það ber sögnum ekki saman um hann. Prestatal séra Sveins Nielssonar segir, að hann hafi aldrei farið að Vallanesi, heldur dáið áður; aðrir segja (Bps. II. 605) hann hafi dáið í Vallanesi strax eptir að hann kom þangað; en séra Jón Halldórsson fróði telur í prestaæfum sínum (Rask 55. 4to), að Finnur hafi haldið Vallanes eitt ár ekki fult, og segir: „reið hann hingað á sveitir í Skálholt og Borgarfjörð að kveðja vini sína og vandamenn. En sem hann sneri austur á leið aptur af alþingi tók hann stranga sótt og dó þar eptir vikulegu ógiptur og barnlaus 1648: grafinn þar eptir bón hans til fóta við grafarstæði, sem Mag. Brynjólfur hafði sér fyrirhugað, og var þar líka jarðaður síðan." Sögn séra Jóns er líklega hin áreiðanlegasta, því að hann segir svo greinilega frá, og hlaut enda að vera þessu kunnugur, einkum þar séra Finnur var frændi hans. Það hefur því borið vel í veiðar fyrir Stefán, því að Finnur dó hálfum mánuði eptir að hann fór austur og skrifaði Vorm bréfið.

Sumarið 1648 var Stefán í Kirkjubæ hjá foreldrum sínum, og skrifar hann Vorm þaðan um haustið 15. Sept. (á látínu)[1]; segir hann meðal annars í bréfi sínu: „Það sýndist ekki vera nein von til frama fyrir mig, þar sem annar átti fortakslaust fyrir meðalgöngu biskupsins okkar að fá Vallanesið, og gaf eg því samþykki mitt, vegna þeirrar virðingar, sem maður skuldar yfirboðara sínum, en með því skilyrði, að eg feingi annað þeirra brauða, sem laus væru í nágrenninu og mér litist betur á. En þegar eg hafði dvalið rúma viku þreyttur af jafnörðugri ferð hina hjá mínum góðu foreldrum kom biskupinn hingað í visitaziuferð og sagði okkur, sem ekki datt slíkt í hug, lát Finns, sem skipaður var til hins áðurgreinda brauðs; kvað hann Finn hafa andast í Skálholti

[1]) dálitill kafli úr þessu bréfi er prentaður í Epp. Ol. Vorm. pagn. 1072, en alt bréfið er í A. Magn. Nr. 267. Fol. með eiginhendi Stefáns.

hálfum mánuði eptir burför mína þaðan. Hefur hann því verið hvatamaður þess, eptir að haldinn var safnaðarfundur og sóknarmenn höfðu atkvæði greitt, að eg kæmi án allrardvalar á fund hans heim til hans í Skálholt og til fundar við fógeta höfuðsmanns, svo að þessu væri sem fyrst lokið og aðrir skyldu eigi verða fyrri til, og mun eg fylgja því ráði hans, og býst eg nú á þessum dögum til þessarar afar löngu og á vetrin ærið hættulegu ferðar í trausti guðs aðstoðar, og kannast eg hér við hans sérlega forsjá og tilhögun." Hann biður ennfremur Vorm að stuðla að því að hann geti orðið prófastur í Austfjörðum, og á eflaust við þegar faðir sinn degi, því hann viti ekki hver ætti að verða það. Hann ámálgar einnig, að það væri mjög áríðandi fyrir Eirík bróður sinn að fá veitingu fyrir Kirkjubæ eptir föður þeirra.

Stefán hefur því riðið suður um haustið á Bessastaði og í Skálholt, og hefur hann verið vígður í þeirri ferð, og riðið því næst austur aptur öndverðan vetur. 20. Janúar 1649, fyrsta sunnudag í níuviknaföstu, var hann settur inn í Vallanesi af föður sínum og flutti þá hina fyrstu messu[1]).

Frá árum Stefáns erlendis er ekki hægt að benda á önnur kvæði á íslenzku eptir hann með neinni vissu, en kvæðið um Guðmund snikkara (I. bls. 75—78) og Meyjarmissir (II. 37—39) og vísuna til séra Björns í Selárdal (II. 64), og ef til vill Danskurinn II (II. 62—63).

Fyrstu ár hans í Vallanesi er og fátt af Stefáni að segja. Þó má benda á stöku kvæði eptir hanu frá því tímabili, svo sem Pönnusmíði Björns Björnssonar 1649 (I. 79—81). Árið

---

[1]) A. Magn. Nr. 249. Fol. F. Það er gamalt rím á skinni. Þar hefur Stefán með eiginhendi skrifað við 20. Janúar: „1649 var Sr Stephan Olafſs Inſettur i Vallaneſskkju og flutte fyrſtu m̊ dūca Septuag." Cand. mag. Guðmundur Þorlákſson benti mér fyrst á þetta, og þakka eg honum fyrir það (Sbr. II. 363).

1651 (Sýslumannaæf. 522) gekk Stefán að eiga Guðrúnu Þorvaldsdóttur frá Auðbrekku í Yxnadal. Þorvaldur faðir hennar var Ólafsson bróðir Halldórs lögmanns. Þær voru þá bræðradætur Guðrún kona Stefáns og Margrét kona Brynjólfs biskups. Móðir Guðrúnar, en kona Þorvalds Ólafssonar, hét Halldóra; hún var Jónsdóttir Björnssonar officialis á Melstað Jónssonar biskups Arasonar. Guðrún lifði mann sinn um 12 ár, og andaðist ekki fyrri en arið 1700. Eptir að Stefán er kominn að Vallanesi verða allar sagnir um hann óljósari og slitna svo mjög, að ekki er hægt að fylgja þeim fet fyrir fet, heldur verður að eins gripið inn í hér og hvar. Frá fyrri árum hans þar eru þó til nokkur bréf til hinna og þessara, en eingin eptir 1657; á þeim er þó litið verulegt að græða. Í bréfi til Gísla Magnússonar (Vísa-Gísla) dagsettu í Vallanesi 27. Janúar 1653 getur hann þess að nýliga hafi verið framinn innbrotsþjófnaður í Vallaneskirkju, og tekur hann sér það nærri, en eigi getur hann að öðru leyti um hagi sína. Gísli var þá nýfluttur að austan frá Skriðuklaustri vestur að Hlíðarenda í Flótshlíð. Í bréfi til séra Bjarna Gissurssonar dagsettu í Vallanesi daginn fyrir uppstigningardag 1654 getur hann þess, að hann hafi tekið bæinn í Vallanesi, og fer þar um þessum orðum: .....Nokkrir hýrast heima við leik; aðrir gefa sig við byggingarlist og reisa hús, og er það vant að kallast konungleg braut til fátæktarinnar. Með þessum seinni rek eg nú lestina og er nú á þessum vegi, því eg er að reyna til að reisa upp bæinn, sem þegar var fallinn og eyddur af mörgum öldum, og af því hann hafði staðið svo leingi var hann orðinn illa útlitandi af fúa og óhreinindum. Jón frá Sauðhaga er búinn að leigja Hvamminn[1]), þar sem reyndar ekkert hús er, og gæti dauður maður hlegið að því. Í þessum rústum á eg nú að sveitast blóðinu, höggva viðu, telgja og tilsníða og flytja

[1]) Hjáleiga frá Vallanesi.

að og ganga svo frá að húsnæði verði úr bóndanum samboðið ..." Það er sennilegt að vísan:

Að reisa þessi þilhús o. s. frv. (II. 127)

sé einmitt gerð þetta vor. Þetta vor fær hann hið síðasta bréf frá Óla Vorm dagsett í Höfn 23. Maí 1654, því að Vorm dó þetta ár 31. Ágúst í drepsóttinni, sem þá gekk i Höfn. Þetta bréf er prentað í bréfasafni Vorms bls. 1073. Meðal annars segir Vorm þar: „Að þér hafið ekki feingið bréf frá mér í nokkur ár, vil eg ekki, að þér kennið því að vinátta okkar sé farin að fyrnast, heldur sumpart því, að eg veit ekki hverjir kaupmenn okkrir sækja til ykkarrar hafnar, sumpart því að mér er ókunnugt um að þeir fara burtu. Því að ekki eru nú lærisveinar mínir íslenzku svo hugsunarsamir eins og þér, og aðrir líkir voru áður fyrri, að þeir minni mig á þá kaupmenn, sem væru að fara af stað og segðu mér hverjir það væru og hvert þeir ætluðu ..... En um vináttu þel mitt til yðar vil eg þér séuð ugglausir, og ef eitthvað væri, sem eg gæti greitt fyrir yður munuð þér finna mig reiðubúinn til þess ...."

Um þessi ár 1654—55 hefur Stefán ort sálma þá, sem nú finnast í Stokkhólmi í Svíþjóð meðal íslenzkra pappírs handrita Nr. 1. 4to, því að á þeim finst ártalið 1655, og sýnast þeir óefað vera með hans eiginhendi (sbr. II. 247, 337). Árið 1656 á hann i deilum um prætulönd kirkna móti bændum, og skrifar Brynjólfi biskupi um það með skólapiltum um haustið, en það bréf er nú glatað. Svar biskups uppá það bréf er enn til og finst í IX. bindi bréfabókar hans í Árna safni Nr. 270. Fol. bls. 216—219, og er það dagsett í Skálholti 10. Nóv. 1656. Byrjun bréfsins set eg hér til sýnis: „Heiðurlege og Vellærde kenemañ Elskulege vin Sr Stephan Olafson, med beztu oskum̄ og aludar þacklæte fyrir allt hið goda er og vil alltijd efter um̄komulitlum mætte til godrar þocknanar lata asanast efter þui sem ydar velvilld kañ I nockru til vilia fram̄ að koma sie

ydar kiærleika vitanlegt eg medtök ydar vinsamlegt tilſkrif I haust med skolapiltum hvar fyrir eg ydar velvilld kiærlega þacka ..." Í bréfinu vill biskup þagga niður þessari þrætu og segist ekki þekkja þá lagastaði, sem séra Stefán ber fyrir sig, og segir: „... Eg vil helldur Jata fäkuñendo mijn ad eg hafe þad ecke lesed ... Bidiande ydur mier ad undervijsa hvar þier hafed þad funded ..." Biskup er enda svo hæverskur, að hann segir: „... Hier set eg I hnydiu Øxe mina viliande þar uīī ei fleira skrifa, þar til þier syned mier þad eg nu oskade Bidiande ydar kiærleika þetta so einfalldt vel ad virda og miður vandad en skyllde fäkuñättu og fiólskyldu vegna[1]), hvar til eg ydar mañdygd allvel treyste ..." Þar aptan við hnýtir biskup dýrindiskveðju til Stefáns og konu hans frá sér og konu sinni.

Frá næsta ári á eptir, það er að segja 1657, er til latínskt ljóðabréf frá séra Stefáni til séra Bjarna Gissurssonar, dagsett 22. dag Janúar, þar sem hann biður hann að skíra fyrir sig dóttur sína, sem sér sé nýfædd, en að öðru er ekki neitt á því að græða.

Framan af æfi sinni var Stefán gleðimaður mikill og hraustur til heilsu alt fram til fertugs, eins og ráða má af orðum hans sjálfs:

> þegar og tvisvar tvenna
> taldist búinn að renna
> tugi aldri af
> hófst upp heilsuránið,
> hvarf hið fyrra lánið,
> alt sem auðnan gaf, (II. 225—26),

en þá er svo að sjá sem heilsa hans hafi farið að bila. Árið 1659[2]) er hann orðinn svo veikur, að hann verður að fá sér

---

[1]) = vegna þess eg hef mörgum skyldum að gegna.

[2]) Þetta virðist benda á að Stefán sé fæddur um árin 1619—20.

aðstoðarprest[1]), og þá vígir Brynjólfur biskup til kappellans „í herrans nafne" „erlega, heiðarlega og skikkanlega persónu Guttorm Sigfússon ... í Skálholtsdómkirkju, Vincentii messudag, þann 22. januarij" „eptir bréflegu undirlægi, köllun og umbeiðni heiðurlegs kennimanns Sr Stefáns Ólafssonar í hans vitanlegum veikleika forföllum"; „sendist hann því héðan (ɔ: frá Skálholti) prestvígður í herrans nafni austur aptur í kapellansvist til Sr Stefáns Ólafssonar ..." Vígslubréf séra Guttorms er útgefið af Brynjólfi biskupi í Skálholti Pálsvöku-aptan 1660, og er enn til í bréfabók biskups í Árnasafni Nr. 272. Fol. XI. bls. 246. Í bréfinu biður biskup séra Stefán að nema ekki svo við nöglur kaup séra Guttorms, að yfirvöld þurfi í að skerast, rétt eins og biskup hefði þekt hann að því að vera nökkuð féglöggan. Sömuleiðis treystir biskup séra Stefáni til þess að sjá til með Guttormi og halda honum við lestur í bibliunni. Upp frá þessu mun séra Stefan altaf hafa haft aðstoðarprest. Guttormur mun hafa verið aðstoðar-prestur hans þangað til 1669 að hann fékk Hólma. Sr Gutt-ormur dó þar 1724, og hafði þá tvo um áttrætt.

1665 á Stefán í þrætu við Ásskirkju vegna Vallaness-kirkju út af vogreki, sem komið hafði veturinn 1664—65 á Óssreka, og skrifaði Brynjólfi biskupi um það. Svar biskups uppá það er dagsett í Skálholti 9. Apr. 1665.

1669 í Vallanesi skrifa þeir séra Böðvar Sturluson, séra Stefán Ólafsson, séra Eiríkur Ólafsson bróðir hans og séra Eiríkur Bjarnason Brynjólfi biskupi bréf, þar sem þeir færast undan að séra Finnbogi Gíslason uppgjafaprestur í Sólheima-þingum framfærist af brauðum í Múlaþingi, því „að þeir meina þá staði hér til taxerða, sem þeir meina tveggja presta skyldu hafa á legið eptir máldaganna hljóðan", og af

---

[1]) Bréf séra Stefáns til Brynjólfs biskups, þar sem hann biður um kapellan, er dagsett. 25. Nóv. 1659, en það er nú glatað, en biskup tilfærir dagsetninguna í vígslu-bréfi séra Guttorms.

því að þeir „ei vilja leggja þetta uppeldi burt úr því héraði eða prófastsdæmi í önnur, og ei hafi aðrar sýslur hjálpað Múlasýslu til þessa uppeldis tillags, þykjast því ei vita skyldu sína að annast séra Finnboga." Þessu svarar biskup með bréfi til Vigfúsar prófasts Árnasonar á Hofi dagsettu í Skálholti 2. Júlí 1669 samkvæmt sýnódaldómi háðum á þingvelli 30. Júní sama ár á þá leið, að „uppeldið sé skikkað upp á beztu beneficia, hvort sem á þeim hefur legið tveggja presta skylda eður ekki", og að það „séu ei nein undur þó Skaptafellssýsla hafi ei tillagt Múlasýslu, því þar fundust ei þau beneficia, sem þar til þóttu nefnast mega vegna fátæktar, utan alleinasta Stafafell í Lóni." Sömuleiðis segir biskupinn, að þessi skikkun sé ei stýluð upp á héruð eður prófastsdæmi, heldur upp á fjórðunga, og því hefði sýnódalrétturinn dæmt, að Séra Finnbogi ætti tilkall til uppeldis í Múlaþingi, þar hann væri í Austfirðingafjórðungi (Bréfabók Brynjólfs biskups A. Magn. Nr. 279. Fol. XVIII. bls. 6). Af þessu öllu mætti ráða að séra Stefán hafi ekki haft sérlegan byr hjá biskupi í málum, og má vera að biskupi hafi þótt hann nokkuð ágengur og óeirinn.

Um þessi ár 1669—1670 mun Þorleifur Guðmundsson hafa orðið aðstoðarprestur séra Stefáns ásamt föður síns. Hann var sonur Guðmundar prests á Hjaltastað Jónssonar lærða. Vígslubréf hans er nú glatað, en hefur verið gefið út af Brynjólfi biskupi, og hefur verið 449. bréf í röðinni í XVIII. bindi bréfabókar hans, og í registrinu við bindið er tilfært: „Vígslubréf Sr Þorleifs Guðmundssonar til kapellans föður síns Sr Guðmundi á Hjaltastað og Sr Stefáni Ólafssyni að Vallanesi austur." Séra Þorleifur hefur verið aðstoðarprestur séra Stefáns, að eins eitt ár, því að 1670 fær hann Hallormstað í Skógum. Séra Þorleifur átti Arndísi dóttur séra Bjarna Gissurssonar á Þingmúla. Séra Jón Halldórsson segir svo frá séra Þorleifi: „[Hann] dó A° 1702 með þeim hætti, að hann fór úr kaupstað um fjallveg yfir snjóbrú á gili nokkuru og reið seinastur af fylgjurum sínum, sprakk

niður snjóbrúin og varð séra Þorleifur undir hestinum og hrepti þar af bana. Í svefni á einni nóttu misti hann hálft skegg sitt án tilfinningar svo hann vissi ekkert af; vóx síðan aptur."

Eptir séra Þorleif hefur séra Sigurður Högnason frá Einholti orðið aðstoðarprestur hjá séra Stefáni; hefur það verið 1670—1671, og hefur hann verið hjá séra Stefán þangað til 1678, að hann fékk Einholt eptir föður sinn. Séra Jón Halldórsson segir, að hann hafi verið „fallega lærður" (Rask. 55. 4to.). Séra Sigurður var faðir séra Högna á Breiðabólstað; hann dó 1732.

Árið 1672 dó séra Vigfús Árnason á Hofi í Vopnafirði, sem verið hafði prófastur í Austfjörðum frá því 1652, að séra Ólafur faðir séra Stefáns slepti því embætti. Varð séra Stefán þá prófastur í Austfjörðum, og hygg eg það sé réttara en að hann hafi orðið það 1671 eins og talið er í prestatali séra Sveins Níelssonar, og er það líklega tekið eptir Hálfdáni Einarssyni. Eg styð þetta við það, að séra Vigfús sagði ekki af sér prófastsembætti, svo menn viti; og að það er víst, að hann dó árið 1672; er því eingin ástæða til að ætla að annar hafi verið skipaður prófastur á meðan hann lifði. Af prófastsverkum Stefáns hafa menn nú fátt að segja. 25. Marts 1674 samþykkir hann sem prófastur í Múlaþingi kosningu Jóns sýslumanns Þorlákssonar dagsetta á Skriðuklaustri 21. Marts s. á. á séra Ólafi Sigfússyni til klausturprests þar. Samþykking séra Stefáns hljóðar svo:

„Þetta fyrer ofan skrifað kollunarbref hefi eg vnderskrifadur sed og yferlesed, og samþycke, effter þui mer ber og eg framast ma i þeirre von ad virduglegur Herra Bpiñ M. Brynjolfur Sueinſzon, mune sitt samþicke þar til leggia til hvors godra vrræda þetta allt efne sett er, til vitnes er mitt under skrifad nafn. Vallan[ese] A° 1674. 25. martij." Samþykking Brynjólfs biskups er dagsett í Skálholti 20. Jan. 1675 (A. Magn. Nr. 281. Fol. XXI. bindi bréfab. Brynjólfs biskups bls. 128).

Þegar séra Sigurður Högnason fékk Einholt 1678 hefur

Stefán tekið sér til aðstoðarprests bróður séra Sigurðar Pál Höguason, sem síðar varð prestur á Valþjófstað, því að í bréfi dagsettu í Vallanesi 24. Sept. 1686, þar sem séra Páll sækir um vonarbréf fyrir Valþjófstað[1]), segist hann hafa verið átta ár aðstaðarprestur hjá séra Stefáni, en nú hafi hann feingið son sinn til kapellans, og á hann þar við Ólaf, sem prestur varð í Vallanesi eptir föður sinn. Þessu umsóknarbréfi séra Páls fylgir meðmælingarbréf séra Stefáns sem prófasts í Austfjörðum dagsett sama dag; hefur séra Stefán þar að eins ritað undirskriftina: „Stephan Olúffßónn eh. Præpositus orientalis Islændiæ", og er af henni anðsætt, að höndin er orðin óstyrk og skjálfandi[2]). Þetta er hið síðasta,

[1]) Kongsbréf séra Páls fyrir Valþjófstað er frá 1687.

[2]) Bæði þessi bréf finnast í Leyndarskjalasafnin í pökkum þeim, sem merktir eru „Islandske Indlæg 1662—1700", og hljóða svo:

Stoermegtigste Höybaahrne Konge, Allernaadigste | arfueherre, Kong Christian dend fembte.

Saa som Jeg En Eders Kongl. Mayts. Ringe | Thienner och Undersotte hafuer Nu údi Capella | ny paa det 8. Aar Thienet for Wden promotion | och min hoesbaand hafuer Nu faact sin Sønn thil | Thieneste som Kaldet schal Nyde Effter hans | Dag End her Jcke langt fraa En Bedaget præst | ved Nafn Hr. Bødvar somm Jnden En stack|et tid behøfuer medhielpere. Da Ehr Jeg Wdi Dyb'este Wnderdanighed begerendiss, Eders Kongl. | Mayts. aff sin Milde medfödde Clementz och Naa|de mig fattige Mand af Naade vilde forunde | at blifue dend første Hr. Bødvars Capellan och | Siden der Effter hans Kald ved Nafn Valthiof|stad, Effter hans Dag at maatte Nyde. Den all|megtige Gúd som belønner alt det Goede wil Ederss Kongl. Mayts: med Mangfoldig Rige Welsignelser | baade thil Siæl og Liff Igen Rigelig beløne, huil'che | Jeg her effter som til forn Effter min Wnderd: Schyl|dighed Wdj Mine Bønner thil Gud Stedze Schal | J Hukomme forbliffuende Eders Kongl: Mayts:

Pligt schyldige och
Troe Wndersaatte
Paal Hógnesónn
Egen haand.

Wallanes. d. 24. Septemb.
Anno 1686.

sem menn nú geta bent á að Stefán hafi gert í embættisnafni. Á meðan séra Páll var aðstoðarprestur hans gipti séra Stefán honum Þóru dóttur sína. Það, sem eptir var ævi hans var séra Ólafur sonur hans aðstoðarprestur hjá honnm.

Um dánarár Stefáns ber flestum saman, og telja það 1688[1]). Þó er svo að sjá sem Jón Espólín (Árb. VIII. 17) sé í vafa um það, þar hann kemst svo að orði: „þessi missiri urðu mörg tíðindi; þá andadist Stefán prófastur Ólafsson í Vallanesi...", og er eins og hann þori ekki að ákveða það með fastri vissu. En það er öldungis óyggjandi, að hann dó sumarið 1688[2]) á höfuðdaginn, hinn 29. ágústmánaðar[3]).

Effter som Deñ Hæderlige och Wellærde Hr | Powel Hógnesón, hafuer af Mig Wnder|schrefne Munligen öndschet, at Jeg Willde | Wdgife En Sandferdig Widnesbyrd och Testifi|cation, om Sitt Lif och Lefnet J min Thieneste | framdraget. Da Weigrer Jeg Mig det Jche, Serdeiles | maatte det komme hañom thil hielp och Styrch nog | en bedre promotion at Ehrlange. Widner der for | met Réen Samvittighed, handem at Were En Ehr|lig Wellærd och opprichtig Gúds ords Thiener | Wdi alle maader, och so údi Lærdommen arbeid|et och Studeret hafe, at han Ehr En af de Som̄ | forthiener Testimonium paa det hoyere slag om̄ | Sin Studia. Ehr derfore Et gott kalld Werd|ig af Gud och Øfrigheden Nor hand det ydmøge|ligen begerendis worder. Och thil dis mere Witt|erlighed, oc Stadfestelse, wnderschrifer Jeg mitt | Nafn denne min Widnesbyrd met Egen haand.

Wallanes d. 24. Septembris Anno 1686.

Stephan Olúffβónn eh. Præpositus orientalis Islandiæ.

[1]) í Hálfd. Einarss. Sciagr. bls. 69 er auðsjáanleg prentvilla 1886 fyrir 1688.

[2]) Sbr. F. Joh. Hist. Eccl. Isl. III. 560.

[3]) Jón Þorkelsson gamli (Thorchillii) segir með skýrum orðum í Specimen Islandiæ non barbaræ (Gl. kgl. saml. Nr. 2872. 4to.) bls. 95: „Obiit Stephanus 1688 die S.

kirkjuprestur í Skálholti, og var það þangað til 1647. Eptir það ber sögnum ekki saman um hann. Prestatal séra Sveins Níelssonar segir, að hann hafi aldrei farið að Vallanesi, heldur dáið áður; aðrir segja (Bps. II. 605) hann hafi dáið í Vallanesi strax eptir að hann kom þangað; en séra Jón Halldórsson fróði telur í prestaæfum sínum (Rask 55. 4to), að Finnur hafi haldið Vallanes eitt ár ekki fult, og segir: „reið hann hingað á sveitir í Skálholt og Borgarfjörð að kveðja vini sína og vandamenn. En sem hann sneri austur á leið aptur af alþingi tók hann stranga sótt og dó þar eptir vikulegu ógiptur og barnlaus 1648; grafinn þar eptir bón hans til fóta við grafarstæði, sem Mag. Brynjólfur hafði sér fyrirhugað, og var þar líka jarðaður síðan.“ Sögn séra Jóns er líklega hín áreiðanlegasta, því að hann segir svo greinilega frá, og hlaut enda að vera þessu kunnugur, einkum þar séra Finnur var frændi hans. Það hefur því borið vel í veiðar fyrir Stefán, því að Finnur dó hálfum mánuði eptir að hann fór austur og skrifaði Vorm bréfið.

Sumarið 1648 var Stefán í Kirkjubæ hjá foreldrum sínum, og skrifar hann Vorm það an um haustið 15. Sept. (á látínu)[1]; segir hann meðal annars í bréfi sínu: „Það sýndist ekki vera nein von til frama fyrir mig, þar sem annar átti fortakslaust fyrir meðalgöngu biskupsins okkar að fá Vallanesið, og gaf eg því samþykki mitt, vegna þeirrar virðingar, sem maður skuldar yfirboðara sínum, en með því skilyrði, að eg feingi annað þeirra brauða, sem laus væru í nágrenninu og mér litist betur á. En þegar eg hafði dvalið rúma viku þreyttur af jafnörðugri ferð hina hjá mínum góðu foreldrum kom biskupinn hingað í visitaziuferð og sagði okkur, sem ekki datt slíkt í hug, lát Finns, sem skipaður var til hins áðurgreinda brauðs; kvað hann Finn hafa andast í Skálholti

[1]) dálitill kafli úr þessu bréfi er prentaður í Epp. Ol. Vorm. pagn. 1072, en alt bréfið er í A. Magn. Nr. 267. Fol. með eiginhendi Stefáns.

hálfum mánuði eptir burför mína þaðan. Hefur hann því verið hvatamaður þess, eptir að haldinn var safnaðarfundur og sóknarmenn höfðu atkvæði greitt, að eg kæmi án allrardvalar á fund hans heim til hans í Skálholt og til fundar við fógeta höfuðsmanns, svo að þessu væri sem fyrst lokið og aðrir skyldu eigi verða fyrri til, og mun eg fylgja því ráði hans, og býst eg nú á þessum dögum til þessarar afar löngu og á vetrin ærið hættulegu ferðar í trausti guðs aðstoðar, og kannast eg hér við hans sérlega forsjá og tilhögun.“ Hann biður ennfremur Vorm að stuðla að því að hann geti orðið prófastur í Austfjörðum, og á eflaust við þegar faðir sinn deyi, því hann viti ekki hver ætti að verða það. Hann ámálgar einnig, að það væri mjög áríðandi fyrir Eirík bróður sinn að fá veitingu fyrir Kirkjubæ eptir föður þeirra.

Stefán hefur því ríðið suður um haustið á Bessastaði og í Skálholt, og hefur hann verið vígður í þeirri ferð, og riðið því næst austur aptur öndverðan vetur. 20. Janúar 1649, fyrsta sunnudag í níuviknaföstu, var hann settur inn í Vallanesi af föður sínum og flutti þá hina fyrstu messu[1]).

Frá árum Stefáns erlendis er ekki hægt að benda á önnur kvæði á íslenzku eptir hann með neinni vissu, en kvæðið um Guðmund snikkara (I. bls. 75—78) og Meyjarmissir (II. 37—39) og vísuna til séra Björns í Selárdal (II. 64), og ef til vill Danskurinn II (II. 62—63).

Fyrstu ár hans í Vallanesi er og fátt af Stefáni að segja. Þó má benda á stöku kvæði eptir hann frá því tímabili, svo sem Pönnusmíði Björns Björnssonar 1649 (I. 79—81). Árið

---

[1]) A. Magn. Nr. 249. Fol. F. Það er gamalt rím á skinni. Þar hefur Stefán með eiginhendi skrifað við 20. Janúar: „1649 var Sr Stephan Olafſs Inſettur i Vallaneſskkju og flutte fyrſtu m̃ dũca Septuag.“ Cand. mag. Guðmundur Þorlákſson benti mér fyrst á þetta, og þakka eg honum fyrir það (Sbr. II. 363).

1651 (Sýslumannaæf. 522) gekk Stefán að eiga Guðrúnu Þorvaldsdóttur frá Auðbrekku í Yxnadal. Þorvaldur faðir hennar var Ólafsson bróðir Halldórs lögmanns. Þær voru því bræðradætur Guðrún kona Stefáns og Margrét kona Brynjólfs biskups. Móðir Guðrúnar, en kona Þorvalds Ólafssonar, hét Halldóra; hún var Jónsdóttir Björnssonar officialis á Melstað Jónssonar biskups Arasonar. Guðrún lifði mann sinn um 12 ár, og andaðist ekki fyrri en árið 1700. Eptir að Stefán er kominn að Vallanesi verða allar sagnir um hann óljósari og slitna svo mjög, að ekki er hægt að fylgja þeim fet fyrir fet, heldur verður að eins gripið inn í hér og hvar. Frá fyrri árum hans þar eru þó til nokkur bréf til hinna og þessara, en eingin eptir 1657; á þeim er þó lítið verulegt að græða. Í bréfi til Gísla Magnússonar (Vísa-Gísla) dagsettu í Vallanesi 27. Janúar 1653 getur hann þess að nýliga hafi verið framinn innbrotsþjófnaður í Vallaneskirkju, og tekur hann sér það nærri, en eigi getur hann að öðru leyti um hagi sína. Gísli var þá nýfluttur að austan frá Skriðuklaustri vestur að Hlíðarenda í Flótshlíð. Í bréfi til séra Bjarna Gissurssonar dagsettu í Vallanesi daginn fyrir uppstigningardag 1654 getur hann þess, að hann hafi tekið bæinn í Vallanesi, og fer þar um þessum orðum: „...Nokkrir hýrast heima við leik; aðrir gefa sig við byggingarlist og reisa hús, og er það vant að kallast konungleg braut til fátæktarinnar. Með þessum seinni rek eg nú lestina og er nú á þessum vegi, því eg er að reyna til að reisa upp bæinn, sem þegar var fallinn og eyddur af mörgum öldum, og af því hann hafði staðið svo leingi var hann orðinn illa útlitandi af fúa og óhreinindum. Jón frá Sauðhaga er búinn að leigja Hvamminn [1]), þar sem reyndar ekkert hús er, og gæti dauður maður hlegið að því. Í þessum rústum á eg nú að sveitast blóðinu, höggva viðu, telgja og tilsníða og flytja

[1]) Hjáleiga frá Vallanesi.

að og ganga svo frá að húsnæði verði úr bóndanum samboðið ..." Það er sennilegt að vísan:

Að reisa þessi þilhús o. s. frv. (II. 127)

sé einmitt gerð þetta vor. Þetta vor fær hann hið síðasta bréf frá Óla Vorm dagsett í Höfn 23. Maí 1654, því að Vorm dó þetta ár 31. Ágúst í drepsóttinni, sem þá gekk i Höfn. Þetta bréf er prentað í bréfasafni Vorms bls. 1073. Meðal annars segir Vorm þar: „Að þér hafið ekki feingið bréf frá mér í nokkur ár, vil eg ekki, að þér kennið því að vinátta okkar sé farin að fyrnast, heldur sumpart því, að eg veit ekki hverjir kaupmenn okkrir sækja til ykkarrar hafnar, sumpart því að mér er ókunnugt um að þeir fara burtu. Því að ekki eru nú lærisveinar mínir íslenzku svo hugsunarsamir eins og þér, og aðrir líkir voru áður fyrri, að þeir minni mig á þá kaupmenn, sem væru að fara af stað og segðu mér hverjir það væru og hvert þeir ætluðu ..... En um vináttu þel mitt til yðar vil eg þér séuð ugglausir, og ef eitthvað væri, sem eg gæti greitt fyrir yður munuð þér finna mig reiðubúinn til þess ...."

Um þessi ár 1654—55 hefur Stefán ort sálma þá, sem nú finnast í Stokkhólmi í Svíþjóð meðal íslenzkra pappírs handrita Nr. 1. 4to, því að á þeim finst ártalið 1655, og sýnast þeir óefað vera með hans eiginhendi (sbr. II. 247, 337). Árið 1656 á hann i deilum um prætulönd kirkna móti bændum, og skrifar Brynjólfi biskupi um það með skólapiltum um haustið, en það bréf er nú glatað. Svar biskups uppá það bréf er enn til og finst í IX. bindi bréfabókar hans í Árna safni Nr. 270. Fol. bls. 216—219, og er það dagsett í Skálholti 10. Nóv. 1656. Byrjun bréfsins set eg hér til sýnis: „Heiðurlege og Vellærde kenemañ Elskulege vin Sr Stephan Olafson, med beztu oskum̄ og aludar þacklæte fyrir allt hið goda er og vil alltijd efter um̄komulitlum mætte til godrar þocknanar lata asanast efter þui sem ydar velvilld kañ I nockru til vilia fram̄ að koma sie

ydar kiærleika vitanlegt eg medtök ydar vinsamlegt tilſkrif I haust med skolapiltum hvar fyrir eg ydar velvilld kiærlega þacka ..." Í bréfinu vill biskup þagga niður þessari þrætu og segist ekki þekkja þá lagastaði, sem séra Stefán ber fyrir sig, og segir: „... Eg vil helldur Jata fäkuñende mijn ad eg hafe þad ecke lesed ... Bidiande ydur mier ad undervijsa hvar þier hafed þad funded ..." Biskup er enda svo hæverskur, að hann segir: „... Hier set eg I hnydiu Øxe mina viliande þar uīī ei fleira skrifa, þar til þier syned mier þad eg nu oskade Bidiande ydar kiærleika þetta so einfalldt vel ad virda og miður vandad en skyllde fäkuñättu og fiólskyldu vegna[1]), hvar til eg ydar mañdygd allvel treyste ..." Þar aptan við hnýtir biskup dýrindiskveðju til Stefáns og konu hans frá sér og konu sinni.

Frá næsta ári á eptir, það er að segja 1657, er til latínskt ljóðabréf frá séra Stefáni til séra Bjarna Gissurssonar, dagsett 22. dag Janúar, þar sem hann biður hann að skíra fyrir sig dóttur sína, sem sér sé nýfædd, en að öðru er ekki neitt á því að græða.

Framan af æfi sinni var Stefán gleðimaður mikill og hraustur til heilsu alt fram til fertugs, eins og ráða má af orðum hans sjálfs:

> þegar og tvisvar tvenna
> taldist búinn að renna
> tugi aldri af
> hófst upp heilsuránið,
> hvarf hið fyrra lánið,
> alt sem auðnan gaf, (II. 225—26),

en þá er svo að sjá sem heilsa hans hafi farið að bila. Árið 1659[2]) er hann orðinn svo veikur, að hann verður að fá sér

---

[1]) = vegna þess eg hef mörgum skyldum að gegna.
[2]) Þetta virðist benda á að Stefán sé fæddur um árin 1619—20.

aðstoðarprest[1]), og þá vígir Brynjólfur biskup til kappellans „í herrans nafne" „erlega, heiðarlega og skikkanlega persónu Guttorm Sigfússon ... í Skálholtsdómkirkju, Vincentii messudag, þann 22. januarij" „eptir bréflegu undirlægi, köllun og umbeiðni heiðurlegs kennimanns Sr Stefáns Ólafssonar í hans vitanlegum veikleika forföllum"; „sendist hann því héðan (ɔ: frá Skálholti) prestvígður í herrans nafni austur aptur í kapellansvist til Sr Stefáns Ólafssonar ..." Vígslubréf séra Guttorms er útgefið af Brynjólfi biskupi í Skálholti Pálsvöku-aptan 1660, og er enn til í bréfabók biskups í Árnasafni Nr. 272. Fol. XI. bls. 246. Í bréfinu biður biskup séra Stefán að nema ekki svo við nöglur kaup séra Guttorms, að yfirvöld þurfi í að skerast, rétt eins og biskup hefði þekt hann að því að vera nökkuð féglöggan. Sömuleiðis treystir biskup séra Stefáni til þess að sjá til með Guttormi og halda honum við lestur í bibliunni. Upp frá þessu mun séra Stefan altaf hafa haft aðstoðarprest. Guttormur mun hafa verið aðstoðar-prestur hans þangað til 1669 að hann fékk Hólma. Sr Gutt-ormur dó þar 1724, og hafði þá tvo um áttrætt.

1665 á Stefán í þrætu við Ásskirkju vegna Vallaness-kirkju út af vogreki, sem komið hafði veturinu 1664—65 á Óssreka, og skrifaði Brynjólfi biskupi um það. Svar biskups uppá það er dagsett í Skálholti 9. Apr. 1665.

1669 í Vallanesi skrifa þeir séra Böðvar Sturluson, séra Stefán Ólafsson, séra Eiríkur Ólafsson bróðir hans og séra Eiríkur Bjarnason Brynjólfi biskupi bréf, þar sem þeir færast undan að séra Finnbogi Gíslason uppgjafaprestur í Sólheima-þingum framfærist af brauðum í Múlaþingi, því „að þeir meina þá staði hér til taxerða, sem þeir meina tveggja presta skyldu hafa á legið eptir máldagauna hljóðan", og af

---

[1]) Bréf séra Stefáns til Brynjólfs biskups, þar sem hann biður um kapellan, er dagsett. 25. Nóv. 1659, en það er nú glatað, en biskup tilfærir dagsetninguna í vígslu-bréfi séra Guttorms.

því að þeir „ei vilja leggja þetta uppeldi burt úr því héraði eða prófastsdæmi í önnur, og ei hafi aðrar sýslur hjálpað Múlasýslu til þessa uppeldis tillags, þykjast því ei vita skyldu sína að annast séra Finnboga." Þessu svarar biskup með bréfi til Vigfúsar prófasts Árnasonar á Hofi dagsettu í Skálholti 2. Júlí 1669 samkvæmt sýnódaldómi háðum á þingvelli 30. Júní sama ár á þá leið, að „uppeldið sé skikkað upp á beztu beneficia, hvort sem á þeim hefur legið tveggja presta skylda eður ekki", og að það „séu ei nein undur þó Skaptafellssýsla hafi ei tillagt Múlasýslu, því þar fundust ei þau beneficia, sem þar til þóttu nefnast mega vegna fátæktar, utan alleinasta Stafafell í Lóni." Sömuleiðis segir biskupinn, að þessi skikkun sé ei stýluð upp á héruð eður prófastsdæmi, heldur upp á fjórðunga, og því hefði sýnódalrétturinn dæmt, að Séra Finnbogi ætti tilkall til uppeldis í Múlaþingi, þar hann væri í Austfirðingafjórðungi (Bréfabók Brynjólfs biskups A. Magn. Nr. 279. Fol. XVIII. bls. 6). Af þessu öllu mætti ráða að séra Stefán hafi ekki haft sérlegan byr hjá biskupi í málum, og má vera að biskupi hafi þótt hann nokkuð ágengur og óeirinn.

Um þessi ár 1669—1670 mun Þorleifur Guðmundsson hafa orðið aðstoðarprestur séra Stefáns ásamt föður síns. Hann var sonur Guðmundar prests á Hjaltastað Jónssonar lærða. Vígslubréf hans er nú glatað, en hefur verið gefið út af Brynjólfi biskupi, og hefur verið 449. bréf í röðinni í XVIII. bindi bréfabókar hans, og í registrinu við bindið er tilfært: „Vígslubréf Sr Þorleifs Guðmundssonar til kapellans föður síns Sr Guðmundi á Hjaltastað og Sr Stefáni Ólafssyni að Vallanesi austur." Séra Þorleifur hefur verið aðstoðarprestur séra Stefáns, að eins eitt ár, því að 1670 fær hann Hallormstað í Skógum. Séra Þorleifur átti Arndísi dóttur séra Bjarna Gissurssonar á Þingmúla. Séra Jón Halldórsson segir svo frá séra Þorleifi: „[Hann] dó Aº 1702 með þeim hætti, að hann fór úr kaupstað um fjallveg yfir snjóbrú á gili nokkuru og reið seinastur af fylgjurum sínum, sprakk

niður snjóbrúin og varð séra Þorleifur undir hestinum og hrepti þar af bana. Í svefni á einni nóttu misti hann hálft skegg sitt án tilfinningar svo hann vissi ekkert af; vóx síðan aptur."

Eptir séra Þorleif hefur séra Sigurður Högnason frá Einholti orðið aðstoðarprestur hjá séra Stefáni; hefur það verið 1670—1671, og hefur hann verið hjá séra Stefán þangað til 1678, að hann fékk Einholt eptir föður sinn. Séra Jón Halldórsson segir, að hann hafi verið „fallega lærður" (Rask. 55. 4to.). Séra Sigurður var faðir séra Högna á Breiðabólstað; hann dó 1732.

Árið 1672 dó séra Vigfús Árnason á Hofi í Vopnafirði, sem verið hafði prófastur í Austfjörðum frá því 1652, að séra Ólafur faðir séra Stefáns slepti því embætti. Varð séra Stefán þá prófastur í Austfjörðum, og hygg eg það sé réttara en að hann hafi orðið það 1671 eins og talið er í prestatali séra Sveins Níelssonar, og er það líklega tekið eptir Hálfdáni Einarssyni. Eg styð þetta við það, að séra Vigfús sagði ekki af sér prófastsembætti, svo menn viti; og að það er víst, að hann dó árið 1672; er því engin ástæða til að ætla að annar hafi verið skipaður prófastur á meðan hann lifði. Af prófastsverkum Stefáns hafa menn nú fátt að segja. 25. Marts 1674 samþykkir hann sem prófastur í Múlaþingi kosningu Jóns sýslumanns Þorlákssonar dagsetta á Skriðuklaustri 21. Marts s. á. á séra Ólafi Sigfússyni til klausturprests þar. Samþykking séra Stefáns hljóðar svo:

„Þetta fyrer ofan skrifað kollunarbref hefi eg vnderskrifadur sed og yferlesed, og samþycke, effter þui mer ber og eg framast ma i þeirre von ad virduglegur Herra Bp̃n M. Brynjolfur Sueinſſon, mune sitt samþicke þar til leggia til hvors godra vrræda þetta allt efne sett er, til vitnes er mitt under skrifad nafn. Vallan[ese] A° 1674. 25. martij." Samþykking Brynjólfs biskups er dagsett í Skálholti 20. Jan. 1675 (A. Magn. Nr. 281. Fol. XXI. bindi bréfab. Brynjólfs biskups bls. 128).

Þegar séra Sigurður Högnason fékk Einholt 1678 hefur

Stefán tekið sér til aðstoðarprests bróður séra Sigurðar Pál Höguason, sem síðar varð prestur á Valþjófstað, því að í bréfi dagsettu í Vallanesi 24. Sept. 1686, þar sem séra Páll sækir um vonarbréf fyrir Valþjófstað [1]), segist hann hafa verið átta ár aðstaðarprestur hjá séra Stefáni, en nú hafi hann feingið son sinn til kapellans, og á hann þar við Ólaf, sem prestur varð í Vallanesi eptir föður sinn. Þessu umsóknarbréfi séra Páls fylgir meðmælingarbréf séra Stefáns sem prófasts í Austfjörðum dagsett sama dag; hefur séra Stefán þar að eins ritað undirskriftina: „Stephan Olúffßónn eh. Præpositus orientalis Islændiæ", og er af henni anðsætt, að höndin er orðin óstyrk og skjálfandi [2]). Þetta er hið síðasta,

[1]) Kongsbréf séra Páls fyrir Valþjófstað er frá 1687.

[2]) Bæði þessi bréf finnast í Leyndarskjalasafnin í pökkum þeim, sem merktir eru „Islandske Indlæg 1662—1700", og hljóða svo:

Stoermegtigste Höybaahrne Konge, Allernaadigste | arfueherre, Kong Christian dend fembte.

Saa som Jeg En Eders Kongl. Mayts. Ringe | Thienner och Undersotte hafuer Nu údi Capella | ny paa det 8. Aar Thienet for Wden promotion och min hoesbaand hafuer Nu faaot sin Sønn thil Thieneste som Kaldet schal Nyde Effter hans | Dag End her Jcke langt fraa En Bedaget præst | ved Nafn Hr. Bødvar somm Jnden En stack|et tid behøfuer medhielpere. Da Ehr Jeg Wdi Dyb'este Wnderdanighed begerendiss, Eders Kongl. | Mayts. aff sin Milde medfödde Clementz och Naa|de mig fattige Mand af Naade vilde forunde | at blifue dend første Hr. Bødvars Capellan och | Siden der Effter hans Kald ved Nafn Valthiof stad, Effter hans Dag at maatte Nyde. Den all|megtige Gúd som belønner alt det Goede wil Ederss Kongl. Mayts: med Mangfoldig Rige Welsignelser | baade thil Siæl og Liff Igen Rigelig beløne, huilche | Jeg her effter som til forn Effter min Wnderd: Schyl|dighed Wdj Mine Bønner thil Gud Stedze Schal | J Hukomme forbliffuende Eders Kongl: Mayts:

Pligt schyldige och
Troe Wndersaatte
Paal Hógnesónn
Egen haand.

Wallanes. d. 24. Septemb.
Anno 1686.

sem menn nú geta bent á að Stefán hafi gert í embættisnafni. Á meðan séra Páll var aðstoðarprestur hans giptí séra Stefán honum Þóru dóttur sína. Það, sem eptir var æfi hans var séra Ólafur sonur hans aðstoðarprestur hjá honnm.

Um dánarár Stefáns ber flestum saman, og telja það 1688[1]). Þó er svo að sjá sem Jón Espólín (Árb. VIII. 17) sé í vafa um það, þar hann kemst svo að orði: „þessi missiri urðu mörg tíðindi; þá andadist Stefán prófastur Ólafsson í Vallanesi...", og er eins og hann þori ekki að ákveða það með fastri vissu. En það er öldungis óyggjandi, að hann dó sumarið 1688[2]) á höfuðdaginn, hinn 29. ágústmánaðar[3]).

Effter som Deñ Hæderlige och Wellærde Hr | Powel Hógnesón, hafuer af Mig Wnder|schrefne Munligen öndschet, at Jeg Willde | Wdgife En Sandferdig Widnesbyrd och Testifi|cation, om Sitt Lif och Lefnet J min Thieneste | framdraget. Da Weigrer Jeg Mig det Jche, Serdeiles | maatte det komme hañom thil hielp och Styrch nog | en bedre promotion at Ehrlange. Widner der for | met Réen Samvittighed, handem at Were En Ehr|lig Wellærd och opprichtig Gúds ords Thiener | Wdi alle maader, och so údi Lærdommen arbeid|et och Studeret hafe, at han Ehr En af de Soñ | forthiener Testimonium paa det hoyere slag oñ | Sin Studia. Ehr der fore Et gott kalld Werd|ig af Gud och Øfrigheden Nor hand det ydmøge|ligen begerendis worder. Och thil dis mere Witt|erlighed, oc Stadfestelse, wnderschrifer Jeg mitt | Nafn denne min Widnesbyrd met Egen haand.

Wallanes d. 24. Septembris
Anno 1686.

Stephan Olúffßónn
eh.
Præpositus orientalis
Islandiæ.

[1]) í Hálfd. Einarss. Sciagr. bls. 69 er auðsjáanleg prentvilla 1886 fyrir 1688.

[2]) Sbr. F. Joh. Hist. Eccl. Isl. III. 560.

[3]) Jón Þorkelsson gamli (Thorchillii) segir með skýrum orðum í Specimen Islandiæ non barbaræ (Gl. kgl. saml. Nr. 2872. 4to.) bls. 95: „Obiit Stephanus 1688 die S.

Stefán Ólafsson var meðalmaður að hæð, en þrekinn og karlmenni að burðum, höfðinglegur á svip og vasklegur á velli á yngri árum. Hann var gleðimaður mikill og gemsfullur nokkuð svo framan af, hestamaður og reiðmaður hinn mesti, glæsimaður í klæðaburði og hélt sig að öllu hið höfðinglegasta. Hann var fyrirtaks söngmaður og raddmaður mikill, þótti gott í staupina og var tóbaksmaður eins og títt var heldri mönnum á þeirri öld. Nálega þrjátíu hin síðustu ár æfi sinnar eða frá hérumbil 1659 var hann þjáður af fótaveiki og geðveiki; varð hann þá feitur og líkamaþungur. Geðveikin hefur orðið ættgeng sumstaðar með afkomendum hans. Hálfdán Einarsson[1]) segir að hann hafi mist annan fótinn og hafi hann því eptir það gengið við hækju.[2]) Hann var ágæta vel að sér í reikningslist (Sbr. Sibberu: Idea hist. litt. Islandorum í Monument. Anecdota Altona 1760. II. 206; Ny kgl. saml. Nr. 1850. 4to. bls. 43; Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 3. [áður 23] Fol. bls. 57[3])). Bæði Jón Ólafsson frá Grunnavík og Jón rektor Þorkelsson gamli segja að hann hafi innleitt ný sálmalög og fundið upp nýja kvæðabragarhætti (sbr. Pál Vídalín í JSig. Nr. 30. 4to, sjá II. 68).[4]) Jón Þorkelsson ber og Árna Magnússon fyrir því, að

Joh. Baptistæ Decoll.", og mundi hann eflaust ekki hafa skýrt frá þessu svo nákvæmliga, hefði han ekki vitað það með vissu. Aðrir tilfæra eigi dánardaginn.

[1]) Hálfdánarbók.

[2]) Sumir segja að hestur hafi dottið með hann á höllum og hálum klöppum við Reyðarfjörð, og hafi hann fótbrotnað, en brotið hafst illa; segja menn þetta hafi verið nálega á sama stað og séra Páll Pálsson á Þingmúla fótbrotnaði hér um árið.

[3]) Jón Thorchillius segir þar á spássíu: „Mathesi studuit" þ. e. við háskálann.

[4]) „Det var mærkværdigt, at hand var tillige en Poet og en god Cantor og Liebhaber af Musiken, som dog følges sjælden ad, og derfor ere en Deel hans Psalmer med fremmede smukke Melodier, bare for sangens Skyld" (J. Ól. Grv. Add. 3. Fol.). „Nec ipse modo novos pepegit

Stefán hafi verið vel heima í stjörnufræði[1]). Hálfdán Einarsson[2]) segir um Stefán: „Hann var með fyrirtaks próföstum talinn meðan hann lifði; var hann lærður vel og góður antiqvarius á þeirri öld; hafði og correspondance við lærða menn utan og innanlands ..." Finnur biskup Jónsson[3]) fer um hann þessum orðum: „Hann var maður lærður og hið heppnasta skáld einkanlega á gamankvæði, svo að hann er af sumum ekki ómaklega nefndur Hórazius (ljóðsnillingur) Íslands" ... „En afarmörg kvæði eptir hann geymast ennþá óútgefin." Er á því auðséð, að honum hefur verið eignaður mesti sægur kvæða á dögum Finns biskups[4]). Séra Jón Halldórsson fróði prófastur í Hítardal, faðir Finns biskups, segir um Stefán: „[Hann var] eitt hið snotrasta skáld, sem næst gengur Sr Hallgrími Péturssyni, helzt í hans gamankvæðum; þótti stundum nógu gamansamur á yngri árum, annars mikill gáfumaður, vel lærður og glaðsinnaður." Páll Vídalín lögmaður, hið merkilegasta skáld, fer þessum orðum um skáldskap séra Stefáns í rithöfundatali sínu (JSig. Nr. 30. 4to. bls. 673—74): „Í elli sinni hefur og Sr Stefán snúið í íslenzk ljóð fyrri parti Kingós sálma, hvar hann hefur látið of mikið eptir útlenzkum talsháttum, og mist þar við mikið af sínum sætleika og pragtugheitum, en vel hefur hann útskýrt meining autoris; en þá auðigu sálma, sem hann hefur diktað sjálfur vantar ekki sína unaðsemd, nema hvað sumt

---

hymnos, sed et novas invenit melodias, qvod indicio est eum musicum fuisse haud vulgarem: qvin ludicris et jocosis qvoqve carminibus metra excogitavit aptissima et vel sola sui festivitate risum aut bilem facile moventia" (J. Thorch. Spec. Isl. non barb.).

[1]) Spec. Isl. non barb.

[2]) Formáli fyrir Hálfdánarbók.

[3]) Hist. Eccl. Isl. III. 560.

[4]) Sbr. og Hálfd. Einarss. Sciagr. bls. 88: „St. Ol. pastor Vallanesensis innumera fere fudit epigrammata et carmina tum sacra tum profana & jocosa, omnia summi leporis et elegantiæ."

er ofmyrkt af því hann hefur fylgt torveldum bragarháttum og tónum. Veraldlegar vísur og kvæði eptir hann eru óteljandi, sumt meir orðgífurt en kennimanni sómi, lystugt samt og velhljóðandi, meðal hvers eg tel fyrst Sigurðarrímu (I. 103—124) um þann, sem ætlaði að veiða silung á dorg, sem hann kvað eptir Flateyjar rímu séra Magnúsar Ólafssonar. Oddsbragur (I. 85—94) uppfyllir alla prýði kveðskaparins. Hornfirðingabragur (I. 185—95) og Búravísur (I. 244—259) eru minni háttar."

Af þeim kvæðum, sem nú finnast eignuð Stefáni er ekki alténd auðvelt með vissu að segja hvað sé honum réttilega eignað, því skáld Austfirðinga eptirlíktu (stældu) skáldskap hans leingi á eptir [1]), og hver þóttist beztu bættur, sem líkast gat ort honum. Myndaðist því eins og nokkurskonar skáldskaparskóli á Austfjörðum eptir Stefán og enda jafnhliða honum, og geta kunnugir menn séð merki hans langt fram eptir. Jón Þorkelsson gamli segir að einkum hafi ættingjar Stefáns stælt skáldskap hans; en það er aðgætandi, að flest Austfjarðarskáld alt fram á ofanverða 18. öld voru af þeirri ætt og ortu alveg i anda Stefáns, og má einkum nefna séra Bjarna Gissursson í Þingmúla (d. 1712), sem annars má telja ágætt skáld á sinni öld, séra Brynjólf Halldórsson í Kirkjubæ (d. 1735), séra Ketil Bjarnason á Eyðum (d. 1744), séra Halldór Eiríksson á Hjaltastað (d. 1698), séra Sigurð Ketilsson

---

[1]) Sbr. J. Thorchill. Spec. Isl. non barb.: „... extant id genus lusuum poeticorum illo auctore qvam plurimi, et in exemplum obierunt imitatoribus poetis numero haud paucis, præcipue ex familia Vallanesensi oriundis, aut qvos tulit provincia Mulensis versibus ludendis idoneos. Etenim visa sunt metra Stephaniana sagacioribus dignissima, qvæ excolerentur, modo adtemperetur vena delectu verborum exqvisitiore aut ingenium non ostentetur comicum nimis et ad satyrica penitus luxurians; hos enim nævos sibi videre videntur in cantilenis Stephani jocoseriis, qvi mentis oculos ad poetica spectanda et dijudicanda aliis perspicaciores advertunt seris."

á Skeggjastöðum, séra Þorvald Stefánsson (Ólafssonar) á Hofi, séra Stefán Pálsson (prests Högnasonar og Þóru Stefánsdóttur) í Vallanesi og fleiri (sbr. I. 202). Þessir menn voru allir af Heydalaættinni og ortu allir með þeim einkennilega austfirska blæ, sem kemur fyrst á skáldskap Austfirðinga með Stefáni. Þeir voru að vísu talin ágæt skáld á sinni tíð séra Ólafur faðir séra Stefáns og eins séra Einar Sigurðsson í Heydölum afi hans, en þeirra skáldskapur var mest sálmar og andleg kvæði, sem að vísu voru þá og lengi síðan efst á baugi, en að öðrum kveðskap þeirra kvað ekki jafnmikið. Hemisádeilu og kímnikveðskapur stóð á 16. öld í blóma með Jóni biskupi Arasyni, og var nú farið að dofna talsvert yfir honum, en í hann kemur nú alveg nýtt líf og nýr kraptur með 17. aldar skáldunum og einkum Stefáni. Auðvitað byrjaði strax að lifna meira andlegt líf og skáldskapur á Austfjörðum, þegar séra Einar flutti þangað og Ólafur sonur hans var orðinn prestur þar, og Austfirðingar sjálfir hafa borið lotninga fyrir séra Einari sem skáldföður þeirra og þótt hann snjallastur, þótt hann væri það ekki, og á þeirri skoðun hefur séra Bjarni í Þingmúla verið eptir því, sem hann kveður í háttalykli, sem hann sendi Hallgrími Jónssyni Thorlacius þá í Berunesi:

Fækka skáldin fornu góð,
fyrr, sem lifðu í vorri þjóð,
settu marga sögu í ljóð,
sú var mentin einka fróð.

Austurfirðir, eg man það,
einnig komust þeim gæðum að,
Einar prestur á Eydalastað
öðrum betur ljóðin kvað.

Horfinn er burtu hann og þeir,
sem héruðin sakna meir og meir,
nú er gefið gull fyrir eir
og geðsöm kvæði hinn þykkvi leir.

En auðvitað er þetta meðfram hinn venjulegi drýginda barlómur, því að sjálfur séra Bjarni var, og hefur sjálfsagt þótst, dágott skáld, og þá einmitt á dögum Bjarna kvikuðu Austfirðir af skáldlegu lífi, sem hafði komið þar fyrst verulega með séra Stefáni Ólafssyni. Fyrir komu séra Einars þangað höfðu eingin merkisskáld verið þar um langan tíma frá því Rögnvaldur blindi, sem sumir telja að hafi verið á Hofi í Vopnafirði um 1500 eða litlu eptir, en eptir hann er nú ekki hægt, að benda á með vissu, að annað sé til en Skógarkristsrímur. Þá stóðu Vestfirðingar sig betur á 16. öld ofanverðri. Þá voru þeir þar bræðurnir Páll Jónsson á Staðarhóli (Staðarhóls-Páll, d. 1598) og Magnús Jónsson prúði eða gamli (d. 1591) sýslumaður í Bæ, sem báðir voru hin mestu skáld, þó flest eptir þá sé nú týnt, en á 17. öldinni urðu þeir í við á eptir, þó þeir væru þar Vatnsfirðingarnar, sem þó voru taldir allgóð skáld. Er því ekki eins ófyrirsynja barlómsvísan, sem þorláki Guðbrandssyni sýslumanni (d. 1707) í Úlfarsrímum VII. 7. hrýtur, sem séra Bjarna, þar sem honum þykir skáldskap hafa hnignað á Vestfjörðum síðan Magnús gamli var, þó hann yki það:

Hefur hér lýða hjals um rann
hallað kvæða bramli
mjúkar síðan mærðir spann
Magnús Jónsson gamli.

Annars voru merkilega góð skáld uppi á 17. öldinni á Íslandi; syðra var mest skáld Hallgrímur Pétursson; nyrðra séra Guðmundur í Felli Erlendsson, séra Sigurður Jónsson í Presthólum séra, Jón Bjarnason faðir hans[1]), og séra Jón

[1]) Á seinni tímum þykjast menn hafa komist að þeirri niðurstöðu, að séra Jón í Presthólum hafi verið Björnsson, en ekki Bjarnason; má til þess nefna Dr. Björn Magnússon Olsen í doktórsdispútassíu sinni og Jón Borgfirðing í rithöfundatali sínu. Þeir hafa því skrifað hann Bjarnarson, og styðja þeir mál sitt við það,

Magnússon í Laufási. Auk þess voru og margir leikmenn, svo sem Guðmundur Bergþórsson, Leirulækjar-Fúsi, Sigurður Dalaskáld, Kolbeinn Grímsson og fleiri. Til þessarar aldrar heyrir og að nokkru hið ágæta skáld Páll Vídalín, eins Þorlákur Guðbrandsson, sem orti Úlfarsrímur og háltalykil hinn dýra, sem Páll Vídalín reyndar segir að sé vitleysa. Á 17. öld var mikið um latínuskáldskap á Íslandi, og voru því eingin undur þó Stefán brigði því fyrir sig að yrkja á latínu; má og í þeirri grein telja hann meðal hinna fremstu. Frá pápiskri öld hafa menn nú ekki mikið að segja af latínskum skáldskap á Íslandi, því að þó prestar, sem ortu helgikvæði væru latínulærðir, komust þeir sjaldan lengra en að sletta latínu, svo sem Jón Maríuskáld. Latínuskáldskapur Íslendinga byrjar eiginlega ekki fyrri en í lúterskri tíð á ofanverðri 16.

---

að báðar útgáfur vísnabókarinnar (1612, 1748) skrifa svo föðurnafn séra Jóns, og hefur Dr. Jón skólameistari Þorkelsson bent þeim á það. Ennfremur stendur framan á Catonis disticha moralia, sem Guðbrandur biskup lét prenta „Sijra Jone Biarnar syne", og styrkir þetta mál þeirra Jónanna og Björns. Jón Borgfirðingur segir í rithöfundatali sínu, að „það rit þekkist ekki nú á dögum", þar hefur nafna mínum brugðist bogalistin. Prófessor Konráð Gíslason á t. a. m. expl. af þessari bók og eptir því fer eg hér, og er það velvild hans að þakka að eg get það. En þessi ritháttur er hrein villa, og þarf hér engum getum um að leiða, því að faðir séra Jóns var Bjarni sonur Hróbjarts ráðsmanns í Skálholti á 16. öld. Séra Jón átti Ingibjörgu dóttur séra Illuga gamla prests í Múla (d. 1590) Guðmundssonar; börn þeirra voru þessi: 1. Jón á Snartastöðum; 2. séra Illugi á Kálfafelli og Kirkjubæjarklaustri, sem komst í galdramálið; 3. Magnús; 4. Vigfús; 5. Sæmundur; 6. Sesselja; 7. Sigríður; 8. séra Sigurður sálmaskáld á Presthólum, og 9. Bjarni. Að sonur séra Jóns hét Bjarni, en enginn þeirra Björn, tryggir það, að hann hafi verið Bjarnason, en ekki Björnsson. Finnur biskup nefnir Jón alstaðar Bjarnason (Biarni filius) og eins Hálfdán Einarsson (Bernhardi), og hafa þeir eflaust þekt ætt hans.

öld með Arngrími lærða, sem reyndar þótti heldur lítið skáld [1]), og Sigurði Stefánssyni skólameistara í Skálholti móðurbróður Stefáns Ólafssonar; Sigurður valt sofandi ofan í Brúará 1594 og drukknaði þar. Síðan hefur latínukveðskapur haldist leingi með lærðum mönnum á Íslandi, og þótti það leingi vel finna og aristókratiskara að yrkja á latínu. Eg get nefnt nokkur latínuskáld íslenzk. Á 17. öld voru þessir helztir: Arngrímur lærði (d. 1648), séra Magnús Ólafsson í Laufási (d. 1636), séra Guðmundur Einarsson á Staðastað (d. 1646), Runólfur Jónsson skólameistari (d. 1654), séra Sveinn Jónsson lærði á Barði (d. 1687), séra Páll Hallsson í Harastað á Sjálandi (drukknaði 1663), Brynjólfur biskup Sveinsson (d. 1675), séra Þorsteinn Björnsson á Útskálum (d. 1675), sem orti „Noctes Setbergenses", séra Oddur Eyjólfsson í Holti (d. 1702). Á 18. öld voru og margir, svo sem Jón biskup Vídalín (d. 1720), sem ágætast latínuskáld þykir verið hafa á Íslandi, Þórður Þorkelsson rektor bróðir hans (d. 1742), séra Sigfús Egilsson í Glaumbæ (d. 1724), séra Eyjólfur Jónsson lærði á Völlum (d. 1745), Jón Þorkelsson rektor gamli (Thorchilli), sem setti Íslands sögu í latínsk ljóðmæli (d. 1759), Hálfdán rektor Einarsson (d. 1785), séra Kolbeinn Þorsteinsson í

---

[1]) J. Ól. Grv. Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 47. Fol. tilfærir álit Árna Magnússonar og Páls Vídalíns dóttursonar Arngríms um hann: „Assessor Árni sagði um hans lærdóm, að hann hefði verið „doctus omni seculo (ɔ: lærður á allri öld), en um hans kveðskap: Arngrimo (í stað annars nafns) demas carmina, major erit (ɔ: takirðu af Arngrími kvæðin, væri hann meiri maður, þ. e. ef hann hefði ekki fengist við kveðskap væri hann meiri maður), og þá hann var um þetta að tala við mig, spurði hann mig eður setti fram fyrir mig þá ráðgátu, hvað það væri, sem stækkaði því meir, sem væri af því tekið. En Páll lögmaður dóttursson hans líkti hans skáldskap saman við óheflaða staura rekna saman með ryðguðum járngöddum, þótt Hildur móðir hans vildi það lítt heyra."

Miðdal (d. 1783), séra Hjörleifur Þórðarson á Valþjófstað (d. 1786), séra Gunnar Pálsson (d. 1791), séra Jón Jónsson í Grundarþingum (d. 1795), Pétur sýslumaður Þorsteinsson (d. 1795), séra Pétur Björnsson á Tjörn (d. 1803). Á 19. öld hafa og enn verið latínuskáld svo sem Sveinbjörn Egilsson, séra Einar Thorlacius í Saurbæ, séra Jón Hávarsson og séra Pétur á Viðivöllum (d. 1840), en nú mun þeim vera farið að fækka, og er þar varla öðrum á að dreifa en Benedikt Gröndal og séra Jóni Sveinssyni á Mælifelli afkomanda séra Sveins lærða á Barði, en hann þykir fara nokkuð dult með. Þegar Bessastaðaskólamenn eru útdauðir mun lítið verða um latínukveðskap á Íslandi.

Á milli séra Bjarna á Þingmúla og séra Stefáns var hin mesta alúðarvinátta, og hafa þeir bæði kveðist og skrifast á, og eru til allmörg ljóðabréf frá séra Bjarna til séra Stefáns, sem hér eru oflöng að tilfæra, enda er ekki sérlegt á þeim að græða. Eru þau mest um búskap, tíðarfar, skepnuhöld o. s. frv. Annars eru þeir vanir á vetrin Austfirðingarnir í ljóðabréfum sínum að suða um tóbak, því að tóbaksgangur hefur verið þar gríðarlegur á 17. öld, og yrkir Stefán ekki lítið af tóbaksvísum. Ef vorskipunum seinkaði voru öll bréf full af tóbakssöngli. Eg tek hér sem dæmi vísur úr bréfum frá séra Bjarna Gissurssyni:

1. til kunningja síns:

Reyðfirðingar hvessa í haf
á hverjum degi augun stór,
ekki skyldi kominn í kaf
kaupmann vor á öldu jór.

Ýmsum þykir æfin dauf,
úti er tíðin gleðifull,
tár með vín eða tóbakslauf
til er nú ekki heldur en gull.

2. Úr bréfi til séra Eiríks bróður séra Stefáns:

Eitt er rauna aukning sár
allra millum þegna:
ekki baun né tóbakstár
tekst í laun um þetta ár.

Það gegnir nærri því furðu hvað tóbak hefur á stuttum tíma orðið alment á Íslandi. Á tæpum tuttugu árum, frá 1619 (í textanum þá er það ekki nefnt) til 1639, eru orðin svo mögnuð tóbakslætin, að strákar, auk heldur aðrir, eru orðnir tóbaksvargar (sbr. I. 10—12). Þó er ekki óliklegt að yngra fólkið hafi orðið fyrra til að taka upp tóbaksbrúkunina en gamla fólkið.

Hestar voru og eitt keppikefli þeirra í skáldmælum sínum, og voru margir þeirra mestu hestamenn, eins og séra Stefán, sem ort hefur allra íslenzkra skálda mest af hestavísum, og eru flestar þeirra afbragðsgóðar.

Í trúarbragða efnum hefur Stefán verið nokkuð kapitulafastur eins og fleiri í þá tíð; voru og flestir þeir Íslendingar, sem voru við nám erlendis á fyrri hluta 17. aldar lærisveinar Jespers Brochmanns[1]), en þó er svo að sjá sem það hafi ekki hrinið mjög á þeim sumum hverjum; að minsta kosti var Brynjólfur biskup haldinn nokkuð katólskublendinn, og hefur hann því líklega ekki verið mjög strangur með skoðan manna í trúarefnum, en eptir honum munu menn hafa samið sig þá nokkuð í því, sem öðru; séra Þórður Jónsson í Hítardal var haldinn kalvínisti, og var hann þó ekki lærisveinn Niels Hemmingsens, heldur Brochmanns eins og Brynjólfur. En flestir voru þeir þó í við kreddufastari lærisveinar Brochmanns, einkum var þeim flestum hætt við að leggja galdramenn í einelti og trúa á slík hindurvitni.

Stýlsmáti Stefáns og lærðra manna í þeirri öld var mjög

[1]) Resen, sem varð eptirmaður Brochmanns, var þó miklu strangari, og hafði hin mestu áhrif.

langdreginn og mærðarfullur, og þótti þá opt bezt skrifað, ef menn gátu romsað sem mest upp úr fornum ríthöfundum og slegið um sig með orðum þeirra, því að þá þótti sá lærðastur og mestur maður, sem bezt gat komið slíku við. Þó sýnist Arngrímur lærði vera búinn að fá nóg af slíku, þegar hann skrifar Specimen Islandiæ (p. 138) og er að úthúða Pontanusi fyrir það, að hann haldi, að það sanni nokkuð sögu Íslands eða Danmerkur, þó hann sé að romsa upp úr grískum og rómverskum rithöfundum. Reyndar hætti Arngrími stundum sjálfum við að bregða slíku fyrir sig.

SAGNIR UM STEFÁN ÓLAFSSON.

Þó að sagnir þær, sem myndast um ýmsa merka menn hafi ekki alténd við mikil söguleg sannindi að styðjast, sýna þær, hverja skoðun menn hafa haft á þeim, sem þær eru um. Þær eru líka talandi vottur þess, að þeir hafa verið álitnir bera að einhverju leyti af öðrum, sem aldirnar hafa skapað slíkar sagnar á, og geta þær að því leyti opt bent mönnum í rétta átt. Eg hika mér ekki við að tilfæra hér þær sagnir, sem eg hefi getað náð í um Stefán Ólafsson, einkum þar alþýða mundi sakna þeirra, en þeirra hins vegar er hvergi getið.

Ein hin elzta og rótfastasta sögn um Stefán er viðeign hans og Hornfirðinganna, og er hennar getið í ritum frá öndverðri 18. öld (J. Ól. Grv. Add. Nr. 3. Fol. 1734); sömuleiðis getur Hálfdán Einarsson hennar 1764. Jón Grunnvíkingur segir og, að hann hafi átt í eljarglettum við kaupmanninn á Berufirði (Djúpavog), og hefur það eflaust verið út af vísunni:

Danskurinn og fjanzkurinn á Djúpavog (II. 62.),

sem Stefán hefur gert um Djúpavogskaupmanninn; engar greinilegar sagnir eru þó um viðureign þeirra. En erjur hans og Hornfirðinga áttu að hafa komið út af kvæðum þeim, sem hann orti um þá, því að Hornfirðingar reiddust þeim og sendu presti aptur draug, sem á að hafa valdið fótaverk hans

og geðveiki. Sigfús Sigfússon unglingsmaður á Nesi í Loðmundarfirði, frændi séra Finns á Klippstað, hefur meðal annara sagna sent mér þessa, og hefur hann hana eptir gamalli konu, Sigþrúði Þorsteinsdóttur, á Austfjörðum. Eg læt hann hér segja frá, og er sögn hans á þessa leið: „Það var trú manna, að Hornfirðingar reiddust séra Stefáni svo fyrir háðkvæði það, er hann orti til þeirra: Hornfirðingamessugjörð (I. 187—195), að þeir sendu honum draug, sem átti að hefna þessa á honum. Kerling ein, sem enn lifir, segir sögu, sem sannar þetta, er hún hefur heyrt eptir karli, sem sagði henni hana, þegar hún var ung. Eg tek hana eins og hún segir, sem lætur hann sjálfan tala:

Þegar eg var smaladreingur hjá séra Stefáni [1]), var það eitt vetrarkvöld, er eg lá aptur á bak í rúmi mínu, sem var næst fyrir framan húsdyr prests, að eg heyrði skarkala frammi í göngunum, líkast því að dregin væri húð eptir þeim. Alt heimafólk svaf, sem inni var, en prestur lá upp í lopt í rúmi sínu og reykti úr pípu sinni; tunglsljós var og bjart í stofunni. Að litlum tíma sé eg hvar maður (að útliti) kemur inn, og gengur inn að húsdyrum, stanzar þar og hallast fram á dyrastafinn þegjandi. Þá heyri eg að prestur segir: „Hvert ætlar þú?" „Að finna þig", svaraði það. „Því kemurðu þá ekki nær?" spurði hann. „Eg get það ekki", sagði draugsi. „Hversvegna?" „Þó ert svo heitur", sagði draugsi. „Stattu þá við og biddu, ef þú þorir", sagði prestur og hljóp upp úr rúmi sínu og að gestinum, sem leist ekki að bíða, heldur flýtti sér ofan og prestur á eptir; heyrði eg til þeirra út. Mig langaði til að vita meira um þetta, læddist ofan og út á hlað; heyri eg þá til þeirra frammi og niðri

[1]) Það er ótrúlegt að karl sá, sem sagt hefur þessari kerlingu, sem nú lifir, hafi verið smaladrengur hjá séra Stefáni Ólafssyni, því að ef svo væri, yrði aldur þeirra beggja að ná yfir meira en tvö hundruð ár. En sá karl, sem hefði sagt þeim karli, er sagði Sigþrúði frá, gæti hafa verið það.

á fitinni fyrir neðan túnið; er prestur kominn þangað a eptir honum. Eg heyri hann kallar til hans og biður hann að bíða eptir sér; en er það fékst eigi, bað hann þennan pilt að fara til síns sama staðar. Eg hljóp þá inn, því að eg vildi leyna að eg sá þetta; legst eg niður og lætst sofa; prestur kom þegar inn og lézt þá vakna. Hann segir þá: „Sást þú gestinn?" „Nei", svaraði eg. „Þorirðu þá að sækja mér eld í pípuna mína?" „Já", svarað eg, og sótti hann, þó kveita væri í mér."

Annars er auðséð á kvæðum Stefáns sjálfs, að hann hefur ekki verið laus við að hafa trú á göldrum og þesshättar hégiljum eins og flestum hætti við á þeirri öld Sést þetta t. a. m. af kvæðunum til Jörgens Kems (I. 41 17-20):

Fjöld trú eg frétta þyldi
farmanna knár skari,
þó mest um grandgeystan
galdur, plágu aldar.

Og enn (I. 45 41-48):

Geigfundið flug anda,
fár detti og grár glettur,
illmæla öll kali
úr seglum skúr sneglin,
mitt vinni brátt bannið
bréfskorðað stef orða ...

Aðra draugasögu viðkomandi Stefáni segir Sigfús, þar sem draugsi var áleitnari og ódælli. Hann var sendur frá galdramönnum Hornfirðinga. Sagan er svo:

„Það var eitt kvöld síðla, að prest vantaði bók, sem var úti í kirkju á altarinu. En af því þá var dimm nótt varð enginn til að fara slíka hættuför að sækja bókina. Hann fór því sjálfur. En er hann kom inn að altarinu og ætlar að taka bókina, heyrir hann sagt fyrir framan sig með dimmri og draugslegri rödd:

LXXVI

Á þeim degi dóma
dunar lúðurshljóð.

Þá svarar prestur:

Örend öll mun koma
upp úr gröfum þjóð

og greip bókina og gekk fram að dyrunum; er þá enn sagt:

Ó þá stríðustu stund!

En prestur svarar:

Ó þann fagnaðarfund!

gekk út og skelti hurðinni í lás. Þegar hann kom inn þóttust menn sjá á honum, að hann hefði orðið hræddur. Hann hélt síðan áfram og orti sálminn, sem þetta er upphaf að í bók hans[1]). Margir bæta því við, að hann yrði veikl-aður á geði eptir þetta, og að hann losaðist eigi fyr við þetta, en það var til ráðs tekið að hafin var þekjan á bað-stofumæninum og hann tekinn þar upp um. Fleiri hefi eg þó heyrt segja, að hann kvæði draugana af sér. Þegar hann var loks laus við þessa drauga aðsókn kvað hann sálminn, sem er í kverinu:

Nú er eg risinn úr dökku djúpi o. s. frv.[2])

Varð kann síðan alheill á geði."

---

[1]) Eg hef aldrei séð þennan sálm eignaðan séra Stefáni; venjulegast er hann eignaður séra Tyrfingi Finnssyni, sem fær Stað í Súgandafirði 1737, og er t. a. m. í Ísl. Bókmf. Nr. 127. 8vo, og Nr. 666. 8vo; er því þessi sögn komin upp eptir 1737.

[2]) Þetta er 5. vers af sálmi séra Stefáns: Heyr þú Jesú læknir lýða &c. pr. í Litlu-Vísnabók 1757 & Viðey 1839, og er það sú bók, sem Sigfús kallar „kver hans", en þar finst ekki hinn sálmurinn (Tyrfings). Eg hefi í II. b. bls. 410 vilst á þessu, því mér datt ekki í hug, að hann mundi nefna Litlu-Vísnab. svo, og hugsaði hann ætti við skrifað kver, sem væri í eigu hans, en fékk seinna ljósari skýrslu um það frá honum, að svo væri ekki.

Að þessum sögnum sleptum, er hitt víst að Stefán hefur haft mjög gaman af að gera skop að Hornfirðingum, og hefur það komið snemma fram, eins og sést á kvæðinu til Árna Jónssonar (I. 15—20), og er ekki ólíklegt, að þeir hafi þykkst við gems hans og keskni.

Sem dæmi upp á óskiljanlega karlmensku séra Stefáns, segir Sigfús þessa sögu: „Það var einu sinni þegar séra Stefán var orðinn gamall — var hann þá einnig þungfær sökum þess að hann var feitur orðinn, svo að sagt er að hann hefði þá ístru — að reknir voru heim hestar að Vallanesi, því að reiðhestur prests náðist ekki, sem helzt átti þó að takast, en engar tilraunir dugðu við hann. Prestur fékk að vita þetta; fór hann þá út og settist niður hjá hestaréttardyrum, en bað menn sína að reka hestana þar hjá, er hann sæti — en áður varð þeim ekki komið í réttina —; voru hestarnir þá reknir svo nærri honum, að prestur náði annari hendi í tagl reiðhestsins, en hann varð að standa grafkyrr og varð svo tekinn. Alla furðaði mjög á að hann skyldi hafa slíkt heljarafl." (Úr Fljótkdalshéraði).

Sigfús tilfærir eina langloku, sem hann segir að sé annaðhvort eptir séra Stefán eða föður hans. Eg tilfæri hana hér, af því að það hefur gleymzt að geta hennar annarstaðar:

Þorri réði róa,
ránar sundið mjóa
hitti á Héraðsflóa,
harðra neytti þjóa,
æddi á land við Ólafssand,
af sér lagði glóa,
reiddi brand með röskri hand,
svo rekkum tók að óa,
hvergi lúðist hetjan snör,
hjörð að deyða var óspör,
beit á vör og beizk gaf svör,
bragna gerði sljóa,

volgan mör þá fé lét fjör
fékk þó ei sem tóa,
hvergi þurftu að hóa
hirðararnir skóga,
gengin er hún Góa,
gleðina skyldi þróa.[1])

Að Stefán hafi verið kraptaskáld hafa menn ekki efast um, þar sagt er að hann hafi kveðið af sér drauga þá, sem honum voru sendir. En einna bezt sést þetta af samkvæðum hans og Hallgríms Péturssonar. Jón Marteinsson (d. 1771, sbr. I. 335) segir (Thott. Nr. 1151. Fol.) þessa sögu 1755 um samkveðskap þeirra[2]): „það er og til frágsögn um hina skemtilegu viðureign hans (ɔ: séra Hallgríms) við séra Stefán Ólafsson, sem líka var ágætt skáld á þeirri tíð bæði á andlegt og veraldlegt; bar fundum þeirra saman á alþingi og þreyttu þeir þar með sér kveðskap við drykkju (Conversation, ... som bestod in certamine carminum in symposio sive inter pocula); fylgdi því svo mikill kraptur, eptir því sem áreiðanlegir menn segja, að glösin eða staupin, sem annars eru í sjálfu sér dauðir og kyrrir hlutir, dönzuðn á borðinu án nokkurrar sýnilegrar hreifingar orsakar; segja menn þá ennfremur að hinn góði, gamli biskup Brynjólfur Sveinsson, sem var yfirmaður þeirra beggja og verndarvinur, hafi gert hlé og dauðaþögn á þessum römmu ákvæðum með sínum

[1]) Það mætti geta þess hér sem dæmis upp á hvað varlega opt er farandi eptir sögnum, þó menn að hinu leytinu, verði opt að hlíta þeim, að þessi gáta: Hver er sá hinn mikli — er fer mold yfir — svelgir hann vötn og veisur — glygg hann óast — en guma eigi — og yrkir á sól til saka, er af sumum eignuð séra Stefáni eptir sögnum (Ólafur Davíðsson stúdent). Hún er prentuð í íslenzku almanaki 1873 án þess að geta um hvaðan hún sé, og er þar auðsjáanlega skoðuð sem laus húsgangur. En hún finst svo orðrétt í gátum Gests blinda (sbr. Fornaldarsögur Norðrl. I. 475).

[2]) Er á dönsku, og set eg söguna því hér á íslenzku.

alvöruþungu orðum: Claudite rivos, mystæ, sat pocula saltant[1])". En Jón Marteinsson er ekki sérlega hissa á tíðinni, því hann — og það hafa menn eflaust alment gert í hans daga — trúir þessu eins og nýju neti, þar hann segir ennfremur: „Svo mikið er víst, að sé þessi saga sönn, sem hún líklega er, og hafi þetta svo verið, þá hlýtur það að hafa verið mikið yndi að hlusta með athygli á þessi tvö langágætustu andlegu skáld, sem Ísland hefur átt, einkum af því að báðir hafa haft dálítið Couragen-Wasser[2]) í kollinum; og þannig hefði þá mátt heimfæra uppá þessi tvö miklu skáld það, sem hinn hálærði Gram hefur skrifað og sagt um þau og önnur íslenzk skáld: „Principes poetarum et principes oratorum in tota Europa Islandi fueri[3])." „Orationen er af data 16. Decembr. 1732."

C. G. Zorgdrager[4]) segir frá sögu af íslenzku kraptaskáldi í Kaupmannahöfn á dögum Óla Worms, en hvort sú saga gæti átt við Stefán Ólafsson læt eg ósagt.

Sagnir þær, sem eru um einstök kvæði Stefáns eru venjulega tilfærðar í bókinni á sínum stað, svo sem um Ómenskukvæðið, að hann hafi lesið það upp við kirkju eptir messu fyrir sóknarfólki sínu.

III.

Séra Stefán Ólafsson telur sjálfur börn sín og Guðrúnar konu sinnar í einu af kvæðum sínum (I. 29—30) alls átta. Eg kann ekki að nefna þau í röð eptir aldri, því að fæðingarár þeirra flestra eru ókunnug. En börn þeirra voru þessi:

---

[1]) þ. e. lokið þið lækjunum (o: hættið þið) klerkar; nóg er komið, því staupin danza.

[2]) þ. e. vín.

[3]) þ. e. Íslendingar hafa verið fremst skáld og fremstir mælskumenn í allri Norðurálfunni.

[4]) Alte und neue grönländische Fischerei. Leipzig 1723. bls. 92—93.

1. Ólafur varð prestur í Vallanesi eptir föður sinn og prófastur í Múlaþingi; sagði af sér prestskap 1738, dó 1740. Átti 1689 Halldóru dóttur Björns Magnússonar á Munkaþverá. Séra Jón Halldórsson fróði segir um séra Ólaf: „Siðprúður maður, en ekki jafningi föður síns að gáfum." Séra Ólafur var við nám erlendis og er skrifaður þar í stúdentatölu 1683 hinn 16. Nóv.
2. Þorvaldur. Var við nám erlendis og er skrifaður þar í stúdentatölu 25. Okt. 1690: tók attestaz 1692; sækir 9. Marts 1690 um vonarbréf fyrir Hofi í Vopnafirði (Leyndarskjalas. Isl. Indl. 1660—1700); varð prestur á Eyðum 1700; varð prestur á Hofi 1712; tók 1729 Pétur Eiriksson Arnested fyrir aðstoðarprest; sagði af sér prestskap 1730; dó 1750. Átti Kristínu dóttur Björns Magnússonar á Munkaþverá systur Halldóru konu Ólafs bróður síns. „Sóaði mestum eigum sínum; lítið eptirlæti í hjónabandinu; heilsulítill" (J. Halld. Rask. 55. 4to). Sr Þorvaldur var gott skáld.
3. Þóra giptist séra Páli Högnasyni, sem fyrst var aðstoðarprestur hjá séra Stefáni frá 1678—86. Hann varð síðar prestur á Valþjófstað og prófastur; sagði af sér prestskap 1734. Dó 1738.
4. Anna átti séra Ólaf Guðmundsson á Hrafnagili af Siglunessætt. Séra Ólafur var prófastur, en misti prestskap fyrir barneign 1716. Dó 1731.
5. Rannveig átti séra Eigil Guðmundsson prest á Stafafelli í Lóni frá 1670—1698. Hann dó 1699.
6. Guðrún fædd 22. Janúar 1657 átti séra Bjarna Einarsson yngra á Ási í Fellum frá 1683—1729.
7. Halldóra dó ógipt og barnlaus.
8. Kristín dó 1671 á 14. ári. Eptir hana hefur séra Bjarni Gissursson ort erfiljóð, sem finnast í Thotts safni Nr. 473. 4to. Stendur þar ártalið og aldur Kristínar. Út úr upphafs- og enda-staf erindanna má lesa nafnið: „Krystýn Stepánsdótter guds rósa." Erfiljóðin hefur Sr Bjarni sent séra Stefáni.

Af öllum börnum séra Stefáns varð Anna kynsælust, og eru af henni þær ættir, er leingi hafa þótt merkar á Íslandi. Æðsti embættismaður landsius nú, Magnús landshöfðingi Stephensen, er t. a. m. sjötti maður frá Stefáni Ólafssyni gegnum Önnu. Þau skáld, sem einna merkust hafa þótt á seinni tímum, eru og af honum komin, svo sem Bjarni Thórarensen í fimta lið og Jónas Hallgrímsson í sjötta. Ættleggur séra Ólafs Stefánssonar þraut fljótt, og voru afkomendur hans geðveikir. Stefán stúdent sonur hans dó 1711 í Kaupmannahöfn og var veill á skapsmunum. Margrét dóttir hans var og sturluð; hún giptist séra Sigurði Eiríkssyni á Skeggjastöðum (d. 1768) og áttu þau einn son, sem Ólafur hét, en frá honum munu ekki verða ættir taldar. Frá Þorvaldi Stefánssyni eru komnar hinar nafnkunnu skáldkonur Júdit og Rut, sem venjulega eru kallaðar „Ljósavatnssystur". Að rekja allan þann mikla ættbálk, sem kominn er af Stefáni Ólafssyni, er hér ekki rúm til. Hér verður að vera nóg að geta að eins þess, að hann hefur verið einhver hinn kynsælasti maður.

Athugasemd. Eptir að lokið var prentun II. bindis fann eg „Eitt kvæði, sem hlýðir upp á lögmálið og evangelium samsett af Sr Stepháni Ólafssyni".

Upphaf: Hugsun kalda
hef eg að tjalda
um hörmung alda
i hjarta mínu fyrr og síð;
Adams valda
eigum að gjalda,
eymd margfalda
líða um þessa lífsins tíð.

Alls 21 err. að tölu. A. Magn. Nr. 426. 16mo.

En hér þykir óþarfi að prenta kvæðið í heild sinni. Í „Austra" III. 18. Febr. 1886 Nr. 4. stendur fróðleg grein um fyrra bindi Stefánskvæða, og vil eg benda mönnum á hana. Vísu Páls Ólafssonar skálds á Hallfreðarstöðum (I. 114) lét eg prenta eins og Brynjólfur Þórarinsson á Brekku í Mjóafirði hafði hana fyrir mér veturinn 1884—85.

I. bls. 11. l. 25 á ekki að leiðréttast frá því, sem prentað stendur (sbr. II. bls. 400); II. bls. 328. Tvö síðustu (5.—6.) vers af sálminum: Heim, ó, heim til himnaríkja &c. eru eptir séra Sigfús Jónsson í Höfða (d. 1803), sbr. Ísl. Bókmfél. Nr. 389. 8vo; II. bls. 334. l. 2. a. n. XXII. les XII.; II. 342. Eg hef síðar komist að raun um að sálmurinn: Heiminn vor guð mjög hjartkæran &c. er ekki eptir Stefán; II. 347. Sálmurinn: Mörg vill hryggja hugar pín &c. er í Höfuðgreinabók p. 213—15 eignaður Sr Ó[lafi] J[óns]s[yni]; II. 376. l. 2 a. n. 1622 les: 1662; II. 413. l. 4 a. n. Blankar les: Blankur.

Vísur.

I.

[J Sig. Nr. 231. 4to. (Þingeyrabók) bls. 211: eignaðar Sr Stefáni Ólafssyni. En einhvern veginn legst í mig, að þær séu eptir einhvern annan, þó hefur það ekki við neina vissu að styðjast.]

Vel virði Bil borða,
blítt lundað frítt sprundið,
skrif ljótast loflítið,
lag kæti bragmæti,
góð gæzku guðs vizku
grund kæti, lund bæti,
Kristsandi brjóstbundinn
bót greiði, snót leiði.

II.

Sæl vertu vel virt
víf skær, lífkær,
hógvær, hugdýr,
hæfilát, gæf, kát,
dygðprúð, frægðfróð,

fríð, væn, blíð, kæn,
siðspök, ráðrík,
réttsýn, sett, fín.
Sæl vertu ljúfan mín.

III.

Brýni ber eg núna,
baugþöll, til þín með öllu;
það er oflangt;
fæ eg það tvinna tróðu,
trúi eg hún um það búi
í kistunni;
held eg því héðan af aldrei,
halla eg mér upp á pallinn.
það fór þarna.

Tilhugalíf.

[Útg. bls. 71—72; Hálfdánarbók; Gl = Blöndalsbók (orðamunur með hendi J Árn. í H E); J Sig. 82. bls. 113—14; J Sig. 92. 8vo. bl. 133; Hrafnadalskver; Þingeyrabók; Stokkahlaðabók; V = Varðgjárkver; Ad = Additam. Nr. 80. 4to.; J Stefánss. Bókmfél. 9. 8vo. (heilt); Thotts safn 489. 8vo.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. með hendi Páls; J Sig. 271. 4to. með hendi Halldórs Hjálmarssonar; British Museum Nr. 11,185. 8vo.; Bm = Bmfél. d. á Ísl. Nr. 203. 8vo. (gömul hönd); V_2 = Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo.; P_2 = Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII, orðamunur í expl. Páls; Bd = F Magn. Nr. 6. fol. 37 a[1] í Bodleys safni í Oxford, skr. um og eptir 1766. Jón Grunnvíkingur Ólafsson vitnar opt í

þetta kvæði, í orðabókinni undir: brúður, dart, dinglumdart, hæna, með, vaxtarlag, Add. B. U. H. Nr. 6. 4to. Nr. 8. 4to. bls. 2461, 2152, 2894, 2897.]

Þetta er mikið dinglumdart,
dælan sú, sem gengur hjá.
Yngismenn eru átta snart
eina að gipta bauganá.
Það vill verða mútumart,
ef maðurinn skal hana Gunnu fá.
Þessi snót er snúin í skart,
snotur, lífuð, gild og há,
hænueygð, með hörund bjart,
hýr á kinn og nasasmá,
vaxtarlagið er alt í art,
yfirliturinn, brún og brá.
Biðillinn þykist haldinn hart,
ef hana ekki festa má,
keyrir hann upp sinn knefilsbart,
kossa velur fimm og þrjá,

Fyrirsögn: Contrast af hinu (o: Konuleysingjakvæði) R, St, Sp, V_2; De præpostero conjugio Ad; „Dni Stephani O. f.“ T; „Vísa Sr St. Ol. S.“ Bm: Giptingarmannaljóð (-vísur Gl) Hr, Þ; 3. Umboðsmenn eru V, Ad, T, P, H, Br, Gl, H E, K, Bm, Hr, Þ, Bd (og byrja hér öll), J Ól. s. v. vaxtarlag; Átta eru ýtar snart J Ól. Add. Nr. 6, 4to., Nr. 8. 4to. 2461, 2852, 2897; 4. baugagná Útg, V; 5. Það má vera Br; 6. hana ei P_2, „ef maðurinn sk*al* hana Gudr. fá“ Bd; 8. snotur, vitur Bm; 9. hörundið V, Hr, K, J Ól.; 10. og nasabrá V; hvít á brún og fingra smá J Ól. Add. 8. 4to. 2852; 11. alt með art J Ól. s. v. með, 12. yfirlitur Br,

píkan leikur piparatart,
pússun vill hið fyrsta ná,
sízt er henni vel um vart
að viglast skuli hann sér í frá,
báðum þykir í brotið svart,
ef bóndinn gefur ei skriflegt já.
Rétt má heita dinglumdart
dælan sú þeim gengur hjá.
Um skírlífið er skrafað mart,
en skyndibrullaup verður á.

Dubium conjugium.

[Útg. bls. 109; Hálfdánarbók mín; Stokkahlaðabók; Hrafnadalskver Jóns Sigurðssonar, eignar Sr Hallgrími Péturssyni;

P; 14. ef sl. Gl; að hana Bm; fastna má Ad, Bm, Br, T, Hr, K, Þ; 15. því keyrir Bd; hann keyrir V; kveikir hann T, Bm, Gl, Þ; kveikir upp Hr; því kveitir hann H, P; því kreppir hann HE; kveitir upp K; hann kneitir upp sinn knefelbart Br; knefilsbart Sp, V_2; 18. pússið vill sem fyrst hún fá Útg, R, S, Sp, V_2; pússinu vill sem fljótast (skjótast J Ól. sumstaðar) ná H, Bd, HE, J Ól; hið fyrsta fá Hr; hið fyrsta þá T, Þ; sem fyrstri ná P; sem fyrsta fá Br; 19—20. er í Ad, Bm, Br, Gl, Hr, P, T; 20. að viglast = villast eða vinglast, sbr. fara í vigl (altítt í Skaptafellss.); að villast Br, Gl, Hr, T, Þ; ef villast kynni P; að víkjast Bm; 23—24. er í Ad, Br, H, T; 25. er ei skrafað Br; 26. ef skyndi- Bm, Gl, Hr, T, Þ; því skyndi- Br: en sl. HE, V, Bd, J Ól. Add. Nr. 6. 4to. Nr. 8. 4to. bls. 2461, 2897 og s. v. dart, en heldur því annarstaðar.

Þingeyrabók J Sig. bls. 105—106; Rask 83. 8vo.; Additam. B. U. H. Nr. 80. 4to.; hdr. Sr Þorvalds Böðvarssonar; J Sig. 271. 4to. með hendi Halldórs Hjálmarssonar; K = J Sig. 239. 8vo.; D = J Sig. 209. 8vo.; J Stefánsson Bmfél. 9. 8vo. (heilt); J Sig. 82. 8vo.; Br = British Museum Nr. 11,175. 8vo. fol. 152 a—152 b. Í Hálfdánarbók, Hrafnadalskveri og Þingeyrabók er svo að skilja, að þessi vísa og: Í snæru biðill fjúks fór &c. eigi að vera ein vísa.]

Ef geirapollur geðstór
giptir sig auðs nipt
kemst hann þá í kökuna,
verði hún eins og hann hörð
held eg kvikna báleld,
spenni hann þessa sprökuna.
Vinnuharður víst hann
verður um nætur á ferð,
vill hún ekki vökuna;
um brauðið vílar baugshlíð,
ef börmin fæðir ópgjörn,
skerða má það skökuna.

Fyrirsögn svo í B, S, St, R, Sp; Um óefnilega (efnilega Br) giptingu Ad, Br; „Vijsa“ D; Misjöfn gipting, hin; 1. Ef sl. H, K, Þ; 4. verður H; 5. virðist vera „táleld“ í Br, segir Eiríkur Magnúss.; kveiktan H, H E, Hr, K, Þ; 6. Þó spenni Ad, D, Br; 7. víst Ad, H, K, D, H E, Hr, Þ; vís, hin; 9. en vill Ad, Br; 10. brauði vílar Útg.; brauðið vílar H E; búandi vílar Ad; um brundin vitjar Hr; um brundin vitjar baugs hind K, Þ; 11. börnin opt ef fá vörn Útg. o. fl.; ef börnin verða ópgjörn D; ef sl. Ad; apgjörn Hr, K, Þ.

Præposterum conjugium.

[Útg. bls. 109—10; Hálfdánarbók; Hrafnadalskver eignar Sr Hallgrími Péturssyni; Þingeyrabók; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; Bmfél. 9. 8vo., Jón Stefánss. hdr. (heilt); hdr. Sr Þorv. Böðvarssonar; Additam. 80. 4to.; J Sig. 271. 4to. með hendi Halldórs Hjálmarssonar; K = J Sig. 239. 8vo.; K_2 = J Sig. 92. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; British Museum Nr. 11,175. 8vo. (F Magn. 181. 8vo.) fol. 152 a; Bd = F Magn. Nr. 6. fol. í Bodleys safni í Oxford. Í H E, Hr, Þ er svo að skilja, að þessi vísa og: Ef geiraþollur geðstór &c. eigi að vera eitt kvæði.]

Í snæru biðill fjúks fór
um fentan snjó og vatn rent
kviðléttur til kaupanna,
óttaðist að auðsgátt
undandregin sér mundi,
hvatti hann það til hlaupanna.
Ef föður-kallinn forsjáll
frestar jái, hún lézt þá
greiða lag til laupanna,
segist ekki samþykk,
að sinn heiðursdagurinn
standi og bíði staupanna.

Fyrirsögn: Hastverk á giptingu Útg. De iisdem (ɔ: Tilhugalif) Ad; De præpostero conjugio Br „Vijsur“ Bd; 6. „hvatt hañ“ Bd; 7. Ef faðir kallinn H, H E; 8. festarmeyju lézt þá Hr, Þ; festarmeyju þá lézt K; ef frestar Ad (en sl. ef í 7.); frestar jáa Br; 8—9. H hefur þessar línur samhljóða því, sem hér er, en eptir minni, því Halldór segir: „vantar í, sem mig minnir og heyrt hafi þannig“; 9. að greiða Ad, Hr, Þ, Br, Bd; til kaupanna(!) Bd.

Um biðla.

[A Magn. Nr. 149. 8vo.; er engum eignað, en Jón Sigurðsson heldur að vísan sé eptir Sr Stefán Ólafsson.]

Einn er dökkur eg vil tjá,
ekki er hann vænn að líta,
annar lízt mér aftót þá,
allur mjór sem strýta,
þriðji lízt mér þori að slá,
þar með kífsöm kýta,
fjórði kembir kollinn grá
og kann sig ekki að hvíta,
fimta stríðir fátækt á,
fúll er hann sem grýta,
sauðaþjófum sjötti frá
sig kann ekki að slíta,
sjðunda börnin sýta hjá,
svöng uppá hann rýta,
áttunda skal ólin hrá
upp í gálgann hnýta,
níunda svíðing nefna má
nauðstöddum björg að býta,
tíunda aftót telja má,
í töluna ættar sýta.
Biðla þessa brúðurinn á,
hún bar þeim mart til lýta,
öngvan þeirra auðargná
ætla eg vildi nýta.

„Heimslysta vísa".

[Stokkahlaðabók; J Sig. 82. 8vo.; Rask 83. 8vo. Eigna öll Sr Stefáni vísuna; Varðgjárbók eignar hana Sr Benedikt í Bjarnanesi.]

Vakrir hestar, vígðir prestar og vænar píkur,
þetta flestalt víða víkur,
varan bezta um landið strýkur.

[Þessar svo nefndu „Heimlysta vísur", eru fjölda margar til á íslenzku, og þó fáar mjög gamlar. Einna elzt mun vera þessi, og er nafnið í henni:

Held eg mestu heimsins lyst
hesti að ríða bráðum,
sofa hjá ungri seima rist
og sigla byr í náðum.

Í þessum vísum á að vera upptalið, hvað séu mestar unaðsemdir í heiminum, og hafa fjölda margir hagyrðingar spreitt sig á þessu, en fáar af vísunum eru góðar. Aptan við vísu þá, sem hér er eignuð Sr Stefáni, standa þessar vísur í Varðgjárbók, og eru þar einnig eignaðar Sr Benedikt:

Hesti að ríða um hauðrið fríða heims er kæti,
presti að hlýða mesta mæti,
meyjunnar blíða er eptirlæti.

Hest um grundir hafa menn fundið helzt við sinni,
prest, ef stundar standið inni,
en stúlkuna undir rekkjóðinni.

Hestur fjögur hundruð kostar og herleg tygi,
þrifinn prestur þrisvar níu,
þorngrund bezta áttatíu.

Eigðu, prestur, ungan hest og ágætt kvendi,
þú hefur flestalt þá í hendi
það hið bezta hér innlendis.]

Langloka.

[Dr = J Sig. 265. 8vo.; J Sig. 271. 4to. með hendi Páls „eptir handriti í safni Jóns Árnasonar"; J Árnas. B. IV. 8vo. bls. 91; Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 35—36. P og J A eigna Sr Stefáni, en hin Sr Benedikt Jónssyni í Bjarnanesi, dótturssyni Sr Guðmundar Erlendssonar í Felli. Varðgjárkver eignar og Sr Benedikt.]

Funa ægis fold blíð
með gæði,
fróm auðar ná,
fögur, ung og hugþýð,
svo bæði
hlýði höldar á,
dygðum vafin, dáfríð
eg ræði
og dikta satt í frá,
drottni kær og hans lýð,
um svæði
gerla gæfuhá,

10—12. vantar í J A, P.

að unna ungri auðs hlíð
án mæði
og una henni hjá
eg held bezt um lífs tíð,
þeim næði
slíka frægð að fá,
manns hún linar mart stríð
og græðir
mein og alla þrá.
Mærðar fellur svo smíð
og kvæði.
Hverfi óðar skrá.

TRÖLLASLAGUR.

[J Sig. 265. 8vo. eignar Sr Benedikt í Bjarnanesi; J A = J Árn. B. XV. 8vo. bls. 60. eign. Sr Benedikt; G = J Árn. B. IX. 8vo. bls. 173 með hendi Gísla Konráðss., eign. Sr Benedikt; J Árn. B. IV. 8vo. bls. 91 eignar Sr Stefáni Ólafssyni; J Sig. 271. 4to. með hendi Páls „eptir hdr. í safni Jóns Árnasonar", eign. Sr Stefáni Ólafssyni. Tvö seinast nefndu hdrr. munu vera hin sömu; er því mjög hæpið, að vísan sé Sr Stefáns.]

Sætan mæta er blíð bót,
bætir um nætur fákæti,
hennar enni, hönd, kinn
hvít er sem krítin að líta,

20. og bræði Dr, Bb; 23. hvarf Dr.

rjóð sem blóðið þiggur það
að þýðast dáfríða manns blíðu,
fróm í sóma forðast glaum
og fettir sig nett að keipréttum,
grönn sem hvönn hún gefur munn,
þá gamanið framið er saman,
slíkrar píku magamök
mjúk er sem dúkur að skjúka.
Meyjar meining skilja,
má eg þær einskis dylja,
ástin ei leynist, þó ætti sig að hylja,
þanninn er gulls þilja,
sem þokknast manns vilja.

COMPARATIO HOMINUM MAXIMÆ DIVERSITATIS.

I.

Descriptio virginis formosæ.

[Útg. bls. 107—108; J Sig. 271. 4to. með hendi Halldórs Hjálmarssonar „eptir skruddu Sr E[inars] H[álfdánar]-

---

6. þýðust dáfríðust manns blíðu G; 8. sig netta keipréttum J A; 9—10. vantar í J A; 9. sem fönn hún, öll nema G, Dr, Bb; 10. það gamanið, öll nema G, Dr: 12. mjúkur er, öll nema G, J A; 13. Meyjarnar G; 14. og má þar J A; 15. ástir ei leynast G; 17. mannsins G.

s[onar]"; Bmfél. 9. 8vo.; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; Bd = F Magn. Nr. 6. fol. 38 a^1—38 a^2 í Bodleys safni í Oxford, skr. um og eptir 1766.]

Eina eg veit,
og er sú mér í minni,
sérdeilis fagra silkihrund,
um hyggju reit,
þó héðan af aldrei finni,
hana eg ber um alla stund.

Aðalfyrirsögnin er tekin eptir Bd. I. Descr. virg. form. Fyrirsögn svo í St, S, R, Sp; Um fagra stúlku Útg.; 2. og er mér sú R; 3. fagra H, Bd; hin: fögur; 9. sem rauðasta H, R, S, Sp, St, Bd; 10. mátti S; 11. Altíð hugsa eg því á þá H, Bd. II. Descr. virg. def. Fyrirsögn svo í S, St, Sp, R; Um ófríða stúlku Útg.; 3. „sierdeilis leið silkihrund"(!) Bd; 8. og ská, öll nema H; 9. með svartasta hörundið, brún og brá, öll nema H; 10. mátti St, Sp; hana sjá Sp.

Aptan við þessar vísur stendur í hdr. Halldórs Hjálmarssonar ýmislegt af vísum, sem kalla mætti „hjónaefnavísur", og sýnist hann hiklaust að eigna þær Sr Stefáni Ólafssyni, en bæði er mér mjög til efs, að nokkuð af þeim sé eptir hann, og svo finnast þær að auki í öðrum handritum sumpart eignaðar öðrum og sumpart engum eignaðar. Þessar vísur eru því teknar hér að eins neðanmáls, og með þeim skilríkjum fyrir höfundum, sem eg hefi getað fundið. Þau handrit, sem hér eru notuð eru, auk áðurgreinds Haldórs handrits, í Bókmfél. d. á Ísl. Nr. 203. 8vo. með gamalli hendi (frá miðri 18. öld), og standa vísurnar þar næstar eptir Ölkvæði Sr Stefáns: Vínið held eg bezt brent &c. (I. bls. 349—54), Þórkatla, bók í 8vo., sem Bókmentofél. á, skr. um 1760 á Hrauni í Grindavík af Þorkeli lögréttumanni Jónssyni, þar

Alt er hún þetta, sem eg kann að tjá,
augnfögur, kinnrjóð, munnfríð og smá,
sem skírasta gullið á brún og brá,
brenna mætti hver hana sá.
Altíð lízt mér því á þá.

---

eru þessar vísur flestar, og er sagt að „flestallar (séu) kveðnar af P[áli] J[óns]s[yni] Vídalín". Þriðja handritið er Þingeyrabók, sem er skr. um 1760. Jón Ólafsson frá Grunnavík vitnar nokkrum sinnum í þessar vísur (orðabók: drýgja, fúllyndur, genta, heimskur, hór, klén, kurteis; Additam. Nr. 7. 4to. 1329, Nr. 8. 4to. 2058, 3299) og eignar altaf Sr Árna Þorvarðssyni á Þingvöllum (f. 1650, skrifuðum í stúdentatölu við háskólann 30. nóv. 1669, vígð. 1677, próf. 1691, d. 1702), sem þýddi annan part Kingóssálma Skálholti 1693. Sr Árni á Þingvöllum er móðurafi Árna rímnaskálds Böðvarssonar (d. 1777). Þingeyrabók eignar vísurnar þremur; sumt af þeim Sr Árna, sumt Steini biskupi Jónssyni (f. 1660?; skrif. í stúdentatölu við Kaupmannahafnarháskóla 7. Sept. 1686, vígð. 1688, biskup 1711, d. 1739) og sumt Páli Vídalín. Þessar eru vísur þær, sem Halldór Hjálmarson sýnist hiklaust eigna Sr Stefáni „eptir skruddu Sr E[inars] H[álfdánar]s[onar]". 1. vísa, finst og í Þórkötlu, en er þar eigi sérstakl. eign. neinum:

Málmagrér
mjóleitur, nasahár,
kinnaber,
kjaptvíður, varablár,
andfúll, svartur, eygður skakt,
orðfæris stamur,
alls ekkert til lista lagt,
lundillur, framur,
herðastór,
hokinn í rassi,

II.

Descriptio virginis deformis.

[Utg. bls. 108. Að öðru leyti alveg sömu heimildir, sem fyrir vísunni á undan.]

Aðra eg veit,
og er sú mér í minni.

---

lendamjór,
lærvisinn hjassi,
við engan rór,
afskræmis trassi,
handaskorpinn, hærður skakt,
ólaglegur á allan hátt
og engum geðþekkur.

2. vísan finst og í Þórkötlu og Þingeyrabók. Þingeyrabók eignar hana Páli Vídalín, en Þórkatla engum sérstaklega:

Ungt mannval
artugur, fríður, hýr,
svo sem skal
siðprúður, dygðaskír,
vaxinn bezt og vitur með,
vinlegur, glaður,
heilráður, með hógvært geð
og húgprúður maður,
málsnillin,
mjög framsýnn, rjóður,
orðgætinn,
afbrigðisfróður,
hyggja svinn,
hálærður, góður,
óttast guð og elskar frið,
sú er heppin hringa spöng,
er hann fær að unna.

sérdeilis leiða silkihrund,
um hyggju reit,

---

3. vísan finst og í Þingeyrabók, og er þar eignuð Steini Jónssyni:

Seimaþór
siðprúður, lyndishreinn,
í máta stór,
munnfríður yngissveinn,
gæfur, þýður gjarn á dáð,
góðorður, ræðinn, (góður í ræðum, Þingb.)
vizkuhoskur, vandar ráð,
velmentur gæðum,
elskar dygð,
á gæfu stundar,
hatar lygð,
hyggindi grundar,
sá ef hrygð
sér geira lundar
huggar dyggur hryggvan segg,
mæta hlýtur móti ást
mannvalið þetta.

4. vísan finst og í Þórkötlu og Þingeyrabók og Bókmfél. d. á Ísl. 203. 8vo. Í Þórkötlu eru tvær útgáfur af vísunni, og báðar hvor annari ólíkar, og báður ólíkar þessari. Þingeyrabók eignar vísuna Sr Árna:

Ungur sveinn
augnfagur, hýr á kinn,
í vexti beinn,
bjartur á hár og skinn,
alvarlegur að yfirlit,
ódeigt fram gangi,
í ræðu snjall með ráð og vit,
til réttsýnis langi,

5. Þó héðan af aldrei finni,
hana eg ber um alla stund.

---

lærður vel,
lagyrkur, fróður,
um hyggju þel
hýr, gegn og góður,
við þrautajel
þver ei hans móður,
heiðri guð og hugsi um bú.
Að giptast slíkum, góðin mín sæl,
gæfa má heita.

5. vísan finst og í Bmfél. 203. 8vo. og Þingeyrabók, og er þar eignuð Sr Árna:

Geðsleg snót
gullhærð og ljós á brá,
með þægt viðmót,
þýðvaxin, handasmá,
augnskær, munnfríð, hvít um háls,
hörundið ljósa,
blíður prýði blóminn máls,
sem beztan má kjósa,
hugvitssvinn,
hreinvirk og iðin,
ofeimin,
illu frá sniðin,
kvenprýðin
kyssi húsfriðinn,
bjart sé hjarta af bæn og trú,
hvað sælt er að búa við soddan sprund
sá veit er reynir.

6. vísan finst og í Þingeyrabók, og er þar eignuð Steini biskupi:

Nertug mær,
næm, vitur, rjóð á kinn,

Alt er hún þetta, sem eg kann að tjá,
augndöpur, gráföl, munnvíð á ská,

---

augun skær,
artug og réttvaxin,
hagorð, siðlát, hýr og fróð,
hæversk og fögur,
örlát, blíð við auma þjóð,
ekki málgögur,
guðrækin,
geðprúð, sannræðin,
í máta svinn,
mun ekki hæðin,
verknað sinn
vandar og fræðin,
snild sú heldur falda fold,
ef hlýtur spjóta hreytir snót
heppinn má segja.

7. vísan sýnist vera nokkurskonar niðurlagsvísa. Hún finst og í Þingeyrabók, og sýnist vera eignuð þar Sr Árna:

Getið hef eg þess geðs í rann,
ef gætt er rétt að sprundi,
að auðgrund slíka enginn mann
ofdýrt kaupa mundi.

Vísurnar, sem Halldór sýnist að eigna Sr Stefáni eru ekki fleiri, og er ekki hirt um að tilfæra hér orðamun handritanna, heldur teknir leshættirnir sem líklegastir þóttu. Þessar hjónaefnavísur eru alls yfir 20 að tölu, og eru auðsjáanlega eptir sínu sinni hvern, sem hafa verið að spreita sig hver í kapp við annan. Þær eru allar á íslenzku, nema ein, sem Þingeyrabók eignar Sr Árna, og er á latínu, kveðin uppá íslenzka vísu:

Fæmina
formosa, nubilis,

sem svartasta kolið á brún og brá,
blöskra mætti þeim hana sá.
Aldrei lízt mér því á þá.

STÁTSMEYJARKVÆÐI.

[Sbr. Útg. bls. 67—69; Snót Khöfn 1850 bls. 182—84; Snót Rvík 1865 bls. 260—62; Hálfdánarbók mín bls. 78; Gl = Afskrift Jóns bókavarðar Árnasonar eptir bók, sem hann fékk léða hjá Gunnlaugi Blöndal († 1884); Kr = J Sig. 225. 8vo.; J A = J Árn. B. IX. 8vo. bls. 65—68; Þingeyrabók bls. 165—66; Hrafnadalskver bls. 112—13; Dr = J Arn. A. II. 8vo. bls. nr. 18; A = J Sig. 271. 4to. (orðam. Páls); B = J Sig. 271. 4to. (orðam. Páls); C = J Sig. 271. 4to.

---

vivida,
verbis amabilis,
colla mollis, crura & os,
candida, lenis,
puellarum pulcher flos,
purpureis genis,
seria,
sermone miti,
selecta
præcepta liti,
sincera,
similis viti,
colit deum, curat res,
:|: illam volo, volo, hæc
virgo si detur. :|:

Að öðru leyti koma þessar vísur eigi hér við, og eg hygg að engin af þessum vísum sé eptir Sr Stefán.

(orðam. Páls); D = J Sig. 271. 4to. (orðam. Páls); Bb = Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 30—31; J = Blöð í 8vo., sem Jónas Jónsson latínuskóladyravörður í Reykjavík á; G = Grundarkver (brot); Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; Varðgjárkver; Gv = Geirs Vigfússonarkver í Bmfél. í 8vo.; Rask 46. 4to. (Rasks eiginhandarrit); Thotts safn 489. 8vo.; Bm = Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo. (með hendi Sr Þorgeirs Guðmundss., kver úr Viðey); Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. b. (orðam. Páls í expl. hans af prentuðu kvæðunum); J Sig. 82. 8vo. bls. 107—10; Bd = F Magn. Nr. 6. fol. 36 a[2] — 36 b[1] í Bodleys í Oxford, skr. um og eptir 1766; J Ól. = Jón Ólafsson Grunnvíkingur í orðab. sinni undir: jóð og Add. B. U. H. Nr. 6. 4to. bls. 852.]

Státsmey sat í sorgum,
sú var ára tólf,
móðir gekk um gólf
hrygg í hugarins borgum.

Státsmeyjarkvæði. Fyrirsögn: Vísur úr dönsku Gl; Vísur úr dönsku útlagðar af Sr Stefáni Ólafssyni (S[r] St. O. s.) J A, Þ, Hr; „Stúlkuvísur S[r] E[iríks] H[alls]s[onar] í Höfða“ J; [Sr Eiríkur Hallsson (d. 1688) er eitt af merkustu skáldum á 17. öld, og hefur ort fjölda kvæða, þar á meðal Landbúaljóð (A Magn. 441. 12mo.), sálma, og talið er að hann hafi gert 17 rímnaflokka, og er einn þeirra prentaður o: Hrólfsrímur kraka. Hrappsey 1777. 8vo. Rímurnar eru 19 að tölu, 11 hinar fyrstu eptir Sr Eirík, en hinar 8 eptir Þorvald Rögnvaldsson á Sauðanesi á Upsaströnd (d. um 1700, J. Ól. Grv. Add. 23. Fol.). Rímurnar byrja svo:

Suðra bát við góma göng
geymir mála skorðan,
Þorr dægur aþykja löng
þegar hann blæs á norðan.

5. Móðir talar af mæði:
Mitt kærasta jóð,
hví ertu svo hljóð
eins og und þér blæði?

Dóttir svarar: Mig dreymdi
10. dýran yngissvein,
ber því brjóstið mein,
gleði og lyst eg gleimdi.

Gjarnan vil eg giptast,
gefðu mér þennan strax,
15. ellegar annars dags
eg mun öndu sviptast.

Sveinbjörn Egilsson hefur gert ofan við vísuna, af því hann kunni ekki eða mundi ekki scinni partinn:

Ef að vanta varma föng,
vist og heyja forðann o. s. frv.

(Sbr. Ljóðm. Svb. Egilss. Rvík 1856 bls. 147)]. „Cantilena ludicra“ eða „cantilena amatoria domini Stephani Olavii“ J Ól.; 3. móður Hr; móðurin J A; 4. hreld í Gv; hljóð í C; með hrygð í A, Dr, Gl, J A; 5. talaði H E, Gv, Bd; spyr Dr, A; svaraði J; 7. því ertu V, Gv, A, R, T, J A, Gl, Hr, Kr; 8. eins sem A; eins og úr und Sp, J A, Kr; 9. Dóttirin A, D, Gl, Dr; Dótturin Hr; kvað H E, Gl, J A, Kr, Dr, Þ, Hr, V, Gv, T, B, C, Bm, J, Sp, Bd; 11. því ber mitt brjóstið V; því ber eg í brjósti A, Dr; ber því í brjósti Bd; 12. gleði og lyst hún H E; lystum Gv; 14. gef mér H E, Gl, Dr, J A, Þ, Hr, Kr, A, T; 15. ella B; 16. mun eg(!) H E, Gl; 17—20. er í A, D, Dr, Gl, Þ, Hr, J A, Kr; 17. ann eg kæra A, J A, Dr, Kr; 18. hann fá A; 19. fegin sjá A, Dr; 20. ellegar eg mun ærast Hr; 21—24. A, D,

Þeim kompán ann eg kærast,
kláran vil eg hann sjá,
og hjartans fegin fá,
ellegar mun eg ærast.

Svaraði meyju móðer:
Menn þig hæða og spja,
dóttir dálitla,
fyr en eldra fljóð er.

Þú kant ekki að þýðast
þekkan yngissvein,
stiltu stráklegt mein,
það skal þér ei líðast.

Þú kant þeygi að spinna
þráð né hör á rokk,
og ekki að semja sokk,
og ekkert verk að vinna.

Bb, V, Gv, T, Gl, Dr, J A, Kr, Hr, J, Þ, Bd; 21. Meyju svaraði J A, Kr; Meyju anzar Gv; 22. menn þig hlægja Gv; 23. mín dóttir Gv; 24. ung sem eldri fljóðin J; 25. þú kant ei að náða(!) Gv; þú kant þeygi að náða C; 26. þekkan dándusvein A, D: þekkan dándisvein J A; þekkust hofgarðssvein St; þekkast hofgarðssvein Re, R; þýðan yngissvein Gv, C; 27. stiltu þitt stráklegt mein, Útg, Snót, St, Re, R, Sp, Bb, Bm, T: stiltu strax þitt mein B; stiltu strákleg mein H E, Hr, Þ; stiltu stórlegt mein A, Dr; stiltu stórfelt mein J A, Kr; 28. þér skal þetta ei líðast A, Dr, Gl, G, T, V, Þ, Bd; þetta skal þér ei líðast P, R, Bm, Sp; þér skal það ei líðast Kr; og ljóta lund ofbráða Gv; þessu mátt þú ei ráða C; 29. þú kant ei að spinna Gv; þú

Eg skal alt með gjaldi
orka að vinna það,
giptu mig strax í stað,
ef vitinu vilt eg haldi.

Eg kann eflaust náða
ungan hofgarðssvein,
leitt er að liggja ein,
Venus vill nú ráða.

Af ástar eldi eg stikna,
hún upp hrópaði svó,
og það til lagði þó:
Af böli og angri eg blikna.

---

kant eigi að V: þú kant ekki að J, J A, Kr; að sl. Gl, Dr; 30. þráð eða hör Bd; 31. ellegar semja sokk H E, Hr, Þ, Kr, J, Bb, D, Bd, T, V; og ei að Gv; 32. og ekkert vant að veima Kr, R (í orðam.), P; og ekkert vön að vinna H E, J; né nokkuð vant að vinna A; né nokkurt verk að vinna Dr; 34. yfirvinna það Útg, Snót, St, R, Re, Sp; orka og vinna H E, Hr, Gv, P, R (í orðam.); orka og kaupa það C; 36. ef vilt eg vitinu haldi A, Dr; ef viltu eg viti J A, Kr; viltu eg vitinu Hr, Bm, Sp, J; 37. Eg skal eflaust náða J A, Dr, Kr, A; Eg skal allvel náða H E, Hr, Gl, Þ, B, Bb, C, D, G, T, V, Bd; Eflaust eg kann náða J: Eg kann vel að náða(?) Gv; 38. ungan höfðingssvein J A, Dr, A; ungan dándisvein G, V, T, H E, Kr, Hr, Gl, Þ, Bd; ungan dándusvein B, D; yngis þýðan svein C; 39. Dr, A, Bm, Sp, R (í orðam.), Re: hin öll: ljótt: 41—44. vantar í A, B, C, D, Dr, Gl, Hr, H E, Kr, J A, Þ: 44. eg sl. öll, nema P, Sp; 45. Ó, eg um það kvarta J A, Dr, Kr, A, Gv, J; 47. ókreint Kúpidó Útg, Snót, St, R, Re, Sp, V, G, A, B, C, D, Bm, Sp, Bb: kænn er Kúpídó Gv;

Æ, eg um það kvarta,
ör í brjóstið fló,
æ, kreinkt af Kúpidó,
sá skálkur skaut mitt hjarta.

Þraut er þetta að heyra,
ef þitt eg missi lið,
því líf mitt liggur við,
ef fæ eg ei geymir geira.

Óvit ungan svanna
út af sló í rot,
passlegt píkubrot,
því brúði mátti ei banna.

Lengi dags nam liggja,
sem látin væri þá
hæversk hringa ná,
og þunga kvöl nam þiggja.

æ, kleinkuð(!) Kúpidó T, H E, Gl, Hr; óklén Kúpidó J, Dr; kátleg Kúpidó J A, Kr; 48. sá skelmir skaut mitt hjarta H E, Gl, J A, Dr, Þ, Bb, G, Gv, T, V, Bd; 49—52. er í, A, D, Dr, Gl, Hr, Kr, J A, Þ, T; 51. því lífið liggur við D, T; en líf mitt liggur við Hr, Gl, Þ, A; en líf liggur við J A, Dr, Kr; 54. óvart sló í rot Hr, Kr, Þ; 56. brúði náði að banna Hr, Gl, Þ, J, T, V, B, Bb, D, Bd; brúði réði að G; því sl. A; þetta á þeim að banna Gv; þetta má þér banna C; þetta má þér ei banna Bd (orðam.); 57—60. er í A, D, Gl, Dr, Hr, Kr, J A, Þ, T; 60. og þunga þraut nam þiggja A, D, Dr, J A; 62. sem dauðinn búinn var Dr, Hr, J A, Gl, Þ, A, T; 63. svo um síðir A, Dr, J A; 64. raknaði úr rotinu Dr, Hr, Kr, Gl, Þ, A, Sp, Re, T;

Dreypa varð á dryllu,
því dauðinn búinn var,
þó um síðir þar
raknaði úr roti illu.

65. Þá munninn mátti hræra
mælti lyndisstríð:
Ann eg allan tíð
þeim klóta bendir kæra.

Ei skal ungum svanna
70. amorem mjög lá,
það mun flesta þjá,
það gamalt mein er manna.

Uror igne gravi,
ekki er lagið á,
75. það mun flestar þjá,
amo, amor, amavi.

---

hún raknaði Bm; 65—69. er í A, D, Dr, Hr, J A, Kr, Gl, Þ; 66. meyjan lyndisstríð Hr, Gl, Kr, T; 67. ann eg alla A, D, Dr, Hr, Gl, Þ; 68. þeim seima kundi kæra T, Hr; þeim seima þolli(!) kæra D, Þ; þeim káta lundi kæra A, Dr; 69—72. er í D, Dr, Hr, Gl, Þ; 75. T, C, D, Gl, Hr, J A, Kr, Þ; hin: það mun flesta þjá.

KONULEYSINGJAKVÆDI.

[Sbr. Útg. bls. 69—71; Stokkahlaðabók; $Þ_1$ = Þórkatla; Ad = Additam. Nr. 80. 4to.; V = Bmfél. 37. 8vo. (að eins ein vísa, sem vantar í Útg.); hdr. Jóns Stefánssonar (brot); Rask 83. 8vo.; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. (orðam. í expl. Páls); J Sig. 82. 8vo. bls. 110—13; Rs = Rask 89. 8vo. (með hendi Jóns faktors Stefánssonar); $Þ_2$ = Þingeyrabók bls. 189—91; Bm = Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo.; J Sig. 271. 4to. (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi); Hrafnadalskver bls. 109—12; Hálfdánarbók mín; Bl = Orðamunur og viðbætir við kvæðið í og aptan við H E með hendi Jóns Árnasonar eptir Blöndalsbók; Bd = F Magn. Nr 6. fol. 36 b^1—37 a^2 í Bodleys safni í Oxford, skr. um og eptir 1766. J Ól. vitnar í kvæðið þrívegis, að eg hef fundið, undir: fölleitur, ganti, og Additam. Nr. 7. 4to. bls. 1545, og eignar engum. Kvæðið hefur og eigi mikinn ættarsvip af Sr Stefáni, en af því að öll hdrr. af því eigna honum það og engar órækar sannanir eru á móti því, að hann hafi gert það, er ekki hægt að vísa því á dyr.]

Hingað og þangað hugurinn fer,
og hvergi finna gerði
útvalda snót til eignar mér,
og engin trú eg hún verði.

5. Af kvenna hóp mér hrollur stár,
hann er mér bágt að líða,
vil eg því meðan mín endast ár
æ láta gipting bíða.

Fyrirsögn svo í J Ól, Bl, Hr, H E, Ad, S, Rs, Gr, Bd; hin: Vandkosin kona; „úr latínu“ Gr; „úr dönsku“ H E, Hr; Lag: Satan upp vekur syndagöll Rs; 1. hugur minn

Ef stórvaxin mér stendur hjá
strax verð eg rýr á fæti,
hina lágu ef lít eg á
lítt trú eg hennar gæti.

Ofvís hin klóka verða má,
víst mun eg heimska spotta,
sem bezt að öllum geri eg gá,
gleymi þó ei sjálfsþotta.

Sú prúðbúna mér gefur grun
um geysidreissugt æði,
en lörfum hlaðin miður mun
mínum líkama gæða.

Bl; hug minn ber Hr; 2. svo $Þ_2$; og sl. $Þ_1$, Gr, Bl, H E: (og) hvergi (þó Ad, R) finn eg á jörðu, hin; 6. hann kann eg ei að líða Bl, Hr; honum er bágt að eyða P, $Þ_2$; með heimskulega miklum (greiða(!) Þ) leiða Gr; bágt að deyða Útg; 8. ætið hjá honum sneiða Útg, H E, St, Re, Rs, Þ, Sp, Ad, Gr, Bm, Bd; [m]ig fram hjá honum leiða St: ætið hjá þeim sneiða $Þ_2$; altíð hjá honum sneiða R; 11. ei lít eg á Bl, Hr, $Þ_2$; er lít eg á St; þá lít eg á Gr; 13—16. vantar í Útg, og sum af hdrr.; 13. Forvís Gr; 14. heimska eg Þ; 15. svo Bl, Hr; sem bezt að öllum eg vil (er Bd) gá H E, Bd: sem bezt að öllu (öllum Ad, Rs, S, V, $Þ_2$) er eg (ei V) að gá $Þ_1$; sem bezt að öllu er að gá Gr; 16. ei kemst þó heim við þetta H E, Rs, S; gleymt þó ei sjálfur þótta $Þ_2$; ei kemst þó heim um þetta Gr; ei kemst þó heim með þetta Ad, Gr (orðam.), V; 18. með geysi- Útg, Bm, St, Sp; -dristugt $Þ_1$; „um geist dreissugt æði“(!) Bd: 19. en lörfunum Gr; en hin tötruga er sizt (sízt er Bl, Hr) H E, Útg, Ad, Bm, Rs, Sp, Þ, S, R, St; sú tötruga sizt er von

Rík vill vera meistari minn,
minkun að snauðri kalla,
glaðvær þykir mér of alminn,
ei mun mér döpur falla.

Ofaugnfögur mér auka má
innvortis þanka skæða,
hinni rangeygðu flý eg frá,
fjörgömul vill mig mæða.

Of mikils sú unga hér
óskar af mér stundum,
hin dökkva illa sómir sér,
sótthætt er fölleitt sprundið.

P; 20. sé eptir minu geði, Útg, Bl. H E, Bd, Hr, P; mínu samt þokknast geði Gr; 22. að snauðri hallast Bl, H E, Hr, Ad: halla Gr; 23. glaðlynd sýnist Ad, Rs, H E, Hr; glaðvær sýnist Útg, Bl, R, St; ofalin Bl, Hr; 24. ei kann Útg, Bm, H E, Hr, R, Rs, S; ei kann mér döpur að Ad; ei kann mér döpur fallast Bl; 25. Sú augnfagra Gr; 26. þankann Útg, R; þeirri rangeygðu, öll, nema, Útg, R, H E, Hr; 29. Sú unga af mikils af mér Útg, Bm, Rs, Gr, Sp, R, þ_2, St, Bl, Ad, H E, S, Hr, Bd; 30 mun krefja á hverri stundu Útg, Bm, Rs, Gr, Sp, R, þ_2, St, Bl, Ad, H E, S, Br, Hr; mun krefja hverjar stundir Gr; 31. hin gamla Bl, Hr: sótthætt Gr, Bl, Hr, J Ól; hin: sóttgjarnt; 33. Holdug P, þ; 34. mögur lík er Bm, Sp, St; 35. að ódámlegri Bl, Hr, Ad, Rs, S; að óðamála P, þ_2; 36. of fögur þ; þykist H E, P, þ_2, Bd; 37. svo P, þ_2; Ganta er sú sem altíð hlær Útg, Ad, Bm, Rs, Sp, S, R, St, H E, Bd; Ganta er sú að öllu hlær J Ól; Ganta er sú, sem alljafnt þ, Bl, Hr: 38. svo Bl, Hr: hin: eg hræðist, nema Útg, Bd, R: hræðist eg; 39.

Holdmikil sveita dreifir daun,
dauðanum mögur líkist,
að ofmálugri er mér raun,
ofþögul fákæn þykir.

Er sú genta, sem alljafnt hlær,
óhýrt eg fælist kvendi,
kveðendis snót til kænsku ei fær,
kvíðandi hrygð mér sendir.

Kann eg ei við þá kyssir fast,
kitlar mig við þeim blíðu,
öfug fram gengur opt með hast,
ama eg þeirri stríðu.

Óþrifin gleymir allri kurt,
ei kann sú lata að dafna,
iðin mig fælir frá sér burt
fyrst hún vill öllu safna.

Neyzlugrönn sífelt sveltir mig,
sú gráðuga alt jetur,
tærilát hispar sjálfa sig,
sóðaleg ei fer betur.

Guðhrædd tíðum með gráti er,
gaman mér ekkert færir,
óguðleg sóma engan ber,
ilsku og svikum tærir.

---

kveðandi Útg, Þ; „kveðnýðis“ Bl, Hr; kvæðindis S; er kænsku Þ, Ad, Gr; til kænsku Rs; til kæti P, $Þ_2$; 40.

Þagmælskri er raun að þreyja hjá,
þýtur upp sú máluga,
augndöpur kann mig ei að sjá,
eymd er sú vanvituga.

Of feimin hvimar alt um kring,
augunum sumar gjóta,
kvíðandi auka kveisusting,
kveimur þær mikið blóta.

Hátöluð alla heyrn mér frá
hvellandi burtu ærir,
lágrómuð tala lítið má,
líflegt orð ei framfærir.

Óafmeyjuð mér eykur þraut
um værðar tímann sanna,
of föl er fullreynd faldalaut,
feilar sér baugananna.

Stuttleit við kisu merkjast má,
mjög er það ljótt að heyra,
oftoginleitri flý eg frá,
fælist eg hana meira.

Tóbak ef brúkar seljan seims
sætan ei andann hefur,
börnin verða þá alt að eins,
iðkun þann vanann gefur.

---

veinandi Útg, R, St, HE, Bl, Hr, Bd; 41—104. vantar öll, nema Bl, Hr; 64. kvimur Hr: 105. Ei kann í vífa

Hálsstutt við axlir höfuð ber,
hin teygir álku langa,
þá hún kemur á móti mér
mun eg frá henni ganga.

Sorglegt er þeirri að sofa hjá,
sem að æði hátt hrýtur
eins og þá bumbu seggir slá,
sú er um eyrun þýtur.

Fljótmæltrar skil eg skvaldur ei,
skark er það meir en ræða,
seinmælt er lengi að segja nei,
siðugir að því hæða.

Of heit í rúmi eykur þrá,
eldinum þetta líkist,
ísköld við jökul merkjast má,
margur af þessu sýkist.

Tanngisin sífelt tefur sig
til þess úr þeim að kroppa,
of létt víf fælir einatt mig,
alt um kring gerir hoppa.

Sitt er að hverri seima hrund,
svo munu fleiri játa,
hittast fáar á heimsins grund
að hafi réttan máta.

---

flokki Gr; það kann ei í vífa flokki $Þ_1$; það kann í vífa flokki (vísna flokki Bl, Hr) ei Ad, Rs, S, $Þ_2$, Bd; 106. full-

Það kann ei víf í flokki að fást,
fánýtt er slíkt að rengja,
hvar við trygð mína og hjartans ást
eg hirði saman að tengja.

Og fyrst eg ei þá finna kann,
sem fullvel má mér haga,
ætla eg að verða minn eiginn mann
um alla mína daga.

VÍSUR.

[Páls safn Nr. 1. 8vo. XXIII. p. 42—43. Eptir afskrift Jóns Egilssonar á Vatnshorni. Páll segir að vel megi vera, að vísurnar sé eptir Sr Stefán, en sumir eigni þær Jóni Steinssyni, og þykir Páli fult svo sennilegt, að þær sé eptir hann. Þær eru í afskr. Jóns Egilssonar nærst eptir: Eg veit &c. Jón Steinsson (biskups Jónssonar) kallaði sig Berg-

nýtt Sp, R; það að Útg, og öll, nema Gr, Rs, Ad, $Þ_1$; lengja Ad, $Þ_1$, Bl, H E, Hr, Bd; 107. hvað við H E, hvar til girnd mína og heita ást Gr, Rs, $Þ_2$; hvar við girnd mína og heita Ad, Bd; og heita H E, Bl, Hr; hvar mína girnd og hjarta $Þ_1$; 108. hirði eg $Þ_2$; saman tengja Bd; 109. Og fyrst eg þá ei Gr; og eigi finna Þ; fyrst eg (þá Bl, Hr) enga Bl, Hr, $Þ_2$; 110. sem fullvel þykir mér haga Bl, Hr: skal mér haga Þ; sem fullkomlega mér hagar Ad, Gr, Rs, $Þ_2$, Bd, H E; 111. þá ætla eg Útg. og öll, nema P, H; vera, öll, nema H E; eg skal þá vera Bl; skal eg þá vera Hr; 112. um sl. P, $Þ_2$.

mann (af Setbergi, þar sem faðir hans var prestur). Hann („Jonas Sthenonius Islandus") er skrifaður í stúdentatölu við Khafnar háskóla 23. maí 1715, og er þá talinn 19 ára. Áður hafði hann verið heyrari á Hólum. Hann las læknisfræði. Hann átti barn með stúlku, sem hann svo vildi eiga, en var fyrirmunað, og fargaði hann sér út úr því 4. febrúar 1719. Þetta barn, sem hann átti hét Sigríður. Hún giptist Sr Illuga Halldórssyni á Borg (d. 1770), og var móðir Sr Árna á Hofi á Skagaströnd (d. 1825) föður Jóns bókavarðar Árnasonar í Reykjavík og þeirra systkina. Jón Steinsson hefur ort mart af kvæðum, þó ekkert af því sé enn prentað, og samið sögu af Membranaceo hertoga, og þýtt ýmsar sögur á íslenzku.]

Eitt má efni hittast,
ann eg þér fljóðið sanna
enn, þó að sé bönnuð
orða ment, dáða skorðan,
viltu vífið stolta
veita fleina beiti
bæn, þá bægir pínu
báðum okkur til náða.

Efni eitt eg stofna,
eg minnist þín kvinna
margan of fyrir morgun
mjög hljóður fyrir gulltróðu,
vittu víf ef mætti,
væri eg glaður, svo nærri
brúður sem blóð í æðum.
bót fengi eg skjóta.

Efni eitt eg stofna,
enn þykist eg brenna
snót fyrir yðar ástir,
alllengi má sprengjast,
veit að safnast sútir,
svinnlegust, er við finnumst,
þá er mér í hug hægra
hvít að megi þig líta.

Efni eitt eg stofna,
angur varð fram að ganga
víst ef okkar ástir
óviljugar skulu skilja,
biðjum, baugatróða,
bæði að týnum mæði,
þessir blíðir blossar
brennandi saman renni.

Raunakvæði.

[Útg. bls. 88—91 („Eignast af sumum Jóni Steinssyni, of mig minnir rétt, F[innur] M[agnússon].“ Kvæðið er í engum þeim heimildum, sem hér eru fyrir því eignað Jóni Steinssyni, biskups Jónssonar á Hólum, og aldrei öðrum en séra Stefáni); Snót Khöfn 1850 bls. 217—19; Snót Rvík 1865 bls. 184—86; Snót Akureyri 1877 bls. 127—30; V = Vatnshyrna (Bmfél. 105. 4to.): V_2 = Varðgjárkver; Jóns Stefánssonar hdr. (önnur röð; heilt); Stokkahlaðabók (önnur röð en hér); Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. (blöð í 8vo. með hendi Halldórs Hjálmarssonar); Þingeyrabók; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. b. (orðam. skr. í expl. hans af útg. kv.); Hálfdánarbók

mín; Sk = Handrit í 8vo. í safni lærða skólans í Rvík með nýlegri hendi; J Sig. 271. 4to. (orðam. með hendi Páls eptir hdr. Sr Grímólfs); British Museum 11,185. 8vo.; J A = J Árnas. B. IV. 8vo. bls. 92—93; Bm = Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo. bls. 32—35 (hönd Sr Þorgeirs Guðmundss.); Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 31—32; J Sig. 92. 8vo. fol. 135—36 (kvæðabók íslenzk); E = J Sig. 55. 8vo. bls. 131—32 (frá Sr Eiríki Kúld); Kr = J Sig. 210. 8vo. (krafshönd); Bd = F Magn. Nr. 6. fol. 37 b^2—37 b^1 í Bodleys safni í Oxford, skr. um og eptir 1766; Br_2 = British Museum Nr. 11,175. 8vo. (F Magn. 181. 8vo.) fol. 150 a – 150 b.

Eg veit
eina baugalínu,
af henni tendrast vann
eldheit
ást í hjarta mínu,
allur svo eg brann;
bjartleit
burtu hvarf úr rann.
Nú er ei hugurinn heima,
því hana ei öðlast kann.

Sú var
seljan ofnis palla

Fyrirsögn: „Descriptio honestæ virginis“ V, V_2, H, H E, E, Bd; „Minning mistrar unnusta“ Útg, Snót; „Kvæði“ St, R, Bm; „Elskuga erindi með franskan tón“ K; „Rauna kvæði, svo kallað af authore“ Gr, Br; 1. Eg leit Br_2; 5. í brjósti mínu Br, Su, St; 6. svo að eg Br_2; 10. því hana eg hvergi fann E; tvær síðustu línurnar eru tvíteknar í hverju erindi í K; 16. því hæversk var hún Þ; 18. yfirbragðið rétt(!) V, Br_2; yfirbragðið slétt Útg, Snót, S, St, R, Bm,

siðug í máta rétt,
hennar
hegðan réð mér falla,
hæversk var hún og sett,
af bar
yfirbragðið létt.
Nú er ei hugurinn heima,
eg hef ei til hennar frétt.

Hún stóð
hýr í fögrum ranni,
hugði eg að henni bezt,
svipgóð,
sú kann bæta manni
sorg og hugarins brest,
þýtt fljóð
þarflegt kunni flest.
Nú er ei hugurinn heima,
því hefur ei til hennar frézt.

Þýð, teit,
þakin dygða safni,
þrifnað læra réð,
blíðleit,

Gr, P, Þ, E; 20. því eg hef V; því hef eg V_2, Br, H, Bd; til hennar fæ eg ei frétt Br; hennar fæ ei til frétt P; 25. sem kann bæta K, Br_2; 26. súr og V, Gr, K, H, Br_2, HE, Bd; 27. þýtt blóð Br, K; 30. því hefur ekki sést V_2, Kr, Þ; til hennar hefur ei sést Bb, JA; að hefur ei til hennar frézt P; því sl. Br; 31. þýðleit V, HE (en „NB" stendur við); 34. blómleit Þ; 36. bauð hið bezta geð Útg, Snót, Sk,

beztu kvenna jafni
bauð hið hýrsta geð;
eg veit
er henni gæfan léð.
Nú er ei hugurinn heima,
því hana fæ eg ei séð.

Mey brá
mér fyrir hvarma steina
margri fyrr og síð,
ei sá
eg að heldur neina,
er svo þætti fríð,
fótsmá,
fagurhent og þýð.
Nú er ei hugurinn heima,
hún hvarf á samri tíð.

Augnskær,
en á hörundið bjarta
eins og mjöllin hrein,
mjög nær

St, Sp, H, H E; bauð hið mesta geð Br_2, V; 38. er hér í gæfan léð Sk; er henni gæfan með J A, Bd; 40. eg fæ ei Snót, R, H; hana fæ ei K; hana fæ ekki séð Bd; 41—50. er í ýmsum heimildum 11—20, en hér er fylgt röðinni í V, Br, E, K, Þ, H E; 41—43. er svo í V:

Mörg brá
mér fyrir sjónar steina
mengrund fyrr og síð.

42. sjónar steina Br_2, V_2, Bd; 45. eg aðra að heldur neina Gr; 48. fagurhend Snót; 50. sömu Br_2, E, Kr, V_2, Þ, Bd;

55. mínu gekk hún hjarta,
hýran af henni skein;
sú fær
svalað geðinu ein.
Nú er ei hugurinn heima,
60. því horfin er silkirein.

Meyjarmissir.

[Útg. bls. 201; Snót Khöfn 1850 bls. 116—17; Snót Rvík 1865 bls. 183; Varðgjárkver; Stokkahlaðabók; J Sig. 271. 4to. (blöð í 8vo. með hendi Halldórs Hjálmarssonar); Sk = handrit í safni latínuskólans í Rvík í 8vo. með nýlegri hendi; J Sig. 271. 4to. (Orðam. Páls eptir Sr Grímólfi); Þingeyrabók bls. 215; J Sig. 92. 8vo. fol. 36; J Sig. 210. 8vo. (krafshönd); Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 33; J A = J Árnas. B. III. 8vo. bls. 172; Bd = F Magn. Nr. 6. fol. 37 a[1] í Bodleys safni í Oxford, skr. um og eptir 1766; British Museum Nr. 11,175. 8vo. (F Magn. 181. 8vo.) fol. 150 b—151 a; J Ól = Jón Ólafsson Grunnvíkingur í orðabók sinni undir: blóð, fagur, ljón og Add. B. U. H. Nr. 8. 4to. bls. 2888. J Ól. segir, að kvæðið sé ort í Kaupmannahöfn, er Stefán hafi frétt, að unnusta sín

55. gekk hún mínu hjarta V, Bd; 56. eins og sólin skein V_2, Kr, Bb; mjúkt sem sólin skein Þ; mildust sem sólin skein HE; eins og mjöllin skein H, Bd; mildin af henni skein Bm, P; 60. horfin er V_2, H, Þ, E, Kr, HE; því hvarf mér bauga rein K; hin: því hvarf mér silkirein.

úti á Íslandi hafi brugðið heit við sig, og er það því frá árunum 1643—48.]

Björt mey og hrein
mér unni ein
á Ísa- köldu -landi;
sárt ber eg mein
um sinnu rein
sviptur því trygðabandi.

Það eðla fljóð
gekk aðra slóð
en ætlað hafði eg lengi,
daprast því hljóð,
en dvínar móð,
dottið er fyrra gengi.

Stórt hrygðar kíf
sem stála drífr
stingur mig hverju sinni,
það eðla víf
meðan endist líf
aldrei fer mér úr minni.

Fyrirsögn: Meyjarmissir K; Sárt er meyjar að missa Útg, Snót o. fl.; Amatoria J A; 5. fyrir silkirein Útg, Snót, Sk; í sinnugrein K, J Ól.; 7. það eðla blóð J Ól.; það unga fljóð J A; 9. en áður hugði eg Br, Bb, Gr, Kr, H, J A, Þ, St, V, Bd; 10. daprast mín hljóð Br, Gr, Bb, H, J A, V, St, Bd; 11. dvínar blóð Útg, Snót, K; 13. Stórt sorgar kíf V, St, Gr, J A, Br; 15. mig stingur J A, K; sturlar mig Útg, Snót, Sk; 16. því eðla víf St; 18. altíð er mér í minni K: ætíð er mér í minni, Útg, Snót, Bb, Sk; 19. Slíkt

Það sorgar jel
20. mitt þvingar þel
við þig að hlýt eg skilja,
þó finni eg hel
þá farðu vel
fagurleit hringa þilja.

Um skáldskap séra Ólafs á Söndum.

[Útg. bls. 82; hdr. Sr Þorvaldar Böðvarssonar; Stokkahlaðabók; Rask 46. 4to. (Rasks eiginhandarrit); Rask 83. 8vo.; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. b. (orðam. skr. í inn í expl. hans); Hálfdánarbók mín; British Museum Nr. 11,183. 4to. (Kvæði Sr Ólafs á Söndum Cithara oralis eður Munnharpa. „Nú að nýu uppskr. að Flateyu 1772 af G. B. S.“) Vísan er neðst á fol. 112 a.; J Sig. 82. 8vo. bls. 126—27; Bm = Bókmentafél. Nr. 376. 4to. aptan við kvæðab. Sr Ólafs á Söndum: „Sr Stephán í Vallanesi hinn fyrri“ (er í mótsetning við Sr Stefán Pálsson). „Þessa stöku eignaði María sál. Sörensdóttir móðir Sr Jónatans á Stað í Hrútafirði móðurafa sínum Sr Þorvaldi sál. Stefánssyni“ B, R. Annars er Sr Stefáni alstaðar eignuð vísan. Hins vegar er vísan um Sr Ólaf Guðmundsson á Sauðanesi (d. 1608), og sem er svo:

Rijmvijsur riett samañ |
Raadsuiñur nam spinna |

---

hrygðar jel K; Dimt hrygðar jel Útg, Snót, Sk; 21. við þig að hlaut eg K; við þig eg hlaut að Br, Gr, H, Kr, St, V, Þ: 22. þó fái eg Útg, Snót, K, Sk; farðu vel J Ól.; 23. svo farðu vel Sk; þó fái eg hel J Ól.; 24. fagurleit hringa tróða (!) J Ól. (á tveim stöðum); fagurleit hringananna (!) J Ól. (á einum stað, og er því augljóslega tilfært eptir minni).

Hañ ed knyta kuñe |
Kiæn Liod a Norrænu |
Kund og greine Guôndar |
Godmentañ og frodañ |
Olaf, huôr nu hefur |
Heimgang a Saudtanga, |

og sem er prentuð í útg. kvæðanna 1823 bls. 185, ekki eptir Sr Stefán. Hún er eptir Sr Arngrím Jónsson lærða og stendur fyrst prentuð með svipuðum ummerkjum og hér í „Calenda | rium | Islendskt Rijm. So Menn | mættu vita huad Tijmum | Aarsins lijdur med þui | hier eru ecke aarleg | Almanach. † Med lijtillre Vtskyringu | og nockru fleira sem | ei er oþarflegt | ad vita", á þriðja blaði að aptan efst, og er undirskrifað „A. J." Rímið er í 16mo prentstaðar og prentárs laust, en Jón Sigurðsson heldur að það sé prentað á Hólum 1576. Það er og annað rím en það frá 1611, þar sem vísan finst ekki. Vísan er og prentuð í „Calenda | rium Edur Islendskt| Rijm ..... þr|yckt a Hoolum j Hialta dal Arum epter Gu|ds Burd.| MDCLXXI", og stendur þar, að Sr Arngrímur Jónsson á Melstað hafi gert vísuna um Sr Ólaf, sem ort hafi rímvísurnar í almanakinu. Fyrra rímið, sem hér er nefnt, er til í safni Jóns Sigurðssonar og konunglega bókasafninu í Khöfn. Rímið frá 1576 getur það ekki verið, þó það sé ætlan Jóns, því að það liggur í augum uppi, að vísa eptir Arngrím lærða getur þar ekki verið prentuð, því að þá er hann að eins 8 ára gamall (f. 1568) og rímið hlýtur því að vera yngra. Það er eflaust rímið frá 1602. Finnur biskup getur þess ekki. Hálfdán getur þess (Sciagr. bls. 175), en segist aldrei hafa getað fengið elztu rímin. Á fol. 19 b sést og að þetta fyrst nefnda rím er prentað eptir 1596: „Tak hier til að telia fra þui | Aare sem Datū skrifadest 1596 | (þui þa var Gyllene taled 1)". Í rími Þórðar biskups pr. í Skálholti 1692 í 12mo er vísan ekki, og ekki heldur í „Rijmtal | Islendskt | Til ad vita huad Aarsens Tijdū | lijdur" pr. í Skálholti 1687 (sjá fol 14 b, 16 b, 21 a, 22 b) í 32mo (í kgl. bóksafni). Sr Ólafur á

Söndum í Dýrafirði var Jonsson (f. 1560, d. 1627). Hann hefur ort fjölda af sálmum og kvæðum, mest megnis andlegum, sem finnast víða, svo sem í Rasks safni, Finns Magnússonar safni í British Museum, Jóns Sigurðssonar, Páls Pálssonar og Jóns Árnasonar safni Landsbókahlöðunni í Rvík, og í Kaupmannahafnardeildar safni hins ísl. bókmfél. með ljómandi hendi Sr Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði skr. 1693, og eru þar lög víða nótéruð. Mörg af kvæðum hans eru með viðlögum. Eitt af þeim hefur þetta viðlag:

Fyrnist Ísland fríða,
fölnar jarðar blóm,
á leið til himins langar mig
því lifa þar guðs börn tóm,
fyrnist Ísland fríða.]

Séra Ólafur á Söndum
sálma og vísur kvað,
mart gott hefur í höndum
hver, sem iðkar það,
því var skáldi skipt
skýrleiks andagipt,
mig hafa ljóð þess listamanns
langseminni svipt;
fáir fara nú lengra,
þó fýsi að yrkja þrengra.

Ellivísa.

[J Árn. II. B. 8vo. bls. 202, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 38, eignar Sr Stefáni Ólafssyni;

---

3. hafði í Bm, Br; 6. skýrri andagipt P; skýrust andagipt H E; skýrleg andagipt Bm, Br.

A = J Arn. IV. B. 8vo. bls. 91, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Sk = J Sig. 83. 8vo. (Schevings þykka bók) eignar Sr Hallgrími Péturssyni; P = J Sig. 271. 4to. með hendi Páls eignar Sr Stefáni; P_2 = Páls safn Nr. 1. 8vo. XXIII. bls. 54; R = Rask 39. 4to. skr. 1787 af Eiríki Loptssyni eign. Sr Hallgrími. Páll Pálsson segir, að hdr. Sigmundar Mattíassonar í safni Jóns Árnasonar eigni hana Sr Stefáni; Additam. Nr. 80. 4to. eignar Sr Stefáni; British Museum Nr. 11,175. 8vo. (F Magn. 181. 8vo.) fol. 152 b.]

Ellin að gerir hallast,
aptrast fyrri kraptar,
hrukkar hörundið blakka,
hærur á kolli nærast,
tennur taka úr munni
trosnaðar að losna,
dvínar dugur og ræna,
dregið hold sígur að moldu.

Sauðhyrningshrós.

[Útg. bls. 134; Stokkahlaðabók; Hálfdánarbók; Jóns Stefánssonar hdr.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum 11,185. 8vo.; Þingeyrabók J Sig. 82. 8vo.]

Fínt er að mála, flétta hreint
flingurverk á sauðhyrning,

Fyrirsögn svo í P; hin flest: Um ellina: 1. atgervi hallar J A, P, P_2: 6. trosnaðar burtu P, Sk; 8. hold hnígur að Br.

brýnt sé stál og rétt til reynt,
ringur merkist alt um kring.

Bora skapt og bera al
beittan inn í fagran hnút,
skora haft og skera fal,
skreyttan vinna slóginn út.

Fín er orðin freyðin nú,
flúruð, skær og úruð þél,
skín á borði skeiðin sú,
skúruð glær sem kúríel.

Geld eg mengi gleðiskraf,
gætið, frá er hugsun forn,
held eg enginn héðan af
hætið þrái um uxahorn.

Letri fípruð leyfir rekk,
létt í hönd og plagar fljóð,
tetri slípuð sleifin fékk
sléttubönduð gagaraljóð.

Fyrirsögn svo i Br, Gr; Grafið spónskapt, hin; 2. fingurverk Sp, Þ; 3. að brýnt S, St, R, Br, HE, Þ; rétt vel reynt Br, Gr; 4. ringur verpist Gr; verkis(!) Br; blað um kring HE, Þ; 5. Að bera Br; 8. og skreyttan Br; slaginn út Br, Gr, Þ; 10. og úrin Br, Gr, Þ; 12. ouriel Br; glært Þ (nær ei lengra); 13—16. vantar í öll nema Br, Gr; 16... þeirrar um(!) Br; 17. Letri pipruð Br, HE; 18. hönd, en Br, Gr; 19. etri(!) slípuð Br; fékk Br, H E, S (en hefur gert úr því gekk síðar): hin: gekk.

NÝIR BÚMENN BILA STUNDUM FLJÓTT.

[Útg. bls. 33—34; Stokkahlb.; Rask 46. 4to.; Rask 83. 8vo.; British Museum Nr. 11,185. 8vo.; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. (orðam. skrifaður inn í expl. Páls); Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo. (= Bm); Þingeyrabók; J Sig. 92. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.]

Sandaniður og sjálegt sprund
settust ofan á melinn slétt;
randa viður og hún á hund;
hyskið dettur í sultinn rétt.

Þeynoll bila ætlar af,
agalaus þar hnoða eg um brag,
heytoll skila gerði, er gaf,
gagara faus um boðunardag.

Lambið hristi lukkusljór,
lagði eg tal við þennan hal,
drambið misti darra þór;
í dalinn Fljóts nú ríða skal.

Alla sauði sína át,
sjálfur gráa folann á,
karlinn snauði komst í mát,
kofunum smáu gekk svo frá.

---

2. niður á St, K 6. kveð eg um P, Þ; 8. vantar i K af ásettu ráði; svo St, Re, R, Br, P, Bm, Þ, Sp; gagara fans Útg; faus, sbr. fausi, fausast í orðabók Bj. Halldórssonar; 9. lukkustór Re; 12. þá ríða Br; 13—16. = 5. erindi í Br; 16. smá hann Br; 17—20. = 4 er. í Br; 17. Hvarf eg frá þar gull- Br.

Snúa þráði að gullskorð greitt,
gerði hún unna hjörva runn;
búa náði um árið eitt
og hún Gunna lukku-þunn.

[VÍSUR.]

Undir persónu bónda eins í Vallanessókn, er var gramur upp á þann, sem átt hafði barn við dóttur hans; kveðið undir hans tón, þá hann var að sítéra lögin.

[Útg. bls. 178—80; hdr. J Stefánsson.; Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 301—304. Jón Grunnvíkingur vitnar í kvæðið, og eignar það ýmist Sr Stefáni eða Guðbrandi Björnssyni frá Múnkaþverá Magnússonar. Guðbrandur þessi fór utan, og varð dáti 1689, fór aptur til Íslands; var svallari mikill, og dó á sveit (sbr. J Esp. ættartölur I. bls. 435 Bmfél. Nr. 9. 4to., Hallgr. Jónss. Ritht. bls. 144).]

Kongsins fanga kalla eg einn mann.
Það er nú af því til.
Kann eg sættast ei við hann.
Það gildir eitt og svo mikið.
Enn þó komi til útstátur,
alþingismenn og prófastur
með jalli.
Plánetur og póstarnir allir.

5 Útstátur. Svo mun bóndinn vera látinn nefna það, sem annars heita statútur (státútur).

Rétt minn vil eg rífan fá.
Það er nú af því til.
Og ráðspjöll full þar ofan á.
Það gildir eitt og svo mikið.
Eins og hljóða útstátur,
en ekki svo sem dæmir hvur
á palli.
Plánetur og póstarnir allir.

Minn hinn frómi leggur lið.
Það er nú af því til.
Límir hann sig við mína hlíð.
Það gildir eitt og svo mikið.
Ýmsar kann hann útstátur,
þó í honum sé vondur kur
með galli.
Plánetur og póstarnir allir.

Eitt sinn varð eg mælskur mjeg.
Það er nú af því til.
Mín var gáfan ekki treg.
Það gildir eitt og svo mikið.
Aldrei þrutu útstátur,
eins þær flutu og regnlækur
úr fjalli.
Plánetur og póstarnir allir.

Nú er eg orðinn eptir mig.
Það er nú af því til,

---

13. bjóða St; 17. hinn frómi = Sr Stefán S, „B.“, St, R, Sp.

35. að reið mælskan mér á slig.
Það gildir eitt og svo mikið.
Endast þannig útstátur,
Einars þagnar gamli bur
og kallinn.
40. *Plánetur og póstarnir allir.*

TAFLVÍSUR.

I.

Til Þorsteins Magnússonar, er skáldið misti mann í skák.

[Útg. bls. 144; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; Hálfdánarbók mín; J Sig. 271. 4to. orðamunur Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum Nr. 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. bls. 238.]

Mæli eg um og mæli eg á
að menn hans Steina falli í strá,
honum hrífi glettan grá,
gefi í einu tvo og þrjá,
5. gamla hrapi fjörinu frá,
fækki um reita peðin smá,
falli þanninn fræðaskrá,
fái hann mátin lág og há.

---

39. = Sr Stefán S, St, R, Sp.

II.

[Utg. bls. 172—73; J Sig. 82. 8vo.; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. orðam. í expl. Páls „eptir P. Sv.“]

Jón leikur skár skák,
skók hann af mér hvern hrók,
biskupinn fékk rórask,
riddarinn og peðsnidd,
á gömlu er komið gangsvingl,
gáði hún ekki að ná bráð,
kongurinn með forfang
fékk mátið oflát.

III.

[Hrafnadalskver; Blöndalsbók; Þingeyrabók; Bókmfél. Nr. 631. 8vo. Þykk bók í 8vo. með registri eptir Pál Pálsson; Thottsafn 489. 8vo.; K = J Sig. 239. 8vo.; G = J Sig. 242. 8vo. Tvö elztu handritin (Hr og Gl) eigna hana Sr Stéfáni Ólafssyni, en hin eigna hana Guðmundi Bergþórssyni (f. 1655, d. 24/3 1705), og getur vel verið, að það sé réttara.]

Fallega spillir frillan skollans öllu,
frúin sú, sem þú hefur nú að snúa,

Taflvísur I. Fyrirsögn ... sonar, fyrir hverjum hann HE, Sp, St; 3. hrifi honum R (orðam.); honum hreifi Br; honum hlífi HE; 5. það gamla Br, Gr; 6. reiti Br; 7. þannig, öll noma Br, HE. II. Fyrirsögn í flestum: Skáktafl, annars engin; 1. skást, Útg, R, Sp, St; 5. gangringl Gr, P, Sp; 6. að ná brá Útg, R, Sp. III. Fyrirsögn er annaðhvort „Skáktafls vísa“ eða engin; 2. nú hefur þú G; 3. hamin í K, Þ; hrum í slæmu skrumi G; 5. studdur reiddist slyddu G; 6. réð og veður G; 8. sá hrekkinn Gl,

heiman læmist hamin í slæmu skrumi,
hrók óklókan krókótt tók úr flóka,
riddarinn staddur, reiddur, leiddur, hræddur
reiður veður með ógeð að peði,

T; í bekkinn G. Seinasta vísan (III.) á auðsjáanlega að telja upp skákliðið og hvað hver af því geri. Jón Ólafsson frá Grunnavík lýsir nokkuð töflum, sem tíðkast hafi á Íslandi, í orðabók sinni undir orðinu skák, tafl (Add. B. U. Hafn. Nr. 41 og 42. fol.), og nefnir hann manntaflsskák eða manntafl eða mannskák, frúarskák og riddaraskák. Hann nefnir og skákliðið konungur, drottning, biskup, riddari, hrókur, peð (sem annars er kallað lalli, sbr. drottningarlalli, kongslalli) eins og venjulegt er. Hann telur og upp mörg íslenzk nöfn á máti, svo sem heimaskítsmát, blóðskítsmát, fretstertsmát eða fretstertumát og skakka mát eða gleiðarmát, biskupsmát, drottningarmát eða frúarmát, hróksmát, peðsmát eða peðrifur, sem Jón Ólafsson segir, að sé hið sama og blóðskítur (blóðskítsmát). Sbr. vísu, sem ekki er ort als fyrir löngu:

börvaplátur bráðheimskur
blóðskítsmát og peðrifur.

Lallamát (með „kongslalla") er fretstertsmát. Riddarapissa eða riddarapeisa mát með riddara. Gatrifur er eitt, sbr. vísupart:

... gatrifur og gleiðarmát.

Jón nefnir og í riddaraskák apturskvettumát („er af frúarpeði undir eins og hún gengur út"), ennfremur langskuðarmát („er af hrókpeðjum undir eins og þau ganga út"). Jón nefnir og kotungatafl (= kotru), sem í eru fimm tafltegundir *a*, að elta stelpu, *b*, ofanfellingartafl, *c*, forkæringur (á dönsku: forkæring) sbr. vísu Bjarna Þórðarsonar á Siglunesi (f. 9. nóv. 1761, d. 1842):

biskups háskinn blöskrar nízkum húska,
við bekkinn gekk, svo hrekkinn þekkir ekki.

Um ágirnd.

Tilefnið er, að hollenzkt Indíafar frá Batavía brotnaði við Skeiðarársand fram undan Öræfum 1666.

[Útg. bls. 107; Þingvallabók bls. 395; Hálfdánarbók mín; Sh = Íslenzkt handritasafn í Stokkhólmi í Svíaríki Nr. 60. 4to. chart.; Stokkahlaðabók; J Stefánssonar hdr.; Varðgjár-

---

Myrkra eykur mála þing,
menn þegar orðum snúa,
fjandinu leikur forkæring
fyrir þá, sem ljúga.

(Gísli Konráðsson: Barðstrendinga þáttur kap. 34), *d*, goði eða goðatafl, *e*, Ólafs kongs tafl. Hann nefnir og færingartafl, piprjál(l), dánumannstafl, kvenkotru, Freystafl, Boddatafl (með 16 reitum í hvert borð), damm og ýms fleiri. Fyrir ýmsum töflum eru til setningarformálar í ljóðum, svo sem fyrir Ólafstafli, en sumir þesskonar formálar eru sjálfsagt týndir, rétt eins og svo margar leikja forsagnir í ljóðum, og það, sem menn kunna af þesskonar er í molum. Eg man ekki eptir, að eg hafi heyrt neinn kunna eða hafa heyrt meira af t. d. þessari vísu en þetta:

Kominn í mát
með kyngilát
kongur á borði miðju.

kver; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. (blöð í 8vo. með hendi Halldórs Hjálmarssonar); Þingeyrabók bls. 160; Dr = J Sig. 265. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. bls. 175—76; J Ól. í orðabók sinni undir þefur.]

Ágirnd vondan vekur róg,
varning rekinn grefur hvinn,
allvíða kemst ekki í lóg
orma fagur vefurinn,
sá mun koma af syðra bóg,
er silkidúka krefur inn,
margur dylur dýran plóg,
desmers kekki vefur skinn,
flestir hafa fengið nóg,
svo fælist hrafn og refurinn,
því út er kominn um allan skóg
indianiski þefurinn,

Fyrirsögnin er svipuð í öllum hdrr. en þó naumast orðrétt eins í neinum; hér er henni vikið dálítið við. Ártalið hafa H, HE, St; 7. dýran dylur Útg; 8. um, hafa öll nema Sh (sem hér er fylgt); desmer (zebeth) er þykk fitukvoða, sem kemur úr kirtlum desmerskattar (tegundin viverra zebetha er helzt á Austur-Indlandi), og var þessi kvoða áður fyrri haldin góð við ýmsu; 9. flestir hafa fyrðar nóg Útg, St, R, Sp; nú fengið, öll hin, nema Sh; 10. því sl. öll nema Sh. „Dixi“ stendur neðan undir afskr. Sh.

Söngurinn í Úlfstaðakór.

[Útg. bls. 171; Orðam. í expl. Páls eptir hdr. Jóns Péturssonar; J Sig. 82. 8vo.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 239. 8vo.; Þingeyrabók bls. 187. Úlfstaðir eru á Völlum.]

Í Úlfstaðakór
upp komu hljóð stór,
Gísli þambar sem þjór,
en Þorkell verður ofmjór,
út úr öllu fór
eins og kálfur í flór,
Hnútur hjörva þór
af hljómnum varð órór.

Öll varð íman löng
eins og fugla böng,
greip í Grallarasöng
Gróa hljóðasvöng,
lét upp góma göng
Gunna í mannþröng,
þá stóð í stöng,
en stemman öll varð skarnröng.

9—16. og 17—24. skiptir sætum í K, Þ; 9. var ríman röng K, Þ; 10. rétt sem fugla K, Þ; 12. hljóðaströng P; 14. Gunna iðraþröng K, Þ, P; 15. þá stóð í stóð í K, Þ; 19. hætta hvelju K; 20. og sl. Þ; 21. nægð því K; 22. við nótgangna K; 23. kórála Þ; 24. kvendin settu K.

Hnútur um harðan laup
hélt og áfram kraup,
hættar hveljur saup
og heimti mjólkur staup,
nær því niður draup
um nótugang og hlaup;
það var kórala-kaup,
en kvendið setti upp stórt raup.

GESTUR Á BAÐSTOFUGLUGGA.

[Útg. bls. 80—81; Rask 83. 8vo.; Stokkahlaðabók; J Sig. 82. 8vo. bls. 125; J Ól. undir: hott, og eignar engum.]

Hott, hott og hæ,
hér sé guð í bæ,
sælt fólkið alt,
mér er blákalt.
Svöruðu heima hjú:
Hvað heitir þú?
Jeg heiti Jón
Jóhanness þjón.
Veik eg um Skörð
í Vopnafjörð.

4. svo J Ól., og svo hef eg æfinlega heyrt; sárkalt, Útg, St, R, Sp; 8. Jóhanns þjón Útg, R, St; 9. Skörð, sbr. I. bls. 7, 30.

Þakkaði Krist,
Þar fékk eg vist.
Næmur á kver
nú er eg kominn hér
til Vallaness
vors góða prests.

VITRUN Á SKJÁGLUGGA.

Gerð af góðum vin fyrir annan, er átti afundna konu og í útistöðum.

[Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 174; Hrafnadalskver bls. 179; Stokkahlaðabók; Jóns Stefánssonar hdr.; afskr. Jóns Árnasonar úr Blöndalsbók; Þingeyrabók bls. 166; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. bls. 180—81.]

—

Hjónum tveim á beðsbing
birtist rödd á gluggshring,
er rituð finst, eg svo syng,
og sagði þanninn orð slyng:
Lofaðu um þín þing
þeim að gaufa vesling,
leyfðu honum lögsting
og leystu bandið, kerling.

Fyrirsögn: Um hjón Þ: 2. glugghring Bb, Sp; 3. sem ritað Bb; 4. þannig Bl; 5. varnaðu ei (ekki Bb) um Bl, Þ; 6. að gefa(!) Bl; að grefa(!) Hr; 10. var á Bb; glugga Bl;

Síðan mælti sá, sá,
sá, sem gluggnum lá á:
Er það búið á, á?
Á eg að gefa mig frá, frá?
Já, Já, segir hinn, já, já,
jeg hefi fengið þá, þá,
sem eg gerði krjá, krjá,
eg káfað hefi uppá.

Hafur og kiða.

(„Metaphora“.)

[Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo.: J Sig. 271. 4to. hdr. Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.]

Gætir hrúta geld snót,
galið ala samtal,
meir en ær í amor
auka hnauk og náttbrauk,
lagði flegðan tortrygð
tundur undir stáls þund,
brennur innan heitt hann
háður bráðri ónáð.

glugganum Sp, St, Þ; 12. mig frá, öll, nema Hr, Sp, Þ; 13. sagði Hr, Þ; frá, frá, sagði, já, já Bb: 16. kafað hefi Sp: og káið hefir Bb, Bl, Hr, Þ.

Rollan brellu brögð ill
blettuð setti upp rétt,
og bekra veik í brundkrók
blíð afsíðis um hríð,
gerði stirðan náms njörð
að niða og kiða sér við,
vikrast lakur víst tók
í værð og nærði hót lærð.

Nú er eigi á því
oti í skotum neitt slot,
kiðan ríður opt að,
inni finnur bukk sinn,
rétt stuttum róubratt
ryggjar stygg á mjóhrygg,
ybbin nabbi haus hnubbar,
hei, svei, hún fer ei.

Fyrirsögn: Forte metaphora Gr; „Metaphora“ Br; 3. meir en æri St, R, Br; 11. og bekra vors í brundkrók Br; 18. vantar í R, Sp, St; otur í skotum veitt slot Br; 21. rétt stundum Gr; 22. riggjar stegg Br; 23. kjabbi (habbi Br) haus hnubb Br, R, St; kjabbi haus hnuggar Sp.

Kvædi.

[J Sig. 271. 4to. Halldór Hjálmarsson „eptir skruddu Sr E[inars] H[álfdánar]s[onar]". Næstar á undan eru Hestavísurnar. Við vísurnar stendur í hdr.: „Einginn er heldur skrifaður fyrir vísum þeim, er nú koma".]

Það má eg vel, vel,
vel upp á þorkel
vitna, eg vil, vil,
vil gera á skil,
að hann hefir mér, mér,
mér lofað enn hér
einu sinni ól, ól,
ól við mitt reiðhjól.

Minn hugur minn, minn,
minn hugsar þinn, þinn,
þín blóma kinn, kinn,
kinn fögur hvert sinn,
þá eg þig finn, finn,
finn þig og vin minn,
vinn eg þá inn, inn,
inn leikinn hinn, hinn.

---

17. Silvæn átti álfastúlka sú að heita, sem Þorleifur Þórðarson (Galdra-Leifi, Kjapta-Leifi, d. 1647) var að yrkja um, og sum hdrr. (J Árn. III. A. 8vo. og Bmfél. 388. 8vo.) eigna honum vísur þær til hennar, er svo byrja:

Orða jötuns ung gerður &c.

En önnur hdr. (A Magn. 167. 8vo., Bmfél 13. 8vo.) eigna þær Oddi syni Þórðar Magnússonar á Strjúgi. Oddur er uppi samtíða Birni á Skarðsá. Gætu þessar vísur verið eptir Þorleif?

Silvæn er mín, mín,
mín kæra frú fín,
sú hodda lín, lín,
lín heldur orð sín,
hárs horna rín, rín,
rín fagurt skín, skín,
það þundar vín, vín,
vín drekk eg til þín.

[„Ekki fann eg annað í kvæðasyrpu Sr E. Hálfd. s. eignað Sr Steph. og eg er ekki viss, að þetta sé alt hans. Mart af því, og annað miklu fleira af kveðlingum Sr Steph. hafði eg áður séð, og var sumu af því kunnugur, þó skrifaði eg optast rétt og rangt eptir exscripto og breytti ógjarnan nokkru, þó mig minti eg hefði það áður öðruvís heyrt, og kynni betur þar við". Athugas. Halldórs konrektors Hjálmarssonar].

KERLING DRAKK ÚR BLEKPJAKA UM NÓTT OG MEINTI IDUR.

[Stokkahlaðabók: hdr. Jóns Stefánssonar: Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. bls. 293—94.]

Át hún ofan úr róti
iður og skurðinn kviðar,
þessi þunnleita byssa
var þyrst í broddinn ysta.

Fyrirsögn svo í öllum, nema S. hefur blekpjanka; 6. hér hafa öll: péka (vegna rímsins?): 12. langanum S; 14. ísben skr. St, R; venjulegast er þetta orð haft í flt. í Skaptafellssýslu hinni vestari: ispenjur.

brást henni vonin bezta,
blek var í svörtum péka,
vall á auðgrund illa
aptur og fram um kjapta.

Ettir það fékk útsótt,
ýfast gerði sjúkt víf,
lakann og líf skók,
í löngunum hátt söng,
gaula tók þá grunn görn,
en grenjaði íspen,
skrapp gor úr skammkepp
og skaut út um þjóðbraut.

Um sauð, sem hvarf.

[Útg. bls. 88; hdr. Jóns faktors Stefánssonar (heilt); Stokkahlaðabók; Rask. 83. 8vo.; Rask 46. 4to. (Rasks eiginhandarrit); Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo.; J Sig. Nr. 82. 8vo. bls. 139; J Ólafsson Grunnvíkingur í orðabók sinni undir: gomla, gríður, og Add. B. U. H. Nr. 8. 4to. bls. 2055. Jón Ólafsson segir, að Sr Jón Þorgeirsson á Hjaltabakka († 1674 á 77. ári) faðir Steins biskups og Þorgeirs Hólaráðsmanns hafi gert þessar vísur, þegar hann komst að því, að sauð hefði verið stolið frá sér um nótt. Hin öll eigna Sr Stefáni vísurnar. Sr Jón Þorgeirsson hefur ort marga sálma og ýms kvæði. Eitt þeirra er erfidrápa Magnúsar lögmanns Björnssonar (d. 6. dec. 1662), sem enn er til. Varðgjárkver eignar honum og þessa alkunnu vísu:

Grundar dóma hvergi hann &c.

Sr Jón á og að hafa fundið upp þenna bragarhátt: Hleypur heiðin reipa reiðar, greipur glennir, ganga greiðir langar leiðir, spangar spennir.]

Ætla eg hann hafi í unda skúr
orðið fyrir gríðar bil,
Haukafjallahlíðum úr
hrapað ofan í Tungugil.

Gemlur við honum gripu þá,
greiddist ferðin róms um jörð,
Barkastaða afrétt á,
ofan svo í Vambarfjörð.

Dvaldi hann þar um dægurs skeið,
dauninn af honum slæmur varð,
um Þarmagötur lagði leið
og loksins hljóp út Kríkaskarð.

1. En ef, öll, nema J Ól.; Ætla eg hún J Ól. (sumst.); 2. = impetu animi furtivi J Ól.; 3. Haukabrika J Ól. (fjalla s. v. gemla); 4. hrapaði J Ól. (sumst.); 5. grípa þá J Ól.; 6. greiðist J Ól.; 7. Barkastaðar. öll, nema J Ól.; í Barkastaða (!) J Ól. (sumst.); 8. eptir það í Vambarfjörð J Ól. Seinustu vísu hefur Jón ekki. Orðaleikur er í vísunum.

VINNUKONA Í VALLANESI BIÐUR HÚSKARL AÐ MARKA SAUÐ SINN.

[Útg. bls. 147—48; Additam. B. U. H. Nr. 80. 4to. (að eins 1. vísa); Jóns Stefánssonar handrit; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo.; J Sig. Nr. 82. 8vo. bls. 242—43; J Ól. í orðab. sinni undir: gloppa og víðar, og Add. B. H. H. Nr. 8. 4to. bls. 2642, 3236. Jón Ólafsson eignar engum.]

Þorngrund mælti, þar er hún sat,
þekk við lundinn geira:
Hamarskoru og gloppugat
gerðu í hægra eyra.

Hamarinn mér í greipar gekk,
það gæfumarkið fína;
eitt eg gat að erfðum fékk,
og allar systur mínar.

Mér er ekki að missa tamt,
þó margra kindur deyi,
svo er mitt gatið gæfusamt,
því grandar refurinn eigi.

---

1. Þöllin mælti Ad; 2. þorns við Ad; 3. hamaskorið Ad; hamarskorað J. Ól.; 4. í vinstra J. Ól. (á tveim stöðum); 5. Hamarið mér í greipar gekk(!) Bm, Sp.

Danskurinn.

I.

[Bmfél. Nr. 381. 8vo.; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXIII. bls. 40; J Sig. Nr. 231. 4to. p. 208 (þingeyrabók); J. Ól. Grv. íslenzk orðabók undir orðinu danskur, að eins tvær fyrstu línurnar.]

Danskurinn og fjanzkurinn á Djúpavog,
hann dregur að sér auðinn við brimseltu sog
með fjandlega gilding og falska vog,
færi betur reyrðist um hálsinn hans tog,
við landsfólkið setur hann upp ragnið og rog,
reiðin hann tekur sem geysilegt flog,
mart hann fyllir af mörnum trog,
maðurinn kann í íslenzku já, já og og.

II.

[J Sig. Nr. 231. 4to. bls. 208; Yrpa Geirs Vigfússonar í safni Jóns Borgfirðings (eignar engum). Vísan sýnist vera ort 1644, þegar ófriðurinn var með Svíum og Dönum. Þá var Stefán í Kaupmannahöfn.

Svíakongur sagði þá
seggi lét hann falla:

Danskurinn I. 1. og Franskurinn Þ, J Ól.; við Djúpavog Bm, P; 2. dregið hefur yfir sig þau brimsöltu sog Þ; þeir deflast með sína röngu vog J Ól.; 3. gildingina Þ; 4. háls hans Bm; betur reyna um hálsinn tog Þ; 5. ránið og rog Þ; 6. reiðina tekur Þ; 7. mart trú eg fylli af Þ; 8. kann ei íslenzku nema já, já og og Bm, P. II. 1. sagði því Þ; 3. Dönum í Þ; 4. eigi þá alla Þ.

Dugur er enginn Dönum hjá,
djöfullinn hafi þá alla.

Til Páls Björnssonar.

[F Magn. Nr. 67. 4to. í Bodleys safni í Oxford, með eiginhendi Sr Stefáns. Meistari Eiríkur Magnússon segir við afskrift sína: „Vísa aptan við latínskt ljóðabréf til Páls Björnssonar — ornatissimo et doctissimo viro-juveni — eflaust þess, er síðar varð prestur að Selárdal og prófastur Barðstrendinga. Vísan er ort áður en Páll varð prestur 1645, en síðar en 22. nóv. 1643, því hún kemur á eptir ritgjörð, sem þá er dagfærð í þessu bréfabókarslitri Sr Stefáns. Bréfið er líklegt, að hafi verið ort um það leyti, að vorskip fóru heim 1644.“ En eg held að vísan sé ort öllu seinna, og ræð eg það af þessu. Fyrst og fremst af því, að vissa er fyrir, að Páll Björnsson er í Kaupmannahöfn langt fram á vorið eða sumarið 1644, því í prófprótokoll háskólans hinum elzta er hann („Paulus Biornonis Islandus“) talinn einn af þeim, sem „anno 1644, 28. Maji primis in philosophia honoribus ornati sunt“, og í konungsbókhlöðu hinni miklu í Khöfn í gamla safni Nr. 3119. 4to. finst vitnisburðarbréf hans frá Óla Vorm, dagsett í Höfn 20. Júni 1644. Þá er Sr Stefán líka í Kaupmannahöfn, og hafði innskrifast í stúdentatölu um haustið; er því ólíklegt, að hann hafi farið að skrifa Páli þá um vorið, þegar þeir voru báðir á sama stað. Í öðru lagi komust engin skip frá Danmörku til Íslands það ár fyrri en undir haust vegna ófriðar, sem þá var milli Dana annarsvegar og Svía og Hollendinga hins vegar, og höfuðsmaður kom ekki það ár til Íslands. Mér þykir því sennilegt, að bréfið hafi verið sent heim með

vorskipum 1645, því að Páll Björnsson er vígður á öndverðu ári 1645 („á Maríumessu á langaföstu“ Esp. Árb. VI, 114), en það gat Stefán ekki frétt fyrri en um vorið eða sumarið 1645, og ávarpar hann því með vir juvenis eptir því, sem venja var; Sr Páll í Selárdal (f. 1620) var sonur Björns Magnússonar hins prúða (gamla) Jónssonar á Svalbarði Magnússonar á Skriðu Þorkelssonar prests í Laufási Guðbjartssonar; en móðir hans var Helga dóttir Arngríms Jónssonar lærða. Hann („Paulus Biornonis Islandus e schola Holensi“) er skrifaður í stúdentatölu við háskólann 13. dec. 1641. Hann var talinn einhver hinn lærðasti prestur á Íslandi á sínum tíma, og þótti vandlætingasamur mjög, og ofsótti galdramenn svæsnara en nokkur annar. Hann dó 1707. Eptir hann er til mesti fjöldi af ritum, mest guðfræðislegs efnis, en af þeim hefur því nær ekkert verið prentað. Það, sem eg veit til að prentað sé af ritum hans er: „Paulus Biornonius: Account given to some philosophical inquiries concerning Iceland“ í Philosoph. Transactions 1674, og „Paul de Biornon: Account of Iceland“ í sama riti 1675. Auk þess er prentað eptir hann bréf til lögmannanna 1669 um að brenna galdramenn í Espólíns Árb. VII. 56—57 og í Eptirmælum 18. aldar 708—709.]

Reyndar eru brögð blind
og bönd þér um haukströnd
rend, ei af manns mund,
mynduð í flagðs vind
lund hringa lausn kend,
lyndir um geðstrind,
hrindi þér bjórbland
böndum af haukströnd.

GAMANVÍSUR

um Jón Ormsson, er var smalamaður í Vallanesi.

[Útg. bls. 26—27: Hálfdánarbók; Þingeyrabók; Stokkahlaðabók: Grundarkver (brot); J Sig. 271. 4to. með hendi Halldórs Hjálmarssonar; Rask 83. 8vo.; Rask 46. 4to.; J Sig. 82. 8vo.: J Sig. 92 8vo.; J Sig. 271. 4to.: orðamunur Páls eptir Sr Grimólfi; British Museum Nr. 11,185. 8vo. (ruglað í afskr.): Bókmfél. d. á Ísl. Nr. 214. 8vo. (skr. 1735).]

Ekki vissi hún tóa honum Ormssyni af,
hún lá undir hrauninu og heldur vært svaf,
slæm voru þau slysin, hann sló hana með staf,
í sér gerði hún augun sem eldbjartan raf,
hrökk burt, en hann stóð með hégómaskraf,
svartgráan sauðbít sendi hann og gaf,
bað hann hitti beinbrot og blágræna haf,
óþrif og útsótt og úldna í draf,
hálstak og húðlos og hengingarvaf,
merð hunda, matskort og moðreykjarkaf,
að eiga skinnið ilnæmt undir kjólslaf
bað hann, eða sjá selt sér fyrir traf —
en ekki varð þó parið af.

Fyrirsögn: Vísa Br; Ófeðrað barn Gr; Um augnavoða K: 1. Ekki gætti — að Gr, Br (nema sleppir honum); 2. og sl. Br; harla vært Bm, K; 3. sló hann hana Br; 5. hún hljóp burt Br, Gr; 6. seldi hann og Br, Gr; 7. bað hún hitti (hrepti Br) Gr; 8. úfsótt St (hér endar G); útsótt, úldnaði Bm, Gr, H; útsótt og úldnaði H E; 9. og 11. skipta sætum í H, H E, Bm; 9. húðlát Þ; 13. og varð þó ekki parið af Bm.

Um tóu,
er eigi veiddist fyrri en með eitruðu agni.

[Útg. bls. 133; Grundarkver; J Stefánss. hdr. (heilt); Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. (Halldór Hjálmarsson); Bmfél. d. á Ísl. Nr. 214. 8vo. (skr. 1735); J Sig. 82. 8vo.]

Eitrið á að jeta
óskammfeilin tóa
öllum upp úr polli
í óværð reynd að flærðum,
hvergi komist hin karga
frá klettavélum settu,
langhala lymskuslungin
liggi þar dauð á hrygginn.

Narfi veiddi tóu í boga.

[Útg. bls. 133; Grundarkver; Stokkahlaðabók; Hálfdánarbók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; Bmfél. d. á Ísl. Nr. 214. 8vo. (skr. 1735); J Sig. 271. 4to. með hendi Halldórs Hjálmarssonar.]

Nú fékk Narfi tóu
nýtur í bogann hvíta,

Um tóu o. s. frv. Fyrirsögn: Um tóu G, H; Við tóu Útg; 4. af slægð reynd að bragði Bm; 6. vélunum H; 7. langhali, öll nema H, Bm. Neðan undir vísunni stendur í HE, S, St, Sp, R: dictum factum (= það varð að áhrínsorðum, sem hann kvað).

fuglhröð föst á nöglum
féll og náði ei elli,
kengbeygð lá af kyngjum,
kjálkabrotinn skálkur,
dratthali daglangt hittist
dauður, er vann á sauðum.

Ásmundur á Strönd

skilar heim horgemling um vorið í heytoll.

[Útg. bls. 147; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. (orðam. Páls eptir hdr. Sr Grímólfi); British Museum 11,185. 8vo.; Bmfél. d. á Ísl. Nr. 214. 8vo. (skr. 1735 eptir því, sem stendur á titilblaðinu); Þingeyrabók bls. 163; J Sig. 82. 8vo. bls. 241—42; J Ól. í orðab. undir dús og víðar, og Add. B. U. H. Nr. 7. 4to. bls. 1246, Strönd er bær á Völlum og kirkjujörð frá Vallanesi.]

Ásmundur á Strönd
út hingað gemling
hrekja náði horsjúkan.
Hvaða fóður var það?

1. Náði Narfi tóu Bm; 2. boganum Bm, H; hvítri Bm; 5. kringbeygð H; í kyngjum Sp; 8. svo H, H E, St, R; dauð er Bm; dauður, enn, hin.

Fyrirsögn: „Við bónda, sem heim kom um vorið með horaðan gemling í heytoll" Þ. 1. Erlendur á Strönd J Ól.; 3. hrekja gerði Gr, Br, Sp, R, St, J Ól. (undir: dús); færa gerði (!) Bm; hrekja náði J Ól. (annarstaðar, tilfærir víst eptir

5. Dó hann eptir daga þrjá
í dúsinni við lambhús,
láta vill þó ei úti
annan sauðinn fyrir þann.

Um Arnes í Hjáleigunni.

[P V = J Sig. 30. 4to. bls. 674: Þingeyrabók bls. 163; Stokkahlaðabók: Páls hdr. í J Sig. 271. 4to.; Í = J Sig. 271. 4to. (með hendi Ísleifs Hákonarsonar?); British Museum Nr. 11,185. 8vo. (F Magn. 413. 8vo.); Sk = J Sig. 83. 8vo. (Schevings þykka bók); Hálfdánarbók. Jón Ólafsson frá Grunnavík vitnar opt í vísuna, í orðabókinni undir: allfallegur, fallegur, flasa, framan, ys, og Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 8. 4to. 3001. Páll Vídalín fer í rithöfundatali sínu (J Sig. 30. 4to. 674) þessum orðum um vísuna: „Hann (ɔ: Sr Stefán) hefur og fundið upp nýjan bragarhátt og allsnotran, hæfan til að kveða meiri hluti, sem eg set hér til sýnis erindið úr". „Hjáleigan" = Vallaneshjáleiga.]

Yslaus er Arnes,
allfallegur kall,

---

minni); 6. dúsunni Bm, Þ; og dúsir við Gr; og dúsir í lambhús Br; 7. ekki vill þó aptur láta Bm; 8. fyri þann Útg.; annan fyrir sauð þann Bm, Br, Þ.

Fyrirsögn: „De simili", St, en það er auðsjáanlega rangt, því á undan stendur um tóbak: Tröll öll í Týs höll &c. „Um hjáleigubónda" Br: „Um regnvotan mann, sem kom

kemur að framan hér heim,
um hól rólar í kjól,
flasar að eisu í eldhús,
ornar forna peiskorn,
kyndir höndum kolbrand
og kviðinn liðar eld við.

JÓN STÚFUR GIPTIST MÖNGU.

[Útg. bls. 135—36; Jón Árnas. XVI. B. 8vo. pag. 617—18; J Sig. 82. 8vo p. 224—25; Hálfdánarbók; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Nú vill taka tljóð í fang
ferða slysinn hrói,
kallaður eptir krabbagang
köglaskertur Nói.

Möngu sér til konu kaus
um kollinn var þá úfinn,

---

inn í eldhús að baka sig við eldinn" Þ; „In epigr. Dñi Stephani Olavii de sene quodam culinam festinanter intranti, cui nomen erat Arnes, Anglicæ originis, ni fallor" J Ól. s. v. flasa, framan; 1. Íslands I, St; Iplaus(!) Br (mislesning afskrifrara); 3. hýr heim P; í húmi hér heim, al. Þ; 4. í skjól St; 5. vasar að Br; 6. ornar þornar I, Sk: ornar þornað Br; ornast þornast St; ornast þornar, al. Þ; peiskorn pro peiskorni J Ól.; 7. hörðum St, Þ; 8. og sl. I, P V.

vatnsfeldur og fingralaus
fastnaði og rétti stúfinn.

Tvö hundruð nam telja sér
tvísöngs gæddur hljóðum
kvikfjár þess, sem óvært er
og einatt ferst á glóðum.

Henni er fé til helmings fátt,
hverfur og sézt í skyndi,
stygglegt mjög og stökkur hátt,
stöðvar hún það með vindi.

Tilgjöf hans var tekin auð
og talið alt í mála, —
ei hefur enn þá snótin snauð
snúið að runni stála.

Um Þorstein mat.

[Útg. bls. 132; J Sig. Nr. 271. 4to. (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi); British Museum Nr. 11,185. 8vo.; Þingeyrabók bls. 164; J Sig. 82 8vo. p. 218—19: Hálfdánarbók; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. (H. Hjálmarsson).]

Það er nú bert í þessum skort,
þorsteinn matur lifað gat,

17. af auð H E; 19. þá sl. H E.

út þó hertist iðra port
ekki latur tæmdi fat.

Fann á palli flautadall,
flatur lá, en ekki sat,
hristi kallinn heilastall
haturlaust við grautarfat.

Minnugur um matinn sinn
matarkogni einatt sat,
horgangsskinn og höfuðkinn
hvatur lét í tannagat.

Tugði smátt, en kyngdi kátt,
knaturlaust var tanna at,
þá lét hátt í góma gátt,
gat eg slíks um Þorstein mat.

VIÐ MANN, SEM HINDRAÐI STUDIUM SKÁLDSINS MEÐ SÖNG.

[Útg. bls. 182—83: Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 307. Bókiðkun í Útg. fyrir studium: það mun vera útlegging útgef. á latínska orðina.]

Syng þú ei meir um sinn,
svo nægir Þorsteinn minn,

---

10. matarkogninn H, HE; matarþegninn Þ; 11. horgáminn og höfuðskinn Gr: horgamminn Br; 12. í ræðugat HE; 13—16. vantar í Br; 16. gat eg þess St, HE, R, H, Þ, Sp.

linist þinn loðni kjaptur,
láttu bókina aptur. —
Mættir þú miklum sorgum
Möðrudals upp á borgum.

Inga grædir Þorstein lamaðan.

[J Sig. 82. 8vo. p. 277; Stokkahlaðabók; Rask. 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. Fyrirsögn í Br: „Áttmælt staka".]

Þorsteinn hefur lim lest,
lerkuð eru hans bein sterk;
Inga heitir auðspöng,
ærist hún við hans lær,
grjónabakstur bragðskæn
bjó hún til við eldstó,
grautarköku kæn snót
kviðinn lagði manns við.

Þorsteins gjald.

[J Sig. 271. 4to. Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Segi eg betra að setja á spjald
sokka þessa hvíta og grá

7. blauta köku Br.

fyrir æðra yfirvald;
ekki er núna lagið á,
eflaust koma þeir illa í hald
ef þá skyldi Dönskum fá,
það má heita Þorsteins gjald,
þegar ekki er lóin á.

Um Ögmund.

I.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 286.]

Ögmundur veg vandrar,
víst móður, sízt góðan,
kom drengur heim hingað
Hátúna frá brúnum,
hest sínum víst væna
vann ríða, fann lýði,
át síðan mat maður,
móð feldi við glóð elda.

II.

Ögmundur reiddist
af því hann fékk ekki skattinn í tíma.

[Útg. bls. 182; J Sig. 239. 8vo.; Þingeyrabók, eignar Sr Hallgrími Péturssyni; Hrafnadalskver; I = J Sig. 92. 8vo.,

eignar engum; Bmfél. 9. 8vo. (J. Stefánss.); St_1 = Stokkahlaðabók, fyrri afskriftin (þær eru tvær); St_2 = Stokkahlb., seinni afskr., eignar Sr Hallgr. Pétrss.; Rask 83. 8vo.: J Sig. 82. 8vo.; Bergsbók; Grundarkver, eignar Sr Hallgr. Péturss.; Gl = Afskr. Jóns Sigurðss. úr Blöndalsbók; $Þ_2$ = Þórkatla meiri skr. um 1760, eignar Sr Hallgr. Péturss. Grímur Thomsen eignar og Sr Hallgrími vísuna (Ísafold VI, 1879, nr. 24, bls. 96), en getur þess, að sér hafi hingað til verið ómögulegt að komast yfir hana. Hann hefur því ekki varað sig á, að vísan var prentuð í kvæðum Sr Stefáns Ólafssonar 1823. Vísan mun varla vera eptir Sr Hallgrím, en líklegt er, að hún sé eptir Sr Stefán bæði af því, að ekkert safn af kvæðum hans sleppir henni, og af því að Sr Stefán hefur ort fleira um þenna Ögmund, en Sr Hallgrímur ekki.]

Ögmundur er í firtum,
ekki fær hann skattinn,
teignum flýr hann frá.
Hann hefur hægt og kyrt um,
hafi það sjálfur skrattinn
sem nennir hann neitt að slá;
höfðinu vingsar, höndum bæði og stélnum,
hraðar hann sinni ferð upp eptir melnum,

Fyrirsögn: Um kaupamann sinn St_2, G; 1. í förtum, Ísafold VI. bls. 96; 2. fékk hann K; af því hann fékk ei Bb; af því hann vantar I; 3. flúði frá Bb, I; satt eg segi (greini Gl) frá Hr, Þ; 4. hann hefur sig hægt Hr, Gl; hefur þó St_1; þó hafi hann Bb, I; 5. hugsar eins og skrattinn G (í orðam.), Hr, Bb, Gl, K, Þ, $Þ_2$; 6. skuli hann skára slá K, $Þ_2$; skuli hann lengur slá (!) G, Þ; ef nennir St_2: nenni hann nú Bb: að ekki skuli hann slá (!) Gl, Hr; 7. höndunum Þ; höndunum veifar, höfðinu St_2: höndunum vingsar, höfði líka Gl: höndum dinglar, höfði K, $Þ_2$; 9. gauluðu R, St;

gaula allar garnirnar í belgnum,
grettir sig, það hefur hann lært af selnum.

Um Þorgeirs ólöglega byggingu.

[Útg. bls. 27—28; Páls safn Nr. 1. 8vo. XXII. 8vo. (orðam. í expl. Páls af útg. kvæðanna); Þingeyrabók p. 177; J Sig. Nr. 92. 8vo. fol. 125; J Sig. Nr. 82. 8vo. p. 39—42; Stokkahlaðabók; Rask 46. 4to. (Rasks eiginhandarr.); Rask 83. 8vo. Um Þorgeirs byggingu, hefur K sem fyrirsögn.]

Ekki er langt að leita
lagagreinum að:
á Hofi stár til streyta,
stend eg enn við það.
Geiri lýtur lægra hald;
öðrum bygði út frá sér,
en ekkert hafði vald.

Líka lízt mér illa
á lagastjórnarmann;
það er vondsleg villa,
hann veik að þessum rann;

---

10. grettir hann Útg; að gretta sig, það G, Þ; og grettir sig og það Hr, K, $Þ_2$; grettir hann sig og hefur það lært Bb.

2. lagagreinunum St, Re, R, Sp; 5. Hof í Fellum? lýtur í Þ; 6. út af sér K; 14. húsgangs nölt St, Re, R, P,

Geira bygging verður völt,
báðir missa fé og föng
og fara á húsgangs rölt.

Kviknar bölið og kvíði,
þá klerkurinn hreifir sér
í laga sterku stríði
og stefna báðum fer;
sökin fellir sérhvern mann,
ef hún er röng og rétti mót
og rakin af þeim, sem kann.

Sorg er að sjá hann Geira
hans seta er undarlig,
þó yrki eg ei um það fleira,
á honum stanzar mig;
iðkar hann lóð sem leigumann,
landnám fult og sektin súr
safnast nú yfir hann.

Þó sértu lögin að læra
og löngu réttarbót,
það er þér engin æra
ef þú gerir á mót.
Hver, sem veit, en vill ei, rétt,
tekur um síðir tvöfalt straff;
tel eg það ekki létt.

K, Sp; 20. rétti á mót R, K; og rétt á mót Þ, Sp; 26. yrkir Sp (með blýant fyrir ofan); 32. ef þar P, Þ, K.

Högni Þorgrímsson

átti að flytja að norðan bók og þófa.

[Útg. bls. 154—55; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; J Sig. 92. 8vo. (K). Fyrirsögnin er tekin eptir K; hún er svo annarstaðar: Högni er sendur eptir bók og þófa.]

Hef eg hann Láfa á Hafralæk,
Högni, gjört að prófa
um þófa,
fáir þú hann og færir mér
fyrir það þökk og gjaldið þér
skal leggja í lófa.

Á bókinni liggur mikið mér,
margföld hefur hún gæði
og kvæði;
eg veit þú telur það vandaburð,
en viljinn mýkir þann úrskurð
og sónar sæði.

Heldur manstu, Högni minn,
hvað þú átt að gera
og bera,
ef mælir þú fyrri munni þér
mærðar versin, hvar sem fer,
það verður að vera.

---

1. Hafralækur er bær í Aðal-Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu; 9. og fræði K.

Farðu vel, og færðu oss
fréttir aptur beztu
og mestu,
ríddu um dag, en dorma um nátt,
drýgðu mærð og ger þér kátt
um veldið vestur.

Þorleifs Högnasonar

hestaleitar hrakningur.

[Utg. bls. 151—52; J Sig. 82. 8vo. p. 248—50; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi); British Mus. 11,185; J Sig. Nr. 92. 8vo. fol. 129. Hestakaupa-hrakningur, Gr, Br, K í fyrirsögninni.]

Að sækja hest fór halurinn snar
í hægum vinda svölunum,
öslaði skipið öldurnar
upp að rimar fjölunum;
rúmlega feitur Rýnir var
og reiðar líkur hvölunum,
en aðrir héldu hann grey eða gar
hjá góðhestanna völunum.
Því er nú skrafað hér og hvar,
hann fór þrennum sölunum.

---

4. að rínar St, Sp; ránar K; 5. rýnir Br; ramlega K, Sp; 7. gar, líklega = gagar[r], hundur; en áður Br; 12.

Sigurður gaf það gæzkusvar,
hann gengi fram í dölunum;
en Þorleifur ekkert fann hans far
fram á kvíslarbölunum;
snemma kom þó kappinn þar
og kastaði af sér hjölunum,
til ónýtis kom augna star,
í engum fannar fölunum;
fjallarásið rekkinn skar
og reyndi mjög í mölunum;
vatnið kalt í kútnum bar
með kátlegum raunatölunum,
en ábataðist þó ekki par,
utan hann varð í kvölunum
Svo er nú víxlað mörgum mar
að minst er haft í skjölunum,
því sumra raup og sögurnar
sjást með mörgum hölunum.

Bjarni Þorsteinsson komst í lífsháka.

[Útg. bls. 150; British Museum Nr. 11,185. 8vo. (F Magn. 413. 8vo.); Br, = British Museum Nr. 11,175. 8vo. fol. 93 a. Sýnist hér vera eignað Sr Bjarna Gissurssyni, því fyrir

---

niðri í dölunum Br, Rp, Gr; kom þá Sp; 17. augna skar Sp; 18. fanna Sp: 19. fjallaráfið Br, K, Sp; 20. og reyndist Sp; 26. er hæft í Br; 27. sagnirnar R, Sp; „kaup og sagningar“ Br.

ofan stendur: „Sr Biarne j Þingmula“. J Sig. 92. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; J Sig. 271. 4to. orðam. Páls eptir Sr Grímólfi: Rask 83. 8vo.: Stokkahlaðabók.]

Einu sinni var bóndinn Bjarn'
beðinn að sækja riðgarn,
þá var úti harða-hjarn,
er hann fór burt með riðgarn;
af ánni ruddist ísakvarn,
óð hann þá með riðgarn,
undrum hreyttist aur og skarn
á hann Bjarna og riðgarn,
konan æpti og hans barn,
ef afgengi fyrir riðgarn,
hættar spentu hlés tjarnir
hann Bjarna og riðgarn,
fyrir handan heim komst þarn'
heill Bjarni og riðgarn.
Ei fékk hylurinn ágjarn
af honum Bjarna riðgarn.

---

1. bóndinn Biarne Br_2; 3. hart hjarn St; 4. svo St, R, Gr, Sp, Br, K; þá hann fór á stað með Br_2; hin: hann hélt á stað með; 5. „Jisa-hiarn“ Br_2; 6. svo Útg, Br, K, R, Sp; óð hann þó, hin; 7. unnum hreyttist Br. Gr; úr ánni (heltist St: ruddist Br_2) hreyttist K, R, Sp; 8. Bjarna riðgarn Br_2; 10. svo Br_2; fyrir afgang Bjarna og Gr, K; hin: sem afgenginn fyrir: 11—12. að eins í Br, Gr; 13. komst heim K.

Bjarni á Bjarnahúsum.

I.

[Útg. bls. 168—69; British Mus. Nr. 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 276; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi.]

Þessi Bjarna blettur
býður oss nógar fettur,
miklar skára skvettur,
skelli og vara fletţur,
allur er ósléttur
eins og steina-klettur;
nú er margur mettur
og mátulega léttur.

II.

[*Sömu heimildir.*]

Þeir halda hann Bjarni höggvi smátt,
því honum vill ekki bíta,
en maðurinn hefur múga slátt,
svo mér gefur á að líta.

III.

[Útg. bls. 145; Stokkahlaðabók; Rask 46. 4to.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to., orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum 11,185. 8vo.; Hálfdánarbók; J Sig. 82. 8vo. Fyrir-

4. vara flettur Gr; fléttur Br; hin: fettur.

sögnin í Br og Gr er: „Um Bjarna á Bjarnhúsum“. Hin hafa: „Vitnisburður fátæks manns“.]

Meinleysismaður,
mátulega glaður,
iðinn, óstaður,
en ekki nærsta hraður,
alt forðast flaður,
fjölyrði og smjaður,
en illa álnaður.

Um Bjarna á Mýrnesi.

I.

[J Sig. 271. 4to. Páls hdr.; British Museum Nr. 11,185. 8vo. Mýrnes eða Mýnes (sem það líka er skrifað) er í Eiðaþinghá.]

Bjarni gort nam byggja port,
svo bar við fjallahlíðir,
af fjalanna skort hann skeit svo fort
að skalf alt hrákasmíði.

II.

[Sömu heimildir sem að I. Fyrirsögn í Br: „Staka“, en í hinu: „De eodem“.]

Segi eg hann Bjarna sæmdarmann,
svo trúi eg fleiri letri,

---

6. fjölyrðni H E.

einhver sannar orðskvið þann,
ekki er hann Bergur betri.

III.

[Fyrri parturinn prentaður í Skýrslu um forngripasafnið II. bls. 122. athgr. 2. (= Sk); Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Páls hdr.; British Museum Nr. 11,185. 8vo. Fyrirsögnin í P: „Noch de eodem (ɔ: B. á Mýnesi)“ og í Br: „De eodem“. Hin hafa: „Gróft bóndamenni“.]

Bóndinn hefur svipt súr,
sagt nokkuð rétt út,
hefur vænan hálsklút,
og hann bindur rétt út,
aldrei þvær sér í lút,
ei sér því rétt út,
byrlaðan bjórkút
belgir hann rétt út.

Bjarni á Eyði.

[Útg. bls. 134–35; Brit. Mus. Nr. 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 222–23; Hálfdánarb.; Stokkahlaðab.; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. Páls hdr. Fyrirsögn: Um Bjarna á Bjarnhúsum P.; „Um Bjarna á B.“, Br.]

Bjarna bærinn góði
byggjast tekur nú,

---

1. Bóndann Br, Sk; 2. Satt nokkuð Br, P, Sk; 3. hefur mikinn Br; 4. og sl. Br, Sk.

inni eg það í óði,
með eina er hann þar kú;
fyrir brúði og barnið eitt
ber hann ennið sveitt;
herlegur þessi húsabær
heitir: Ekki-neitt.
Hann hefur af birki berru
bugðutré fyrir sperru.

Drengur varð fyrir athlátri.

[J Sig. 82. 8vo. pag. 180; Bmfél. Nr. 9. 8vo. (heilt) J Stefánss.; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Brátt þögnin batt Högna,
bar hníf, er var stýfinn,
réð Danaþjóð þéna,
þjó kattar mjó flatti,
ljót risti út eistu
egg hreifar hregg dreifist,
spott skvaldurs sprett þoldi
sporhreifinn þorleifur.

---

1. bærinn þessi Br; 3. inni eg í óðar vessi Br; 4. þar sl. P; 8. Ekki-neitt er orðaleikur, því að bærinn hét Eyði; 9. úr birki Br; 10. og bugðutré P, Br.

6. svo í hdr. S; hregg dreifist St, R, Sp; hin: egg dreifist.

Brandur,

er játaði sig hafa sofið hjá stúlku í kaupstað.

[J Sig. 82. 8vo. p. 281—82; Stokkahlaðakver; J Stefánss.; Rask 83. 8vo.; J S. Nr. 271. 4to. Halld. Hjálm. „eptir kveri frá Espihóli og þar eignað Sr Steph. Ól. s."]

Brandur svaf hjá seimströnd,
sagði frá, ójá,
klæðfár í kaupstað
kraup á hnjá, ójá,
hrundu staupin hans synd
úr heilakrá, ójá;
varð í skriftum fjölfærð
faldaná, ójá.

Persónur, sem afleysast áttu fyrir barneign.

[Útg. bls. 173—74; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 287—88.]

Arnfinnur og auðargná —
nú þykir mér kastast í kekki! —
eru hér komin gólfið á —
aldraðir eiga börn;

8. faldagná H.

5. mjaðmskakkur er maðurinn sá,
marga trúi eg hann blekki;
en ungir giptast ekki,
ungir kvongast ekki.

Maður átti barn við stelpu; var hýddur.

[Útg. bls. 143—44; Rask 83. 8vo.; Bmfél. 9. 8vo. (J Stefánss.); Hálfdánarbók; J Sig. 271. 4to. (blöð í 8vo. með hendi Halldórs Hjálmarssonar); J Sig. 271. 4to. (laust blað í 4to. með fiskr.), eignar Sr Halldóri Eiríkssyni (á Hjaltastað); J Sig. 82. 8vo. bls. 237–38; J Sig. 92. 8vo. fol. 135 (= K).]

Yfir í Tungu auðspöng
við yngismanui kjúkling
græddi væn í vetur;
bæði voru snöggsnauð,
snar að hegna kom þar
sá, er málin metur;
honum inti ær fantur
að sér hefði keypt það
silkitróðu-tetur.
Fyrir rausið fékk gaur
fimm högg og þau grimm,
skyldi barinn betur.

---

10. fékk daus K.

Staka.

[J Sig. 271. 4to. hdr., Páls Pálssonar; British Museum 11,185. 8vo. Niðurlag vísunnar er prentað í Skýrslu um forngripasafnið II. Kh. 1874, bls. 23 neðanm. 1. undir Nr. 402.]

Þokan er þykk á fjöllum,
þynnir hún niðri á hjöllum,
vífin eru vænst á völlum,
þær vefja sig mjúkt að köllum,
sagt er af seima þöllum,
þær semji sinn stakk með föllum,
:|: og hún bannar öllum. :|:

Vinnukona Guðrún Jónsdóttir.

[J Sig. 82. 8vo. p. 244; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J S. Nr. 271. 4to. Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. P og Br segja, að Guðrún þessi hafi verið Bjarnadóttir.]

Gullskorð hrósar gjöfunum,
þá gjaldið fær af höfunum,
skartar tvennum tröfunum
og titrar brúna röfunum,

---

7. og Gunn(!) Br.

2. á höfunum Br; 3. skautar R, P, Br; 4. „titrar bruna“ P; tetrar Br; hin: tetra.

5. vesalleg í vöfunum
vingsar hempulöfunum,
ekur ilja stöfunum
út að nautaklöfunum.

Helga á Hofströnd.

[J Sig. 82. 8vo. pag. 300; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. Páls hdr. Í P stendur: „Í kvæðasyrpu einni stendur meðal nokkura kveðlinga Sr St. Ól. þessi staka (þó ekki eignuð honum) og má vera hún sé eptir hann". Hún er í St og R hiklaust eignuð Sr Stefáni.]

Helga mín á Hofströnd
hún vefur bezt bönd,
steikir æður og önd
við Álfaborgar lönd,
5. út við ægis strönd
ekki þótti mannvönd,
hún sá hann Sigmönd
og sig batt við hans hönd.

---

6. er ekki R; 7. Sigmönd = Sigmund.

SIGURBORG.

[Útg. bls. 170; Stokkahlb.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 280.]

Öskupoka upp tók
einn morgun Sigurborg,
átta fékk upp steytt
einn morgun Sigurborg,
ekki fylti þó frökk
forgefins Sigurborg,
því við dusunga daus
dorgaði hún Sigurborg.

ÞÓTTI HALLDÓRU.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 8vo. p. 298.]

Eykur hún Dóra ilskubrodd
af vanskikkun hjúa,
það er nú síðan hún átti hann Odd,
að enginn má hana þúa.

---

5. þá frökk Útg, R, Sp; 8. dusungur; í útg. stendur dúsúngur, en eg held það eigi heldur að skrifa dusungur, því að svo er orðið æfinlega borið fram í Skaptafellssýslu hinni vestari. Þar er það haft hér um bil í sömu merkingu og lítilyrkur maður, skussi; í R má bæði lesa: daus og dans.

Smalamenska Imbu, reiðlag Gunnu.

[Stokkahlb.; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. með hendi Páls Pálss.; British Museum 11,185. 8vo.; J Sig. Nr. 82. 8vo. bls. 278—79; J Ól. = Tilvitnanir Jóns Ólafssonar úr Grunnavík í orðabók hans undir orðinu: elti og þamb.]

Imba hefur átt þamb
í allan dag um háfjall,
út og suður ókát
elti mærin lambær.

En Gunna tekur grátt skinn
og gerir úr því reiðver,
breiðir það á Brandsrauð
og brettir upp á skeiðsprett.

Strikaði svo ferð frek,
foldin skalf, en rauk mold,
í klettunum við kvað hátt,
keldur gáfu af sér eld.

Engin fyrirsögn í P; í Br „Tantum"; er næst á eptir Húuvísum, sem Sr Grímólfur segir, að séu um „Imbu húu", og er það líklega hin sama og þessi (sbr. I. 308, 315); „In epigrammate dni Stephani Olavii" J Ól.; 2. dag um fjall J Ól.; 3—4. elta gerði ávalt | ýmsar mærin lambær J Ól.; 5—8. vantar í Br; 5. Gunna hefur grátt skinn St, R; 9—12. vantar í St, R, Sp, og P segir: „Annað expl. hefur" &c.

Dagsláttumenn.

[Útg. bls. 142; Hálfdánarbók: Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. orðamunur Páls eptir Sr Grímólfi; J Sig. 82. 8vo. bls. 236. Fyrirsögnin í Gr: Um vinnumenn sína.]

Aldrei sá eg hann Odd á grundu
einu sinni hræra ljá,
á hann horfði eg eiktarstundu,
ekki var hann þó að slá,
hinir lítt við haginn undu,
hýmdi Stari en Týri lá.

Oddur fjósadrengur.

[Útg. bls. 170; J Sig. 82. 8vo. p. 281; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo. Oddur fjósadrengur tók snjó af glugga, er fyrirsögn í Útg.]

Oddur stár einn á gaddi
ósvífinn jarlinn fjósa,
skúfar burt skýja fífu
skringilegur með fingrum,

---

4. þá að slá Gr, H E, Sp; 6. hýmdi Stát, en Gr, H E.

1. á stalli St.

5. klórar í grind og glerið
gullsálfur flórkálfa,
hefnast skal honum ef rofnar
hlemmur í ljóra skemmu.

Um Odd og Gunnu.

[Jón Ólafsson frá Grunnavík tilfærir þessa vísu undir orðinu gaman í orðabók sinni, en eignar öngum. Hún er því sett hér eptir ágizkun. Engin hdr. önnur hafa vísuna.]

Oddur háði grátlegt gaman,
Gunna þess ei latti hann,
hann var að berja hnefunum saman,
en hún var að kalla á skrattann.

Vísur.

I.

[Þessar þrjár vísur finnast í Hrafnadalskveri bls. 154 og Blöndalsbók og eru í þessari röð. Næst á undan þeim er: Áttu ár að fetta &c., en á eptir: Ögmundur er í firtum &c., sem báðar eru eignaðar Sr Stefáni, og sýnast þessar vísur þar með að vera eignaðar honum. Jón Árnason heldur og að þær séu eptir séra Stefán.]

Oddur dró flyðru eina úr sjó,
Oddur gaf henni fyrst,

Oddur kvað skata er það þó,
Oddur hóf þá sönglist,
Oddur hana við eyrað sló,
Oddur þá við spertist,
Oddur formælti, æpti og hló,
Oddur tignaði Krist.

II.

Jósef í Múla, Jósef minn,
Jósef, sem dregur grunnunginn,
Jósef, sem keipar jafnlega,
Jósef, sem missir þrálega,
Jósef borðsmaður Jónanna,
Jósef ellistoð hjónanna,
Jósef foringinn flónanna.

III.

Smágikkur, smáskömm ekki
smeikist við hágikks niður,
Halldór í hvopti bjöllu
hafandi ofmart skrafað,
ræð eg hálffifli ófróðu
forðast sem hel að stela,
svo að flenging hengingar
hnykk fái ei smágikkur.

---

6. spirtist(!) hdrr. (= spirntist?); 7. svo í hdrr.(!); 8. hnykk sl. Hr.

Um Berg Einarsson.

I.

Bergur líttlæs.

[Útg. bls. 183; Stokkahlaðakver; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. p. 308.]

Komið það mikla umboð er
alt uppí lófann þinn,
rigtuglega því rita ber
og reikna hvert eitt sinn;
þú kant svo lítt að lesa á kver
og laga bókstafinn;
það er nú það, sem að þér er,
elsku- Bergurinn minn.

II.

[British Museum 11,185. 8vo ; Páls safn Nr. 1. 8vo. b. XXIII, afskrift úr safni Jóns Péturssonar, sem þar er með hendi J. J. og er þar þessi fyrirsögn: „Um einn, sem skrifaði á bréf Bergur(?) fyrir Bergs".]

Ei var betra að honum von,
fyrst enginn skrifa kendi,
þetta er hann Bergur sýnar son
með sinni eiginhendi.

I. 3. ríkuglega Sp. II. 1. betur á honum P; 2. því enginn Br; 3—4. þetta er hann Ergur Einarsson — með sinni eiginhendi(!) Br.

III.

[British Museum Nr. 11,185 (F Magn. 413). Fyrirsögnin í hdr. er: „Item“, en á undan er næst: „Um Berg E[inars]-s[on]“.]

Bergur með búksorg,
brestur hann lánsfrest
undir þorsk og þungt rask,
þetta hefi eg sannfrétt,
vasar sig á víl fús
vonarlegur prestsson
látfarinn lítt viss,
loðir þó við umboð.

Jón á Víkingsstöðum.

I.

[Útg. bls. 169; Stokkahlaðakv.; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi); British Museum 11,185; J Sig. 82. 8vo. p. 277—70.]

Víkingsstaða vaskur Jón
í Vallanesi slær,
hingað kom hann nær um nón
og nagaði um þúfur tvær,

---

4. um sl. Br; 8. eigi komst Br; 9. dökkvi Útg, R, Sp,

tíumarka-trog með spón
hann tæmdi af skyrinu ær,
innan skóf sem annað ljón,
ekki komst eg nær,
sá hinn digri synda þjón,
sem hér var í gær.

II.

[Útg. bls. 142—43; Stokkahlaðabók; Jóns Stefánssonar hdr.; Rask 83. 8vo.: J Sig. 271. 4to. Orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; J Sig. 82. 8vo. bls. 236—37: Hálfdánarbók. Fyrirsögn er í Gr, S: „Um Jón á Víkingstöðum", í Br: „Um Jón H. S. á Víkingsstöðum"; í hinum: „Gripir fella sæti".]

Nú er ei hægt að herða dug
og hirða slegna jörðu,
alt er komið á ferð og flug
fákar og nautin hörðu;
bágt á sá, sem býr,
Hjálmars ekki syrgir son,
þó sátur felli kýr,
þaðan er jafnan víkings von,
sem víkingurinn býr.

Br; 9—10. hefir Gr svo: sundur braut hann orf við ón aldrei læknað fær. II. 5. Sp sleppir þessari línu úr og skoðar vísuna sem tvær vísur. Í Rask 83. 8vo. bls. 245 stendur þessi lína skrifuð með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokkahlöðum, af því að henni hefur þar verið slept líka, en Þorsteinn bætt henni við. Þorsteinn hefur því auðsjáanlega haft hdr. undir höndum í byrjun þessarar aldar; 6. Hávarðs „S", Gr, Br; 8. það er jafnan Br.

Drengur,

sem opt sníkti í búrið.

[Útg. bls. 177; J Stefánss. hdr.: Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 299—300.]

Gvendur minn
gengur í búrið þrátt,
út og inn,
einatt þó bíti smátt;
potta glettu pattinn kann
píkunum veita,
grautinn patað getur hann
við glóðina heita;
krákuskel
bröndótta, breiða
fær sér vel
froðuna að veiða,
góma þél
þá mun til reiða
hann, svo kunni henni að ná;
:|: fallega, fallega, fallega fer
í fjósinu á stundum. :|:

13. góma skel S; 15. sl. S, Sp.

STAKA.

[British Museum 11,185. 8vo., með annari hendi en þeirri, sem er venjulega á vísnakverinu; J Sig. 271. 4to. Páls hdr.]

Nú er hann Gvendur góði vin
að glósa við hann Bjarna
um að tarna,
á honum kviknar æð og sin,
af því mun hann kveykja kyn
og brúði barna.

UM AFSETTAN KAUPMANN, SEM KALLAÐUR VAR SKULDA-LÁRUS.

[Útg. bls. 184; J Sig. 82. 8vo. p. 309; Stokkahlb.; Rask 83. 8vo.]

Skulda-Lári í lífsins nauð
lofar að gefa engelskt brauð,
og sjálfur vilji hann senda það
Sigurði upp að Eyjólfsstað,
því hafði hann eigi heima, nema hrossatað.

---

4. upp á R, Sp, St; 5. þó hafði hann R.

Sigurður á Eyjólfsstöðum.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 309.]

Sigurður upp á Eyjólfsstað
sumpart góður mann,
hann á mikið hrossatað,
og hestinn ala kann.

Maður meiddi sig a fingri.

[Brit. Mus. 11,185: J Sig. 82. 8vo. p. 273; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Páls hdr.]

Sigurður getur unnið ei,
ílt er honum í fingri,
hann er að græða hýrleg mey,
hún hirðir ei þó hann syngri.

Um mann, sem kom undir tjaldskör skaldsins í kaupstað.

[Útg. bls. 184; Snót Rvík 1865 bls. 167; J Sig. 82. 8vo. p. 309—10; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Súptu á aptur, Siggi minn,
sætt er í þessum kúti,

4. syngi P (orðam.), Br.

hálfur komstu hingað inn,
en hálfur liggurðu úti.

Kolbeinn dvergur.

I.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 83. 8vo.]

Kolbeinn dvergur kominn er,
kallar hann Lauga föður sinn,
ekki lízt á manninn mér,
mikil er á honum drúldu-kinn.

II.

Kolbeinn málhaltur.

[Rask 83. 8vo.: J Sig. 82. 8vo.]

Nú er kolbeinn kominn í stanz,
keifar hann snjóinn upp í hné,
óvís er nú hjörðin hans
í hálsine í veðrine.

I. 1. kominn er hér R, Sp. II. 4. orðskrípi Kolbeins, sbr. I. 134 16, þar sem Kolbeinn er látinn kalla konuna sína Kviðfinnu fyrir Guðfinnu.

Raup Einars.

[Útg. bls. 176; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; British Museum 11,185. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Páls hdr.]

Einar sagði: Eitt sinn vær
áttum mikið þamb,
fjórir geymdum fjórar ær,
fargaðist þó lamb.

Um Þorlák Hálfdánarson á Hellu.

[Páls safn Nr. 1. 8vo. XXIII. p. 66 (eptir blaði með hendi Bergs Strandalíns).]

Hokrandinn hann Hellu-Láki
hingað kom á Jóladag,
Óðinn þessum ýti stráki
í eldhús lyfja, Skuldar plag,
exitus þó endast vann,
inn kom fyrst í messu rann,
hvimaði skakt og brýrnar bretti:
Búið hvort er alt? Hann frétti.

---

1. Einu sinni áttum vær Br, P; ógnamikið Br, P; 3. geymdu Br, P; 4. en fargaðist Sp.

Ketát.

bls. 111: British Museum Nr. 11,185. 8vo.: J Sig. 82.). 183; Hálfdánarbók: Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.: Nr. 271. 4to. (H. Hjálmarsson); J S. Nr. 271. 4to. (orðam. ptir Sr Grímólfi). „Staka áttmælt" Br. sem fyrirsögn.]

Gunnarsson ket kann
að kokka við sinn arnstokk,
baulu gerði skjót skil,
skar hana og ærnar;
á kræsingar er karl fús,
kukkaði út heitt jukk,
spratt hann upp frá spaðsrétt
og sprangaði út á húsgang.

Vísa.

. Nr. 228. 8vo. p. 9; J Sig. Nr. 82. 8vo. (kvæðasafn Sr Stefáns).]

Fékk hann Mundi mikið slag,
þá merartetrið datt,
kramdist niður í keldudrag
og kallaði ekki latt.

arnsstokk St, R: rúmstokk H, HE: matstokk Br; hana af Gr: 5. kræsing Gr (orðam.); 6. kukkaðist H, rukkaði Gr: krukkaði upp Br; 7. hann sl St; spratt spað heitt H: upp við Br, Gr; spratt upp við HE.

Jón Þorvaldsson á Vaði.

[J Sig. 82. 8vo. p. 279; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.: J Sig. 271. 4to. Páls hdr.: Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Nú er hann Jón af napinu
og nemur það í tapinu,
kafar hann þrátt í krapinu
með kynjaþungu skapinu,
linast hann upp á lapinu,
og lyptir upp vara gapinu,
snattar um á snapinu
og snýst í holda kvapinu.

Um smiði sína.

[Útg. bls. 185; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 310.]

Tómas er nú tekinn að smíða,
tálga kann hann birkið og þýða,
Árni er honum hjá,
hyggur lið að ljá;
hann er að ryðja og styðja;
betra er að banga en biðja.

2. staðar í dapinu P. Br; staðar í tapinu Sp; 3. keifar hann P, Br; 7. hann um Sp.

4. „hyggur Lyð“ R.

Ketát.

[Útg. bls. 111: British Museum Nr. 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 183; Hálfdánarbók; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. (H. Hjálmarsson); J S. Nr. 271. 4to. (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi). „Staka áttmælt" Br. sem fyrirsögn.]

Gunnarsson ket kann
að kokka við sinn arnstokk,
baulu gerði skjót skil,
skar hana og ærnar;
á kræsingar er karl fús,
kukkaði út heitt jukk,
spratt hann upp frá spaðsrétt
og sprangaði út á húsgang.

Vísa.

[J Sig. Nr. 228. 8vo. p. 9; J Sig. Nr. 82. 8vo. (kvæðasafn Sr Stefáns).]

Fékk hann Mundi mikið slag,
þá merartetrið datt,
kramdist niður í keldudrag
og kallaði ekki latt.

2. arnsstokk St, R; rúmstokk H, H E; matstokk Br; 4. skar hana af Gr; 5. kræsing Gr (orðam.); 6. kukkaðist H, H E; krukkaði Gr; krukkaði upp Br; 7. hann sl St; spratt upp við spað heitt H; upp við Br, Gr; spratt upp við H E.

hraktist þar um heilan dag,
held eg það fyrir satt,
sparkaði upp með fótum flag,
en folann barði hratt,
ófrítt var þá orðalag
og ekki næsta glatt,
eptir þvílíkt þrauta sag
þegar á fætur spratt,
linað herti lendastag,
en lokkastélið batt.
þar fyrir gerða eg þenna brag,
það fékk hann ekki skatt.

GUNNLAUGUR.

I.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. p. 130.]

Hornfirðingar hafa þann sið,
helzt við drykkju bekki,
þeir biðja að gefa guðs í frið,
en Gunnlaugur vill það ekki.

14. lokkaskjólið Sp.

4. Gunnlaugur „prestur nokkur þar" St, „Prestur einhver þar" Sp, en eg þekki engan Gunnlaug, sem þar hefur verið prestur.

II.

Ferð Gunnlaugs og félagaga hans.

[Rask 83. 8vo. p. 328; J Sig. 82. 8vo. p. 283.]

Yfir komust glanna-gil
Gunnlaugur og annar til,
síðan fært, eg sanna vil,
sést á leiðum fanna bil.

Maður elti móskjóttan hest.

[J Sig. 82. 8vo. p. 267: Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. Nr. 271. 4to. (Páls hdr.); Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Ormur hafði ílt hlaup
eptir Móskjóna.
Það kostar kaup,
klárnum þeim að þjóna,
annað hvort ölstaup
eða lesið prjóna,
því hann skemdi skóna.

Hestur stóð hjá vidarkesti.

[Grundarkver; Stokkahlb.; Jóns hdr. Stefánss. (heil); Rask 46. 4to.; Rask 83. 8vo.; F = J Sig. Nr. 271. 4to. (blöð í 8vo. úr safni F Magnúss.); J Sig. Nr. 271. 4to. (blöð í 8vo.

7. skemdi Skjóna St, R.

með hendi Halldórs konrektors Hjálmarssonar); J Sig. Nr. 239. 8vo. (samhljóða); Þingeyrabók bls. 174; J Sig. Nr. 92. 8vo. fol. 123; J Sig. Nr. 82. 8vo. bls. 232: Hálfdánarbók; British Museum 11,185. 8vo.: Jón Ólafss. Grvíkingur Add. B. U. H. Nr. 64. 4to. og tilvitnan í orðab. hans.]

Hestur stendur við við,
vel kann bera sá sá,
veitir hann þínum lið lið,
um lendar svipan má má,
á aðra sér þú hlið,
hinumegin á á,
af alla bið bið,
beinin skundi frá frá.

Fyrirsögn: „Tvíræðar hendur“ Br, P (eignar eitt hdr. Sr Hallgr. Péturssyni); „Tvöfaldrar meiningar ord“ K: Stropha æquivocationum dni Stephani Olavii J Ól. (í orðab.); 1. Folinn stendur Br, P; Klárinn H, Þ; við við = apud ligna J Ól.; 2. víst kann P, J Ól. (í orðab.): sá sá = vas is J Ól.; 3. leggur hann F; sínum lið lið P (í orðam.); lið lið = articulo auxilium J Ól.; 4. lendar svipan Br, Re; lendin svipan, eða: lendina svipan P; lenda svipan H, H E; má má = debet deglubere J Ól.; 5. á sl. P, Br; við aðra H, K, H E; hlið hlið = latus portam J Ól.; 6. hinumegin á á = cis in amnem J Ól.; 7. höfum varla bið bið P (í orðam.); af alla bið bið = oro cunctationem! J Ól.; 8. = celere inde J Ól.; 3—4. eru í St, Re, R, Sp, Br, J Ól. (í orðab.), S; 5—6. og 5—6. þar eru 3—4 hér.

Staka.

I.

Sig. 271. 4to. Páls hdr.: Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Blakkur er þrár, en reiðir rár
rekkurinn knár í hendi,
eins og ár hann keyrir klár,
kollurinn grár og endi.

II.

[Hálfdánarbók; Stokkahladabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.; J Sig. 271. 4to. hdr. Páls. Páll tekur þessa athugasemd eptir Sr Grímólfi: „og þessi (vísa) sé hans (ɔ: Sr Stefáns) síðasta, sel eg fyrir sömu mynt“ (ɔ: sem að: Ljós byrgir, lús fargar &c. sé hans fyrsta). Jón Ólafsson frá Grunnavík segir (Add. B. U. H. Nr. 23. fol. p. 58), að Sr Stefán hafi gert þessa vísu seinasta daginn, sem hann lifði, og fer þar um þessum orðum: „H*a*n*d* var saa hengiven til sin Poësien, at h*a*n*d* enda, naar h*a*n*d* i sin Banesot den sidste Dag h*a*n*d* levede, kunde hand icke bare sig for at giöre et Epigramma af en liden, dog pusserlig Hendelse“, og stendur svo vísuupphafið hjá Jóni á spássíunni.]

Birni féll til byltan ný,
brákuðust tær og fingur,
honum fleygði hlaðið í
Hjalta Bleikjalingur.

---

1. Bjarna féll til J Ól.: Bjarna veittist Gr: 4. Bleikjalingur St, Sp, H E; hin: Bleikalingur.

VIÐVANINGSSKRIFT.

I.

[Útg. bls. 166; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum Nr. 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.]

Oddur Jónsson er að skrifa upp á kjálka,
því mun bagga beinsins hálka,
burt úr stöfunum teygist álka.

II.

[Útg. bls. 167; Stokkahlaðab.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum 11,185. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.]

Nú er komið nýtt bein,
neri eg það á slípstein,
því skal línan lögð ein,
í ljóð set eg þá grein,
stafanna rétt rein
reiknast nú og vel hrein,
hindrar ekki mart mein
minn góða skriftein.

III.

[Útg. bls. 148; Stokkahlb.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; British Museum 11,185. 8vo., og þar skiptir þessi og næsta vísa á undan sætum; J Sig.

II. 2. það í St; 7. ljóð sel eg á þá grein Gr. III. 3. baust

83. 8vo. Fyrirsögn í Útg., St, R: „Staka“, en í Br: „Staka áttmælt“.]

Oddur og Kristín klóra
á kálfskinns þunna bjóra,
með brakið, busl og óra
bögla stafina fjóra,
a og *b* með opið *c*,
einninn *D*-ið stóra,
þá kemur *e*-ið, *f* og *g*,
og að því brosir hún *þóra*.

STÖKUR.

I.

[Útg. bls. 145; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo.]

Valt hjá meyjum verður stundum vilja glysið,
um Hjaltason, sem hrepti slysið
heyri þér nú ræðukvisið.

II.

[Útg. bls. 145—46; Hálfdánarbók; Stokkahlaðabók; J Sig. 82. 8vo.; Rask 83. 8vo.; J Sig. 271. 4to. Páls hdr.; British Museum 11,185. 8vo.]

Vatna yfir víðan ós
veik þinga lestin,

---

og óra Gr; 4. bögla þau stafina Br; 6. einneiginn *D* stóra Br; einnig Sp; 7. *e* með *f* og *g* Br.

en Hjaltason um heilagt ljós
hugsaði ei né prestinn,
5. seggurinn lá hjá svinnri drós
og svaf af sér hestinn.
Er það skrift, en ekki hrós, —
allir höfum vér brestinn.

Ingimundur í Ekkjufellsseli.

[Eptir minni mínu.]

Ingimundur Ekkjufells í seli
húu græna hafði hann
á höfðinu, þegar giptast vann.

Fjandinn í Birni.

[Vísan er hér tekin eptir minni Þorsteins stud. jur. Erlingssonar, sem hefur heyrt hana eignaða Sr Stefáni Ólafssyni í Vallanesi, enda er vísan líkleg til þess að vera eptir hann.]

Þegar fjandinn fór í Björn
[fallega] trú eg blési;

II. 2. yfrum Br, HE, P; 4. hugsar ei Br, P; 6. og svallaði af sér Br, P.

2. hafði græna húu á höfðinu = hafði geitur.

hafi þið ekki heyrt það, börn,
hér í Vallanesi?

EYVARARVÍSUR.

[Fyrirsögnin í Stokkahlaðabók, sem ein hefur flestar þessara vísna, er svo: „Gamanvísur um Eyvöru fósturbarn hans“ (ɔ: séra Stefáns).]

I.

[Stokkahlaðabók.]

Allra bezt er ekki að slá
einskaptsvefinn mjóa;
voðina þessa Eyvör á,
er hún sem kattar róa.

Út ef nakinn einhver býst
er honum búið við háska;
Eyvör hlýtur, held eg víst,
hempu fyrir páska.

Ef þú nemur sóma og sið
svo er þér búin æra;
nú kom önnur vísan við, —
vertu fljót að læra.

II.

[Stokkahlaðabók.]

Þanninn blaðsins þýðir klór,
þeir nema, sem hreppa;

kallar hún Eyvör kaðalór,
en klappa vill honum seppa.

5. Harla glentur hundurinn er,
hætt mun því til slysa,
eptir honum Eyvör fer,
en undan henni kisa.

III.

[Stokkahlaðabók.]

Nú má Eyvör klá sér kinn,
í kotru misti hún hvolpinn sinn,
af því hún er ómaginn
ekki par fær Narfi minn.

5. Maðurinn tapa veði vann,
von er sigi ge[i]fla;
ekki er gaman, anzar hann,
við ómagann að tefla.

IV.

[Stokkahlaðabók.]

Opt sat eg við aflinn fyr,
anzaði lystug kæra,

II. 3. Sbr. Hallgr. Pétursson:
Kattarlóran (al. -róan) kvikandi
kom hér upp á pallinn.
Sbr. og séra Snorra á Húsafelli (d. 15. Júlí 1803):
Kvæðið sneiðir kisulóru,
kynjagleið þá augun vóru &c.
Kvæðasafn hans í Bmfél. Nr. 125. 8vo. bls. 300. IV. 3. Bjarna

þegar eg blés hjá Bjarna skyr,
belgina mátti eg hræra.

V.

[Stokkahlaðabók.]

Veifar Eyvör völum sín,
vendir hendi auðar lín,
krýpur, grípur gömul bein,
grófin lófa er ekki sein,
kvendið hendir kvarnir gjarnan kol og stein.

VI.

[Stokkahlaðabók.]

Eyvör hreifir ekki sér,
allir kalla á fljóðið hér:
Starðu ei, farðu, flýttu þér,
frúr í búri heimta ker.

VII.

[Stokkahlaðabók.]

Eyvör hefur einatt stein
undir fundið tröppum,
hreifir, grefur, greini eg, ein
grundu, undra klöppum.

VIII.

[Stokkahlaðabók.]

Eyvör hefur uppi vef
alt síðan á Góu,

skyr, svo í hdr. Hann hefur kanske verið kallaður „Bjarni

yfir honum nuddar nef,
og nefnir músarrónu.

IX.

[Stokkahlaðabók.]

Útvegað hefur Eyvör tint í efnum vöndum,
frá eg hún væri frerin á höndum
frægasta snót á Norðurlöndum.

X.

[Stokkahlaðabók.]

Kæn réð anza kyrtla bil:
kyndilinn get eg ei málað,
fæ eg eingan trefilinn til,
en trogið er fram í skála.

Tunglinu stendur allvel á,
er það í nýrri lýsu,
alt er gott sem aukast má,
enn hef eg fengið vísu.

XI.

[Stokkahlaðabók.]

Eyvör mín er afbragðsfljóð,
ætla eg hún læri tóna,
[því] hún er hýr og þýðugóð,
þarflegt er hún að prjóna.

---

skyr". IX. 1. Sbr. Tintin gengur tollfrí &c. (sjá I. 352—53) X. 3. trefill, líklega einhver mállyskja Eyvarar (= þremill?).

XII.

[Stokkahlaðabók.]

Eyvör bíður eptir mér,
aldrei frá eg hún burtu fer
fyr en eg búinn að yrkja er,
en aldrei veit nú nær það sker.

XIII.

[Stokkahlaðabók.]

Eyvör einatt hefur
yfir vakað tóbaki,
fix er frúin með saxa,
og flýtir sér, ef hann bítur,
stendur í stöng hjá sprundi,
stýfir hún jurt með hnífi
ekki tæpt tvískeptum
á trédisk indíaniska.

XIV.

[Stokkahlaðabók.]

Er nú í burtu Eyvör mín,
allir munu þess gæta,
held eg að verði hringalín
hvorutveggju sæta.

Ætla eg mér að kúra kyr
og kút við portið banga,
fyrir því mega um fremri dyr
fjósakonurnar ganga.

XIV. 4. hvorirtveggju(!) hdr.; 5—8. sýnist vera undir nafni

XV.

[Stokkahlaðabók.]

Tunnuna mína, tvinna bil,
tel eg fljóðin virða,
ætla eg hana aptan til
allra fyrst að gyrða.

Ætla eg henni eptir það
ágæt bönd í máta
frá efra botni bumbu að,
bjór má í hana láta.

XVI.

[Stokkahlaðabók.]

Um þig mun eg rokna raup
reisa og linna aldri,
ef þú snúð í snúningskaup
snaraðir að mér Valdi.

XVII.

[Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo.: J Sig. 82. 8vo.]

Þér gef eg þrisvar
þau svör, Eyvör,
þú ert fljót, eg það veit,
á þinni för, Eyvör,
hesti ríður Hugartraust
og Hringspör, Eyvör,

---

einhvers annars unglings í Vallanesi. XVIII. 1. reið gjörðist Ísaf., J: 2. tönn Ísaf., J; tönnum á Ól.: 3. gnisting (gnísti

enn vakur er hann
á ísaskör, Eyvör.

XVIII.

Tröllaslagur.

[Páls safn Nr. 1. 8vo. XXIII. bindi bls. 18 eptir afskrift í safni Jóns háyfirdómara Péturssonar með hendi Guðmundar Ísfold, og er séra Stefán Ólafsson talinn þar höfundur. Kvæðið sýnist eiga heima í Eyvararflokknum. Hér er og notað hdr., sem Ólafur stud. mag. Davíðsson hefur skrifað upp eptir kerlingu fyrir norðan um 1875 (= Ól.) Grímur Thomsen hefur prentað þennan tröllaslag eptir minni sínu í Ísafold VI. 1879 bls. 1—2 neðanmáls. J = Safn Sveins prófessors Grundtvigs Nr. 67. 4to (Ark. L_1), og er þar með hendi séra Jóns Eyjólfssonar (d. 1869) á Stað í Aðalvík föðurbróður míns. Hann hefur safnað ýmsum þulum og kvæðum eptir því, sem það var í manna munni. Þetta er Nr. 33 í safni hans, og er Ágústína systir hans heimild fyrir því, og er það skrifað 1850. En hvorki Grímur, séra Jón né kerlingin eigna þetta neinum, en báðir kalla þeir séra Jón og Grímur þetta stóra tröllaslag.]

Hríð gríðar hörð reið
hrönnum svo tönnum að mönnum
gnisti nistin gulls fast,
sá gangur var strangur og langur,
söng spöngin seims kring,
sjálfar heims álfur þá skjálfa,
dundu undir dverglönd
drósar við glósið á Ósi;

Ísaf.) nistings gullfax(!) Ísaf., Ól.: 4. sá sl. Ísaf., Ól. langur og strangur J; 5. saums . . . hring(!) P; 6. þá sl. Ísaf.; 7. drundu Ísaf.; dvergalönd Ól.; 8. drósa við glósur J; við

danzaði fansins ósunds,
öllum lá tröllum við föllum.
Sá dagur er mér í minni
meður þjäning sinni,
hestar sprungu
af harki þungu
heitur sem þeim brynni
eldur í nösum inni,
þá Eyvör sprakk í skinni.

XIX.

[Útg. bls. 172; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.; J Sig. 82. 8vo. bls. 284—85. Prentuð í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 417. „Skáldsins seinasta vísa", segja hdrr.]

Við höfum lengi sveizt hér saman,
silkilín,
þú ert ung, en eg er gamall,
Eyvör mín.

Nomen authoris.

[Útg. bls. 143; Additam. B. U. H. Nr. 80. 4to.; Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo.; J Sig. 92. 8vo. fol. 133; J Sig. 82. 8vo.; Hálfdánarbók: British Museum Nr. 11,175. 8vo. (F Magn. 181. 8vo.), 160 b að eins fyrsta línan, því að svo vantar í

glósar(!) Ísaf.; þá danzaði fansinn á Ósi, Ól.; 9—10. sl. Ísaf., Ól., J: 12. meður hörmung Ísaf.; meður særing Ól.; 13. er hestar J: 17. Enn Eyvör, Ísaf.; En Eiðvör Ól. er Eyvör J.

bókina. Fyrirsögnin er svo í Ad. Í, HE: „Vísa, er skáldið batt nafn sitt í“. Hin hafa: „Skáldið bindur nafn sitt.“]

Röðullinn hvatti Baldurs bróður að brjóta vakir,
frændur stóðu í branda braki,
bráðheitt sumarið hreifði taki.

Valdi og Guðrún í Vallanesi.

[Útg. bls. 100; Stokkahlbók; Rask 83. 8vo: J Sig. Nr. 82. 8vo p. 158.]

Gunna það verk vann,
er Valdi hlaut af gjald,
snerist í hans hár,
hann skrækti, snældan;
lokkurinn ljós hékk
lengi á snöru ullstrengs;
pilturinn um hár hélt
og happ sagði er af slapp.

1. Röðullinn (röðull Ad) = sól = S; Baldurs bróðir = Týr = t; brjóta vakir = stinga gat á ís, en stunginn ís er = e; 2. frændur stóðu í branda braki, sbr. fé veldur frænda rógi, og fé er = f; 3. bráðheitt sumar = hlýtt sumar, gott sumar = ár, en ár er = á; tak = taksótt, harmkvæli = nauð, en nauð er = n. Nafnið er því fult: S-t-e-f-á-n.

2. beið af R Sp.

Við son sinn.

[Útg. bls. 187—188; Stokkahlaðabók; Rask. 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 313—314.]

Það veit eg, Þorvaldur,
Þú ert næsta einfaldur,
Þinn bruggar barnsaldur
brjálið og hátt skvaldur,
opt hleypur um hjaldur
alvotur, blákaldur,
þó sæki mið mjaldur
mun það ei neinn galdur.

Krummi á skja.

Kveðið við Þóru dóttur sína.

I.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 243.]

Hrafninn stóran skorar skjá,
skænið fór að bora þá,

5. hjaldur mun eiga að vera hér í sömu merkingu sem hjall = land, jörð: Sbr. kvæðið; „Mannanna afdrif“ eða „Helja tvítugföld“ eignað Hallgrími Péturssyni og sem er auðsjáanlega varla ort seinna en á 17. öld: Telst með því á hjaldri etc. 4. er.; 7—8. mjaldur, einskonar tannhvalur (beluga catodon), sbr. málsháttinn: sjaldan bregzt mjaldur af miði, sbr. ennfremur Konungsskuggsjá. Sórey 1768 bls. 124; 8 það eigi neinn Sp.

vildi ljóra vinna óskil,
varði þóra innan til.

II.

[Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 271. 4to Páls hdr.; Brit. Mus. 11185, 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 243—44.]

Krummi skjái skemmir,
skefur hann þá með nefi,
hungraður kom hann hingað,
horaður skænið borar,
þóra þetta heyrir,
þýtur upp með spítu,
skellir á grind, ei gallar
glersmið af kálfshýði.

Við Þóru dóttur sína.

[Útg. bls. 164—165; Prent. í Corpvs poet. boreal. Dr. Guðbr. Vigfúss. II. 413. J Sig. 271. 4to (orðam. Páls optir hdr. Sr Grímólfs); Brit. Mus. Nr. 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 268; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Faðirinn bar mín æsku ár
inst í skauti sínu,

---

5. þóra er (nær) þetta heyrir P; 6. þýtur hún P; 7. þá gallast P; á grund ei gallast Br. á grund ei Sp; 8. úr (orðam.) kálfshýði P; kálfshýði Br.

geymi eg hans hin gráu hár,
:|: og gott er í horni mínu. :|:

Hexametrum.

[Útg. bls. 176; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 299. Þetta hefur Sr Stefán kveðið við Ólaf son sinn, auðsjáanlega þegar Ólafur var barn að aldri og hefur verið að reyna að yrkja.]

Guð ráði því, Láfi minn, hvenær þú munt gera góð vers.

Fyrsta stafagerð Ólafs Stefánssonar.

[Útg. bls. 152—153; J Stefánss. hdr.; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo: J Sig. 82. 8vo p. 250—51.]

Eg er nú við það illa *d*,
af því verður þrengra,
eg hef skrifað *a*, *b*, *c*.
Aldrei kemst eg lengra.

5. *E* þó hafi ég aktað smæst,
f-ið stendur þessu næst,

2. í barmi sínum Gr, Br; 4. svo St, Sp.

1. Er eg Útg. St: 4. upptekningarmerki (:|:) við línuna í S og Sp: 9. upptekningarm. S, R, Sp; 14. upptekning-

g er ofan lukt og læst.
lízt mér ei á *h*-ið stæst.
Aldrei kemst eg lengra.

10. *Í*-ið meina eg óvant sé,
ei má *k*-ið draga í hlé,
l, m, n-ið, *ó* og *p*
ætla eg komi mér á hné.
Aldrei kemst eg lengra.

15. *Q*-ið set eg á kjálkann hress,
krókótt verður *r* og *s*,
í *t*-ið fellur kúkakless,
kemur mér *u* á vondan sess.
Aldrei kemst eg lengra.

20. *X, y, z, æ* og *þ*
og aptan við það titilkorn,
rétt er stafarófan forn
rakin á fremsta kjálka horn.
Aldrei kemst eg lengra.

---

arm. S, R, Sp; 18. í vondan sess Sp: 19. upptekningarm. S, R, Sp: 21. lítið korn Sp; 24. upptekningarm. S, R.

Vid Ólaf son sinn.

[Útg. bls. 165; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; Brit. Mus. 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo. Prentuð í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 418. Fyrirsögnin í Br er: „Filiolus". Í vísunni er nafn Ólafs í málrúnum.]

Einn piltur að hné
í blautan snjó sté,
ós, lögur, ár, fé,
úr, reið hans nafn sé.

Skáldid kvað vid dætur sínar.

[Útg. bls. 164; British Museum Nr. 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 267–68; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 271. 4to (orðam. Páls eptir Grímólfi).]

Vefur þessi vandofinn
vekur list með þrem systrum,
þær ríða við rönd áklæðis
rósabekk í dagsljósi;
mætast henkur marglitar,
mynduð sporin vel binda;
þeim ægir, að auk sextíu
ein er í staðnum hleina.

3. ós = ó; lögur = l; ár = a; fé = f; úr = ú; reið = r: ó-l-a-f-u-r.

6. vel sl. Sp; 7. auk lektíu St; auk sextygi Br; 8. ein haunk í stað hleina B, Br.

VÍSUR AÐ VEFA Í BAND.

I.

[Útg. bls. 197; J Sig. 82 8vo p. 174—75; Stokkahlb.; Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 92. 8vo, fol. 127; J Sig. Nr. 82. 8vo.]

Þessi iðja áfram rann,
endi er kominn á linda;
letrin biðja langs um hann,
að lukkan styðji eignarmann.

II.

[Útg. bls. 198; Stokkahlb.; Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 92. 8vo, fol. 126; J Sig. Nr. 82. 8vo.]

Að vefa og kljá
nú vík eg frá,
en vil svo óskin standi,
að blessist sá,
sem bandið á
bæði á sjó og landi.

III.

[Útg. bls. 176; J Sig. 82. 8vo p. 298; Rask 83. 8vo; Stokkhlb.]

Frið, andar auð,
auð, daglegt brauð,
léð engla lið,
lið af sólar smið

III. 2. auð og St., Sp.

5. í ferð og á,
á leið til og frá,
fái um sand og sjá,
sá bandið á.

Um gjaldvefnað.

[Útg. bls. 155—156; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 255—56.]

Gjaldvefir ganga,
en gagnhrælar stanga
hjá Gunnu og Settu;
við hleinar vanga
hátt vefsköptin spranga
og vindast í fléttu;
meiðmarnar manga,
en beinskeiðar banga
um barmana þéttu;
klíð vefst í stranga,
en kljáist út slanga
með kappsmunum réttu.

---

1. hanga St, R, Sp; 2. gagnhælar Útg.; ganga St, R, Sp; 7. meimarnar St, R; 7—9. vantar í Sp; 9. upp barmana St, R.

Húsasmíði.

[Útg. bls. 174—175; Stokkahlaðabók; Rask 83 8vo; J Sig. 82. 8vo.]

Að reisa þessi þilhús,
þilja í hólf og alt gólf
vinnur sig ei sjál[f]t,
skuli vera þítt þil
þétt alt og vel sett,
en hvorki skakt né skjál[g]t;
fjöruþýfskan frábær
flett hefur mig landsrétt,
svo féð mitt stendur strjált;
mín eru efni mjög klén,
miðla jeg því dræmt við,
en hugurinn vinnur hál[f]t.

Um þann, sem ekki náði hvalskurðinum að Kviká.

[Útg. bls. 188—199; Hálfdánarbók; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 223.]

Enga finnur hann ána,
er það mesta skrift;
gerist þreytt hans Gráua,
en grátin auðarnipt;

12. en hagirnir vinna Útg, R, Sp.

út að Kviká einn
arkar þeygi seinn;
varð honum ei, því veðrið brást,
vegurinn þessi beinn;
hallar háum degi,
í hvalinn kemst hann eigi.

Um hund.

[Útg. bls. 185—186; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 311–312.]

Situr hann Láfi og saxar gras,
svo gerði hann á deginum,
þiggur Bokki þetta vas,
en það er nú rýrð í heyjunum,
gó hann bæði í gær og cras,
þó geri menn opt að sveia honum;
ílt fékk þóra af honum flas,
upp stökk hún með teygjunum,
á henni varð svo fallegt fas
sem fegursta kinn á meyjunum,
það rann í hana það reiði-bras,
hún réttist öll úr beygjunum;
vóx við þetta murr og mas
mikið í hundagreyjunum.

5. cras = á morgun; 7. Þóra Sp; hin: Þura.

VIÐ DRAUGINN, SEM RAK HAUSINN ÚT ÚR HELLINUM.

[Stokkahlb.; Rask 83. 8vo: J Sig. Nr. 271. 4to (Páls hdr.); J Sig. 82. 8vo p. 233—34; Hálfdánarbók.]

Kátt er karli grettum,
úr klettunum draugar spretta,
hættar fá því fettur
og fléttaðar satans glettur,
rótt svo af myrkra mætti
mætti verða húsgættum,
hætta er að skjóta skrattann,
skrattinn flýr, kemur þó attur.

KERLING LEITAÐI SÉR LÚSA.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 271. 4to, Páls hdr. (eptir Sr Grímólfi); J Sig. 82. 8vo p. 270. Skáldsins fyrsta vísa St, Sp, R. Við þessa vísa stendur í hdr. Sr Grímólfs: „að þessi sé skáldsins fyrsta vísa, læt eg við sitt verð".]

Ljós byrgir, lús fargar,
líf klórar víf stórum,
sokk flettir blökk bytta,
berkríkuð er líka,

2. úr klettum HE; 3. fær því fettur P; „flettaðar" öll hdr: 7. hætt er St, R, Sp, HE. Hetta er P.

5. nit kremur, fót fúna,
fald tannar haldgrannan,
naglfluttan fugl spretta
fær slysað nær blysi.

Drengur flutti mat á engjar.

[Utg. bls. 97—98; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 152.]

Varð fyrir mér vont svall,
vann eg það fyrir þitt kall,
af baki eg féll fall,
fótum undir varð hall,
ofan í götu skyr skall,
skemdar braut eg matdall,
út um móa mjólk vall.
Marga neyð á kotkall.

Slátturinn í rústinni.

[Utg. bls. 174; J Stefánssonar hdr.; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 295.]

Aska og Óðinn sjálfur
er í rústar-tetri,
slæmt er hana að slá;

5. „fót fyma“ P.

1. Varð á St, R, Sp.

safnaðist haugurinn hálfur
5. helzt á þessum vetri,
er skemmir skarpan ljá;
orð við hiksta hrýtur því af Steina,
hugferðinu kann hann sízt að leyna,
komin í ljáinn skemmileg er nú skeina
10. af skeljamolum, grjóti og harki beina.

Selshausum var stolið.

[Stokkahlaðabók (eignað S^r St. Ól.); F = J Sig. Nr. 271. 4to F. Magn. (eignað S^r St. Ól.); K = J Sig. Nr. 239. 8vo (eignað S^r St. Ól.); Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. p. 6—7. Þingeyrabók. Án fyrirsagnar í St og K.]

Sæll vertu, granni,
segðu mér frá,
sástu ekki manninn
með dauslausu hausana þá?
5. Fraus hann rausar fyrir þrjá;
til beitu þeir reita
í bleytu, þar veit eg
þeir steyta á.

1. „Oddin" R; 7. hrýtur af því St, R, Sp; 9. nú sl. St.

1. granni minn F, Gunnar P; 3. sástu hvergi F, K, P, Þ; 4. sl. þá Þ; 5. hann kaus sér þrjá St (í orðam.) F, K, P, Þ; 11. sl. Þ.

þetta bralla
þeir kallarnir
snjallir
gjörvallir,
sem hákallinn fá.

Beinakerlingarvísa.

[Hrafnadalskver: Blöndalsbók.]

Kerling þú, sem stendur á stig
steinhörð að áliti,
hver vill fyrða fara á þig
frjáls, heill og með viti?

Vísa.

[Stokkahlaðabók.]

Fýstust gestir fast að slást af þjósti,
fékk nú rekkur hnekkir ekki þekkan,
datt þá hrotti en dráttur þeyttist pretta,
dauða nauðin bauð heim snauðum kauða,
kvalinn rólar, kvelur bölið gála,
kveinar, veinar reynir Stein með fleini,
flatur, látinn fóta ei notið getur,
flóði blóð af rjóðum sjóða góði.

Staka.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; British Mus. 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 243.]

Stuttur staðarins brattur
stýfinn þér ætlar hnífinn,
svörtu er skapti skeptur,
í skeiðunum liggur breiður;
harður heimtar verðið,
hinn er á móti stinnur,
hefur þó jögun hæga
við happalausan glappa.

Riðið í kaupöl.

[Hálfdánarbók; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 221—22.]

Þetta hyski þrammar greitt,
af því mnnu fáir raupa,
alt af ferðaþambi þreytt
það fer nú til kaupa.

2. stýfur P, Br; 3. er sl. P; verður í skapti Br; 4. í sl. Br; 5. heimtir Sp.

Staka í gamni.

[Útg. bls. 165; British Mus. 11,185. 8vo: J Sig. 82. 8vo p. 268—69; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi).]

Kom þú undir stúfinn strax
og stattu hérna á hnjánum
hjá trjánum;
af þér skal nú skeggið skelt,
skorið eins og hrísið felt
og lagt með ljánum.

Vísa.

[J Sig. 82. 8vo p. 269; Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Anzaði þessu auðargná
yfir hjá bekkjar horni:
þeir eiga að fara yfir um á
eptir viðar-korni.

1. nú undir Br; 2. þarna á Br; 4. af þér hárið skal nú skelt B, Br; 6. eða lagt B: eður lagt Br.

1. þess(!) Sp.

Stökur.

[Að eins fyrir vísan finst í Stokkahlaðabók; Rask 46. 4to; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo; Báðar finnast þær í J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Festi laust á leppinn minn
lykkjuna silkinauma,
Guðný potar út og inn,
ekki kann hún að sauma.

5. Þekka blekkir þornagná,
þokast Loki í dróma,
hitinn smitar höndum á,
hál er nál við góma.

Kveðja.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; British Mus. 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 280.]

Henrik biður að heilsa þér
og heiðursmaðurinn Varði;
Bjarni héðan burtu fer
blessunarlaus úr garði.

4. aldrei kann Br. P; 6. Þokaðist Br.

3. Bjarnhéðinn í burtu fer, (orðam. í) P, Br.

VÍSA.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 312.]

Þegar á bak fer þessa manns
þöllin fögur bauga,
þá er hún góð við hundinn hans,
hann heitir Glóðarauga.

VÍSA.

[J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Hæfir ekki að hafna mat,
hart þó á mig drífi,
nú er kálfurinn kominn á fat,
sem kátlegast fór af lífi.

UNDIR NAFNI ANNARS MANNS.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 178.]

Nú er komin önnur öld
áttu gott að hreppa,
þá skal eg vera þjófur í kvöld,
ef þú skalt burtu sleppa.

1. mig svífi Br.

Kuldinn í Kirkjubólsbaðstofu.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 294—95.]

Á Kirkjubóli birt er að
í baðstofu tarfur stæði,
undan honum í þeim stað
eystun frusu bæði.

Staka.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 299.]

Fyrst þar ekki frjósa má,
er frá þú gerir segja,
hvort er það af hita þá
að hrossin út af deyja?

Hrútsóhapp.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 297—98.]

Einn hef eg bekra augum séð,
er ófall mikið gisti,
ull, horn, eyru og eystun með
í einu frá eg hann misti.

---

2. gerðir St.

Mýs urðu fyrir lją.

[Útg. bls. 178: prent. í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 414; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Í höggi einu hjó eitt sinn
hér á grundu vallar
undan fjórum maður minn
músum fætur allar.

Staka.

[Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 240; Hálfdánarbók]

Bágt er að þurka blek á kver,
ef bera þarf í leyni,
séra Fúsi sendi mér
sand úr Dvergasteini.

3—4. Sr Sigfús Vigfússon er prestur á Dvergasteini 1675—1715, og deyr þá, og hefir fjóra um áttrætt. Vísan er því ort eptir 1675.

Um tvær ær dýrbitnar og eina dauða.

[Útg. bls. 150; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo. Prentuð í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 414. Fyrirsagnarorð eru hin sömu sem hér í Útg, Sp, R, en St hefur þessa röð á þeim.]

Gráhnífla er gengin af,
eg get hana hvergi litið,
ærnar tölta tvær við staf,
hún tóa hefur þær bitið.

Hvít.

[Thotts safn Nr. 489. 8vo sýnist engum eigna; Stokkahlaðabók eignar Sr Stefáni Ólafssyni; F = J Sig. 271. 4to (F Magn. 197. 8vo) eignar Sr Stefáni; J Sig. 271. 4to með hendi Halldórs Hjálmarssonar, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; J Sig. 239. 8vo, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Hrafnadalskver eignar Sr Hallgrími Péturssyni.]

Eg aulann sá raulandi ýtandi Hvít,
erjandi, sverjandi drengur,
en baulan hágaulandi bítandi nýt
berjandi, verjandi gengur.

4. berjandi, skerjandi H.

STAKA.

[J Sig. Nr. 271. 4to, Páls hdr. „sem sumir eigna Sr Stefáni (eptir minni)“.]

Bakkus mun benda þér
og bíta á kampinn,
vill hann þú veitir mér
vel fullan stampinn.

VÍSUR.

[J Sig. 271. 4to, Páls hdr.]

Þá oss fundu þegnar tveir
þessu raska erfiði,
hét Sjómundur hjörva freyr,
hinn Brimvallarliði.

Þá skal glósa það við bar,
þó varð djúpt á botni
auður sjós því svönum var
sendur lands frá drottni.

Laga gildu ræða rök
reiknaði hent sér væri,
lýsa vildi landnáms sök
lélega þó það færi.

7. svo í hdr.

Staka.

[J Sig. 271. 4to, Páls hdr.]

Í Vallanesi var eg nótt,
þar vildi beina gestum drótt,
þá Bragi lét inn bera á pall
mér býsna stóran dall,
þar var á mélmjólk,
mörbitar, hangiket,
ábristur, ull tólk,
er ágæti hét.

Lofvísa um hornið.

[Prentuð í kvæðabók Eggerts Ólafssonar Khöfn 1832 bls. 194: J Sig. 228. 8vo (eignar engum); Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 30–40, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Bókmfél. deild á Ísl. Nr. 111. 8vo, eignar Sr Stefáni; J Sig. 82. 8vo, Sr Stefáni; Stokkahlaðabók, eignar Eggert Ólafssyni.]

Í horni er bezt að búa,
birtunni undan snúa,
það má hliðum hlúa
og hlaunum bæta lúa,
þaðan gestir grúa
geta litið frúa,
í horn er fínt að flúa
og fám í ljósi trúa.

Páll og reka.

[Útg. bls. 135; Prentað í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreale II. 414; J Stefánssonar hdr. (heilt); Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, pag. 223—24; Hálfdánarbók.]

Sá eg við dyrnar systkin þörf,
er seint um matinn breka,
þektar-hjúin hent í störf
heita páll og reka.

5. Henni saurinn hrín opt á,
en honum er grjót að meini,
hún vill þvott og hreinsun fá,
en hann fægist á steini.

Gáta um rokkinn.

[Útg. bls. 192; Snót Rvík 1865 bls. 331; J Stefánss. (heilt); Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 82. 8vo, p. 158; J Sig. 245. 4to. Útg. hefur: „Gáta", en ráðninguna neðanmáls; „Rokkur" er fyrirsögn í R, Sp.]

Þrífættur piltur,
þrifinn og vandstiltur
leikur við hendur
þá lukkan á stendur,

1. við bæinn, Corp. poet. (rangminni?).

2. vel stiltur K; 4. lukkan þar af stendur K; 7. og segðu K.

5. fljóðum lið færer,
fóttroðinn samt hér.
Segðu hver sá er.

Um selinn.

[Útg. bls. 87; Jóns Stefánssonar hdr. (heil); Stokkahladabók); Rask 83. 8vo; G = Rask 39. 4to, bls. 380 (Gátur með hendi Eiríks Loptssonar; ráðningar með villuletri); J Sig. 82. 8vo; Dr = Druslur frá Þorsteini Þorsteinssyni á Upsum í Bmfél. Nr. 635. 8vo; J Sig. 271. 4to, orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; JA = Jóns Árnasonar safn IV. B. 8vo, bls. 104; Gv = Gátnasafn með hendi Geirs Vigfússonar í safni Jóns Borgfirðings í 8vo, bls. 69; Páls safn Nr. 1. 8vo, XXII orðam. Páls í expl. hans; Bergsbók Jóns Árnasonar V. A. 8vo, bls. 320.]

Hér drattar handstuttur,
háleitur, misfeitur,
sundhraður, salt veður
sídjarfur, búþarfur,
5. lágeyrður, létt heyrður,
á láði fær opt náðir,
veltist í vogbelti,
veiðist á skrofheiði.

---

1. svo G, Gr, JA, Gv, Bb, P; hin: hann stuttur; 3. salt veður sundhraður G, Gv; 4. sízt djarfur Dr, Sp, R; 5. lágeyrðir, lundharður Dr; leikharður (lágeyrður Gr) lágheyrður JA, Bb, P; lágeyrður, leikharður Gv; létt heyrður, sýnast sum hdrr. hafa, sem er það rétta, annars litt; 6. hefur opt Bb, Dr; 7. Um vaðbelti Bb, Gr, P, R, S (í orðam.) St; vígbelti G, Sp, R (orðam.); í vaðbelti JA; viðbelti Dr; 8. skrofheiðum Dr.

Staka í gamni.

[Útg. bls. 165; British Mus. 11,185. 8vo: J Sig. 82. 8vo p. 268—69; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to (orðam. Páls eptir Sr Grimólfi).]

Kom þú undir stúfinn strax
og stattu hérna á hnjánum
hjá trjánum;
af þér skal nú skeggið skelt,
skorið eins og hrísið felt
og lagt með ljánum.

Vísa.

[J Sig. 82. 8vo p. 269; Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Anzaði þessu auðargná
yfir hjá bekkjar horni:
þeir eiga að fara yfir um á
eptir viðar-korni.

---

1. nú undir Br; 2. þarna á Br: 4. af þér hárið skal nú skelt B, Br; 6. eða lagt B: eður lagt Br.

1. þess(!) Sp.

Stökur.

[Að eins fyrir vísan finst í Stokkahlaðabók; Rask 46. 4to; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo; Báðar finnast þær í J Sig. 271. 4to, Páls hdr.: Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Festi laust á leppinn minn
lykkjuna silkinauma,
Guðný potar út og inn,
ekki kann hún að sauma.

5. Þekka blekkir þornagná,
þokast Loki í dróma,
hitinn smitar höndum á,
hál er nál við góma.

Kveðja.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; British Mus. 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 280.]

Henrik biður að heilsa þér
og heiðursmaðurinn Varði;
Bjarni héðan burtu fer
blessunarlaus úr garði.

4. aldrei kann Br. P; 6. Þokaðist Br.

3. Bjarnhéðinn í burtu fer, (orðam. í) P, Br.

Vísa.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 312.]

Þegar á bak fer þessa manns
þöllin fögur bauga,
þá er hún góð við hundinn hans,
hann heitir Glóðarauga.

Vísa.

[J Sig. 271. 4to, Páls hdr.; Brit. Mus. 11,185. 8vo.]

Hæfir ekki að hafna mat,
hart þó á mig drífi,
nú er kálfurinn kominn á fat,
sem kátlegast fór af lífi.

Undir nafni annars manns.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo p. 178.]

Nú er komin önnur öld
áttu gott að hreppa,
þá skal eg vera þjófur í kvöld,
ef þú skalt burtu sleppa.

1. mig svifi Br.

Kuldinn í Kirkjubólsbaðstofu.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 294—95.]

Á Kirkjubóli birt er að
í baðstofu tarfur stæði,
undan honum í þeim stað
eystun frusu bæði.

Staka.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 299.]

Fyrst þar ekki frjósa má,
er frá þú gerir segja,
hvort er það af hita þá
að hrossin út af deyja?

Hrútsóhapp.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 297—98.]

Einn hef eg bekra augum séð,
er ófall mikið gisti,
ull, horn, eyru og eystun með
í einu frá eg hann misti.

2. gerðir St.

Mýs urðu fyrir ljá.

[Útg. bls. 178: prent. í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 414: Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Í höggi einu hjó eitt sinn
hér á grundu vallar
undan fjórum maður minn
músum fætur allar.

Staka.

[Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 240; Hálfdánarbók]

Bágt er að þurka blek á kver,
ef bera þarf í leyni,
séra Fúsi sendi mér
sand úr Dvergasteini.

3—4. Sr Sigfús Vigfússon er prestur á Dvergasteini 1675—1715, og deyr þá, og hefir fjóra um áttrætt. Vísan er því ort eptir 1675.

Um tvær ær dýrbitnar og eina dauða.

[Útg. bls. 150; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo. Prentuð í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 414. Fyrirsagnarorð eru hin sömu sem hér í Útg, Sp, R, en St hefur þessa röð á þeim.]

Gráhnífla er gengin af,
eg get hana hvergi litið,
ærnar tölta tvær við staf,
hún tóa hefur þær bitið.

Hvít.

[Thotts safn Nr. 489. 8vo sýnist engum eigna; Stokkahlaðabók eignar Sr Stefáni Ólafssyni; F = J Sig. 271. 4to (F Magn. 197. 8vo) eignar Sr Stefáni; J Sig. 271. 4to með hendi Halldórs Hjálmarssonar, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; J Sig. 239. 8vo, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Hrafnadalskver eignar Sr Hallgrími Péturssyni.]

Eg aulann sá raulandi ýtandi Hvít,
erjandi, sverjandi drengur,
en baulan hágaulandi bítandi nýt
berjandi, verjandi gengur.

4. berjandi, skerjandi H.

Staka.

[J Sig. Nr. 271. 4to, Páls hdr. „sem sumir eigna Sr Stefáni (eptir minni)“.]

Bakkus mun benda þér
og bíta á kampinn,
vill hann þú veitir mér
vel fullan stampinn.

Vísur.

[J Sig. 271. 4to, Páls hdr.]

Þá oss fundu þegnar tveir
þessu raska erfiði,
hét Sjómundur hjörva freyr,
hinn Brimvallarliði.

Þá skal glósa það við bar,
þó varð djúpt á botni
auður sjós því svönum var
sendur lands frá drottni.

Laga gildu ræða rök
reiknaði hent sér væri,
lýsa vildi landnáms sök
lélega þó það færi.

7. svo í hdr.

Staka.

[J Sig. 271. 4to, Páls hdr.]

Í Vallanesi var eg nótt,
þar vildi beina gestum drótt,
þá Bragi lét inn bera á pall
mér býsna stóran dall,
þar var á mélmjólk,
mörbitar, hangiket,
ábristur, ull tólk,
er ágæti hét.

Lofvísa um hornið.

[Prentuð í kvæðabók Eggerts Ólafssonar Khöfn 1832 bls. 194: J Sig. 228. 8vo (eignar engum); Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 30–40, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Bókmfél. deild á Ísl. Nr. 111. 8vo, eignar Sr Stefáni; J Sig. 82. 8vo, Sr Stefáni; Stokkahlaðabók, eignar Eggert Ólafssyni.]

Í horni er bezt að búa,
birtunni undan snúa,
það má hliðum hlúa
og hlaunum bæta lúa,
þaðan gestir grúa
geta litið frúa,
í horn er fint að flúa
og fám í ljósi trúa.

Páll og reka.

[Útg. bls. 135; Prentað í Dr. Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreale II. 414; J Stefánssonar hdr. (heilt); Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, pag. 223—24; Hálfdánarbók.]

Sá eg við dyrnar systkin þörf,
er seint um matinn breka,
þektar-hjúin hent í störf
heita páll og reka.

5. Henni saurinn hrín opt á,
en honum er grjót að meini,
hún vill þvott og hreinsun fá,
en hann fægist á steini.

Gáta um rokkinn.

[Útg. bls. 192; Snót Rvík 1865 bls. 331; J Stefánss. (heilt); Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 82. 8vo, p. 158; J Sig. 245. 4to. Útg. hefur: „Gáta", en ráðninguna neðanmáls; „Rokkur" er fyrirsögn í R, Sp.]

þrífættur piltur,
þrifinn og vandstiltur
leikur við hendur
þá lukkan á stendur,

1. við bæinn, Corp. poet. (rangminni?).

2. vel stiltur K; 4. lukkan þar af stendur K; 7. og segðu K.

5. fljóðum lið færer,
fóttroðinn samt hér.
Segðu hver sá er.

Um selinn.

[Útg. bls. 87; Jóns Stefánssonar hdr. (heil); Stokkahlaðabók); Rask 83. 8vo; G = Rask 39. 4to, bls. 380 (Gátur með hendi Eiríks Loptssonar; ráðningar með villuletri); J Sig. 82. 8vo; Dr = Druslur frá Þorsteini Þorsteinssyni á Upsum í Bmfél. Nr. 635. 8vo; J Sig. 271. 4to, orðam. Páls eptir Sr Grímólfi; JA = Jóns Árnasonar safn IV. B. 8vo, bls. 104; Gv = Gátnasafn með hendi Geirs Vigfússonar í safni Jóns Borgfirðings í 8vo, bls. 69; Páls safn Nr. 1. 8vo, XXII orðam. Páls í expl. hans; Bergsbók Jóns Árnasonar V. A. 8vo, bls. 320.]

Hér drattar handstuttur,
háleitur, misfeitur,
sundhraður, salt veður
sídjarfur, búþarfur,
5. lágeyrður, létt heyrður,
á láði fær opt náðir,
veltist í vogbelti,
veiðist á skrofheiði.

---

1. svo G, Gr, JA, Gv, Bb, P; hin: hann stuttur; 3. salt veður sundhraður G, Gv; 4. sízt djarfur Dr, Sp, R; 5. lágeyrðir, lundharður Dr; leikharður (lágeyrður Gr) lágheyrður JA, Bb, P; lágeyrður, leikharður Gv; létt heyrður, sýnast sum hdrr. hafa, sem er það rétta, annars lítt; 6. hefur opt Bb, Dr; 7. Um vaðbelti Bb, Gr, P, R, S (í orðam.) St; vígbelti G, Sp, R (orðam.); í vaðbelti JA; viðbelti Dr; 8. skrofheiðum Dr.

Dvergmál.

[Stokkahlaðabók (eignar Sr Stef. Ól.); J Sig. Nr. 271. 4to (F Magn. 197: eignar Sr St. Ól.); J Sig. Nr. 239. 8vo (eignar Sr St. Ól.): Þingeyrabók p. 171 (eignar Sr St. Ól.).]

Dvergmál hef eg drjúgum fundið — bundið,
dvelja mun eg það að sinni — inni,
yfrið hátt ef einhver klettur — dettur
af því verður hljóða rómur — tómur,
svoddan raddar þýðing þekki eg — ekki,
þar til nema sérlegt næmi — kæmi,
fræða speki fann eg mína — dvína,
falla hljóta þanninn bæði — kvæði.

Um hrafnaganginn.

[Útg. bls. 131—132; Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 271. 4to (H. Hjálmarsson): J Sig. Nr. 271. 4to (orðam. Páls eptir Grímólfi); J Sig. 82. 8vo. p. 118; Hálfdánarbók.]

Breiða sig borginmóðar
bláfjallaðir um allar
grundir, nes og granda,
grúfa sig ofan í þúfur,

2. dveljast F; 7. finn eg Þ.

4. grúfandi ofan í Gr.

5. grafa með gildu nefi
gormar þessir smá-orma,
í sekk þann niður þeim sökkva,
sjaldan fyllist, eða aldrei.

Harðindi.

[Útg. bls. 177—78; Grundarkver; Stokkahlaðabók: Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 271. 4to (Halldór Hjálmarsson); Bmfél. d. á Ísl. Nr. 214. 8vo (skr. 1735); J Sig. 82. 8vo, p. 301: Fyrirsögni svo í St: „Harðindin í Fljótsdalshéraði".]

Jökuldals bygðin bleika,
byljum stríðum vön Hlíðin,
kringvöfð vötnum Tunga,
veitug Útmannasveitin,
5. þjóðkunn þingin Eiða,
þröng sund Skriðdals grundar,
Völlur, Fljótsdalur, Fellin,
fult er það alt af sulti.

1. Jökulsár H, Bm; 2. bylja stríði H, Bm; 3. kringum vöfð vötnum Tunga H; vötnum vöfð víðfræg Tunga Bm; Tungu, hin.: 4. og veitug G, H; 6. þröngt G, H, Bm; grunda Útg, R: 7. Völlur = Vellir, pleb. austf. sbr. I. bls. 7 so.

VEÐRAVÍSUR.

I.

Landnyrðingur.

[Útg. bls. 131; Brit. Mus. Nr. 11,185. 8vo; Stokkahlaðabok; Rask 83. 8vo; J Sig. Nr. 271. 4to (H. Hjálmarsson); Hálfdánarbók; Fyrirsögn „Áttmælt staka" í Br.; hin: „Um veðurátt".]

Landnorður lund herðir,
leið viku-heiðrikja,
skárekast ský vökur,
skall vindur fjalltindum;
af Hetti drif duttu,
dalagrá er alþáin,
ósa særðan ís herðir,
ótt þrekast gótt ekki.

II.

Séra Stefán spyr hvernig úti sé, og svarar sér sjálfur.

[Útg. bls. 140—141; J Stefánss. hdr. (heilt); Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo. Fyrirsögnin er í flestum hdr. eins og í útg. nema, að sum hafa author fyrir skáldið.]

Hvað blæs nú? Hríð geisar.
Hví dignar? Ský rigna.
Það er þokkabót.

I. 4. vindur úr St, R, H, Sp, HE: Höttur, sbr. I. 114; 6. Dala grá R; 7. ósærðan ís B; ósa færðan Br; 8. góð Útg, R, Sp, HE; goð eke H, Br (= góðeki); óðum frekast B.

Hvort frystir? Hart lízt mér.
Hvaðan gustar? Að austan.
Villist vindarót.
Mun hláka? Meinfjúk er.
Má ríða? Í háhlíðum.
Þar mun fönn við fót.
Hversu vegnar? Hross svigna.
Hvenær skánar? Þegar hlánar.
Hljóðnar hrygðin ljót.

III.

Snjókoma.

[Hálfdánarbók; J Sig. 271. 4to með hendi Halldórs Hjálmarssonar; Stokkahlaðabók; British Museum 11,185. 8vo; J Sig. 82. 8vo; J Stefánss., heil; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to með hendi Páls Pálssonar. Þessi handrit eigna öll vísuna Sr Stefáni Ólafssyni.]

Ofan drífur snjó á snjó,
snjóar hylja flóa tó,
tóa krafsar móa mjó,
mjóan hefur skó á kló.

III. 1. drýpur Br; 2. snjóar byrgja P; snjórinn hylur Br; fló og tó Sp; fló á tó HE; 3. tóa kroppar Br, P; 4. mjóa St, Sp, S, R. Sama vísa er prentuð, auðsjáanlega af misskilningi, í Þjóðvinafélagsalmanaki 1876 og eignuð Hjálmari Jónssyni í Bólu (d. 1875) og í kvæðum Hjálmars á Akureyri 1879 bls. 82, og er eiginhandarrit Hjálmars þar borið fyrir henni, en þetta er víst svo að skilja, að Hjálmar hefur skrifað

IV.

Um hláku.

[British Museum 11,185. 8vo: J Sig. 82. 8vo, p. 175; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 271. 4to, Páls hdr.]

Þýður blærinn þjappar snjó,
þeyinn margir reyna,
blíður, ærinn, happa hó,
heyin kargir treyna.

V.

Vorveðrátt.

[Útg. bls. 172; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 284.]

Góð veðrátta gengur,
geri eg mér ljóð af því;
þetta er fagur fengur,
fjölga grösin ný;

---

upp vísuna og ort hana að því leyti um, sem hún verður aldýr. Vísan getur ekki verið eptir Hjálmar, því að afskrift Hálfdánar Einarssonar (d. $^{3}/_{2}$ 1785) í Hálfdánarbók er gerð 1764, og því meir en 20 árum áður en Hjálmar fæðist (f. c. 1787). Vísan er svo, eins og hún er eignuð Hjálmari:

Ofan gefur snjó á snjó,
snjó umvefur flóa tó,
tóa grefur móa mjó,
mjóan (mjóa: almanakið) hefur skó á kló.

IV. 4. bíður A, Br, Sp; 5. heyin margir P.

fiskur er kominn í fjörð,
færir mörgum vörð;
kýrnar taka að trítla út,
troðjúgra er hjörð,
skepnur allar skarta
við skinið sólar bjarta.

Um það, hversu kærleikurinn kólnar.

[Útg. bls. 187; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 313.]

Rækt skír
rénar nú í heimi,
veröld veldur róg;
trygð dýr
tapast fyrir seimi,
ei veit nær er nóg;
nú flýr
sú ræktar rótin góð;
karls á milli og kvinnu
klýfst því ástar slóð.

5. fyri St; 7. deyr St, R, Sp.

Hvernig maður skuli haga sér í heiminum.

[Útg. bls. 186—187; J Sig. 82. 8vo, p. 312—313; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo.]

Allra bezt
er það satt eg meina,
það hef eg í heimi séð:
Fátt um flest,
hafa þó hyggju hreina
hér með glaðvært geð,
hvort lukkan er mót eða með;
mannkosti held eg heita,
hverjum slíkt er léð.

Manni afráðið að fara yfir Lagarfljót á ísi, er datt síðan ofan um hann og druknaði.

[Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo, p. 152—53.]

Hastaðu ei ferða ljótri lyst,
lestur ísinn brákaðest,
fastur er hver á foldu víst,
frestur er á illu bezt.

---

2. eg játa (!) Sp; 3. hefi Útg; 7. ber mót R, Sp.

Vísa.

[Bmfél. Nr. 9. 8vo, hdr. Jóns Stefánssonar. Vísan er meðal þeirra kvæða, sem þar eru eignuð Sr Stefáni Ólafssyni.]

Hundrað- deyðing -mörg er manns,
mest ein fæðing beina,
þúsundföld er þjáning hans,
þó er sælan eina.

Staka.

[Útg. bls. 198; Prentuð í Guðbr. Vigfúss. Corp. poet. boreal. II. 413; Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo (úr Viðey); Sk = J Sig. 83. 8vo (Schev. þykka bók manu Dr. Schev.); J Sig. 82. 8vo, p. 177–78; Stokkahlaðabók; Rask 83. 8vo; J Ól. orðabók undir vandfarið, fer, en eignar engum.]

Vandfarið er með vænan grip,
votta eg það með sanni,
siðuga konu, sjálegt skip
og samvizkuna í manni.

3. sélegt J Ól, sjófært Sk; 4. úr manni Sk.

Sléttubönd.

[Bergsbók Jóns Árnasonar bls. 47, eignar Sr Hallgrími Péturssyni; Thotts safn 489. 8vo, engum eignaðar; J Sig. 239. 8vo með hendi Hallgríms djákna Jónssonar, eignar Sr Hallgrími Péturssyni; Hrafnadalskver eignar Sr Hallgrími Péturssyni; Stokkahlaðabók eignar Sr Stefáni Ólafssyni; J Sig. 271. 4to með hendi Halldórs Hjálmarssonar „eptir kveri frá Espihóli, og eru þar eignaðar Sr Steph. Ól. S". Aptan við vísurnar stendur: „þessar vísur næstskrifuðu eru aðgæzluverðar: má kveða þær aptur á bak og breytist þá heldur en ekki meiningin". Vísurnar eru ekki alveg fullkomin Sléttubönd.]

Trygðir snjallar hvergi hrygð
hljóttu að beiðni minni,
dygðir allar laus við lygð
lundur hringa finni.

5. Vertu siðugur aldrei ilt
af þér heyrast láttu,
sértu sniðugur skjaldan skylt
skarnið þá við áttu.

1. Dygðir snjallar (!) Hr; 2. hreptu St; hljóti Bb.

Hásetavísa.

[J Sig. Nr. 231. 4to (Þingeyrabók). Eignuð Sr Stefáni Ólafssyni. Er þar með vísunum: Vel virði bil borða &c., bls. 211 (sjá II. bls. 1—2) og stendur seinust þeirra, og er hin fjórða í röðinni.]

Presturinn barkann byggir,
Bjarni er þar hjá,
tveir Jónarnir tryggir,
telja hann Gísla má,
Þorsteinn og svo þeir
Þorleifarnir tveir,
Ólafur við hann Klemens kann,
Kolbeinn, reikna eg meir,
Gísli gatinu þjóni,
gegni hann Hárbarðs-Jóni.

Vísa um sjóaradferd.

[Blöndalsbók; Þingeyrabók; Hrafnadalskver.]

Áttu ár að fetta
og af henni að skvetta,
á þóptunni þér létta,
við þiljur kollin bretta,
fótastólinn festu vel,
svo fáir þú ekki að detta,

hömluólina helzt eg tel,
hún á ekki að pretta,
handlegg frá
ei hneppa má
að hamli róðurnum þétta
aldan blá,
við slettum slá,
slæmt er sig að gretta,
kasta þér ei keipinn á,
kátlegur er vandinn sá,
í flatan sjá
er optast há
illbárunnar skvetta,
þú skalt af spaðanum spretta,
spyrnast og gretta,
þig fetta,
fagur togar lag við lög,
leiðir orð af létta,
soga um sundið slétta
sjórinn kann þig bletta.

GÁTA UM ÁRIÐ.

[Þessi vísa er prentuð í íslenzku almanaki 1871 á fremi síðu seinasta blaðs, og er þar engum eignuð. Vísan finst eignuð Sr Stefáni Ólafssyni, og þar á meðal í Stokkahlaða-

---

7. hömlu ólma (!) Bl; 11. að hamli Hr; 21. og gretta, vantar í Bl; 23. togar? svo í Bl; agar Þ; tagar Hr; 25. voga um Bl, Hr; sletta Bl, Þ.

bók, og því er hún tekin hér. Varðgjárbók eignar hana Sr Hallgrími Péturssyni („gáta de anno") og sömuleiðis J Sig. 239. 8vo, bók með hendi Hallgríms djákna. Sr Jón Ingjaldsson, sem seinast var prestur í Húsavík, hefur safnað nokkrum vísum eptir Sr Hallgrím Pétursson með tildragasögum, og finst það safn nú í Bmfél. Nr. 90. 8vo. Þar fer Sr Jón þessum orðum um vísuna: „Einhverju sinni er svo sagt, að fundum bæri saman á alþingi Sr Hallgríms og Sr Jóns Magnússonar frá Laufási, og væri þessi lítið ölgvaður (sic), og mælti til Sr Hallgríms, að ei mundi hann fá gert þann fyrra hlut vísu ferskeyttrar, er ei mætti hann þegar við bæta hæfilega, ef þrjú orð eða fleiri fyndist í íslenzku máli, er þar ættu á móti", og kvað Sr Hallgrímur þá „skjótt" fyrri helminginn. „Sr Jón fékk ei þegar undirstaðið eða skynjað hvar þetta miðaði til eða hver meining í lægi orðum þessum, og varð af því orðfall. Þá bætti Sr Hallgrímur aptan við..." Sr Jón segir ennfremur: „Þessi vísa virðist mér í alla staði Sr Hallgrími verðug, bæði í tilliti til innfallsins (o: hugkvæmninnar), efnisins og orðfærisins, og kom þar fram jafnt hvassleiki sem lipurleiki eða mjúkleikur gáfna hans". En hvað mikið gull, sem vísan er, virðist hún ekki vera ofgáfuleg til þess að geta verið eptir Sr Stefán. Annars er ómögulegt, að segja neitt með vissu um eptir hvern slíkar vísur eru.]

Einn er hringur stunda stór,
stendur í glettu vindi,
með hlýra tólf til ferða fór
fyrr en nokkur myndi.

---

3. svo Alm.: hin: hlýrum.

Vísa.

[Hrafnadalskver, eignar Sr Stefáni Ólafssyni í Vallanesi; Blöndalsbók, eignar Sr Stefáni Ólafssyni í Vallanesi; J Sig. 239. 8vo, eignar vísuna Sr Stefáni Pálssyni í Vallanesi 1738—1768, dauðum 1776. Sr Stefán Pálsson var skáldmæltur.]

Rata brjótar ríta snotrir götu,
ríða tíðum hlíðar fríðir víðar
foldar gildir fiður troða glóðar,
farar marar snarir þar eð fara,
úr götum votum gjóti þeyta blautum,
ganginn langan fanga svangir strangan,
þreyttir duttu þrátt um grýttar stéttir,
á þundar sprundi stundum blundinn fundu.

Vísa.

[Blöndalsbók, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Þingeyrabók, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Hrafnadalskver, eignar Sr Stefáni Ólafssyni; Dr = J Sig. 271. 4to laust blað rotið í 8vo með ílskr. Þar er þessi fyrirsögn: „Vísa Sr Stephans Pálssonar í Vallanesi“.]

Í tjaldi liggjum hér hreld,
holdið stirðnar á fold,

1. ríta snotrir Bl; rata snotrir, hin; 2. víða K; 3. troða Bl, K; friðir bjóðar friður (!) K; 5. svo í hdr. H og Bl; 6. svaðgir strangan K; hin: strangir svangan; 8. fundur (!) hdr. H og Bl; K hefir: fundu.

kuldi pínir ört öld,
aldrei dvínar það gjald,
í kvöld ef hræða hret tryld,
held og þörf að fá eld,
buldraði það skakt skáld,
og skildist svo við orðsnild.

Staka.

[J Árn. IV. B. 8vo, p. 104. (er næst eptir vísuna: Hér drattar handstuttur, og er því ef til vill eptir Sr Stefán).]

Fuglar, dýrin, fiskar, þýtt
fljúga, ganga, synda, strítt
í lopti, á foldu, í vatni, vítt
vængjum, fótum, uggum, títt.

Um böðul.

[J Árn. B. IV. 8vo, p. 108. (á undar er: Kostahestur kokkur var &c. og hér eignað Sr St. Ól. og: Blæng reyni eg ber hann &c. og sýnist þetta vera eignað honum án þess það sé nefnt).]

Allvel þykir mér Ara
embætti sitt fara,

---

2. í fold Bl; 3. ótt öld Dr, Hr; 5. ef hrað er (!) Dr, Hr: hræðir Bl.

öld fer svinn til svara
og segir hann rétt meistara,
festir bönd við fót sem hönd
og fangar illvirkjara,
lemur vönd um lenda rönd
og lætur upp úr para,
hring á vanga svíður senn
ef svíkur púkinn skuldarmenn,
rusta enn sé þýfðin þrenn
þá er vís þeim snara,
með baltar grenn þeim bítur tenn,
er bitu, sig ei vara,
gegnum lumma lara
leggur með mátþvara
er stara
sé hæst bálið
steglan stálið
stráka gerir pjara
og kjörna kæfing mara
kaupið verður spjara.

Vísur.

[Bergsbók J Árn. V. A. 8vo, p. 41—42. (er engum eignað en Jón Sigurðsson getur þess til, að það sé eptir Sr Stefán Ólafs-

---

13. eða: ballar, má lesa.

son, auk þess eru vísurnar meðal þeirra kvæða, sem venjulega eru eignaðar Sr Stefáni).]

Ámátlegur Ökuþór
er hann Gautur nú um sinn,
gengur hann í gráða kór
grettur og hvetur busa sinn.

Stingur síðan stóra flís
stoltur meður busa þeim,
kámlegur sá kaupagrís
kennir ei betra í þessum heim.

Þembist gall af smérsins smúl,
smjalsar í hans hvopti þá,
sk . . . . . skálki fúl
skellur hún í hans iðra gjá.

KVEÐIÐ VIÐ HUND.

[Útg. bls. 100; Bmfél. Nr. 9. 8vo, Jóns Stefánssonar hdr. heilt að mestu; Rask 83. 8vo; J Sig. 82. 8vo. Allar þessar heimildir eigna Sr Stefáni Ólafssyni vísuna. Annars er hún eignuð Páli lögmanni Vídalín (d. 1727), og stendur hún í kvæðasafni lögmanns í Páls safni Pálssonar Nr. 1. 4to XX., sem skrifað er eptir handriti frá Víðidalstungu. Vísan líkist meir Páli en Sr Stefáni.]

Létt er þeim, sem lausir flakka,
líka er þér það kindin blakka,
svo kveð eg við, seppann minn.

11. óvart fallið úr.

Vertu fimur að fljúga á rakka,
fáðu þér ávalt nóg að smakka.
Svipgóður ertu svikarinn þinn.

Um mannsins æfi.

[Þetta kvæði finst í einu handriti (J Sig. Nr. 404. 4to Háttalyklasafn) eignað Sr Stefáni Ólafssyni, og er sú afskrift með slæmri fljótaskriptar hendi frá á að gizka miðbiki 18. aldar eða öllu seinna, og hefur kvæðið þar þessa fyrirsögn: „Ungirgamlir orðt af Sr Steph. O. s. í Vallanesi". Annars er þetta kvæði optast eignað Sr Hallgrími Péturssyni, svo sem í J Sig. Nr. 239. 8vo (hér kallað *K*): það finst og eignað Sr Benedikt í Bjarnanesi. Grímur Thomsen hefur látið prenta kvæðið í Ísafold VI. 1879, Nr. 24, bls. 94—95, og eignar það Sr Hallgrími. Handritið í J Sig. 404. 4to er hér kallað *H*. Á blöðunum framan við kvæðið er Háttalykill Sr Tómasar Þórðarsonar á Stað á Snæfjöllum ortur 1648, og Háttalykill Þorsteins skálds Magnússonar á Hæli í Gnúpverjahrepp. Þorsteinn er enn á lífi 1732 og er þá gamall maður (J Ól. Grv. Add. Nr. 23 fol.). Háttalykill Sr Tómasar er hér 86 erindi, og er afskr. því ein af hinum fyllri. Háttalykill Þorsteins er 52 erindi eins og venjulega.]

Hróðrar bögu hef eg að þylja hirðum geira,
þessa sögu þurfa að skilja þeir, sem heyra.

Heyri næmir hvað eg vil og hvers eg vona,
eptirdæmi eitt er til, og er það svona.

1. „hiörfum" H; 3. Hlýða næmi hvað eg skil K; 4. eptir

Mannsins æfir tel eg tvær, það trúa máttu,
ellin kæfir alt það nær, sem ungir áttu.

Allar eikur ungar togna og sig rétta,
seinna bleikar, síðan bogna, seinast detta.

Ungir hlæja, í leiknum láta listir reyna,
seinna æja, síðan gráta, seinast kveina.

Þessir æða, um sjóinn sigla í sunnan gjósti,
seinna er mæða, síðan hrygla, seinast hósti.

Steyta kálfa, hlaupa um hóla, hoppa og rása,
seinna skjálfa, síðan róla, seinast blása.

Eins og birna um völlinn vasa og víða lalla
seinna stirðna, síðan rasa, seinast falla.

Dándis virðir danzinn stíga, dubl sér temja,
seinna stirðir, síðan hníga, seinast emja.

Unglingarnir bæi byggja og beinin teygja,
seinna farnir síðan liggja, seinast deyja.

Lokkaskornir, lyndisjafnir leika núna,
seinna út bornir, síðan grafnir, seinast fúna.

Fróðum manni fer eg að sýna fræða letur,
ekki kann eg æfi mína að orða betur.

---

dæmi eitt eg skil H; 5. sem trúa H; 8. blikna, síðan brotna K; 11. Ungir æða K; 15. völlu H; og viði slétta H; 16. seinast detta H; 17. Drengir ungir danzinn H; 18. seinna þungir H; 20. alfarnir H; 23. Hyggnum manni hef eg að sýna hróðrar H; 25. dýr með H; 26. og oss náði H.

25. Henni ráði drottinn dýr í dásemd sinni,
síðan náði oss herrann hýr í heimferðinni.

Kvæði Hórazar.

2. ljóðabók; 10. kvæði: *Rectius vives &c.*

[Sh = Sýnishorn Rasks (Specimina Literaturæ Islandicæ) Stokkhólmi 1819, bls. 278; Útg. bls. 83—84; Snót Kh 1850, bls. 86—88; Snót Rvík 1865, bls. 130—31; Snót Akureyri 1877, bls. 185—86; Hálfdánarbók, bls. 50; V = Vatnshyrna; Grundarkver (brot); V_2 = Varðgjárkver; Jóns Stefánssonar hdr. (heilt); Rask 46. 4to (Rask eiginhdrr.); Rask 83. 8vo; H = Landsbókasafn 135. 8vo (hönd Hannesar biskups); B = J Sig. 271. 4to (blað í 4to með fiskr.); Þingeyrabók, bls. 137—38; J Sig. 82. 8vo, bls. 129—130; K = J Sig. 225. 8vo; Kr = J Sig. 210. 8vo (krafshönd); Dr = J Sig. 265. 8vo; Bm = Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo, bls. 38—40; J Árn. B. IX. 8vo, bls. 109—111; Jón Grunnvíkingar í orðab. sinni undir lá, fjall og víðar; undir fjall eignar hann kvæðið Sr Sveini Jónssyni á Barði (d. 1687), en annars altaf Sr Stefáni í Vallanesi.]

Hvert sinn á haf blá
halda maður ei má,
eða af ótta þá
öldum sneiða svo hjá,
5. að hann leggi í lá

---

3. eður Dr, J Ól (sumst.); 5. hann sl. H; 5—6. lína

landinu svo skamt frá,
að skip megi á grunn gá.

Hver sem með geð hægt
hóf elskar gullvægt,
hans fær ei hug lægt
hreysið fult af órækt,
eða sér að krækt
öfundina við flækt
kongshalla hoffrækt.

úrfeld í Sp; 6. svo sl. HE, JA, K; 9. hófið H, B; 10. ei hug bægt HE, G, Dr, V_2, J Ól; ei hug ægt H; 11. húsið fult H; hús fult B; 12. eða að sér krækt Sh, HE, V, St, G, Sp, Kr, B, Dr, J Ól; ellegar að sér H; 14. kongshallar HE,

---

Í *B* er önnur þýðing af kvæðinu skrifuð samhliða. Fyrir ofan stendur: „Bp hr. Arni", og getur það ekki annar verið en Árni biskup Þórarinsson á Hólum († 1787). Þýðing biskups er þessi:

Lízt, vinur, leið vönd
láta færa segl þönd
háa út á hafsrönd,
hina vant og á hönd
flýja storm en fá lönd,
fara nærri við strönd
í skerklasa skæð bönd.
Eða: Ef varast vill grönd
veðra nærri með strönd
illri ber um lönd.

Mætu hver mjög ann
meðalhófi ógjarnan
skortur, er ört kann

15. Opt vindar eik þjá,
ef hún er mjög há,
stórir turnar föll fá
frekari en hús smá,
tindar fjöllum upp á,
20. er í loptið hærst ná
af skruggum skell fá.

Við mentað brjóst bjó
sá bíður eptir hugfró,
þá amar neyð og óró;

V_2, JA, Þ, Dr, JÓl; 16. ef að Sh, HE, G, S, H, Bm, Þ, Sp; 18. frekara Útg, Snót, H: frekar Sh, Kr, St, K, Re, Sp, R, B, Bm, Dr; 19. tinda fjöllum uppá H, Bm, Sp; 21. af skruggunum HE; skruggurnar skell slá H; 22. metnað (!) V; 23. sá sl. Sh; „bidr" Sh; 27. fellir vetur og snjó

---

aka þeim í skarnrann,
aldrei fær höll hann
hálu glysi veiddan,
ef gáður er mann.
Eða: Hvergi fá hal þann
hofa stræti feldan,
ef vitur (gáður) er mann.

Opt (ótt) hretin eik hrjá
ofur (afar) háa grund á,
turnar og hús há
hruni þyngra mætt fá,
finna stór fjöll þá
freka bifun upp frá,
er þrumur ört slá.
Eða: Þrumur, er þétt slá.

en ef lukkan mót hló
kvíðir fyrir flatsjó,
færir vetur og snjó
guð, á og af þó.

Þó áður þjáði og enn lýð
örðug mótgangshríð,
kemur þæg og þýð,
þess linun um síð,
hörpu vekur hljóð blíð,
en herðir ei bogann í stríð
alvaldur altíð.

JA; 28. guð af og á þó V_2, K, H, Bm; guð gaf og á þó Dr, Kr; og af því V; 31. verður þæg HE, G, V_2, Dr, Kr; 33. hörpu við hljóð S; 34. hendir ei bogann St, Útg, Snót, R, Re, Sp; en hendir ei boga V; en sl. Kr, H, Dr; herðir ei bogann altíð JA, Þ, K; 35. alvaldur í stríð JA, K, Þ

Gáður og gagnskír
getur von þá neyð lýr,
vel sig og við býr
voða, þó sé blær hýr,
eins gefur guð dýr
grima (gremi) vetrar órýr
að kemur og flýr.

Ílt sefast um síð
eyðir harmi glöð tíð,
þagnar er þung klíð,
þar á eptir hljóð fríð,
alföðurs ást þýð
yfirhafið um hríð
enda mun öll stríð.

Hugprúðum halt þér
ef hjarta þitt böl sker,
en ef lukkun lér
lán, byr og nóg kjer,
ofdrambið af sker,
og segl, ef hátt fer,
síga láttu sem ber.

(endar hér, en er þó engin cyða í); 37. sút sker V; 38. eða ef lukkan HE, Dr; en þá lukkan JA, K; 39. lánbyr Snót; kjer = kjör; 41. ef hátt er Útg, Snót; ef sl. Sh. S, JA, K bæta þessum erindum við kvæði séra Stefáns:

(S) Vegsemdar halt hjól
hefur svo valt ról,
einum þar auðs sól
upp rann um lands ból,
sá misti hátt hól,
hýr lukkan sig fól,
eins fauk í öll skjól.

(S, JA, K) Nálægt þér ljúflátt,
legðu til hins fátt (hans fátt S),
saman við böl blátt (gaman við böl blátt K),
af beizkjunni geð kátt
ætíð byrla átt,
ei finna neitt mátt
farsælt á hvern hátt.

Öndu nær eymd sker
efasemi þig ver
hraustur, og harm ber,
haga svo sem vís þér,

Eptir Hóraz.

2 ljóðabók; 16. kvæði; 7. erindi: *Laetus in praesens &c.*

[Landsbókasafn (gamla safnið) Nr. 135. 8vo: með hendi Hannesar biskups.]

Þel lystugt, þess gá,
þitt lýðum sé hjá,
umsorg þér fleyg frá
fyrir því, sem ske má,
skenkt beizkt ef skal á,
skál gleður, drekk þá;
alt blandað sorg sjá.

Erindum þessum er ofaukið hér, því ekkert svarar til þeirra í frumkvæðinu, sem er ekki lengra en þýðingu síra Stefáns nemur.

sá þanin segl fer
saman hafa vindger (ɔ: gýrug),
byrsigur ör er.

Neðan við stendur: „NB Qvantitates fere observatas vides lector [ex autogr.]“. Höndin er ekki mikið yngri en frá síðustu öld ofanverðri, og ekki ósvipuð Hálfd. Einarssonar, minnir mig.

Lúkidór og Krýsillis.

[Útg. bls. 158–160; J Sig. 271. 4to (orðam. Páls eptir Sr Grímólfi); Bmfél. d. á Ísl. Nr. 111. 8vo; Páls safn Nr. 1. 8vo XXII. (orðam. expl. Páls); J Sig. 82. 8vo, p. 259—262; Stokkahlaðabók; J Stefánsson hdr.; Rask 83. 8vo; „útlagt úr dönsku“ Útg.]

Lúkidór, sem hollri hjörð
hélt á beit um sumarstund,
sofna gerði sætt á jörð,
sólin brendi auðarlund,
því ei hvíldi næsta nein
næturró hans augastein,
Krýsillis því olli ein.

Krýsillis sú falda fríð
fjármeyja sem blóminn var,
og af mörgum í þann tíð
yfrið langt í fríðleik bar,
undireins, þar liðu létt
lækirnir um engið slétt,
sína hjörð lét renna rétt.

Hún réð fullskjótt hyggja að því,
hirðirinn lá vært í blund,
sá var fríður ásján í,
að honum því læddist sprund,

---

1. Sá hollur hjörð P, Gr; 4. sólin vermdi Bm, Gr; 5. þar með hvíldi ei nein(!) St, R; þar með hvíldi næsta ei nein Bm, P, Sp; 6. sjónarstein St, R, Bm; hvarmastein Gr; 9. blómi St, R; fjármeyjanna blómi var Bm P; 19. hló og

hló og þenkti svo með sér:
Set eg nú í huga mér
lítið við hann hvekkjast hér.

Hjá honum sá hrekkjafrek
hljóðpípu, sem þar var lögð
uppá hverja hann altíð lék,
ætlar nú að vekja brögð,
hana þreif upp handamjó,
hirðirinn þar svaf í ró,
blés í eyra hans og hló.

Lúkidór þá blundi brá,
brúðurin tók til hlaupa slyng,
fljótur spratt hann fætur á
og fór að horfa alt um kring,
kvendið leit og kalla vann:
Krýsillis, fyrir hvekkinn þann,
eitthvað færðu á minn sann.

Hana elti og inti þá:
Arma dubban, stattu við,
þú skalt kossa fimtán fá
fyrr en endar gamanið.
Heyr, minn kæri, hún þá tér,
hvað er slíkt? ei má eg hér
í friði vera fyrir þér.

mælti Gr; 24. hann einatt Bm, P, Gr; 27. hirðirinn lá vært í ró Gr: 30. brúður Útg; 32. og sl. P; 33. kvendið sér og kallsa Gr; 39. endast P, Sp; 40. minn kær, hvernig fer?

Krýsillis lét sjá á sér
sem hún væri reið og þrá,
lét þó merkja geira grér,
að gjarnan vildi hún kossinn fá,
lézt því segja: Nei! hvað? nú
næsta litla þökk haf þú,
eg man til slíks; mér er til þess trú.

Fullkyst þegar fljóðið var,
fjárhirðirinn mælti og hló:
Viltu svikul svo optar
svefninn banna mér og ró?
Ónei, sagði sætan stilt,
sofðu og ligðu þá þú vilt,
en aldrei frá þér verð eg vilt.

St, R, P, Sp: 41. hún nam ansa ei má St, R, Bm, Sp, P; 47—49:

Lézt hún segja nei við nú,
næsta litla þökk fær þú
fyrir það, mér til þess trú

Gr, P: 52. sukka svo Gr; 55. ligðu hægt og milt S.

FABULÆ ÆSOPI FÁEINAR.

[J Sig. Nr. 271. 4to, Páls hdr. „eptir hdr. með hendi Steingríms biskups á yngri árum hans".]

I.

Uxum fjórum á einum stað
engin þorðu dýrin að,
sinn veg hver að síðan fer,
svo voru allir líflátner.
Eining stunda, en ósamþykki æ þig ver.

II.

Tóa haldin hungurs nauð
á hauðrið legst sem væri dauð,
fuglar hana hoppa upp á,
hún réð lifna og drepa þá.
Svikulum, þó tryggur tjáist, trúa ei má.

III.

Atján hana ól einn mann,
einn var magur, þeir spotta hann,
herrann lyst til fugla fær,
sem feitir eru, og dauðs til slær.
Auðugur snauðum er uggameiri optast nær.

IV.

Köttur færður í fjötur vönd
falar af mús að leysa bönd,

hún réð naga höpt í smátt
en hana lék hann síðan grátt.
Ílt er að launa illu gott, þó iðkist þrátt.

V.

Kisa brúðarbekknum á
brá við þegar mýslu sá,
en sem aðra að borðum bar
brúðurin lagði af koppurnar.
Að náttúran sé náminu meiri nemi þér þar.

VI.

Lítill fiskur fastur á vað
um frelsi og vöxt af sjómann bað,
en hinn sagði: Eg á þig nú,
en óvíst, þegar stækkar þú.
Létt er að taka loforð stórt fyrir lítið bú.

VII.

Krabbinn sagði soninn við:
Þér sómir ei ganga út á hlið,
svo ertu vanur, sagði hinn,
að setja kroppinn, faðir minn.
Illra dæmi optlega saurga ungdóminn.

VIII.

Asninn leigði af ljóni skinn,
lagði hann það um hrygginn sinn,

en eyrun stóðu upp úr hátt,
af því varð hann þektur brátt.
Ærugýrugir löngum láta [af] litlum mátt.

IX.

Hljóp í keltu húsbóndans
hvolpur, og það var skemtan hans,
asninn gera alt eins fer,
það ógnar hinum og drussan ber.
Svo eru fantar framgjarnir og feila ei sér.

X.

Paddan þembir og þenur kvið
þroskað naut að jafnast við,
og að þessu ungann spyr,
eg ætla þú rifnir, sagði hann, fyr.
Í gjörðum eptir göfugum apa gikkirnir.

XI.

Bið þú fyrir mér, móðir mín,
mælti krummi í dauðans pín,
Hún réð svara: það hefur ei mátt,
því helgum fórnum stalstu þrátt.
Ef fáa í gleði, færri í neyð þú félaga átt.

XII.

Fjallið þungað flestum jók
felmtur og ógn, þá leysa tók,

afkvæmið varð músin mjó,
margur að þessum burði kló.
Mestir í orði, minstir í verki menn eru þó.

XIII.

Átti einn góðan hest um hríð,
annan keypti og sá var níð,
við nýbæringinn breytti hann bezt,
bar í hinn það hafði hann verst.
Ungir gilda, en gömlu vinirnir gleymast mest.

XIV.

Hrútur tarfi á hólminn bauð,
héldu hann sauðir öngva gauð,
en boli úr honum brastið skók,
svo bekri glímu iðrast tók.
Við ríka snauðir reyna ei skyldu ráðin klók.

XV.

Á vöxt dýra guðirnir gá,
hver girnilegastur væri að sjá.
Það er, anzar apynjan,
unginn minn, og skoðið þér hann.
Að gorta af sér og sínum lystir margan mann.

XVI.

Aldraður konur átti tvær,
af honum hárin reittu þær,

XIII. 1—2. svo í hdr.

eldri svört, en yngri grá,
alsköllóttur varð hann þá.
Ungur ungum, gamall gömlum giptast má.

XVII.

Af hroka mælti hross við kú:
Hófa á eg, en klaufir þú.
Anzaði hún: Þú einatt hnýs,
en eg er í gangi stöðug og vís.
Flýttu þér, en flasaðu ekki, ef fá vilt prís.

XVIII.

Músin ljónið leysti og tér:
Í launin giptu dóttur mér;
brúðurin leidd á brúðkaupsmót
brúðgumann troð undir fót.
Jafna að burðum, gössi og gáfum girnstu snót.

XIX.

Hrafn fjaðrir af fugla kranz
fékk að láni í brúðkaups danz,
sitt þá hver að heimta fer,
hans verð[ur] eptir strípurinn ber.
Skuldugur sama skallann hefur, þá skildaginn er.

Sorgarraunir Maríu.

(Stabat mater dolorosa.)

[Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 72. 4to: Jónasarbók; Sálmareykelsi í Bókmfél. 380. 8vo, bls. 72—73; fyrirsögnin er þar: „Stabat virgo dolorosa útlagt af s[éra] S[tepháni] Ó[lafs]s[yni] mz sijnum Ton". Afskrift af kvæðinu eptir Sálmareykelsi er í J Sig. 271. 4to með hendi Páls Pálssonar; Bókmfél. 660. 8vo með hendi frá miðri 18. öld: þar er þessi fyrirsögni: „Agiætar Vijsur með sijnum Ton".]

Tignust mey og móðir að Kristi
margtáruð við krossinn gisti
síns einkasonar í ásýnd þjóns,
hættur treginn hjartað nísti,
hugurinn ekki spádóms misti
af sverði Símeóns.

Ó, hvað særð var sútargrandi
signuð móðir geðs í landi
lífs ávaxtar eingetins,
er syrgjandi, sárt harmandi,
sér barmandi var lítandi
kvalræði sonar síns.

Frelsarans móðir fyltist kvíða,
fölnaði kinn og asýnd blíða,
laugaðist andlit, en flmm sár,

---

1. móður Bm; 4. hærstur treginn S; 11. var tilrandi Ad; 14. og ásján S, Bm; 15. „anlyt en" Ad; 18. meyjar S;

krossjárn, þyrnir, þrástrykt síða,
þrútinn blámi og bólgan stríða
meyju varð mækir blár.

Þegar að Kristur basti bundinn
blóðugum höndum sleginn, hrundinn,
svipum hraktist mörgum með,
meyjar hjartans ýfðust undir
eins og strax frá lífi muudi
hverfa, svo hrygðist geð.

Jesús hafður úr höllu innan
hraktur, lamdur, barður stinnan
út bar kross fyrir allra sjón,
móðir á leið er lambi að sinna,
líkt og súnamitisk kvinna
æþir sinn einkason.

Hver skal maður, er mundi ei tárast,
móður guðs ef liti klára
mædda í svoddan sút og pín?
Hver skal sá, er sorgarbára,
sækti ei, hana ef liti sára
gráta með syni sín?

---

mein (?) Ad; mækinn J; 19. að sl. S, Bm; 20. blóðugur Ad; 21. hraktur S, Bm; hröktum J; 22. hjarta Bm, J, S; 25. höllum Ad, Bm; 26. reyrður stinnan Bm; 27. út ber Ad; 28. álengdar Ad; á leiðer (!) Sm; 29. líkt sem Bm, J, S: Sunamitis Bm; 31. Hver sá maður J; ei mundi tárast Ad, Bm: tára S; 33. örmædda í sút og pín (!) Ad; 34. ef sorgar bára Bm; 35. sæki ei Ad; sáran Ad, S; 40. „miög“

Fyrir syndir sinna lýða
sá hún Jesúm kvalir líða
og lemstrin hörðu hrísi af,
dýrstan mög leit döpur síðan
dauðanum yfirgefinn stríða,
upp er sinn anda gaf.

Móður Kristí með syrgjandi,
meðaumkvandi, framfallandi
herrans Krists yfir hörðum deyð,
oss, ó, Jesú, lát lífandi
lífstjóns þíns með hennar grandi
minnast æ lífs á leið.

Barnagælur.

[Kvæðabók Gunnlaugs Jónssonar á Skuggabjörgum skr. 1840, bls. 159—161. Fyrirsögnin er þar þessi: „Kvæði sem eru góðar óskir um Helgu Ólafsdóttur á Vallanesi eptir Sr Stefán prófast Ólafsson". Það er til fjöldi af slíkum barnagælum frá 17. og 18. öld.]

Kynlegt má þykja
að karl gráhærður
meyju ókendri
mansöng smíðar,

Bm, S, J; 43. Móðir Ad, J, S; mey syrgjandi Ad; 45. hennar sonar helgum (hryggum J) Bm, S.

Því ekki á heima
hér máltækið,
opt sé það gott,
sem gamlir kveða.

Tvær mega þó
til þess efnis
gefast orsakir
gildar næsta,
sú hin fyrri er
forn málsháttur,
af málinu verða
menn kunnugir.

Önnur, að ei ber
undir bekk setja
skær-logandi ljós,
þó lítt sé á kviknað,
heldur að mætti
heyrum kunnugt
verða veglegt nafn
vífsins þessa.

Heil vertu Helga
og heillum vafin
Ólafsdóttir
í Vallanesi,
breiðist yfir þig
blessan drottins
og líkn lausnarans
með langæum aldri.

Því dirfist eg
þig að ávarpa
í bögum stirðum,
barnið unga,
að ekki er gullmynt
eða gersemar,
silfur eða fé
í sjóði mínum.

Ljáðu mér eyru,
ættstór brúður,
meðan eg segi þér
sögu fallega,
kann vera nokkuð
nytsamt heyrir
áður en hættum
hjalinu þessu.

Nú er nýborinn
nýtur höfðingi
Jesús að nafni
á jólanóttu,
hann er svo góðgjarn
og gæzkufullur,
að öllum oss gerir hann
alt til góða.

Svo er hann ríkur
að ræsir enginn
má honum líkjast
að makt og veldi,

hann ræður yfir
himni og jörðu
og þeirra fylking
allri saman.

Hann er [svo] sterkur
að stoðar ei nokkurn
honum að hræra
hönd á móti,
því kann hann veita
vinunum forsvar,
en fjandmönnum
fulla hneysu.

Hann er ættaður
af himna hæðum,
sonur guðs föðurs
sameilífur,
en nú er hann borinn
barn í heiminn,
maður sannlegur
af meyju hreinni.

Hans hefir líkinn
hér á jörðu
fyrri aldregi
fæðst af kvinnu,
og ekki mun heldur
upp frá þessu
gramur þvílíkur
getinn verða.

Þó er hann orðinn
ungbarn lítið,
samlíkur öðrum
að synd frá skildri,
vafinn í reifum
vesallegum
og lagður í stallkorn
í lágu hesthúsi.

Hann er að mylkja
móðurbrjóstin,
grætur og veinar
guð í manndómi,
það er hefðun vor,
hann varð lítill,
nú er um ríkdóm
nógan að velja.

Þennan háleita
himna konginn
nú til segi eg þér
í nýjársgáfu
og þig einneiginn
aptur á móti
honum af hjarta
á hendur fel eg.

Sé þetta samband
svo fast bundið
barnanna á milli,
svo bresti það aldrei,

nógur er auður
og alskyns sæla,
þar sem hann tekur
trygð við sjálfur.

Bevari hann þig
í barndómi þínum,
upplýsi hugskot,
hjarta og sinni,
styrki hann burði,
bein og sinar,
og líkamans öllum
limunum ráði.

Heilaga sína
hofþénara
láti hann þyrpast
að þinni vöggu,
svo að óhreinir
andar flýi
fældir og hraktir
fyrir hans veldi.

Vaxi þér aldur,
vizka og hylli
bæði af guði
og góðum mönnum,
svo að ungdómsins
árum liðnum
verðir vegleg eik
í víngarði drottins.

Hlýðni foreldrum,
herrum æru,
jafningjum gott geð,
en gjöf fátækum
áttu að greiða
guðs að boði,
þegar sem aldurs
árin fjölga.

Foreldra þinna
feril að stunda
lastvaran, hýran,
lofsverðugan,
það ráð legg eg
þér af alhuga,
mey vel borin,
svo misvinst þér ekki.

Lærðu af móður
til munns og handa
hagar hannyrðir
og heilög fræði,
því varla er æðra
að óska þér, Helga,
en að þú móður
maki verðir.

Ef að velgengnis
vindar blása
hlýtt þér að vöngum
um hérvistar daga,

Þá er vandi stór
við að sigla,
að ekki of hátt
upp sé dregið.

En ef að kælir
og mótviðri
vilja hreifa sér,
þá verður að fella,
taka til ára
í trausti drottins
og þolgóðan róður
þreyta að landi.

Allar þær dygðir,
auðs sem tróðu
mega hér prýða
þær margfaldist á þér,
þolgæði, auðmýkt,
umburðarlyndi,
gjafmildi, hógværð
og guðrækni.

Verki þær allar
með vífinu unga,
barnið guðs föðurs
og blessaðrar meyjar,
sem í nýjársgjöf
nú þér skenkist,
þið vildi eg aldrei
ættuð að skilja.

Helzt þegar líður að
lífdaga kvöldi
og árið hrygðanna
enda tekur,
sendi hann æztar
englanna sveitir
sálina færa
til fagnaðar ársins.

Haltu til góða,
gōfuga jómfrú,
stirðlega bundnar
barnagælur,
svo verður fuglinn
sér hver að kveða
sem hann hefur nefið
næmt til hlotið.

NÝJÁRSGJÖF

Guðríðar litlu Gísladóttur.

[Pálss. Nr. 1. 8vo, XXIII. 8vo, p. 19—24 (eptir hdr. Gunnlaugs á Skuggabjörgum); J Sig. 271. 4to, brot framan af kvæðinu í 4to með fiskr. öðrumegin á blaði með fyrirsögn: „Nýjársgjöf Sr Stepháns O. S. Guðríði Gísladóttur til handa".]

Mér er í sinni,
mær veikaldra,
þér boðnar bjór
bjóða að gamni,

Þó þess konar
að þéni bæði
ásku þinni
og ellihrukku.

Ei hef eg armbönd
af unnar ljóma,
né hlekk handar
halli lýstan,
bönd gullofin
eða brjóstskjöldu,
festur fjölbeygðar
eða Fróða mél.

Ei knapp gullnu,
kvikan laufi,
eður hátíðlegt
hlað til ennis,
sem í nýjársgjöf
nú þér sendi,
ættstór brúður,
en að aldri barn.

Þér skal ljóð lítil,
líneik, bjóða,
hinir þá stilla
háttuna dýra,
bið eg þig Guðríður
Gísladóttir,

17. gullinn Br. 18. kviku P. 25. skal sl. P; lítið Br. 27. hinir þar Br.

að þú ljúflingslag
leggir í minni.

Heilráð skulu þér
og hægnumin,
þó smakki af leir
fyrir smáskáldi,
opt undir vondri
er vösk hönd kápu
og af karlmanni
koma snillin orð.

Þegar skilnings ör
í skýru brjósti
dregst þér í þroska
og dýrt næmi,
óttastu drottinn
og tilbið hann,
er þig með dauða
endurkeypti.

Hans þig úr öngu
hönd skapaði,
af öndu og holdi
einn mann gjörði,
anda og orðs síns
upp ljós glæddi,
settu þig við þann
sólbjarta kveik.

39. kálmanni P. 46. þann Br.

Foreldra þína
fremst af mönnum,
en guði næst
gerðu að elska,
þeir báru þig
í þennan heim,
blóðstofn báðir
að barni fögra.

Þeir fæði fengu þér,
föt löguðu
ungri meyju
og í kristinn reit
báru bað undir
og blóðfagra laug
Krists af dreyra,
sú eð kallast skírn.

Hlýðni þeim veitir,
hér með aldrei gleym
lífs eða liðnum
langminnug snót,
hér með heiðra þú
og heitt elska
þá í þeirra stað
þér eru settir.

Synd varastu,
sæt er hennar rót,

60. ger þú elska Br. 64. hér ondar Br.

en ávöxtur
eitri blandinn,
hyl ei óvirðing
ósannsögli,
föl verður uppgjöf
fúsri meðkenning.

Á þann einn hlut
augum títt rennir,
sem þér upphefð sé
eptir að breyta.
Opt hefur lasta
iðin gaumgæfni
ungu hugskoti
orðið að hneysu.

Varastu margmælgi,
meyjan siðláta,
auðsén er blygðan
af orðfárri ræðu,
allmart heyrðu,
en mæl um fátt,
tvö eru tól heyrnar,
en tunga einsömul.

Mýi þér nokkur
fyrir misbrot smá,
legg þökk igjen
og lát þína iðju
hegðun að hafna,
er hirting færði,

að í annað sinn
ei ítrekast þurfi.

Vin haltu ei þann,
er vömm lofar þín,
slík blíðmæli
börnum spilla,
sá er aptrar þeim
frá æði misjöfnu
óvinur reiknast
og ekki sá minsti.

Sá í einum hlut
einfaldan sveik,
aptur mun tæla,
ef færi gefst.
Hvorki öngvum þér
eða sérhverjum
leyfist að trúa,
litfögur snót.

Of trúgjarn[a]n
opt sjáum vér,
þó tiginn þyki,
á tálar dreginn,
hinn, er á alla jafnt
efa lagði
trygða er verður
talinn aungvum.

117. hér stendur? í hdr., á, ef til vill, að vera: sá er ei aptrar þeim.

Ef þú gerir það,
sem ekki sómir
eða til framkvæmda
felur í brjósti,
þó þú hyljir það
hjá hölda sveit,
fyrir augum guðs
alsbert stendur.

Launmæli þín
láttu ei uppi,
nema fulltrúa
og fjölreyndum vin,
því, sem aðrir vilt
yfir þegi
ber þér ei stinga
í barm nokkurs manns.

Þeim klámleg orð
koma af munni
lastvör eyru þín
ljáðu aldrei,
alla þá skaltu,
er elska slíkt
óttast og flýja
sem orm hringlagðan.

Ef þú geyma vilt
grip dýrmætan

162. dýrgrip mætan, hdr.

lít þú opt þangað,
er lagðan hugðir,
opt þeim hlutur
óttast síður
þann er heimsku hug
hefir í brjósti.

Forsmáðu aldrei
flíkum vafðan,
heldur aumkva þig
yfir þurfalýð,
í lófa Krists
lögð er ölmusa,
því fátæks manns hönd
er féhirzla drottins.

Auð og álit
illra manna
láttu ei hug þinn
hræra til furðu,
þó sem aldin tré
út blöð þenji,
þeim kemur hefnd sín
þegjandi fæti.

Mannkost haltu
miklu æðri
en Glasis bar
og hið gullna lauf,

177. Auður, hdr.

auðs þeir afla,
en auður ei þeirra,
hann forgengur
en hinir aldrei.

Eik veit eg standa
í bláfjalli
regindigra
og ríka að kvistum,
hver af vovindum
vatzt og knúðist,
barðist baðmur,
en blöð losnuðu.

Kvist leit eg standa
í kyrrum dal
lágan og lítinn
laufum grænan.
Hann af byl skæðum
barðist hvergi,
en geymdi blóm
og bar í blálogni.

Svo bera ríkir,
þeir eð reisast hátt,
hugsótt og hættu
hinum meiri,
sem við mundangshaf
metin er gæfa
hún hvíld veitir,
hægan svefn og frið.

213. svo hdr.

Mart kepstu nema
til munns og handa,
ekkert er betra
en iðkun í góðu,
list af leik framin
líður burt sem ryk,
en námgirni
not staðföst ljær.

Hvíld hæfileg
hreifir kröptum manns,
en ofmikil
alt megn slekkur.
Hún er líkama
höfgi þrunginn,
en skaðsljófgun
skynsamri önd.

Enn þó virðist sæl
ven þig erfiði,
þrifin hönd sjálfum
þekk er drottni,
iðja nytsamleg
í æsku framin
verður hvíld og sæng
hárrar elli.

Ef þitt í skuggsjá
andlit skoðar,
og þyki þér firnum
fagurt að líta,

230. höfgar þrungin hdr.

varastu í hljóði,
vel frammynt sprund,
að ei ljótt æði
litunum spilli.

En ef ásýnd þín
ei geðjast þér,
en fríðari virðast
fljóðin önnur,
kepstu undan þeim
í kristnu framferði,
svo lastvart líferni
um litina bæti.

Fyrir ráð fram
reiðast skyldir ei,
réttsýn er ekki
reiði þesskonar,
alt það að forðast
er henni veldur
er haldin af hyggnum
hin mesta frægð.

Hýrt hvarmaskin,
hæverskt framferði
og skírlífi
er skart bezt kvenna,
en samteingd þessu
sönn guðhræðsla
er sem gimsteinn skær
í gull inn lagður.

Þetta er fátt eitt
þér fyrir sjónir sett,
sjálegt barn,
sökum ungdóms þíns,
en ef útþrykt finst
í framferði
skartar skrautlegar
en skarlats kápa.

Bið eg þér lýsi
ljós himnanna
sent af sólarsmið
þér í sinnu reit.
Hann einn tilbið
og heitt ákalla,
þegar skýrast orð
og skyn í brjósti,

bæði þá höfgi þér
í brúnaljós
dettur á dýnu
draum flytjandi
og þá upprunnin
í gyltri reið
systir mána
sýnir ljósan dag.

Hann þér atgervi
og hugvit sendi,
sem ára fjöldanum
undan gangi

til gleði foreldrum,
en guði dýrðar,
við alla ástsæli,
en hann þó mest.

Bið eg þú lærir
beztu hannyrðir,
sem auðar eik
ætti að kunna,
sitja í sessi
með silfurbjarta nál
í kvistu góma,
og krota allan saum.

Falda fannhvítt lín,
föt að skera,
kraga að krúsa,
koma hadd í lag,
semja söðla þing,
sessu, áklæði,
borða að vefa
og bönd spjöldum.

Tjöld ljósum lit
löng að prýða
með furðu fárámleg
farfa skipti;
krosssaum og pells
kasta í þéttan tvist
augna og refilsaum
einnig sprang og glit.

323. svo hdr.

Úrskurð, allan vef
með írskum saum,
úrrak og flest flúr
við fald að leggja,
alt ullar verk
og prjónalist,
línhærðan lagð
lita á margan hátt.

Nú hef eg af flestu
fátt upp talið,
bið eg þín auki list
það orðin brestur,
og að alt hnígi
til æru og dýrðar,
þeim er þig hefur leyst,
en þér til sóma.

Honum fel eg þig
með holdi og beini,
blóði, brjóstæðum,
böndum liða,
sál og sinni,
sýn, máli, heyrn,
ilmingu, áþreifun
og bergingu.

Allri hræringu,
instu lífs kröptum
og aldurs auka
með árinu nýju,

hann þér sendi
sveit sinna engla,
sem um alla tíð
yfir þér vaki.

En þá önd skilur
við hið auma hold
og lítið lykst
ljós veraldar,
beri þig á höndum
í birtu þá,
sem er eilíf dýrð
og ununar ljómi.

Söngvísa
sneidd og alhend.

[Bmfél. Nr. 109. 8vo. Fyrirsögn handritsins er: „Saungvijsa sneidd og alhenð giörð af Sr Stephane Olafss.“]

Heyrðu, minn guð, mín orð,
af mörðu hjarta lofgjörð
hrærða þigðu, en hept rýrð,
hörð sú er lofgjörð,
verði þér vel skýrð,
vörður himna, lofgjörð,
hirð þér syngi í hæð dýrð
og hjörðin manna lofgjörð.

Lofvísa.

[Hálfdánarbók bls. 33.]

Máttugur drottinn mettar dróttir,
mitt í hættu réttir gnótt
þeim aumu að,
satt það vottast, sóttum léttir,
setti dottinn hátt, en hratt
þeim stolta úr stað,
greitt í átt heim aptur flutti
óttareittan flóttamann,
grættum veitti gott og kætti,
rótt að rættist,
rétta sátt og kvittun fann.

Vörður ýrðrar hjarðar heyrði,
hirðir dýrðar forðum særður,
Kriste klár
gerði oss forða gerðum seyrðum
girður sverði, hirð og virða
fallna í fár,
í reyrðu hrærðan orði óeyrðar
örðugt herðist kyrða band,
virð oss erfðar orð þín lærðu
fyrða flærðum
færðu af jörð á værðar land.

Voldugur skulda völd mín goldin
vild þín haldi gildur alda
faðir frí,

völd þau mildin hreld í holdi
haldorð feldi veldis tjalda,
náð fékst nýr,
föld með kaldri öldu eldist,
aldrei heldur kvöld þú sér
snilda faldin[n] feld alkaldur
í fyld um aldir
alda veldi og vild sé þér.

NOKKUR ANDLEG MORALIA.

I.

Lífsreglur kristins manns.

[Hálfdánarbók; Ísl. handrit í konungsbókhlöðu í Stokkhólmi Nr. 1. 4to chart. fol. 6b—8b; Páls safn Nr. 1. 8vo, XXIII. (= „Sálmareykelsi" nú í Bmfél. 380. 8vo); Jóns Árnasonar safn Nr. 39. 8vo (afskr. í J Sig. Nr. 271. 4to); Bókmentafél. Nr. 213. 8vo, með hendi Eiríks Hemingssonar á Brekku í Mjóafirði frá 1783—91; Jónasarbók.]

Hafðu í hug það,
sem hátignin bauð,
flýðu synda störf og stað,
stunda ei auð,
til eilífs góss er vanda-vað.
Hafðu í hug það.

Fyrirsögn; við hana bætir Bm þessu: „í sumu samanteknar af 28. Medit. D. Joh. G. að bragarlagi sem: Hýr

Þú nálgast altíð dauðans dag
dóms og annað líf,
að báðir leiði í himna hag,
svo hverfi kíf,
hagaðu öllu svo í lag.
Hafðu í hug það.

Þakkar iðja og orðagnótt
eru þitt reikningsblað,
þú veizt ei utan nálæg nótt
þig neyði um það
eða sá dagur, er fylgir fljótt.
Hafðu í hug það.

Iðrun dragi ei þín lund
á aðkomandi dag,
óvíst er hvort fær hans fund
þitt ferðalag;
við dauða er hætt á hverri stund.
Hafðu í hug það.

Ei eru verri andar hót
en iðrun draga á frest,
aldrei nær þú yfirbót,
ef aktar verst,
þótt undan knýi hjartans rót.
Hafðu í hug það.

---

gleður hug minn". Fyrirsögn í J svo: „.... í summu samannteknar af 28. Meditatione D. Johañi Gerhardi ad Barna lage sem Hyr gleður Hug miñ". 4. og (sl. J) stundar auð P, J; 5. góðs J, P; gotz Sh; 13. og sl. J; 29. þótt andinn

Til iðrunar er æskan bezt,
á henni vend þú þér,
hvort elli náir ekki sést,
en eflaust sker,
35. að iðrunarlaus tortýnest.
Hafðu í hug það.

Vinn þú ei fyrir veraldarmann
verk að drýgja ill,
um þína dæma klæki ei kann,
40. en Kristur vill.
met þann herra meir en hann
Hafðu í hug það.

Drottins braut þú byggir hér
og byrjar til eða frá,
45. ef við stendur, aptur fer,
þar átt við sjá
en altíð fram að þoka þér.
Hafðu í hug það.

Við alla sé þitt góðlátt geð,
50. gangan ljúf og blíð,
öfugan fái þig færstir séð,
en fyrir því kvíð
að hafa vinskap mörgum með.
Hafðu í hug það.

Bm, J, P; 32. henni sl. Bm (af ógáti); 35. umbótalaust P; umbótarlaust Bm, J; 39. ei sl. Bm; dæma ei J; 41. en þann JA, P, Sh; 49. gladvært geð Bm; 51. svo Bm, J; „öfigan" P; hin: „ofan faer" (!); 53. svo Bm, J; hin: hefja; 59. þig

Sýn guðrækni í sannri trú
sjálfum skapara þín,
við þinn réttvís bróður bú,
bjart það skín,
ef skírlífur við þig ert þú.
Hafðu í hug það.

Elska vini, öfundarmenn
umber vel og líð,
velviljaður öllum, enn
efl og prýð
svo marga, sem þú megnar senn.
Hafðu í hug það.

Frá þínum vilja og vonzkuslag
verður að deyja nú,
heilaglega hvern einn dag,
svo höndlir þú
liðinn dýrsta lífsins hag.
Hafðu í hug það.

Í viðmóti aumkun sýn,
en tilliti þægð,
lítillátur í skarti skín,
ei skorti hægð,
mótlætt lund sé þolgóð þín.
Hafðu í hug það.

Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Paris anzar og svo tér:
Auður og vizka þau munu sér,
kvenna vænleik kýs eg mér,
sem afbragð er,

---

85. drupnirs, svo skr. í hdr. 89. svo hdr.

eplið skikka Þórs eg þér,
þú ert vænst, eg ræði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Nornir hvurfu í burtu brátt,
bistar tvær, en þriðja sátt,
þeim um heldur hýru-fátt,
en hinni kátt.
Merkúríus hóf sig hátt,
hitta Þór svo næði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

París missir blíðan blund,
bregður við á sömu stund,
heiman býst á Grikkja grund
með glaðri lund,
vill nú sjá hið væna sprund
og vasar á knör-flæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Við Sýterey hann seglum brá,
sjálf það Venus landið á,
hennar hof þar höldar sjá
og herastá,
Helenam hún þangað þá
þeisa lét með æði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Helenam lét hofsins til
hafa reist um þetta bil,

116. svo hdr.

svo Venus goðum greiddi skil
og gjörði í vil,
það þó meinti bauga bil,
að brátt hún París mæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Sáust þau í sama stað,
svo hafði Venus bístilt það,
gekk hann svo fyrir girndar bað
á veita vað,
setti hún hana á sunda glað,
og sigldu í Tróju bæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Illa var nú kosið og keypt,
kom hér af sú mesta heipt,
sem Tró[jubo]rg hefur tap[að] og steypt,
en ríkin reift;
þá [auð] og vizku út er hleypt
alt mun hitt á þræði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Yngisfólk því athuga skal
[alt]hið góða mentaval
fyrst og fremst í sinnu sal,
því [soddan] hal
sjaldan mun í sinnu dal
sökkva vont áræði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

eplið skikka Þórs eg þér,
þú ert vænst, eg ræði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Nornir hvurfu í burtu brátt,
bistar tvær, en þriðja sátt,
þeim um heldur hýru-fátt,
en hinni kátt.
Merkúríus hóf sig hátt,
hitta Þór svo næði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

París missir blíðan blund,
bregður við á sömu stund,
heiman býst á Grikkja grund
með glaðri lund,
vill nú sjá hið væna sprund
og vasar á knör-flæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Við Sýterey hann seglum brá,
sjálf það Venus landið á,
hennar hof þar höldar sjá
og herastá,
Helenam hún þangað þá
þeisa lét með æði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Helenam lét hofsins til
hafa reist um þetta bil,

116. svo hdr.

svo Venus goðum greiddi skil
og gjörði í vil,
það þó meinti bauga bil,
að brátt hún París mæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Sáust þau í sama stað,
svo hafði Venus bístilt það,
gekk hann svo fyrir girndar bað
á veita vað,
setti hún hana á sunda glað,
og sigldu í Tróju bæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Illa var nú kosið og keypt,
kom hér af sú mesta heipt,
sem Tró[jubo]rg hefur tap[að] og steypt,
en ríkin reift;
þá [auð] og vizku út er hleypt
alt mun hitt á þræði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Yngisfólk því athuga skal
[alt]hið góða mentaval
fyrst og fremst í sinnu sal,
því [soddan] hal
sjaldan mun í sinnu dal
sökkva vont áræði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Gulleplið sem getið [er] hér
glöggva þýðing hjartans ber,
berðu það fram í vizku ver,
svo vel lifer,
býttu því ei í burt frá þér
fyrir brigðul andlits gæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Auðgaðu þig með æru og spekt,
er þá lífið heiðarlegt,
um hyggindin sé hugað frekt,
þá helztu mekt,
forðastu þig fái hnekt
fýsn holdsins og gæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Svo skal enda raulað rit,
reið þig skjaldan upp á lit,
þrifnað meir en vífa vit
þú víst um sit,
í því er miklu meira slit,
mun eg svo lykta kvæði.
Um vit og lit, lestu þetta kvæði.

Bænarflokkur
móti Íslands ræningjum 1675.

[Ny kgl. saml. Nr. 56 d 8vo. fol. 144a—146a (Sálmabók skrifuð á Hólum í Hjaltadal 1676). Næst á undan þessu

kvæði er Argali Íslands eptir séra Ólaf Einarsson, en er hér eingum eignaður. Það kvæði er ort 1627 á móti bólusóttum og sérstaklega Tyrkjum, sem það ár ræntu við Ísland, eins og alkunnugt er. Það byrjar svo:

Alsvaldandi eingla og manna
eðlakongurinn faðir og guð &c.

og er 59 erindi. Önnur góð afskrift af því finst í hinni merkilegu kvæðabók Bókmentafélagsins Nr. 105. 4to (Vatnshyrnu). Þessi flokkur, sem hér fer á eptir er eingum eignaður í handritinu, og er því eingin vissa fyrir, að hann sé eptir Sr Stefán. En það er eptirtektavert, að handritið tilgreinir því nær aldrei höfanda úr Austfirðingafjórðungi, þó þeir hafi ort mart af því, sem er á bókinni, en nöfnum sumra þeirra er bætt við seinna á spássíum, eptir því, sem sýnist, með hendi Hálfdánar Einarssonar eða Sr Einars Hálfdánarsonar á Kirkjubæjarklaustri föður hans. Nafn séra Ólafs Einarssonar föður séra Stefáns er með þeirri hendi að minsta kosti sjö sinnum skrifað á spássíum, og þó opt slept, þar sem víst er, að hann sé höfundur. Þar á móti er betur gætt Vestfirðinganna, svo sem þeirra Vatnsfjarðarfeðga Sr Jóns Arasonar, Sr Guðbrands og Magnúsar digra bróður hans (d. 1702). Það er því óhætt að telja það nokkuruveginn víst, að þetta kvæði sé ekki eptir þá. Líkindi eru þar á móti, að kvæðið sé eptir séra Stefán bæði af því, að það má heita prýðilega ort frá þeim tímum, og minnir mann mjög á Byrsældarvísurnar til Jörgens Kems í I. bls. 43—46, og er varla að annar hafi ort svo vel í þessa stefnu þá, nema hann, því að Hallgrímur Pétursson er þá dáinn. Í syrpu séra Bjarna Gissurssonar finst það ekki. Að ránsmenn hafi komið til Íslands 1675 hef eg ekki rekist á, en eg álít það einga sönnun fyrir því, að svo geti ekki hafa verið. Ekki er og ólíklegt að séra Stefán hafi ort um ræningja við Ísland, þar sem faðir hans hafði gert slíkt áður. Kvæði þessu er ekki slept hér, þó það sé vafagepill, af því að það er svo vel ort, að mér þykja líkindi til, að séra Stefán

sé höfundur þess, enda er betra að taka ofmikið en ofhítið í slík söfn, ef skilvíslega er getið um skilríki fyrir hverju einu. Frá 17. öld er til ýmislegt af kvæðum og ýsum um Tyrkjann og aðra reyfara, og átti slíkur kveðskapur að hafa verið heldur en ekki bænheitur, svo sem Tyrkjasvæfa séra Magnúsar Péturssonar á Hörgslandi (d. 1686), sem byrjar svo:

Faðir lopts og landa &c.

Hún á að hafa hrakið á haf út um 20 Tyrkjaskip frá landinu. Þá er ekki ónýt vísa Galdra-Leifa, sem hann kvað er hann bjó á Garðstöðum, en Ari sýslumaður Magnússon í Ögri, og ræningjarnir komu 1615 inn á Ísafjarðardjúp til að rupla, en hún er svo:

Ofan af landi
á þá vindurinn standi,
særokið með sandi
sendu þeim nú, fjandi.

Ekki eru heldur merglausar vísur þær, sem séra Eiríkur Magnússon á Vogsósum (1677—1716) á að hafa gert eitt sinn, þegar Tyrkinn var á ferðinni:

Alvaldur af öllum hug
eg þig beiði þessa,
hafirðu nokkra dáð og dug,
dugðu nú að hvessa.

Sendu verstan voðabyl,
veltu upp skýja róti,
gjörvöll loptin gangi til,
en grenji sjór á móti.

Sumir eigna þó vísurnar Þórði Magnússyni á Strjúgi. Tyrkjasvæfa séra Magnúsar er fremur fágætt kvæði; hún finst í Ísl. Bókmfél. í Khöfn Nr. 132. 8vo og í Finns safni Magnússonar í Bibl. Bodl. í Oxford Nr. 135. 8vo. Kvæði eptir séra Arngrím lærða er til í Avocat. Libr. í Edínarborg í safni Finns Magnússonar Nr. 94. 4to um rán Tyrkja og lát Guð-

brands biskups 1627. Enn er og til kvæði um Vestmannaeyjaránskapinn eptir Sr Jón píslarvott Þorsteinsson sjálfan, sem var drepinn 1627, og finst það kvæði meðal annars í Ísl. Bókmf. í Khöfn Nr. 629. 8vo (Grundarkver) með hendi séra Einars Hálfdánarsonar, og J Sig. 398. 4to. Það byrjar svo:

Drottinn Zebaoth sannur guð &c. 40 err.

Til eru og „Spönsku vísur" eptir séra Ólaf Jónsson á Söndum. Óttinn fyrir Tyrkjum hefur annars lengi verið rótgróinn í Evrópu, og Luther setur Tyrkjann í sama númer og páfann í sálmum sínum, svo sem í þessum:

Hallt oſſ Gud vid þitt helga ord,
og | hepta Pauans og Tyrkia mord,
ſem vilia | Chriſt vort ſierligt ſkiol,
ſetia af ſiinum | velldis ſtol.

Sálmur þessi finst fyrst á íslenzku í sálmakveri Marteins biskups Einarssonar pr. í Khöfn 1555. 8vo, og síðan finst hann í Grallaranum, nokkuð breyttur. Sama efnis og þetta er að tarna:

Oss frá páfans vondum vélum
vernda þú og Tyrkjans grélum.

Annars var það siður áður, þó helzt á 17. öldinni, að menn ortu löng særingakvæði svo að segja hvað lítið, sem á bjátaði, því að það átti að vera hið eina, sem dugði; frá þeim tíma er enn til sægur af slíkum kvæðum. Einna kunnugust er Fjandafæla Jóns lærða, sem hann gerði við Snjáfjalladraugnum 1611, en rammastar eru Snjáfjallavísur hans hinar síðari, sem byrja svo:

Far niður fýla
fjandans limur og Grýla &c.

Í þeim er t. a. m.:

Skemdur skammar limur,
skrattanna þrunginn þrymur,
verði á vondum svimur,
viktu frá harka hrymur,
stríðdjöfull bölvaður, steinkasta bróðir,
steypist ofan í vellanda vimur.

Vísurnar eru með stefjum, tröllaslögum og ýmsum tilbreytingum, eins og títt var. Þær finnast nú að eins í Stokkhólmi meðal íslenzkra pappírshandrita Nr. 17. 8vo. Ýms af þessum kvæðum hafa slík nöfn sem Djöfladilla, Djöflafæla, Hugró, Geðfró, Náðarbón, Hugarstilling, Friðarhuggan o. s. frv. Fjandafælur eru að minsta kosti tvær; önnur er Jóns lærða, en hin er eptir Gísla Jónsson „fróða“ í Melrakkadal, sem byrjar svo:

Í nafni og trausti nýta guðs
náða föðurs góða og fróða &c.

Gísli þótti mjög göldróttur og góður galdralæknir. Hann varð bráðkvaddur í Skagastrandarkaupstað haustið 1670.]

Hrittu, dýri drottinn,
á dröfn úr Íslands höfnum
illþýði, sem eyðir
auð og hótar dauða,
menn kreinkir [og] kvinnur,
kaupmenn upp á hlaupa,
klerka ræna og kyrkjur,
kennir þú st[r]ákskap þenna.

Vor synd víst er meira
verð, ef skyldir herða
gjöld, sem gerðar skuldir
genstríðugar forþéna,
það gleður oss þú ert góður,
góður og þolinmóður,
náðarríkur [í] nauðum
nægðar brunnur vægðar.

Stór slot, sterkir múrar,
stáls sverð, hlíf og gerðar,
byssur, bogarnir hvössu,
brögð á móti flögðum
eru hér oss til varnar
eingin, hafa því geingi
meðal vor margar þjóðir,
mót ei stoðar brjótast.

Landið sefur í syndum,
syndir hjörtun blinda,
blindir ei forðast fjandann,
fjandinn eykur vanda,
vek, þú verðum klókir,
vek af svefni frekum,
vek svo vargur ei taki,
vek oss hærsta speki.

Okur, ótrú líka
og vammir blóðskamma,
hóranir vér heyrum
hér nú tíðum gerast,
hatur hafnar leitar,
háðung, morð, ódáðir,
lygar, last og rógur
landinu kemur í vanda.

---

23. mdl· v̊mwgw, hdr. 24. stadw, hdr. 40. lūdm·, hdr.

Völdin bæði valda,
víðast undan líða
mótþróa, því mútur
mest afplána lesti,
setja í beztu sæti
sjálfheimskustu kálfa,
en góða niður níða,
sem nökkuð undan hrökkur.

Orð guðs einginn hirðir
eður bæn rækir væna,
klerka rækt á kirkjum
köld er nú í öldum,
makt og mammon togað
meingið hafa hér leingi,
svo guði föðurnum góða
gegna fæstir þegnar.

Hvað er nú helzt til ráða,
svo herrans reiðin þverri,
iðran gerum vér góða
með gráti, af illu látum,
hreinar ber[um] fram bænir
brátt innbyrðis sáttir,
fast með trúnni treystum
á tjáðar drottins náðir.

53. tótógad, hdr.

Sérhver, sem lýð stýrir,
syndir straffi blindar,
hati mjúkar mútur,
mammons forðist hramma,
lýð til herrans leiði,
lýsi fyrir að vísu,
með siðgæði góðu
góðum forsvar bjóði.

Fyrst vér höfum ei fasta
forsorgun né borgir
sjálfir, gull og silfur
síður fyrir oss stríðir;
veit eg af vænu sloti
það verður ei rofið með sverði,
nafn herrans það nefnist,
að nýju þangað flýjum.

Heyr þú, herrann dýri,
hár í ljósi kláru,
stýrir stjörnu skara
stór yfir eingla kórum,
himin, lopt, hafið og geima
hefur í þínum hnefa,
bæn meðtak þú mína
og mér veit lið að biðja.

Vorar þig syndir særa,
sæti faðir, og græta,

væg oss, vér orum bljúgir,
viljum ei sakirnar dylja,
þitt fólk, dýri drottinn,
dáðlausum að háði
ger ei, góðum stýra
galdar þjóðir aldrei.

Heiðnar því skulu þjóðir
þitt nafn lasta jafnan,
með sáru spotti spyrji,
nær spannað hafa oss þanninn:
Herrann hvar er nú þeirra
og hreystin, sem honum treysta?
Unninn er hann að sönnu,
og þeir oss til heyra.

Lát oss náðar njóta,
níðinga burt hýði,
blindsker brjóti í sundur
breiðan kjöl og reiða,
eldurinn efra tjaldið
eti, stormur og hretið
síður sundur mæði,
sökkvi glæpa nökkvi.

Æðra, ógn og kvíði,
ill og blind hafvilla,
innbyrðis á unni
órar og sóttin stóra

illþýði því eyði,
svo einginn lægi leingur,
þú getur með mörgu móti,
minn faðir, þá skaðað.

Hringmúr æðstu eingla
um land þetta standi,
menn, börn, mætar kvinnur
með sv[e]itum varðveiti,
klerka geymi og kyrkjur,
kaupmenn láti hlaupa,
með frið og færi góðu
frá oss heim svo nái.

Vort land víst þú hirtir,
veit eg þú eins munt breyta
við það vægð, sem faðir
veitir af hjarta heitu,
frekt, sem strax hann strýkti,
þá stóð upp faðm að bjóða
sonur og blíðar bænir
birta föðurnum hirtur.

Bætum bernskulýti,
bræður, og gjörvalt æði,
höldum hvað sem gildir
hreina jafnan eining,

118. læe leingur, hdr.

orlofi ærið feginn,
af öllum dýrum hleginn,
honum hvoru megin
heljar-mýgin ríða.
Framsýnin fríða.
Skammar skjamba sleginn,
skaut um foldir sér.
Bakmálir bíða, hvað buggu þér.

Upp í eik þá situr
er að fá sér nytur
tóa, til hans flytur
térug orð og vitur:
Rautt er réttvænn litur,
rokk hafið látið smíða.
Framsýnin fríða.
Hann í brjósti bitur
bölvar honum og tér:
Bakmálir bíða, hvað buggu þér.



Greinir hún þá á grú[f]u
og gerir sig líka dú[f]u:
Hver gaf yður hú[f]u
og heiðurs skóna trúu,
sit þú sæll á þú[f]u
með siðkyrtlinn víða.
Fr[illegible] fríða.

253. henni B.

Fór í foldar hnúu
sá fáskrúðugur er.
Bakmálir bíða, hvað buggu þér.

Óvit eitt má heita
við illan mann að þreyta
og hann brögðum beita,
betra er undan leita,
leynt kann smána og smeita,
hann smokrar sér inn víða.
Framsýnin fríða.
Múgur myrkra sveita
margvíslega fer.
[Bakmálir bíða, hvað buggu þér.]

---

269. óljóst í A M. 270. fram víða, líka í hdr. A og B. 270—74. er alt ruglað í A M; kvæðið endar á miðri blaðsíðu og kemur annað kvæði undir eins á eptir; eina línu vantar hér í af hirðuleysi skrifarans. 272—73. er hér tekið eptir B; í A M er það svo:

í [minni] margra sveita,
má [þess geta hér].

Þessu erindi bætir *B* aptan við:

Bakmálugir binda
bitaling við linda,
eru til efni synda,
og annara hugi blin
erleg nöfn afmynda
engvu straffi kviðg
Framsýnin frí
drum ætla að k
en granda s
akmálir bíða *þér.*

Gulleplið sem getið [er] hér
glöggva þýðing hjartans ber,
berðu það fram í vizku ver.
svo vel lifer,
býttu því ei í burt frá þér
fyrir brigðul andlits gæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Auðgaðu þig með æru og spekt,
er þá lífið heiðarlegt,
um hyggindin sé hugað frekt,
þá helztu mekt,
forðastu þig fái hnekt
fýsn holdsins og gæði.
Um lit og vit, lestu þetta kvæði.

Svo skal enda raulað rit,
reið þig skjaldan upp á lit,
þrifnað meir en vífa vit
þú víst um sit,
í því er miklu meira slit,
mun eg svo lykta kvæði.
Um vit og lit, lestu þetta kvæði.

Bænarflokkur
móti Íslands ræningjum 1675.

[Ny kgl. saml. Nr. 56 d 8vo. fol. 144a—146a (Sálmabók skrifuð á Hólum í Hjaltadal 1676). Næst á undan þessu

kvæði er Argali Íslands eptir séra Ólaf Einarsson, en er hér eingum eignaður. Það kvæði er ort 1627 á móti bólusóttum og sérstaklega Tyrkjum, sem það ár ræntu við Ísland, eins og alkunnugt er. Það byrjar svo:

Alsvaldandi eingla og manna
eðlakongurinn faðir og guð &c.

og er 59 erindi. Önnur góð afskrift af því finst í hinni merkilegu kvæðabók Bókmentafélagsins Nr. 105. 4to (Vatnshyrnu). Þessi flokkur, sem hér fer á eptir er eingum eignaður í handritinu, og er því eingin vissa fyrir, að hann sé eptir Sr Stefán. En það er eptirtektavert, að handritið tilgreinir því nær aldrei höfanda úr Austfirðingafjórðungi, þó þeir hafi ort mart af því, sem er á bókinni, en nöfnum sumra þeirra er bætt við seinna á spássíum, eptir því, sem sýnist, með hendi Hálfdánar Einarssonar eða Sr Einars Hálfdánarsonar á Kirkjubæjarklaustri föður hans. Nafn séra Ólafs Einarssonar föður séra Stefáns er með þeirri hendi að minsta kosti sjö sinnum skrifað á spássíum, og þó opt slept, þar sem víst er, að hann sé höfundur. Þar á móti er betur gætt Vestfirðinganna, svo sem þeirra Vatnsfjarðarfeðga Sr Jóns Arasonar, Sr Guðbrands og Magnúsar digra bróður hans (d. 1702). Það er því óhætt að telja það nokkuruveginn víst, að þetta kvæði sé ekki eptir þá. Líkindi eru þar á móti, að kvæðið sé eptir séra Stefán bæði af því, að það má heita prýðilega ort frá þeim tímum, og minnir mann mjög á Byrsældarvísurnar til Jörgens Kems í I. bls. 43—46, og er varla að annar hafi ort svo vel í þessa stefnu þá, nema hann, því að Hallgrímur Pétursson er þá dáinn. Í syrpu séra Bjarna Gissurssonar finst það ekki. Að ránsmenn hafi komið til Íslands 1675 hef eg ekki rekist á, en eg álít það einga sönnun fyrir því, að svo geti ekki hafa verið. Ekki er og ólíklegt að séra Stefán hafi ort um ræningja við Ísland, þar sem faðir hans hafði gert slíkt áður. Kvæði þessu er ekki slept hér, þó það sé vafagepill, af því að það er svo vel ort, að mér þykja líkindi til, að séra Stefán

sé höfundur þess, enda er betra að taka ofmikið en ofhítið í slík söfn, ef skilvíslega er getið um skilríki fyrir hverju einu. Frá 17. öld er til ýmislegt af kvæðum og ýsum um Tyrkjann og aðra reyfara, og átti slíkur kveðskapur að hafa verið heldur en ekki bænheitur, svo sem Tyrkjasvæfa séra Magnúsar Péturssonar á Hörgslandi (d. 1686), sem byrjar svo:

Faðir lopts og landa &c.

Hún á að hafa hrakið á haf út um 20 Tyrkjaskip frá landinu. Þá er ekki ónýt vísa Galdra-Leifa, sem hann kvað er hann bjó á Garðstöðum, en Ari sýslumaður Magnússon í Ögri, og ræningjarnir komu 1615 inn á Ísafjarðardjúp til að rupla, en hún er svo:

Ofan af landi
á þá vindurinn standi,
særokið með sandi
sendu þeim nú, fjandi.

Ekki eru heldur merglausar vísur þær, sem séra Eiríkur Magnússon á Vogsósum (1677—1716) á að hafa gert eitt sinn, þegar Tyrkinn var á ferðinni:

Alvaldur af öllum hug
eg þig beiði þessa,
hafirðu nokkra dáð og dug,
dugðu nú að hvessa.

Sendu verstan voðabyl,
veltu upp skýja róti,
gjörvöll loptin gangi til,
en grenji sjór á móti.

Sumir eigna þó vísurnar Þórði Magnússyni á Strjúgi. Tyrkjasvæfa séra Magnúsar er fremur fágætt kvæði; hún finst í Ísl. Bókmfél. í Khöfn Nr. 132. 8vo og í Finns safni Magnússonar í Bibl. Bodl. í Oxford Nr. 135. 8vo. Kvæði eptir séra Arngrím lærða er til í Avocat. Libr. í Edínarborg í safni Finns Magnússonar Nr. 94. 4to um rán Tyrkja og lát Guð-

brands biskups 1627. Enn er og til kvæði um Vestmanneyjaránskapinn eptir Sr Jón píslarvott Þorsteinsson sjálfan, sem var drepinn 1627, og finst það kvæði meðal annars í Ísl. Bókmf. í Khöfn Nr. 629. 8vo (Grundarkver) með hendi séra Einars Hálfdánarsonar, og JSig. 398. 4to. Það byrjar svo:

Drottinn Zebaoth sannur guð &c. 40 err.

Til eru og „Spönsku vísur" eptir séra Ólaf Jónsson á Söndum. Óttinn fyrir Tyrkjum hefur annars lengi verið rótgróinn í Evrópu, og Luther setur Tyrkjann í sama númer og páfann í sálmum sínum, svo sem í þessum:

Hallt oſſ Gud vid þitt helga ord,
og | hept Pauans og Tyrkia mord,
ſem vilia | Chriſt vort ſierligt ſkiol,
ſotia af ſiinum | velldis ſtol.

Sálmur þessi finst fyrst á íslenzku í sálmakveri Marteins biskups Einarssonar pr. í Khöfn 1555. 8vo, og síðan finst hann í Grallaranum, nokkuð breyttur. Sama efnis og þetta er að tarna:

Oss frá páfans vondum vélum
vernda þú og Tyrkjans grélum.

Annars var það siður áður, þó helzt á 17. öldinni, að menn ortu löng særingakvæði svo að segja hvað lítið, sem á bjátaði, því að það átti að vera hið eina, sem dugði; frá þeim tíma er enn til sægur af slíkum kvæðum. Einna kunnugust er Fjandafæla Jóns lærða, sem hann gerði við Snjáfjalladrauginn 1611, en rammastar eru Snjáfjallavísur hans hinar síðari, sem byrja svo:

Far niður fýla
fjandans limur og Grýla &c.

Í þeim er t. a. m.:

Skemdur skammar limur,
skrattanna þrunginn þrymur,
verði á vondum svimur,
viktu frá harka hrymur,
striðdjöfull bölvaður, steinkasta bróðir,
steypist ofan í vellanda vimur.

Visurnar eru með stefjum, tröllaslögum og ýmsum tilbreytingum, eins og títt var. Þær finnast nú að eins í Stokkhólmi meðal íslenzkra pappírshandrita Nr. 17. 8vo. Ýms af þessum kvæðum hafa slík nöfn sem Djöfladilla, Djöflafæla, Hugró, Geðfró, Náðarbón, Hugarstilling, Friðarhuggan o. s. frv. Fjandafælur eru að minsta kosti tvær; önnur er Jóns lærða, en hin er eptir Gísla Jónsson „fróða“ í Melrakkadal, sem byrjar svo:

Í nafni og trausti nýta guðs
náða föðurs góða og fróða &c.

Gísli þótti mjög göldróttur og góður galdralæknir. Hann varð bráðkvaddur í Skagastrandarkaupstað haustið 1670.]

Hrittu, dýri drottinn,
á dröfn úr Íslands höfnum
illþýði, sem eyðir
auð og hótar dauða,
menn kreinkir [og] kvinnur,
kaupmenn upp á hlaupa,
klerka ræna og kyrkjur,
kennir þú st[r]ákskap þenna.

Vor synd víst er meira
verð, ef skyldir herða
gjöld, sem gerðar skuldir
genstríðugar forþéna,
það gleður oss þú ert góður,
góður og þolinmóður,
náðarríkur [í] nauðum
nægðar brunnur vægðar.

Stór slot, sterkir múrar,
stáls sverð, hlíf og gerðar,
byssur, bogarnir hvössu,
brögð á móti flögðum
eru hér oss til varnar
eingin, hafa því geingi
meðal vor margar þjóðir,
mót ei stoðar brjótast.

Landið sefur í syndum,
syndir hjörtun blinda,
blindir ei forðast fjandann,
fjandinn eykur vanda,
vek, þú verðum klókir,
vek af svefni frekum,
vek svo vargur ei taki,
vek oss hærsta speki.

Okur, ótrú líka
og vammir blóðskamma,
hóranir vér heyrum
hér nú tíðum gerast,
hatur hafnar leitar,
háðung, morð, ódáðir,
lygar, last og rógur
landinu kemur í vanda.

---

23. mdl. ʔmʷgʷ, hdr. 24. stadʷ, hdr. 40. lūdᵐ, hdr.

Völdin bæði valda,
víðast undan líða
mótþróa, því mútur
mest afplána lesti,
setja í beztu sæti
sjálfheimskustu kálfa,
en góða niður níða,
sem nökkuð undan hrökkur.

Orð guðs einginn hirðir
eður bæn rækir væna,
klerka rækt á kirkjum
köld er nú í öldum,
makt og mammon togað
meingið hafa hér leingi,
svo guði föðurnum góða
gegna fæstir þegnar.

Hvað er nú helzt til ráða,
svo herrans reiðin þverri,
iðran gerum vér góða
með gráti, af illu látum,
hreinar ber[um] fram bænir
brátt innbyrðis sáttir,
fast með trúnni treystum
á tjáðar drottins náðir.

53. tótógad, hdr.

Sérhver, sem lýð stýrir,
syndir straffi blindar,
hati mjúkar mútur,
mammons forðist hramma,
lýð til herrans leiði,
lýsi fyrir að vísu,
með siðgæði góðu
góðum forsvar bjóði.

Fyrst vér höfum ei fasta
forsorgun né borgir
sjálfir, gull og silfur
síður fyrir oss stríðir;
veit eg af vænu sloti
það verður ei rofið með sverði,
nafn herrans það nefnist,
að nýju þangað flýjum.

Heyr þú, herrann dýri,
hár í ljósi kláru,
stýrir stjörnu skara
stór yfir eingla kórum,
himin, lopt, hafið og geima
hefur í þínum hnefa,
bæn meðtak þú mína
og mér veit lið að biðja.

Vorar þig syndir særa,
sæti faðir, og græta,

væg oss, vér erum bljúgir,
viljum ei sakirnar dylja,
þitt fólk, dýri drottinn,
dáðlausum að háði
ger ei, góðum stýra
galdar þjóðir aldrei.

Heiðnar því skulu þjóðir
þitt nafn lasta jafnan,
með sáru spotti spyrji,
nær spannað hafa oss þanninn:
Herrann hvar er nú þeirra
og hreystin, sem honum treysta?
Unninn er hann að sönnu,
og þeir oss til heyra.

Lát oss náðar njóta,
níðinga burt hýði,
blindsker brjóti í sundur
breiðan kjöl og reiða,
eldurinn efra tjaldið
eti, stormur og hretið
síður sundur mæði,
sökkvi glæpa nökkvi.

Æðra, ógn og kvíði,
ill og blind hafvilla,
innbyrðis á unni
órar og sóttin stóra

illþýði því eyði,
svo einginn lægi leingur,
þú getur með mörgu móti,
minn faðir, þá skaðað.

Hringmúr æðstu eingla
um land þetta standi,
menn, börn, mætar kvinnur
með sv[e]itum varðveiti,
klerka geymi og kyrkjur,
kaupmenn láti hlaupa,
með frið og færi góðu
frá oss heim svo nái.

Vort land víst þú hirtir,
veit eg þú eins munt breyta
við það vægð, sem faðir
veitir af hjarta heitu,
frekt, sem strax hann strýkti,
þá stóð upp faðm að bjóða
sonur og blíðar bænir
birta föðurnum hirtur.

Bætum bernskulýti,
bræður, og gjörvalt æði,
höldum hvað sem gildir
hreina jafnan eining,

118. læ[e] leingur, hdr.

sitt kall sérhver fylli,
satan grimt þó láti,
húsbændum hóflyndur
hlýði undirlýður.

Faðirinn gæzku-góði,
góður aumum þjóðum,
við þjóð, sem mest nú mæðist
mæði þig hugarins gæði,
gæðin lands og lýða
lýður hljóti á síðan,
síðast glaum og gleði,
gleðina fáum þar meður. Amen.

VIÐBÆTIR.

SÁLMAR.

Séra Stefán Ólafsson hefur ort hinn mesta sæg af sálmum, og er sumt af þeim prentað hér og hvar, sem bent verður á við hvern einstakan sálm og sálmaflokk hér á eptir; aptur eru aðrir, sem aldrei hafa verið prentaðir og finnast í handritum á víð og dreif. Þessa sálma alla þykir ekki svara kostnaði að prenta hér í heild sinni, en til þess að gera þeim mönnum hægra fyrir, sem vildu kynna sér þá og þekkja, hvaða sálmar það eru, sem Sr Stefán hefur gert eða honum eru eignaðir, kemur hér upptalning þeirra.

A. Sálmaflokkar.

I. *Passíusalmar.*

Frá 14., 15. og 16. öld er til mjög mart af helgikvæðum eptir hina og þessa. Einna mest er til af Maríuvísum. Tiltölulega munu þó flest slík kvæði vera frá seinni hluta 15. og fyrri hluta 16. aldar, því að þá undir lok kaþólskunnar eru einna flest góð skáld í þá stefnu uppi, svo sem Sigurður blindi, sem orti meðal annars Rósu, Jón biskup Arason, Gunni Hólaskáld, sem orti Sankti Ólafsvísur, séra Hallur Ögmundsson á Stað í Steingrímsfirði, og segir af sér prestskap 1539, sem bæði hefur ort Mikaelsdikt, Krossvísur, Nikulásdrápu o. fl. Það er alveg rangt, sem gert hefur verið að telja hann uppi um 1400, því að alt bendir á að hann sé á tímum Jóns

biskups Arasonar. Af píningarsögunni hefur Jón biskup ort Píslargrát sinn, og alt frá þeim tíma hafa menn svo að segja hver um annan þveran, þó helzt á 17. öld, ort út af henni ýmist kvæði eða sálma. Séra Arngrímur lærði hefur gert Píslarminning (pr. í Vísnabók 1612 og 1748). Pétur Einarsson lögréttumaður á Ballará orti sálma út af Eintali Mart. Molleri pr. á Hólum 1661. Séra Guðmundur Erlendsson á Felli í Sléttuhlíð orti sjö píslarsálma pr. á Hólum 1660. Jón Magnússon prestur í Laufási (d. 1675) orti Píslarminning í 7 sálmum pr. í Skálholti 1690 og á Hólum 1746 aptan við 3. útg. af Midvikudagaprédikunum Jóns Vídalíns. Hallgrímur Pétursson orti sína alkunnu sálma fyrir 1660 og fékk þá prentaða fyrst 1666. Auk þess ortu þessir Passíusálma, þó þeir hafi aldrei verið prentaðir: Séra Oddur Oddsson á Reynivöllum (d. 1649), Þorbergur stúdent Þorsteinsson á Þorgeirsfelli í Staðarsveit, sem dó á kirkjuferð 1722; sálmar hans eru 50 að tölu, og eru útdregnir af Passionspönkum Jens Bangs, og eru ortir 1709 (al. 1715) og finnast í Ísl. Bókmfél. Nr. 538. 8vo skr. 1765, og Nr. 698. 8vo skr. 1825 með hendi Hallgr. djákna Jónssonar. Hálfdán Einarsson segir og (Sciagr. bls. 64), að séra Jón Vídalín í Laufási (faðir Geirs biskups) hafi nýlega (þá 1777) þýtt sjö passíusálma úr dönsku, og hafi honum ekki farist það óliðlega. Enn eru og til 50 passíusálmar eptir Vigfús Jónsson Scheving á Hellum í Mýrdal, og kallað hann þá Píslaminning, og lét prenta í Viðey 1824. Vigfús dó 1834. Þá eru og þessir passíusálmar séra Stefáns. Þeir eru 7 að tölu og innihaldsvers fyrir hverjum. Þeir hafa aldrei verið prentaðir. Óvíst er á hvaða árum þeir eru ortir. Þeir finnast í Hálfdánarbók; afskrift af henni er í Páls safni Nr. 1.

8vo XXIII. Þeir eru og á bók, sem Sigmundur Mattíasson á Seyðisfirði á, með fyrirsögn: „Pijslar sálmar Sex að tölu og sjöundi af greptraninni, gjörðir af séra Stefáni Ólafssyni í Vallanesi“, og hef eg fengið skýrslu um það frá Sigmundi fyrir velviljaða milligöngu Sigurðar verzlunarstjóra Jónssonar á Vestdalseyri. Ennfremur eru þeir á sálmabók, sem séra Eggert Briem á Höskuldstöðum á, og er sú bók með hendi séra Þorsteins Ketilssonar á Hrafnagili (d. 1754), og er það velvild séra Eggerts að þakka, að þessa varð getið hér. Hér er skrifað upp eptir Hálfdánarbók, og hafa sálmarnir þar þessa fyrirsögn:

Pijſlar Pſalmar.
Sex að tólu, og ſiöunde af Greptrana*r*histerjuñi.

[1.] Firſte Pſal[mur]
hv*ers* Innihalld er þeßi víſa.
Yf*er* Læk Kedron liúfur
að leyſa oȝ Jeſus reiſir |
Giórdi Bæn i Grasgardi
gödur, z ſveittiz Bloodi |
Kiaſzmáll Judas Kißir,
Chriſt: Eyrad þiön miſti |
Poſtular fræg*er* i fyrzú
flýa ſenn, og Ungmenni. |

Lag Pſalmſens: Eilyfe Gud og Fader kiær.
Vors Herra Píſlar daprañ dóm,
er Deyd fyr*er* | Heim rieð kaña,
efter Fräſogn og Frædaröm
Fióg | ra Gudspialla maña,
íhugande uppbirium nü,
iñſigle | oß i riettre Trü,
ande Guds ävóxt ſañan.

Sálmurinn sjálfur er 23 vers.

[2.] Annar Piſlar-Pſalmur.
Víſan.

Kóng vorn Fiandmeñ fanga,
z færa Hannas *til* æru
Mági hañs und*er* augú,
eptir þad Biſkup ſettum
Hann spyr: Herrann ſvarar,
hógg beid af þión leidum
neitadi næz þvi Petur,
Nød fañ z Bōt Røda.

Laged: Nū bid eg Gud þū Näder mig.
Herinn z ſá fyrir honum var,
h*ier* med Gydinga þien arar
fänga Jeſum og fiötra þä,
fornum Biſkupi Vird'ing tia,
ſa het Hannas, og hofdu Chriſt
hans under Rañ ſookn allra firſt,
Chaiphas Mægder hefga hañ
hædsta Preſts um Arstyma þáñ.
Sálmurinn sjálfur er alls 10 vers.

[3.] þridie Pſalmur.
Víſan.

Varð fyrir vitnisburdum,
votta falſkra Drottiñ
Hár Biſkup hañ ſærir,
hrædiz svar: rífur klædi
Pilato sveit ſelur,
ſydann Skaparann Lyda
Judas heck Herodes
hádgiarn Chriſt forſmádi.

Ton: Adams Barn sind þin.
Med ædzu preſtum auldung*ar*
og allt rádid ſamhuga | var

Fals Vitne fram ad Leida,
fiatrande upp þō | fiñdú ſyſt
fullar Saker, ad Herran Chriſt
kvelia | kiñe og deyda.
Tvejr kvādu: ſvo ſegdu Jeſús,
ſialft | Vil eg briōta Drottens Hūs
med Hóndum giórt, en|giora
añad än Handa af eigin Mātt,
a þrem dóg|um, en Vitned flātt
ſamhliöda ſyſt mun vera.

Sálmurinn sjálfur er alls 11 vers.

[4.] Fiordi Pſalmr.
Viiſan.

Samlíkiſt Lyfs-Blomi
liootum Mañdrapa þriooti |
Rettar heidinn hitta
heilſinn*er* Rád kvinnu |
klækismeñ Chriſt ſtríkia,
keiſarans Reidi geiſar |
hrædiz Valld, hendur þvodi,
hlióm*ar* Áfellisdomur. |

Laged: O, Gud miñ Herra aumka m*ig*.

Pilatus kall*ar* ſamann ſenn
til ſyn Preza z Hofudsmeñ |
alþydu eirnen lyka
og birjar Rædu ſlyka:
Þier hafed | framſellt þeñañ Mañ,
ſem þañ er viller Almugañ
Eft|er Rañſookn ötrauda
ei fiñ hañ ſekañ dauda:
Herodes | ecke helldur fañ,
til hvors ydur þo ſenda vañ,
helſók fæſt | einginñ Hefnda til,

hónum þvi Ráduing gefa vil
og ſyd|añ lauſañ läta.
Sálmurinn er 10 vers.

[5.] Fimti Pſalmur.
Vijſan.

Chriſtur ut Kroß bar mezañ
kieppti [1]) Simon á eptir |
bannar Op *yfer* ſier kvinnum,
en ecki vill Gall-bland drecka |
Trauſt bad, a tre feſtur:
Titil Dómarinn ritar. |
Fadir lioß feck skiól módur,
z frida vañ Glæpamañiñ. |

Ton. Oß lat þiñ Anda ſtirkia.

Stridsfolkid fullt af brædi,
færdi Purpura úr |
Jeſum, og i ſin klæde,
efldeſt þä Beniaſkur
og burtfærde | ſo fyrer oß
yrde a Tred upp feſtur,
ſiñ bar hañ ſiälfur kroß.
Sálmurinn er 18 vers.

[6.] Siotte Pſalmur.
Vijſan.

Land myrkur afminda
miñ Gud, Jeſus innir |
þesſu nærſt mig þyrſtir,
þä fullkomnad tiaair |
Sydarz aund fødurnum ſendir
ſundraz Tialld ſkiálfa grvnder |

[1]) Hér skrifar handritið *pp* með *einu* tákni, en það var ekki til í prentsmiðjunni.

klofna Biorg, en Lyf lifnar,
Lydur ſnyſt, opnaſt syda. |

Ton: Jeſus ſem ad oß frelſade.

Faheyrd myrkr fylltu allt Land
frá hinni [Si]öttu stundu |
ſo af söl lyſte ecke Grand
allt til þejrrar Nyundu;
Jeſus || kallar er Tyd kom ſü,
kvól hans mä eingiñ ſefa;
Gud miñ | Gud miñ! Þvi villder þü
Mig þañig yfergefa?

Sálmurinn er 11 vers.

|7.| Siøundi Pſalmur af Greftraninni.
Vijſan.

Kaus ad grafa Chriſt Joseph
kemr og Nicodemús |
ſmurt Lyk Lyni virdtu,
og [løgðu] i Grøf ſpánya |
kvinnur ſiá kiærleik þeña,
kryngum Leidid Gydingar |
Vørd ſettu ſørordir,
og ſeinaz merktú steiniñ. |

Lag: Þä liñir þeſſe Lykamans Viſt.

Á atfanga Dags kvøldid kom
Chriſtz vin Rodherra | prüdur
Joseph er Aramathiam
iñbigde þañ Stad Juda;
Rykur | Gödur, Rettlatur Mañ,
Räd Gydinga ei þýddeſt hañ,
en ad Guds | Ryke gäde.

Sálmurinn er 12 vers.

Mag. Hálfdán Einarsson segir í formálanum fyrir Hálfdánarbók: „Heyrt hef eg hann (ɔ: séra Stefán) hafe

láteð her ſkrifaða Paſſíupſálma Sóknarfólk ſitt og Börn læra utañ að; fiñst og í þeim öll Pijningarhiſtorían ſnoturlega og ſuccinctè innfærð.“

II. *Vikusálmar Kingós og sjö iðrunarsálmar Davíðs.*

Þessir sálmar voru fyrst prentaðir í lifanda lífi séra Stefáns í Skálholti 1686 aptan við Paradísarlykil, og hafði hann þýtt þá eptir tilmælum Þórðar biskups Þorlákssonar. Sú bók hefur þennan titil:

Paradiſar | LJKELL[1]) | Edur | Godar Bæner | Gudrækelegar Huxaner, Hiartnæmar Ydranar Vppvakningar, þijdar | þackargiørder og allra handa Truar Yðkaner, med huoriū ein riett-Truud Manneskia fær upploked Guds Paradis | og Nœdar Fieſiood. | Vr Bookum þeirra Heiløgu | Lærefedra *Augustini, Anſelmi, Bern* | *hardi, Tauleri* og fleire añara, med | Nockrum Agiætum Pſalmum | og Loffaungum. | Goodum z Gudhræddum Hiørtum til | Gagns og goodra Nota. | Prentad i Skalhollte, | af Hendrick Kruſe, Aarum epter | Guds Burd 1686.

Bókin er í 8vo og er alls 448 bls. + 16 bls. ópagíneraðra aptan við. Sálmarnir eru prentaðir, sem viðbætir, og byrja á bls. 385, og hafa þennan titil:

Appendix | Morgun Pſal|mar og Kuølld Pſalmar, til | ſierhuors Dags i Vikuñe, med ſio | ydranar Pſalmū Kongs Davids. | Samanſetter œ Danſkt Twngumœl | af þeim Edla z Vel Æruverduga Herra | Thomas Kingo | Biſkupe Fions Stigtis i Danmork. | Eñ œ vort Iſlendſkt Moo|durmœl miuklega wtſetter af þeim | Gudhrædda og gœfum giædda | Kennemanne: | S. Stephan Olafsſine | ad Vallaneſe, Profaſte

[1]) Það, sem hér er með gisnu letri er prentað með rauðu á titilblaði bókarinnar.

i Mw|la þijnge. | Med føgrum Tonum og liſtelegum | Melodiis.

Því næst eru þessir sálmar prentaðir í

Ejn ny | Pſalma | Bok Iſlendſk, | Med mørgum Andligum, | Christeligum Lof-Saungvum | og Vijſum. Sømuleidis nockrum ꝏgiæt|um, Nijum og Nꝏkvæmum | Pſalmum Endurbætt. | Gude Einum | og þreñum, Fødur, Syne og H. | Anda, til Lofs og Dijrdar. | Eñ Iñbyggiurum þeſſa Lands til glede, | Gagns og Gooda fyrer Lijf og Sꝏl | Selſt Almeñt Iñbunden 30. Alnum. Prentud aa Hoolum i Hiallta-dal, | Af Halldore Eriks-Syne.. 1751. 8vo.

Þessi sálmabók er gefin út að forlagi Halldórs biskups Brynjólfssonar. Kingóssálmar eru þar á bls. 698—755 og hafa þessa fyrirsögn:

Adrer[1]) Viku Pſalmar, | Aſamt med Siø | Ydrunar Pſalmum Davids | Orter Fyrſt ꝏ Danſka Tungu, | Af *Thomas Kingo.* | Biſkupe yfer Fions Stipte i Danmørk, | Eñ ꝏ Islendſku wtlagder | Af Sr. Stephane Olafsſyne að Vallaneſe.

Í þriðja skipti eru þessir sálmar prentaðir í bók þeirri, sem alment er kölluð Höfuðgreinabók pr. Hólum 1772, og hefur hún tvennan titil: Hinn fyrri er:

Þeirrar | Iſlendſku | Pſalma-|Bookar. | Sijdari Partur | med tilhlijdilegu | Regiſtre|. Þrycktur a Hoolum i Hiallta-Dal | Anno 1772.

En hinn titillinn er svo:

Islendſk | Pſalma-|Book, | Med mørgum Andlegum, Chriſtelegum | Lof-Saungum og Vijſum, | Sømuleidis mørgum ꝏgiætum og hijngad til O|þrickt-um Pſalmum. wt af ſierleguſtu Chriſtilegrar Trwar, | Høfud-Greinum, | aukinn og endurbætt | Gudi Einum

[1]) Á undan eru: Morgun Pſalmar og Kvølld | Pſalmar, Orter wt af Bæna-Book | D. Joſuæ Stegmans | Af Sr. Sigurde Jonsſyne.

og þrennum til Lofs og Dyrdar, og | Innbyggiurum þeſſa Lands | til Andlegrar Gledi og Solu-|hiælpar Nota Selſt Innbundinn 30. Fiſkum | Prentud aa Hoolum i Hiallta-Dal af Jooni Olafsſyni 1772.

Bókin er gefin út af Hálfdáni Einarssyni, og er alls 484 + 12 ópagineraðra bls. í 8vo. Sálmarnir byrja á bls. 403 og hafa þessa fyrirsögn:

Viku Pſalmar med 7. Idrun-ar Pſalmum Davids, orktir af Biſkupi Kingo, | og wtlagdir af Sr. St. O. S.

Þessir sálmar Kingós komu fyrst út á dönsku 1674 og hafa þennan titil:

Thomas Kingos Aandelige Siunge-Koors | Førſte Part | Indeholdende 14. Gudelige | Morgen- og Aften-Sange | tillige med de 7 Kong Davids Poeni|tendſe-Pſalmer ſangviis forfattede | Prentet i Kiøbenhavn, hos Daniel Eichhorn, Aar 1674. 8vo bls. 150.

Hinn seinni hluti af Kingós Aandelige Siunge-Koor kom út 1681, og hefur þenna titil:

Thomas Kingos | Aandelige | Siunge-Koors | Anden Part | eller Siælens Opvækkelſe | til | Alle haande Andagter | i | Allehaande Tilfælde | Alting til Guds Ære Kiøbenhavn, Aar 1681. bls. 174. 8vo.

Þessum síðara parti hefur Sr Árni Þorvarðsson á þingvöllum snúið á íslenzku, og hafa sálmar hans þennan titil:

Thomæ Kingos | Andlega | Saung-Kors | Annar Partur|. Edur | Scolarennar Vppvakn|ing til allſkins Gudrækne | I allra Handa Tilferlum | Allt | Til GVDS Dyrdar | Vr Dønſku a Iſlendſk Liood-|mæle wtſettur Af S. Arna Thorvards|ſyne, Profaſte j Arneß-þynge. | Prentadur j Skaalholte, Af | Jone Snorra-ſyne Anno M.DC.XCIII. 8vo bls. (3 +) 129 (+ 12).

Kingóssálmar séra Stefáns finnast og prentaðir einn og einn hér og hvar í hinum síðari útgáfum af íslenzku sálmabókinni, en flestir meira eða minna breyttir,

og er þess því hér ekki sérstaklega getið við hvern, af því að það þykir þýðingarlaust. Upphöf og fyrirsagnir sálmanna eru hér eptir Skálholtsútgáfunni 1686. Handrit af sálmunum eru í safni hins ísl. bókmfél. í Khöfn Nr. 188. 8vo, og í safni deildarinnar í Reykjavík Nr. 137. 4to:

Morgun Pſalmur o | Sunnudøgum.
I JESU Nafne uppgo,
Morgunrodans | blijde Blome,
Boſuan vil eg nu hliome,
Gafle miñar Huijlu hio,
innre Kraptar | aller hræreſt,
og Nottværder þacke frij,
wt ſo Lof Frelſarans færeſt,
fagurt hott | I Himna ſky.

Alls 15 vers; fyrsta versið er nóterað. Sálmurinn byrjar svo hjá Kingó:

Rind nu op i Jesu Navn &c. 15 vers.

Kvølld Pſalmureñ, med | ſama lag.
Iñañ Skams Dagreñ dvijn,
harla ſkioott | ad hwme lijdur,
hooglega tijdenn fraī | ſkrijdur
Drotteñ Gud vertu miñ vin.
Þegr | mottug Myrkreñ falla,
mier o hvarm, og Augabrun,
að þier Gud eg hnijg z hallaſt,
hallt mier j þiñe Vmſioon.

Sálmurinn er alls 16 vers. Hjá Kingó:

Dagen er snart runden hen &c. 16 vers.

I. *Ydranar Pſalmur Davíds, fem er hinn 6. j Pſalmatøl-unne, Med ſama Lag.*
O Minn Drotteñ ecke mier,
refſa þu j | Reide þiñe,

biskups Arasonar. Af píningarsögunni hefur Jón biskup ort Píslargrát sinn, og alt frá þeim tíma hafa menn svo að segja hver um annan þveran, þó helzt á 17. öld, ort út af henni ýmist kvæði eða sálma. Séra Arngrímur lærði hefur gert Píslarminning (pr. í Vísnabók 1612 og 1748). Pétur Einarsson lögréttumaður á Ballará orti sálma út af Eintali Mart. Molleri pr. á Hólum 1661. Séra Guðmundur Erlendsson á Felli í Sléttuhlíð orti sjö píslarsálma pr. á Hólum 1660. Jón Magnússon prestur í Laufási (d. 1675) orti Píslarminning í 7 sálmum pr. í Skálholti 1690 og á Hólum 1746 aptan við 3. útg. af Midvikudagaprédikunum Jóns Vídalíns. Hallgrímur Péturssón orti sína alkunnu sálma fyrir 1660 og fékk þá prentaða fyrst 1666. Auk þess ortu þessir Passíusálma, þó þeir hafi aldrei verið prentaðir: Séra Oddur Oddsson á Reynivöllum (d. 1649), Þorbergur stúdent Þorsteinsson á Þorgeirsfelli í Staðarsveit, sem dó á kirkjuferð 1722; sálmar hans eru 50 að tölu, og eru útdregnir af Passionsþönkum Jens Bangs, og eru ortir 1709 (al. 1715) og finnast í Ísl. Bókmfél. Nr. 538. 8vo skr. 1765, og Nr. 698. 8vo skr. 1825 með hendi Hallgr. djákna Jónssonar. Hálfdán Einarsson segir og (Sciagr. bls. 64), að séra Jón Vídalín í Laufási (faðir Geirs biskups) hafi nýlega (þá 1777) þýtt sjö passíusálma úr dönsku, og hafi honum ekki farist það óliðlega. Enn eru og til 50 passíusálmar eptir Vigfús Jónsson Scheving á Hellum í Mýrdal, og kallað hann þá Píslaminning, og lét prenta í Viðey 1824. Vigfús dó 1834. Þá eru og þessir passíusálmar séra Stefáns. Þeir eru 7 að tölu og innihaldsvers fyrir hverjum. Þeir hafa aldrei verið prentaðir. Óvíst er á hvaða árum þeir eru ortir. Þeir finnast í Hálfdánarbók; afskrift af henni er í Páls safni Nr. 1.

8vo XXIII. Þeir eru og á bók, sem Sigmundur Mattíasson á Seyðisfirði á, með fyrirsögn: „Þijslar sálmar Sex að tölu og sjöundi af greptraninni, gjörðir af séra Stefáni Ólafssyni í Vallanesi“, og hef eg fengið skýrslu um það frá Sigmundi fyrir velviljaða milligöngu Sigurðar verzlunarstjóra Jónssonar á Vestdalseyri. Ennfremur eru þeir á sálmabók, sem séra Eggert Briem á Höskuldstöðum á, og er sú bók með hendi séra Þorsteins Ketilssonar á Hrafnagili (d. 1754), og er það velvild séra Eggerts að þakka, að þessa varð getið hér. Hér er skrifað upp eptir Hálfdánarbók, og hafa sálmarnir þar þessa fyrirsögn:

Þijſlar Pſalmar.
Sex að tólu, og ſiöunde af Greptrana*r*histerjuñi.

[1.] Firſte Pſal[mur]
hv*er*s Innihalld er þeßi víſa.

Yf*er* Læk Kedron liúfur
að leyſa oȝ Jeſus reiſir |
Giórdi Bæn i Grasgardi
gödur, z ſveittiz Bloodi |
Kiaſzmáll Judas Kißir,
Chriſt: Eyrad þiön miſti |
Poſtular fræg*er* i fyrzú
flýa ſenn, og Ungmenni. |

Lag Pſalmſens: Eilyfe Gud og Fader kiær.

Vors Herra Píſlar daprañ dóm,
er Deyd fyr*er* | Heim rieð kaña,
efter Fräſogn og Frædaröm
Fióg | ra Gudspialla maña,
íhugande uppbirium nü,
iñſigle | oß i riettre Trü,
ande Guds ävóxt ſañan.

Sálmurinn sjálfur er 23 vers.

Fader liooſſ | hia mier leita,
er Liooſe veitſt,
j Myrkur | ad uīnbreyta,
og Skugga j Skin.

Sálmurinn er 13 vers. Hjá Kingó:

Den prægtige Sol,
som hele Verden glæder &c. 13 vers.

III. *Ydranar Pſalmur, ſem | er hinn 38. j Pſalmatølunne, | med ſama Lag.*

Lœt O Drottenn,
ei þijna Reide uppvella, |
nie nockurt Sinn
j Heipt mig yferhellaſt, |
O nei, mier ei hegn ſem hefe forþient,
þui|ad þijnar
Pijlur mitt Hiarta hæfa,
og Hoot | Handar,
med Soott og Siukdoom kiæfa, |
ſem klœrt er kiendt.

Sálmurinn er 13 vers (14 vers í Bmfél. 188. 8vo). Hjá Kingó:

Ak, Herre lad
dog ei din Vrede opsyde &c. 13 vers.

Páll Pálsson segir, að þessi sálmur sé prentaður framan við Skálholtsútgáfuna af Gerhardi hugvekjum 1695 með fyrirsögn: „Ein góð gömul Savngviſa ū Eymder þeßa stundlega Lífs og sælu eilífs Lífs“, og getur þess, að hann sé í sumum handritum eignaður Bjarna Jónssyni skálda á Húsafelli, sem lifði fram á öndverða 17. öld. Hann hefur ort ýmsa sálma og ýms kvæði, þar á meðal „Aldasöng“, merkilegt kvæði, sem enn er til. Eptir hann er sálmurinn:

Gæzkuríkasti græðari minn &c.

Hann orti og fyrri hlutá Flóresrímna, sem Hallgrímur Pétursson hélt áfram, þegar hins misti við, og eru þær til enn. Þessa vísu gerði hann um sjálfan sig:

Bjarni skáldi ber um haus
bar sig að fastna Möngu[1]),
elskað hefur sú arma taus
aulann þann fyrir löngu.

Í exemplari því af þessari útg. Gerhardi hugvekna, sem konungsbókasafn í Khöfn á, finst enginn sálmur framan við, en aptan við finst þar á móti: Ein good Gømul Saungvijſa um Eymd|er þeſſa stundlega lijfs og Sælu Eilijfs Lijfs:

Langar mig j Lijfs Höll &c.

og mun vera vilst á þessum tveimur sálmum, og sá sálmur finst eignaður Bjarna.

Morgun Saungur o | Miduikudøgum.

Kom ſæl mæt Morgun tijd,
med Gull | og Gagn i Hønd,
Lof ſie þier goode Gud, |
eg gieck alheill fra Blund,
ej ſkal mijn | Augabrø,
ur þeſſu ſuefnværd ſend,
fyrr eñ | fws i Herrans Hws,
eg ſtille z þar ſtend.

Sálmurinn er 12 vers, og 1. vers nóterað. Hjá Kingó:

Velkommen Morgenstund
med Guld og Gavn i Mund &c. 12 vers.

Kvølld Pſalmureñ, Med | ſama Lag.

Skiærre Sool er nu ſett,
ſiø kvølldr meir | og meir,
huørs Verk Manns Hønd er | þreytt,
og Hvijldar æſker ſier,

[1]) Kona Bjarna.

Daudanum dregſt eg nær,
Deige einum eñ fyr,
Tijmen fer hægt og hægt mier,
opnāde Daudās Dyr.

Sálmurinn er 14 vers. Hjá Kingó:
Den klare Sol gaar ned,
det kvelder mer og mer &c. 14 vers.

IV. *Ydranar Pſalmur, fem | er hinn 51. j Pſalmatølunne. Med ſama Lag.*

Myſkuna mier Drottenn,
og mø af Sy-nder mijn,
ei fyrer Makleik minn,
myk lu helldur Nød þijn,
af þiñe Nødar Nægd
ſem omælanleg er,
ſierhuørn ſliett wt Syn-|da Blett,
ſem hrein ø Hollde mier.

Sálmurinn er 19 vers. Hjá Kingó:
Gud være mig naadig &c. 19 vers.

Morgun Saungur ø | Fimtudøgum.

Vpp uppſtatt i Nafne Jeſu,
upplyft Suefnværdum wr, þijns Augabrø |
mijn Sol eñ helldur heilu þu,
Sooleñ þiñ Sængur ſtad, ſkijn ſkiært uppa, |
hun dag nijtt tier, Drottiñ ſijns Sottmals | verk,
hañs Sool gyller ſorglitañ Nætrſerk.

Sálmurinn er 15 vers (1. vers nóterað). Hjá Kingó:
Op, op i søde Jesu Navn &c. 15 vers.

Kvølld Pſalmurenn, Med | ſama Lag.

Miøg lijdur nu ad myrkre Nøtt,
Dagur | ø efſta Fet framſetur ſig,
Sooleñ vend|er j Veſtur øtt,
ſier ø vanalegann under-|gangs Veg,

j Jacob reñur upp ein Stiarna | þo,
Dalløndum j, ſem efſtu Fiøllum ø.
Sálmurinn er 16 vers. Hjá Kingó:
Det mulner mod den mørke Nat &c. 16 vers.

V. *Ydranar Pſalmur, ſem | er hinn 102. j Pſalmatølunne | Med ſama Lag.*

O Drottenn giegn minne Grøtbæn,
z løt | koma mitt Kall, fraꝫ fyrer þig,
byrg | þijna mier ecke Aſiøn,
þa mijn er Moot|gangs Tijd, hellſt hørmuleg,
liø Eyrad mi-|er, nær eg þig hroopa ø,
ſo eg, flyt þier, | Hialp meige flioota fø.
Sálmurinn er 18 vers. Hjá Kingó:
O, Herre hør min Jammers Bøn &c. 18 vers.

Morgun Saungur ø | Føſtudøgum.

Soolenn uppruñeñ er
ø Auſtur Sydu |
Fialltinda forgyller
med Hølſa hlijdum ||
Søl mijn þig gled,
ſyng og ſtill Hioom | Høkuæda,
og lypt þier upp frø Jørd |
i Trw og þackargiørd
til Himna Hæda.
Sálmurinn er 16 vers, 1. vers nóterað. Hjá Kingó:
Nu rinder Solen op
af Øster-Lide &c. 16 vers.

Kvølld Pſalmurenn, Med | ſama Lag.

Nu huijleſt Sool og ſetſt,
ſijgur ad Kuøll|de,
enn Nootteñ wthelleſt
af Myrkra-|Vellde

Gud liene oſſ
Liooſ ſitt z Nœlægd | ſijna,
ſo Nœdar Liooſed liooſt,
upplijfgad | uñ vor Brioſt,
oſſ ſtioorne alleina.

Sálmurinn er 14 vers. Hjá Kingó:

Til Hvile Solen gaar
og Dagen helder &c. 14 vers.

VI. *Ydranar Pſalmur | ſem er hinn 130. j Pſalmatølunne | Med ſama Lag.*

Vr dypſtu Andar Naud,
og øllum Voda
hroopa eg Herra Gud,
heyr þu og nœda,
þu minne Rauſt
z Oſk alldreige gleym|er
Eyruñ lœt opeñ ſtœ,
og mijnum giørdu | gœ
ad Hliooda Hreime.

Sálmurinn er 7 vers. Hjá Kingó:

Ud af den dybe Nød &c. 7 vers.

Morgun Saungur œ | Laugardøgum.

Rijs upp mijn Sœl! og bregd nu Blunde |
byria Streingleik og Morgunſaung ||
med þacklæte œ allar Lunder,
iñ | þier i Himna Hæder þreyng,
faſtlega | knij þœ føgru Borg
fiarlæg œ medañ | Heimſens Sorg.

Sálmurinn er als 16 vers; 1. vers nóterað. Hjá Kingó:

Vaagn op og slaa paa dine Strenge &c. 16 vers.

Kuølld Pſalmureñ med | ſama lag.

Siœ huad Dagurin Ferd eñ flijter,
fegurd | Soolar til Veſturs ſnijr,

vor Huijldar-|tijme ad Høndum yteſt,
Herrañ ſem i Lioofe|nu byr,
z o Himnaña ſitur Sal,
ſiertu vort | Lioos i dim̃um Dal.

Sálmurinn er alls 19 vers. Hjá Kingó:

Se, hvor rig Dagen atter skynder &c. 19 vers.

VII. *Ydranar Pſalmur | ſem er hinn 143.j Pſalmatøl-|-unne, Med ſama Lag.*

O DRotteñ upplwk Augum þijnum
eg ſet | øll Mol fyrer þig,
i kløckvu And|varpe og Bænum,
eg kiem nu fram̃, Bæn|heyr þu mig,
fyrer Nod þijna, hun er ho, |
ad Hiartans Beydne minne go.

Sálmurinn er 13 vers. Hjá Kingó:

O, Herre hold din' Øren aaben &c. 13 vers.

Allar þær bækur, sem þessir sálmar eru prentaðir í, eru fágætar, og Skálholtsbókin frá 1686 er mjög skjaldgæf; Landsbókasafnið mun eiga 2 expl. af henni. Í Kaupmannahöfn er ekki til, nema eitt expl. af henni, og það á eg, og fékk eg það á Íslandi sumarið 1884. Eg hefi ekki getað orðið þess var, að hún væri til á Kongssafni né Háskólasafni. Þessi bók er sú fyrsta, sem prentuð var í Skálholti eptir að prentverkið var flutt þangað frá Hólum, eptir því, sem stendur í formála þórðar biskups Þorlákssonar, sem er dagsettur í Skálholti „1686 þañ 27. Aprilis, o hvørium Deige þeſſe Book var endud og nær fullkomenn". Þar segir svo: „þeſſa Book . . . ſem er fyrſta verk Prentſmidiunnar j Skalhoolte" (fol. 4b), og: „Hefe eg nu j Herrans Nafne, þeſſa Book aptr Prenta loted, og hana medal margra añara godra Boka ſm̃ hier eru o Prent wtgeingnar, hellſt wtvaled, ad hun vera ſkyllde þad fyrſta verk ſem hier j Skalhollte wtgeinge" (fol. 5b,

6 a). Paradísarlykill hafði áður verið prentaður „o Hoolum einuſinne ad vijju, og mo ſkie optar“ af Guðbrandi biskupi, segir Þórður biskup, „eñ minn Soluge Fader H. Thorlakur Skulaſon [hefur hann prenta látið] einuſinne, og var þad þa ju ſijdaſta Book ſem hañ Prenta liet o Hoolum Anno 1655.“ Finnur biskup segir (Hist. Eccl. Isl. III. 380), að bókin hafi verið prentuð 1607 á Hólum í 8vo, og Halgr. Jónsson djákni segir hún sé aptur prentuð í annað sinn 1615. Þórður biskup fer þessum orðum um „Pſalma þeſſ heidurlega Keñemañs, S. Stephans Olafsſonar að Vallaneſe“: . . „Hefe eg ſetia loted Toona og Nootur vid Pſalmana, hellſt vegna þeſſ, mig grunade ad Løgenn mundu mørgum okend vera j fyrſtuñe, enn er fullviſſ þar uppa, ad þaug munu þægeleg og lyſteleg verda goodum Mønnum med Tijdenne, þa þaug tijðkaſt og kuñug verda.“

Aptan við Kingóssálma kemur einn sálmur þýddur af séra Stefáni á bls. 444—445 og hefur þessa fyrirsögn og upphaf:

Kuølld ſaungur Prudentij | Adels Pater ſupreme, | vr latinu o Iſlendſku vtſettur af | S. Stephan(!) Olafs Syne.

Kom Fader hædſte Herra,
huliñ Sioon | Augna vorra,
Ord Guds O JEſu | Chriſte,
og Andenn goodgiarnaſte.

Sálmurinn er 11 vers; 1. vers nóterað. Þessi sálmur er og prentaður í Sálmab. Hól. 1751 bls. 755—57 og Höfuðgreinabók Hól. 1772 bls. 456—58. Hann finst og í handritum, svo sem í Ísl. Bókmfél. 181. 8vo, 660. 8vo, Páls safni Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 85—86, British Museum Add. Nr. 4891 8vo (10 vers) og í safni lærða skólans í Reykjavík í kvæða og sálmabók í 8vo. Ennfremur er sálmurinn í sálmabók, sem

Sr Eggert Briem á skr. 1784: „Kvöldsálmur Prudentii.“ Næst eptir þennan sálm kemur sálmur séra Hallgríms Péturssonar: „Alt eins og blómstrið eina“, hér prentaður í fyrsta sinni (bls. 446—448).

B. Einstakir sálmar.

I. *Prentaðir.*

1. Davijds Ψal[mur] wr Dónſku wtlagdur [Jeg raaber fast, o Herre &c.] mȝ Sijnū Thón:

Af hædȝtu neyð ö herra
hrópa eg nü til þijn
nádug*ur* virȝt mj*er* v*era*
og | veita beidne mij*n*
legg við þitt äſtar Eyra
ávalltt nær kryp ec þjer
af | hædu*m* virſtu heyra
hu*er* mij*n* grätbeidne er.

Sálmurinn er alls 4 vers, og er upphafið hér prentað eptir Stokkhólmsblöðunum. Hann er fyrst prentaður í Lítlu vísnabókinni Hólum 1757 G6 — G7, og í Viðeyjarútgáfu hennar 1839 bls. 117—118. Sálmurinn finst og meðal annars í þessum handritum: J Sig. Nr. 239. 8vo, í Latínuskólasafninu á Einars Friðgeirssonar bók, Jónasarbók og Páls safni Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 94 („eptir handriti í sálmasyrpu Péturs Guðjónssonar“).

2. Þackargiórd epter þa andlegu [guds] ords [nautn]. Ad lage z samſetnijngar adferd ſem Hei[dr]u*m* [vier gud af hug z Säl]:

Heidre Drotteñ vor hiörnud Säl
hans fyrer rauſt og | oflugt mäl
Med huórium Vora auma ónd
enn nú ſedr hanȝ | lijknar hónnd
eru þaú fædan Innra manȝ
z ædſta Vókvun | hiarta rannȝ
borin ad muñe barna hanns.

Sálmurinn er alls 7 vers. Upphafið er hér eptir Stokkhólmsb. Sálmurinn er prentaður í Höfuðgreinabókinni Hólum 1772 bls. 95—96, og er þar eignaður „Sr. O. J. S.“, það er að segja séra Ólafi Jónssyni á Söndum. Sálmurinn finst í Jónasarbók, og í Páls safni. Páll segir um hann: „er í salmasafni Sr Helga Hálfdánarsonar eignaður Sr St. Ólafss.“

3. Eirn Godur Pſalmur ur Dónſku utlagdur af Sr Stephane Olafssyne i Wallaneſe i Mulaſyſlu:

HEim, o heim! til Himin-Rijkia,
heim i þeirra | wtvøldu Tal,
heim til Engla helgra ad vijkia|,
heim i Fagnadarins Sal,
heim til Guds i Himna | Froo
heim i eilijflega Roo,
heim til Fedra hvijldu | minna,
heim i Saungva er aldrei linna.

Sálmurinn er prentaður í Höfuðgreinabókinni bls. 390—391 en er þar að eins 4 vers og er eignaður „Sr. þ. S.“ [= Séra þorvaldi Stefánssyni, syni séra Stefáns Ólafssonar]. Annars eignar Páll Pálsson (safn hans Nr. 1. 8vo XXIII bls. 68—69) sálminn séra Stefáni, og eins handrit Bókmentafélagsins í Khöfn Nr. 478. 8vo, og er fyrirsögnin hér eptir því, en upphafið er eptir Höfuðgreinabókinni. Handritin telja sálminn 6 vers. Séra Gunnlaugur Snorrason hefur og þýtt þenna sálm á íslenzku, og byrjar þýðing hans svo:

Kom ó Jesu, kom blessaður &c. 7 vers.

Ennfremur „Sr. E. J. S.“ [= Séra Einar Jónsson í Fellsmúla] og byrjar hans þýðing svo:

Hvenær viltu héðan kalla &c.

(Sbr. Safn Páls Pálssonar á áðurgreindum stað). Reykjavíkur útgáfa 1871 af íslenzku sálmabókinni

(séra Stefán Thórarensen) eignar og séra Þorvaldi þennan sálm.

4. Heite kroß og mötgangs, sem Inebinda | hanns hellstu nytsemder. Lag sm̃ Viol und Roſen|:

Heyrdu Gudz Barnet göda
sm̃ grætur tijdum̃ |
og huerium herrans Röda
ä herdar rijdur
hlie | medan verdur hliöda
hluſta til miña liöda
ad syrger sijdur.

Fyrirsögn og upphafið er hér tekið eptir Stokkhólmshdr. Þar er texti á latínu skrifaður á annan dálkinn, og er fyrirsögn hans og upphaf:

Crux est:
[S]tricta et anguſta via,
ad vitam ducens
virga divinæ correctionis
somno mortifero excitans.

Sálmurinn er hér að eins brot, tæp 14 vers, því að aptan af vantar, og það, sem eptir er, er mjög rotið. Annars finst sálmurinns í Hálfdánarbók (og afskr. þar af í Páls safni), og prentaður er hann með nótum í Höfuðgreinabók bls. 204—206. Heill er hann 17 vers.

5. Ydrunar Pſalmur:

HEyr þu JEſu! hœtt eg kalla |
Harma burt ur diwpre þrœ,
I | þier hefe eg Unun alla,
Eyra þitt | ei hneig mier frœ,
Andar-Glede af Orde | þijnu
Eykur Føgnud Hiarta mijnu,
Sœl||eñ miøg af Sorgum þiœd
Sier ei añad | Hiolpar-Rœd.

Sálmurinn er alls 15 vers. Hann er fyrst prentaður í Litlu vísnabókinni 1757 G9—G11 og í

Viðeyjarútgáfu hennar 1839 bls. 121—124, ennfremur í Höfuðgreinabókinni bls. 165—168. Eg hefi og rekist á hann í þessum handritum: Einars Friðgeirssonarbók í Skólabókasafninu, í Viðbæti Jóns Árnasonar við Hálfdánarbók, í safni Bókmentafélagsins í Khöfn Nr. 213. 8vo, Nr. 379. 8vo, Nr. 380. 8vo (Sálmareykelsi), Nr. 385. 8vo, og á Íslandi Nr. 202. 8vo.

6. Lofgiórdar Songuijſa eptter feingna heilsu:

Heyrdu Jeſü lækner lyda
lifande Skiöl z wonen mijn
til þijn mæne eg mill[um] | hrijda
medan ad Blacktter Andar syn
klækia byrde byrgdur vnder,
bæde vm̃ | Dag z næturſtuñder,
þrælega skored þrauta knijf
ad protum komen er ónd | og lijf.

Í Stokkhólmshandritinu er sálmurinn að eins 9 vers, því að þar finst ekki hið 9. vers, sem annars er talið bæði í Litlu vísnabókinni 1757 G7 — G8, og 1839 bls. 118—120, og Höfuðgreinabókinni bls. 293—396 og flestum handritum, og byrjar svo:

Bægðu frá mér illum anda &c.

Það er því líklega ranglega sett inn í sálminn síðar, því að Stokkhólmshandritið er langelzt (frá 1655) af öllum heimildum fyrir sálminum, sem nú eru til, eg sýnist þar að auki vera vafalaust eiginhandarrit séra Stefans. Sálmurinn er dálítið breyttur eins og hann er prentaður í Höfuðgreinabókinni, en lagið er þar nóterað. Afskriftir af sálminum finnast í safni Bókmentafélagsins Nr. 213. 8vo og Nr. 385. 8vo, ennfremur í Jónasarbók og Einars Friðgeirssonarbók, og er sú afskrift góð og ekki eptir Höfuðgreinabók. Hann er og í sálma-

bók Sr Eggerts Briems með hendi Sr Þorsteins Ketilssonar.

7. Psalmvr, | Um̃ Epterlaungun Eilijfs Lijfs, | Sr. Stephans Olafsſonar. | Ton, Ared Nijtt giefe gott Gud:

HImna-Roos, Leid og Lioos,
Lijf ¦ og Velferd
Svølun miñar Sœl|areñar
Son Guds,
JEſu miñ. | Eg ſem fiñ
Jafnt ad ætla œ,
Tœra-Føll | Enda røll
Haleluja.

Sálmurinn er alls 9 vers og er prentaður í Litlu vísnabókinni 1757 J4 — J5 (upphafið hér eptir henni) og 1839 bls. 152—153. Af sálminum finnast og afskriftir í Einarsbók, Jónasarbók, Bókmfél. í Khöfn 213. 8vo (Brekkubók) og Nr. 380. 8vo (Sálmareykelsi), og á Íslandi Nr. 202. 8vo. Sálmareykelsi eignar séra Guðmundi Erlendssyni í Felli sálminn. Hann er ennfremur í sálmabók, sem Sr Eggert Briem á skr. 1775: „Sálmur um eftirlangan eilífs lífs.“

8. 91. Dav[iðs] Pſalm[ur] Hvar iñi trwad Guds | Barn reidir ſig uppœ Guds Varatekt. [Ur Dønſku wtlagdur, | Af Sr. Stephane Olafsſyne. Under ſijnum Dønſku Nootum, bætir Litla vísnabókin við, en þar er lagið ekki nóterað, heldur í Höfuðgreinabókinni, sem fyrirsögnin er annars eptir]:

HVver ſier faſt helldur
vid HErrañ | Dag ſem Nœtt,
og hreidraſt | hrelldur
hañs under Skugga | Mœtt,
Hañ seger: Gud mitt Hæle er, |
Kroß kvøl og þrauter,
:|: þo kome ad Hø|ndum mier. :|:

Sálmurinn er alls 10 vers. Litla vísnabókin Hólum 1757 G5—G6, Viðey 1839 bls. 115—117, Höfuðgreinabókin bls. 177—179. Auk þess finst sálmurinn í J Sig. Nr. 229. 8vo, Einarsbók, Jónasarbók, og brot af honum í Stokkhólmshandritinu, en þar hefur sálmurinn ekki verið lengi en 9 vers. Handritið byrjar á:

7. Ejngla sueit siñe
sialfur gaf hñ *það* [ráð] &c.

Þá kemur með danska textanum hjá skrifuðum hið

8. Danskan: Du ſkalt paa Ogler
oc paa Hugorme gaa &c.
Íslenzkan: Yfer þött æder
Orma dreka z liön &c.

Því næst kemur og með dönskum teksta jafnframt

9. Danskan: I(?)drøffelſe hañem paakalde
hand dig bønhøre vil &c.
Íslenzkan: Hans vill þig heyra
þä hæſt er Sorg z pijn &c.

Þetta er forsíða fyrsta blaðsins af handritinu.

9. Føgur Kroß Kvedia | Og Endurmining Chriſti Pijnu, ordt af Sr. Stephane Olafsſyne:

KIær JEſu Chriſte!
Kom þu nu | til mijn,
Frumburdur fyrſte
Frida | Skepnu þijn,
Sem i Synd og | Dauda
ſockeñ nidur lø,
þier helgum Hird|er Sauda
horfeñ løngt i frø,
þig lietſt | fæda frijda Mey.
Føtækt mæda, Kullda|| og Hey,
Af vondra klæda Ørbirgd ei |
Er audſien Tign þijn hø.

Sálmur þessi er 8 vers. Er prentaður í Litlu vísnabókinni 1757 G2 — G3, Viðeyjarútg. bls. 111—113, og í Höfuðgreinabókinni bls. 43—46, og er lagið þar nóterað. Auk þess finnast afskriftir í Einarsbók, Jónsarbók (vantar þar í), J Sig. Nr. 271. 4to, Bókmfél. í Khöfn Nr. 380. 8vo (Sálmareykelsi) og Nr. 495. 8vo, og er þar þessi fyrirsögn: „Stutt agryp pijnuñar og daudans Jesu Christi (S. S. O. S.).“ Ennfremur í bók Sr Eggerts Briems með hendi Sr Þorsteins Ketilssonar: „Sálmur út af pínu Christi.“

10. Bænar og Ydrunar | Pſalmur, | Ordtur af Profaſtenum | Sr. Stephane Olafsſyne|:

Ton, Dags Lioome dijr upp reñur &c.

O JESU Edla-Bloome
Einaſta | Voneñ mijn,
þyrm mier ꝏ Dijrd|ar-Doome,
og drag i Hoop til || þijn,
Mettande mitt Inde,
Mætt Lynded | hꝏtt vende,
Hætt Synda Soott ende, |
Swt og Vijtes-Pijn.

Sálmurinn er 10 vers. Hann er prentaður í Litlu vísnabókinni Hólum 1757 F12 — G2 og í Viðeyjarútgáfunni bls. 109—111. Afskriftir eru í Einarsbók og Jónasarbók og Brot í Add. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 17. 8vo. Ennfremur í bók Sr Eggerts Briems með hendi Sr Þorsteins Ketilssonar: „Hjartnæm játning og bæn um guðs náð.“ Jón Ólafsson frá Grunnavík vitnar mjög opt í þenna sálm í orðabók sinni og öðrum málfræðisritum sínum.

11. Sóngvijſa vm̄ vpplysijng möte syñdaña myrckru*m* f*yrir* jm X^m og h*a*ñs ord:

O Jeſu Gudȝ hiñ ſañe Son,
Syndugañ heyr þü mig |
allra trüadra erttu voon,

og adſtod fódurlig |
vpplys þū mijna säl[ar] | Siön
so ad þiñ ætijd horfe þiön
á þig.

Sálmurinn er 10 vers. Fyrirsögn og upphaf er sem hér í Stokkhólmsbókinni, nema hvað lagið er nóterað við fyrsta versið. Sálmurinn er prentaður í Lítlu vísnabókinni 1757 G4 — G5, og Viðeyjarútgáfunni bls. 114 — 115, ennfremur í Höfuðgreinabókinni bls. 88—90, og er lagið þar nóterað við. Auk þessa finst sálmurinn í J Sig. Nr. 202. 8vo og Nr. 255. 4to. bls. 107—108, Einarsbók, Jónasarbók, Páls safni Nr. 1. 8vo. XXIII. bls. 96 — 97 (eptir sálmasyrpu Péturs Guðjónssonar samanborinni við handrit Jóns Árnasonar), Ísl. Bókmfél. Nr. 380. 8vo (Sálmareykelsi), Nr. 660. 8vo, Nr. 682. 8vo. Ennfremur í bók Sr Eggerts Briems með hendi Sr þorsteins Ketilssonar: „Bænarsálmur."

12. Þýðing séra Stefáns á latínska sálminum:

Jam moesta qviesce qverela &c.

Upphaf:

þEñann tijd þungbært Lijd
þverre har-|ms Kvein,
hepte Moder Harmaflod-|ed
hvôr ein,
afkvæmen eingeñ ſijn
har-|me a Haudre,
Endurbot er Lijfs fliot
ordeñ Daude.

Sálmurinn er 10 vers. Hann mun vera fyrst prentaður í 6. útgáfu Grallarans í Skálholti 1691 bls. 325—326, og eptir henni er upphafið hér skrifað; síðan er hann mörgum sinnum prentaður, svo sem t. d. í Grallaranum Ed. XXII. Hól. 1732. bls. 313, Ed. XIII. Hól. 1739. bls. 313, Ed. XIV.

Hól. 1747. bls. 286, Edit. XV. Hól. 1749. bls. 286, Ed. XVI. Hól. 1765. bls. 286, Ed. XIIX. Hol. 1773. bls. 298 (fleiri útgáfur af Grallaranum hefi eg ekki nú við hendina); auk þess er hann prentaður í íslenzku sálmabókinni á Hólum 1742 bls. 301 – 302. Þá sálmabók kalla sumir „Prestavillu.“ Afskrift finst í Einarsbók: „Ex Prudentii: Deus eignee fons animarum &c.“ Um einu stað í þessari þýðingu finst þessi athugasemd með fljótaskriftarhendi í Jóns safni Sigurðssonar Nr. 271. 4to, og sýnist vera til Magnúsar Stephensens, þegar sálmabókin var í smíðum:

„Dat. 2. Aug. 1800.

..Eptir nákvæmari íhugun, finn eg að þeirra meining er réttari, sem hyggja, sál. Sr Stepháns í Vallanesi orð afbökuð í sálminum: þennan tíð þungbært lýð — og að hann hafi aldrei sett öskugar heldur en Prudenti(!) í hymno: Jam moesta qviesce qverela, sem víst hefur aldrei sett þar öðruvísi en generosa fragmina. Tvent færi eg hér til, helzt það eina að önnur sú íslenzka version, sem er að finna í Guðbrands sálmabók, án efa nokkrum mun eldri en Sr Stephans(!), setur: mætan hlut legg eg á þína trú yfir generosa fragmina credo. Hitt er af minna verði, styrkir þó, að mér finst, sömu meiningu, að eg hefi séð þýzka sálmabók prykta í Hamborg Ao. 1625, hvar inní Hymnus Prudentii finst líka sem enn hjá oss með generosa fragmina, þar er og sú þýzka versio bakvið. Þó nú: Jam moesta qviesce &c. ásamt tveim íslenzkum versioner hafi líklega fyrri kominn verið inní elzta Hóla-Grallara, kannske Ao. 1594 eður 1607 & 1623, og Prudentii orð hefðu svo hér í landi við þeirra þrykking verið afbökuð, sem þó getur

ekki heldur verið (eptir áðurskrifuðu úr Guðbrandar sálmabók), samt hefði bókþrykkjarinn í Hamborg aldrei bjagað sama latínska sálm eptir því. Þar hefur verið eitthvað annað til, en eflaust alt hið sama í blaðinu nl. generosa fragmina, en vandgetið er mér á hvaða orð Sr Stephán hafi sett eptir yfir generosa, því þó eg vildi ímynda mér: ehrligar, artugar, ættfrægar í staðinn fyrir öskugar, þá get eg vel trúað, að sá maður hefði hitt upp á eitthvert annað adæqvatum sjöfalt eiginlegra og betra en hvert þessara.“ En allar útgáfur sálmsins eru á móti öllum þessum bollaleggingum[1]).

Á sama blaði er með sömu hendi um handrit af Sturlunga sögu, sem sýnist ver 2c í formálanum fyrir Kaupmannahafnar útg.

13. [Sa]lmur til h[eilagrar] þreñijngar. Med Lag.
[H]eill helgra Manna. Wr Dón∫ku settur.

[Þö]ck sie þier g[öd]giórd,
Gud vor fader kiære.
sem sölar her | haf, Jórd
hefur ∫kaptt, og nærer
og lætur hier vorñ vórd
ve|rda þad sig bærer
sem hitt er ei hrærer.

Sálmurinn er 7 vers, og er fyrst prentaður í sálmabók Jóns biskups Árnasonar Khöfn 1742, því nærst í sálmabók Péturs Þorsteinssonar og Sigurðar Khöfn 1746, ennfremur í sálmabókinni á Hólum 1751. bls. 764—765. Hann finst ennfremur í þessum afskriftum: Jónasarbók, J Sig. Nr. 229.

[1]) í útg. frá 1691 stendur í 7. versi:

Eg nu liæ legg og fæ
Lime Mans þier, |
öſkugar og Leifar
ad þu geimer.

8vo, Nr. 271. 4to, Ísl. Bókmfél. í Khöfn Nr. 181. 8vo, Nr. 213. 8vo og Nr. 380. 8vo bls. 110—111 (Sálmareykelsi). Auk þess er hann og í Stokkhólmshdr. fol. 1b, og eptir því er hér fyrirsögnin og upphafið skrifað. Neðan við stendur með hendi séra Stefáns sjálfs:

Falle forde liukeſt liſt,
leikum |
Kalle borde ſtriuke stiſt
ſteikum.

Þessi sálmur hefur snemma orðið alkunnugur á Islandi, og sést það meðal annars á því, að séra Bjarni Gissursson á þingmúla setur hann sem lagboða fyrir sálm eptir sig snemma (hér um bil 1660 á að gizka) í syrpu sinni í Thotts safni Nr. 473. 4to, en venjulega hafa verið teknir til slíks sálmar, sem voru orðnir alþektir. Sálmurinn er, ef til vill, einna fyrstur ortur á íslenzku undir þessu lagi. Sálmurinn er í J Sig. 271. 4to í latneskri þýðingu eptir „Sr P. P.“, og byrjar svo:

Nunc tibi grates
ferimus benigne &c. 7 vers.

Önnur latínsk þýðing er þar og eptir „Sr P. B.“, og byrjar:

Dicimus grates
tibi summe rerum &c. 7 vers.

Fyrri þýðingin þykir mér ekki ólíklegt að eigi að vera eptir séra Pétur Pétursson á Víðivöllum, en hin eptir séra Pétur Björnsson á Tjörn föður hans (d. 1803), og voru þeir feðgar báðir ágæt skáld á latínu.

14. Þſalmur Davids 146:

Aund mijn og Sala upp ſem fyrſt
allsheriar Gud ad lofa |
fram̄ i Mitt Andartaked ytſt
eg vil hönum Lof gefa

hvorn dag ſkal mier ¦ fyrer hende vijs
hónum ad ſyngia Lof og Prijs
medan Herviſt mä hafa.

Sálmurinn er 5 vers. og er hér prentað fyrirsögn og upphaf eptir Hálfdánarbók. Sálmurinn finst prentaður í Höfuðgreinabókinni bls. 173 — 174, og hefur þar þessa fyrirsögn:

„Pſal. Dav. 146. Um Trwnadar Trauſtid. Sr. S. O. S. Ton, I Babylon vid Vøtnin ſtraung. Eda: Af diwpri Hrygd ǫkalla eg þig.“

Afskrift finst og af honum í Sálmareykelsi í Bókmfél. Nr. 380. 8vo bls. 152—153.

15. Þess má geta að Sálmurinn: Aví, Aví, mig aumastan &c. 16 vers að tölu er stundum eignaður séra Stefáni, en það mun vera óhætt að fullyrða, að hann sé ekki eptir hann. Sálmurinn er prentaður í sálmabók Halldórs biskups Brynjólfssonar á Hólum 1751 að nokkru, en er eingum eignaður. Seinna er hann prentaður í Höfuðgreinabókinni bls. 251—254, en er þar eignaður „Sr. Þorſt. O. S.“; það er að skilja, að séra Þorsteinn Ólafsson í Miklagarði í Eyjafirði (frá 1663—1709, d. 1721) hefur gert hann. Hann hefir ort marga sálma með nýstárlegum brögum.

16. Ennfremur eignar Einarsbók séra Stefáni:
Barnalund blindfædd &c.
En þetta er prentað í öllum útgáfum Hallgrímskvera, og er því að skoða það sem ranglega eignað séra Stefáni.

17. Þess má og geta, að sálmurinn:
Árið hýra nú hið nýja &c.
finst í J Sig. Nr. 229. 8vo eignaður séra Stefáni, en það mun vera ranglegt, því að hann er prentaður í öllum útgáfum af Hallgrímskverinu, og finst eignaður Hallgrími venjulega í hdrr.

18. Sálmabók, sem séra Eggert Briem á skr. 1784 eignar og séra Stefáni:

Hjartað kátt
höfum þá geingur stirt &c.

En sá sálmur er og prentaður í Hallgrímskverum.

II. *Óprentaðir sálmar.*

1. Eirn fagur ferda Þſalmur:

Ton: Fader ä Himna Hæd. Úti á spassíu stendur: „S. H. O. [S.]“ þ. e. Séra Hallur Ólafsson í Grímstungu bróðir séra þorsteins í Miklagarði, ímynda eg mér; sem leiðréttingu við þetta hefur Páll Pálsson skrifað við „al. St[efán] O[lafs]s[on].“ það er því nokkur vafi á, eptir hvorn þessara tveggja sálmurinn er:

A Heſtbak ſtijg eg ſtrags
studdur | til ferðalags,
Ó Jeſú ad mier gæte |
öngvu so vondu mæte.

25 vers alls.

Ísl. Bókmfél. Nr. 380. 8vo (Sálmareykelsi).
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskrift).

2. Bænarþſalmur.

Ad miñe Saalu amar
ögurlega margt,
uti er gleði z gaman, |
gefeſt ei Böten ſnart,
ſiälf ber hun med ſier hungred hart, |
ſkorter ſitt brudar ſkart
og ſkin Guds Nadar biart.

19 vers alls.

Hálfdánarbók bls. 33—35.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

3. Þakklætis sálmur til Kristum.

Einum eg bezt unni,
er minn Jesús sá,
af hug og hjartans grunni
hann eg treysti á,
frú María fæddi
á frón veraldar þann,
gekk í kring og græddi.
grimman djöful vann,
helju leiddi hann mig frá,
hrygðum eyddi og allri þrá,
veg til reiddi víst og já
í vænstan himna rann.

6 vers alls.

Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 89—91 (með orðamun eptir tveim handritum).

4. Lofvíſa Gude til æru.

Gledium þiöd guds meñ
giórum oß nú káta,
ſyngium Liód | ſæt eñ
ſyſt er verdt ad gräta
þeße Hliod tvó tveñ
temprud rett i | Mäta
ſætt ſaman läta.

7 vers alls. Það lítur út fyrir, að þetta hafi átt að vera mælt af munni fram, því að fyrir ofan stendur: „Extemporaneum“.

Hálfdánarbók bls. 25.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

5. Um Gröda og Vidgáng i Andlegum Efnum. Til Gróu M. d. Lag. Hejr mig Jeſu Lækner Lijda.

Graſi lijk i grænu riodri
greri eg upp um vorid blytt,
mig | nam ſkreita ſkyrum grödri
skinid Soolar biart og hlytt,

yfer | dreifd af dögg med Soma
dröſt eg i edles Vaxtar bloma
Aldengard*ur* | yfred här
ad mier hlüde ſyd og är.
Alls 7 vers.

Hálfdánarbók bls. 35.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII bls. 124—126 (eptir einu handriti í safni Jóns Borgfirðings).

6. Davids Pſalmur XXIII. Gud er minn Hyrder.
Gud hædſtur herra
hann mig for | sorgar
þui mun ej þverra
hvad þarf | eg mier til biargar,
hann i frid færer
mic | framm a Einge mætu,
og endur nærer |
a Edla Vatne ſætu,
fyrir nafn sitt Sal |
sialfur miñe um vender,
og utann allt täl |
a Veg Riettann bender.
Alls 3 vers.

Jónasarbók.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (eptir sálmasyrpu Péturs Guðjónssonar).

7. Formale Prudentij: Immolat Deo Patri &c.
Gudi fær
förn og ber;
eiñ h*onu*m kiær,
ſkyrlifis ſkiær
sem ſkyldt er
Alls 17 vers.

Hálfdánarbók bls. 24—25.
Sálmareykelsi bls. 111—112.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. 116—117 (eptir Sálmareykelsi).
Ísl. Bókmfél. Nr. 660. 8vo.

8. Ut af Historíu Jonæ Spámanns.
Guds nad og miſkun gófga mez.
giarnan eigum ok virda || beſt.
hun er ſo hiartanlig,
ad hann ſyniar avngum heñar,
ſem idrande betrar ſig.
Alls 41 vers.
Hálfdánarbók bls. 37—40.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. (afskr. af Hálfd.)

9. Saungvísa út af þessum orðum Joh. 3 16: Svo elskaði guð heiminn, að hann &c.
:|: Heiminn vor guð :|: mjög hjartkæran(n)
hafði, svo hann
honum gaf sinn
elskulegan son eingetinn.
Alls 6 vers.
Einarsbók í Skólasafni.
Sálmareykelsi bls. 78—79.

10. Melódía Sr. Stepháns Ólafssonar.
Herra, þér skal heiður og virðing greiða
himinn, vindar, eldar, vatn, land, eyða,
hvað sig kann hræra,
hneigja og bæra
hátt hið skæra
lof skal læra
að útbreiða.
Alls 8 vers.
Ísl. Bókmfél. d. á. Ísl. Nr. 204. 8vo.
Ísl. Bókmfél. í Khöfn Nr. 660. 8vo
(„Saungvijsa. Med sijnum Ton.“)

11. Sá gamli Lúrmanns saungur með hverjum hann danzar sín börn til hvílu:
Heyr snarpan sann
syndar af angist klaga,
þú ungi mann,
sem elskar góða daga,

í hættum heim. í hættum heim, í hættum heim
holl ráð þér kenna kann.
Alls 14 vers.

Sálmareykelsi bls. 156—158
(1. vers með nóteruðu lagi.)
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII.
bls. 118—119 (afskr.).

12. Faðmur sálarinnar á móti Jesú Kristó.
Hvenær mun koma minn herrann sá,
hvern eg girnist að sjá
og öndin mín,
okkar svo linni ánauð og pín?
Alls 14 vers. Í fyrsta versinu er þrítekið: „Hvenær mun koma“ og „okkar svo linni.“
Sálmurinn finst í Ísl. Bókmfél. d. á Ísl. Nr. 202. 8vo og í kvæðabók Gunnlaugs Jónssonar á Skuggabjörgum II. bls. 108—109, og er á báðum þessum stöðum eignaður séra Stefáni. En Sálmareykelsi eignar hann séra Guðmundi Erlendssyni í Felli.

13. Iðrunarsálmur.
Hörmung mitt hjarta stangar
harðkramið í sorg og neyð,
Jesú mig til þín langar,
hjálp með fyrir þinn deyð,
guð huggi með anda
þá, sem koma í vanda.
Alls 15 vers. Hér virðist vera úr lagi fært.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. (eptir sálmasyrpu Péturs Guðjónssonar, og var sálmurinn þar eignaður séra Stefáni).

14. Bænarþ[almur]. Ton. Hiartans Längan hef eg til þijn.
I Lyfe Deyd z longri þrä,
Lauſnarin
liufur min,

og adſtod fódurlig |
vpplys þũ mijna säl[ar] | Siön
so ad þiñ ætijd horfe þiön
á þig.

Sálmurinn er 10 vers. Fyrirsögn og upphaf er sem hér í Stokkhólmsbókinni, nema hvað lagið er nóterað við fyrsta versið. Sálmurinn er prentaður í Lítlu vísnabókinni 1757 G4 — G5, og Viðeyjarútgáfunni bls. 114 — 115, ennfremur í Höfuðgreinabókinni bls. 88—90, og er lagið þar nóterað við. Auk þessa finst sálmurinn í J Sig. Nr. 202. 8vo og Nr. 255. 4to. bls. 107—108, Einarsbók, Jónasarbók, Páls safni Nr. 1. 8vo. XXIII. bls. 96 — 97 (eptir sálmasyrpu Péturs Guðjónssonar samanborinni við handrit Jóns Árnasonar), Ísl. Bókmfél. Nr. 380. 8vo (Sálmareykelsi), Nr. 660. 8vo, Nr. 682. 8vo. Ennfremur í bók Sr Eggerts Briems með hendi Sr þorsteins Ketilssonar: „Bænarsálmur."

12. Þýðing séra Stefáns á latínska sálminum:

Jam moesta qviesce qverela &c.

Upphaf:

þEñann tijd þungbært Lijd
þverre har-|ms Kvein,
hepte Moder Harmaflod-|ed
hvôr ein,
afkvæmen eingeñ ſijn
har-|me a Haudre,
Endurbot er Lijfs fliot
ordeñ Daude.

Sálmurinn er 10 vers. Hann mun vera fyrst prentaður í 6. útgáfu Grallarans í Skálholti 1691 bls. 325—326, og eptir henni er upphafið hér skrifað; síðan er hann mörgum sinnum prentaður, svo sem t. d. í Grallaranum Ed. XXII. Hól. 1732. bls. 313, Ed. XIII. Hól. 1739. bls. 313, Ed. XIV.

Hól. 1747. bls. 286, Edit. XV. Hól. 1749. bls. 286, Ed. XVI. Hól. 1765. bls. 286, Ed. XIIX. Hol. 1773. bls. 298 (fleiri útgáfur af Grallaranum hefi eg ekki nú við hendina); auk þess er hann prentaður í íslenzku sálmabókinni á Hólum 1742 bls. 301 – 302. Þá sálmabók kalla sumir „Prestavillu." Afskrift finst í Einarsbók: „Ex Prudentii: Deus eignee fons animarum &c." Um einu stað í þessari þýðingu finst þessi athugasemd með fljótaskriftarhendi í Jóns safni Sigurðssonar Nr. 271. 4to, og sýnist vera til Magnúsar Stephensens, þegar sálmabókin var í smíðum:

„Dat. 2. Aug. 1800.

. . .Eptir nákvæmari íhugun, finn eg að þeirra meining er réttari, sem hyggja, sál. Sr Stepháns í Vallanesi orð afbökuð í sálminum: þennan tíð þungbært lýð — og að hann hafi aldrei sett öskugar heldur en Prudenti(!) í hymno: Jam moesta qviesce qverela, sem víst hefur aldrei sett þar öðruvísi en generosa fragmina. Tvent færi eg hér til, helzt það eina að önnur sú íslenzka version, sem er að finna í Guðbrands sálmabók, án efa nokkrum mun eldri en Sr Stephans(!), setur: mætan hlut legg eg á þína trú yfir generosa fragmina credo. Hitt er af minna verði, styrkir þó, að mér finst, sömu meiningu, að eg hefi séð þýzka sálmabók þrykta í Hamborg Ao. 1625, hvar inní Hymnus Prudentii finst líka sem enn hjá oss með generosa fragmina, þar er og sú þýzka versio bakvið. Þó nú: Jam moesta qviesce &c. ásamt tveim íslenzkum versioner hafi líklega fyrri kominn verið inní elzta Hóla-Grallara, kannske Ao. 1594 eður 1607 & 1623, og Prudentii orð hefðu svo hér í landi við þeirra þrykking verið afbökuð, sem þó getur

hlöðunni“ og einu í safni Jóns Árnasonar; í því stendur: „Viðlagið (ɔ: þó eg þreyi að búast við þínum brullaupsdegi) dreymdi séra Stefán Ólafsson, og mundi það alleinasta af heilu versi, er fyrir honum var í svefni með hárri rauſt sungið Anno 1654.“

19. Sioferda Ψ[almur].

Lag. Snu þu nu aftur en til h[víldar] Ø[ndin] m[ín].

Lofſege þier nu lifandi Gud fyrer Lønid þitt,
hiartad einfallt | og Malid mitt.

Alls 20 vers.

Hálfdánarbók bls. 48.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

20. Til Herrans Chriſtum. Ur Dónſku utl.

Maria er ein meya hrein
ſem mælir Skriften an Efa,
ein Son | fædde hun utan Mein,
þañ er oß ſkyldugt ad lofa
sa giórde oß | alla af Sindum frij
og ſender þvi
Huggun og liðſed eilyfa.

Alls 6 vers.

Hálfdánarbók bls. 26.
Sálmareykelsi bls. 71—72 („Lofsöngur út af Krists fæðingu, pínu og dauða“).
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. (afskr. af Sálmareykelsi).

21. Morgun psälmur ur þyſku wtlagdur.

Med liſt mijn luñd ſkal Idia,
lofgiórd ȝ þacker þier,
ä þeſſum morgne | [mi]dia,
og medan lijfs eg er
dr[o]tt[inn] ä dyrdar trön,
og läta þitt lof ei þuerra |

[fyrir lau]ſnarañ Chriſt vorñ herra,
sem er þiñ eincka son.

Alls 7 vers.

Stokkhólmsblöðin Nr. 1. 4to chart.
Jónasarbók.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 102—103 („eptir sálmasafni Mad. Hólmfríðar Þorvaldsdóttur").

22. Lofſaungur Ønnu modur Sa|muelis. Lag. Dreckum af bruñe nødar.

Mitt hiarta Gledſt i Gude
sem | glogt ſkal Röma
horn mitt i hvorium Ri|ede
hæcka med ſöma
yfer ovinum mi'num
opnadeſt muñur miñ,
þvi i Hialp|ræde þijnu,
þydann eg fognud fiñ.

Alls 11 vers.

Jónasarbók.
Ísl. Bókmfél. Nr. 213. 8vo.

23. Huggunarsálmur ortur af séra Stepháni Ólafssyni.

Mörg vill hryggja
hugar pín,
ánauðir styggja,
en afbrot liggja
á öndu mín.

Alls 22 vers.

Ísl. Bókmfél. d. á Ísl. Nr. 202. 8vo.
Ísl. Bókmfél. í Khöfn Nr. 213. 8vo.

24. H[eilagrar] þreñijngur werulegtt äkall.

[Ó Guð] Ö Jeſus. O añdeñ här, |
[ób]riälad hugvitid sijd og är |

[fe]gurdar lios, er j fólſka ei reñur |
fridur er avngra sturlana Kieñer |
Ejnijng j sundur öſlijtanlig |
Vpplyſtu helgadu lijfgadu mig.

Alls 4 vers.

Stokkhólmshandrit. (Lagið hér nóterað á spássíu.)

Hálfdánarbók bls. 25—26.

Jónasarbók. Sálmareykelsi bls. 89—90.

25. Pſalmur *fyrir* sorgfullan þó hughreyzañ Mañ.

Ton: Eins og ſitt Barn.

O Herra Gud mi*er* hialpa i naud
hialp mi*er* þvi ſart eg | klaga
mijns Hiarta kier drö Sind ad ſier
ſem ſärt mig ſker
og ſem eirn Ormur nagar.

Alls 17 vers.

Hálfdánarbók bls. 31—32.

Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

26. Sálmur ortur af Sr Stepháni Ólafssyni.

Ó hvað hál er heimsins vist
hverjum manni og kvon,
enn þó vér höfum á henni lyst,
hvert er og brigðul von;
eg átti, eg misti,
eg elskaði, eg kysti
minn allra kærasta son.

Alls 15 vers. Sýnist vera sonartorrek, og er líkast til undir annars nafni.

Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII bls. 129—132 (eptir handriti í safni Jóns Árnasonar).

27. Wóggupsalmur M. Johañis Matheſii wr þyſku wtſettur.

Toon, *Reſonet In landibus.*

Ó Jeſú Eñdurlauſnariñ
älyttu mig, og soneñ miñ
til launa ver*a* þi[ón skal þinn
í himna dýrð] ||
og þijnu*m* kiær*a* chriſtindöm:
Eja, Eja,
sofðu sæte sonureñ miñ
kiem*ur* nu | til þijn Chriſtur Jñ,
med krantz z Eingla höpeñ ſiñ,
v*m* Ejlijf är
o h*er*ra | Jeſu hiälpen kiær,
sem huggun fær
z hreßijng liær
ad þijner þiönar | verdu*m* vær,
oß vijk ei fiær.

Alls 4 vers.

Stokkhólmshandritið Nr. 1. 4to chart.
Jónasarbók.

28. Pſalmur af Chrizi þirnikríningu.

Ton, Sæll er ſa mañ ſem hafna kañ.

O Jeſu þu ſem ædſtur ert
fra eilijfd kong*ur* Dyrdar, |
hvad m*a*rgt var þiñe Hätign giórt,
her á Jórdu til Ryrdar,
konung*ar* þe*ir* | ſem kryning nä,
Coronu af þier allir fá,
úr Gulle Perlum giordar.

Alls 12 vers.

Hálfdánarbók bls. 19—21.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

29. Þ∫almur ut af Chri∫ti Hriggd og blödugum sveita.

Ton. Biört mey og hrein.

O Je∫u klar
þig Kvøl og Faar
kramdi med Sorg z ¦ Ecka
fullur Bikar
af Bei∫kleik var
birlaður þier ad drecka.

Alls 26 vers.

Hálfdánarbók bls. 16—18.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

30. Hymnus Prudentii: O, crucifer bone lucisator[1]) &c. fyrir máltíð, útlagður af séra Stefáni Ólafsyni.

Með sínum tón.

Ó Kriste hinn krossfesti, klár faðir, ljós,
kraptur alvaldur og holdgetið orð,
þann fæddi í heim meyjan fríð fyrir oss
föðurnum þó hjá í almáttkri gjörð
áður en sól, himinn, sjór varð og jörð.

Þessi sálmur er ýmist 12 eða 13 vers í handritunum. Einarsbók í Skólasafninu segir, að hið þrettánda vers sé eptir Sr Br[ynjólf] H[alldórs]s[on]. Það er svo:

Dýrð, heiður, veldi, virðing og prís,
vizka, makt, speki og lofgjörðin há
þér eilíflega kongur alleina vís,
alrómist jörðu og himninum á,
hér upp á syngjum vér hosíanná.

Sálmurinn finst auk Einarsbókar og Hálfdánarbókar í Páls safni Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 91—93, Ísl. Bókmfél. Nr. 109. 8vo, Nr. 213. 8vo, Nr. 380.

---

[1]) omnipotens, segir Hálfdánarbók.

8vo (Salmareykelsi), og Nr. 660. 8vo. Hin fyrsta þýðing af sálminum á íslenzku er í sálmakveri Marteins biskups Khöfn 1555, og byrjar svo:

Ó, Kriſte, þú ert klár dagur og ljós &c.

31. Pſalmur ut af Chriſti opnudu Sydu Sœri.

Ton Eins og ſitt Barn.
O min Jeſu i ſtrijd komſtú
ad lyda, deya og ſigra
eiñ | Strijdimañ var illvijgur þar
og lijking bar
Hrædyra heiptarlegra.

Alls 15 vers.

Hálfdánarbók bls. 23—24.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

32. [Ákall] heilagrar þreñijngar.

[Ó] þü heilaga þreñijng Blijd
þackar og Lofs verd huſeria tijd
[Ó] þü Ejnijng vndrunarlig
Availtt skulum | vier göfga þig.

Alls 4 vers.

Stokkhólmshandrit Nr. 1. 4to chart. er hér nærst á undan: Ó guð, ó Jesú, ó andinn hár.

Jónasarbók.

33. Sierhver hefr ſiñ skapnad.

Sorg og Gledi ãſamt eina Leid reña,
ögiæfan med giæfu | gengur i Röd
Medlæte og Motlæte Samferdum ſiña,
Soolſkin og | þickvidri filgiaſt opt ad
Heims Gull er er Molld
fógur er fold |
Himenen eiñ fullur er af farſælld.

Alls 8 vers. Frumsálmurinn er eptir Thomas Kingó, og byrjar svo hjá honum:

Sorrig og Glæde de vandre tilhobe,

og er danski textinn jafnmörg vers og sá íslenzki. Íslenzki textinn finst í Hálfdánarbók bls. 44—45.

34. Pſalmur af Chriſti Kroßfeſting.

Tón. Herra Gud i Himnar[íki].

Svo hœtt plágadur hefr þú mañ
o Herra Jeſu! ordid,
ad | eingin Munnur Mæla kañ
Meju þijn óll her a Jordu.

Alls 34 vers.

Hálfdánarbók bls. 21—23.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

35. Sálmur.

Ó, Sæti Jesú mitt sálarlíf :|: sálarlíf :|:
Ó, Sæti Jesú mitt sálarlíf
sendu mér huggun þín,
heilagan anda hæðstu hlíf :|: hæðstu hlíf :|:
heilagan anda hæðstu hlíf
hjartanu gef þú mín.

Alls 3 vers. Sálmurinn er fyrstur þeirra sálma í Einarsbók í Latínuskólasafninu, sem fyrir framan stendur: „Sal. Sr Stephan Ólafsson prófastur í Múlaþingi og sóknarherra að Vallanesi.“ Sálmurinn er fágætur.

36. Psalmur S. Ste|phans Ölafſonar.

Ton | Sæll ertu sem þiñ Gud &c.
Sætt lóf eg seige þier
Sætaſte | fader
sem aumum miſkun mier
margfal|da tiader.

Alls 9 vers.

.Ny kgl. saml. Nr. 56d 8vo fol. 33b, 34b (Sálmabók skrifuð á Hólum 1676. Úti á spássíunni stendur með hendi séra Einars Hálfdánarsonar eða meistara Hálfdánar: „Þessi Ψ[almu]r er kveðin af Sr Ol[afi] E[inars]s[yni] under nafne Sonar ſynz.“ Þessi sonur séra Ólafs ætti því að vera Stefán, og hefur Sr Einar eða Hálfdán því ekki eignað honum sálminn.)

37. Sálmur.

Til þín trúfasti
trygðavinur, Jesús,
flý eg fljótt með hasti
frá óvinum, Jesús,
ofsóknar æði
af mér hrindi Jesús,
svo heljar ógn ei hræði
hreysti gef mér, Jesús,
á völtu veraldar svæði
verði mín aðstoð Jesús.

Alls 6 vers.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 87—88.

38. Pſalmur ut af Chriſti Hudſtrijkingu.

Ton. Med Liſt mijn Lund ſkal yrkia(!).

Undir Döm ertú komiñ,
o Jeſu! dæmdur þar,
Herra sem | dæmir Heimiñ,
hardur þiñ dömur var
ad eg til döms alldrej |
uppreyſte, og Kvalaña

ſem eckert Hlie fa kañad
f*yrir* Rett þú komſt því.
Alls 13 vers.

Hálfdánarbók bls. 18—19.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.).

39. Kvolld psalmur añadhvert af Sr Stephane O[lafs]-s[yni] eður Sr Briniulfe H[alldórs]s[yni].
Ton. Hiartad þankar &c.
Upp mitt sinne og salin bæde
sorg lat fara eñ hughreiſt þig
og vegſama Gud med giæde
giórvóll þau hañ pridde mig
ad hañ þeßa allt til dags
af kvalradum nauda hags
hefur lucku og lyf bevarad
liſtum diofulȝ möt forſvarad.
Alls 12 vers.

Ny kgl. saml. Nr. 338. 8vo (þar á er ýmislegt með hendi Jóns rektors Thorchillii).

40. Prudentii Cathemerinon:
Inventor rutuli
dux bone luminis &c.
Upphaf og Hertogen
hærſtur þeſſ ſkiæra Liooß
er Tymaña Umſkipten
adgreiner f*yrir* oß
nær Söl gengur i Siä
ſyga ad Mirkren ſtryd,
[þitt] Chriſte! þynum liä,
þægt Lios truudum Lyd.
Alls 10 vers.

Hálfdánarbók bls. 32.
Einarsbók í Skólasafninu.
Ísl. Bókmfél. Nr. 660. 8vo.
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII eptir handriti í safni Ísl. Bókmfél. d. á Ísl.).

41. Saungvijſa. Med ſiñ eigiñ Ton.
Vijgd nätten, nätten,
welkomiñ ä allañ | hätteñ, hättiñ
hiälpræðis færandi | máttiñ
Jord z hymnar meñ og Einglar samanræða
Gud vor allra barn i ſtalle liet ſig | fæða
hiñ meſti miñſtañ allra giórdi ſig,
leijſti | mig, leijſte mig
miñſtañ allra giordi ſig
leijſte mic.
Sálmur þessi er sumstaðar 5 og sumstaðar 6 vers. Hann er ýmist eignaður séra Stefáni Ólafssyni eða séra Jóni Þorsteinssyni píslarvott í Vestmanneyjum (d. 1627). Jón Ólafsson frá Grunnavík vitnar opt í sálminn í orðabók sinni og öðrum ritum, og eignar hann altaf Sr Stefáni. Sálmurinn finst í Jónasarbók, Sálmareykelsi bls. 38—40 (6 vers), Páls safni Pálssonar Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 127—28 (eptir handriti í safni Jóns Borgfirðings og Jóns Árnasonar), British Museum Add. Nr. 4891. 8vo (Ayscough Collect.), Nr. 11,181. 8vo (F Magn. Collect.).

42. Ein Saungvijſa Sr Stephans Olafssonar.
Vor fæding er og skier i heim med grat
af framm med grät æfeſtundernar | lijda
Endeſt med grät enn allann grat.
Af þerrar Gud a ſydann.
Alls 6 vers.
Jónasarbók.
Sálmareykelsi bls. 175—176
(með nóteruðu lagi).
Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII (afskr.

43. Sálmur í inngöngu sumars:
Þér þakkar fólkið,
þér þakkar alt fólk,

himneskur herra,
sem gefur alt gott,
:: en afvendir því verra ::
um aldur heims eðlið ei lætur þverra.
Þér þakkar fólkið,
þér þakkar alt fólk.

Alls 13 vers.

Páls safn Nr. 1. 8vo XXIII. bls. 121—123 (eptir handriti í safni Jóns Borgfirðings og Helga lektors Hálfdánarsonar, og eigna þau bæði séra Stefáni).

Um eiktamörk á Íslandi.

[Kalls safn Nr. 634. 4to bls. 1—109 í bókhlöðu konungs hinni miklu í Kaupmannahöfn. Fyrirsögnin er hér: „Stephanus Vallanesensis de signis horologicis Islandicis.“ Ritgjörðin er með hendi Guðmundar Magnússonar. Á annari hverri blaðsíðu er latnesk þýðing eptir Jón biskup Vídalín. Ritháttur er þar fornlegur nokkuð, *ok* fyrir og, *ek* fyrir eg, *at* fyrir að, *svá* fyrir svo o. s. frv., en þessu og öðru þvílíku er breytt til venjulegs máls.]

Af íhugun guðs dásemda orsakast eg að færa í letur minn þanka um eiktamörk hér á landi, sem og deilingu dags og nætur hafi sinn uppruna af sólarinnar rás frá austri til vesturs, og þaðan aptur í gegnum það neðra himinhvolf. Svoddan eiktamörk eru ei, svo eg viti, brúkuð hjá framandi þjóðum, og er það ekki að undra, þá þær hafa gnægð af þeim verkfærum, sem þanninn eru til reidd, að þau sýna jafnvel smálega parta dags og nætur, svo sem eru tímaglös, sólskífur, stundaklukkur, kompásar og önnur þvílík verkfæri, hver ei eru að finna hjá oss vel flestum hér í landi, og kunnum því ei vita grant, hvað tímanum líður.

Engu að síður hefur gæzka guðs svo fyrir séð, að vér skyldum ei verða varhluta slíkrar þekkingar, heldur öðlast svo mikið skynbragð af tímans pörtum, sem hjálpa kynni til að útrétta vor embættisverk

skikkanlega, því vorir formenn hafa fyrir ljós náttúrunnar fundið það ráð, að setja eiktamörk kringum hvern bæ og meta af þeim tímans parta og stundir eptir gangi sólarinnar á hverjum degi, einnig tungls og stjarna á náttarþeli.

Áður en eg geri framar skýrslu á téðum eiktamörkum, verð eg að tala um ásigkomulag dags og nætur og þeirra sundurdeiling. Dagurinn reiknast almennilega með tvennu móti. Fyrst er náttúrlegur dagur, sem hefur í sér XXIV stundir; byrjast hjá oss á miðnætti og endast í sama mund. Í annan máta er handverksdagur, svo kallaður, fyrir þá grein, að með sinni birtu er hverjum handverksmanni næsta hagkvæmur til að framkvæma vel og trúlega verk sinnar kallanar. Þar er þessi dagur í öllum tímum ársins frá uppgöngu sólar alt til hennar niðurgöngu og er þess vegna misjafnlega langur eptir því, sem hallandinn er mikill beggja megin við jafndægurslínuna; á himinsins hjólhnetti í suðurálfu heimsins undir og nærri brunareiminni reiknast hann mikinn part ætíð eins langur, hér um XII tíma, stundum lítið meira, stundum minna eptir því, sem sólin víkur til norðurs eða suðurs frá jafndægralínunni. En hér við það nyrðra kuldabelti er hans mismunur ærið stór svo sem á miðju-Íslandi, þar sem pólíhæðin er 64 gradus, finst hann að vera stundir XX, mínútur XXIV, þegar sól nær krabbamerki, en ekki nema vel hálf fjórða stund um skammdegið.

Þar fyrir höfum vér enga nauðsyn til, kunnum og ekki heldur vegna þess dags mjög misjafnrar lengdar að meta hann hér á landi af sólarinnar dvöl fyrir ofan sjóndeildarhringinn eins og þeir, sem búa í syðri löndum, hvar hann er undir þeim rétta hol-hnetti altíð eins langur, heldur megum vér ganga eptir tilvísan konganna Ólafs og Magnúsar í Kristindóms-

bálk Gulaþingsbókar, og telja hann frá óttu til náttmála. Það eru XVIII tímar þar svo stendur:

„Þat er nú því næst, at hinn sjöunda dag hvern er heilagt, ok köllum vér þat sunnudag enn, því at dagr skal fyrr heilagr at nóni, þá er þriðjungr lifir dags ok mánanótt til hanaóttu.“

Einn mikilsháttar maður[1]) hér á landi og hinn glöggvasti í öllu antikvitati, hefur gert sér stóra mæðu fyrir útskýring þessarar greinar, en getað þó ekki, að minni meiningu, fengið hennar réttan skilning; hefur því vissulega ollað hans hugföst meining um niðurraðan dagsmarkanna hér við norðrið, sérdeilis um eiktarstað, hverja sína meiningu hann vill með myndugleika Gulaþingsbókar styrkjast láta, en það mun hver einn gætinn maður sanna. sem les þessa grein, að svo framt að hún er ekki með valdi færð afvega og fær að halda sinni réttu merkingu, þá verður mitt mál með henni upplýst og styrkist nógsamlega [hana ótta], sem er takmark III stundum eptir miðnætti, segja konungarnir vera skuli endir næturinnar, hvar af sjá má, að á náttmálum þrem stundum fyrir miðmætti hafa þeir viljað að nóttin skyldi byrjast; verður hún þá alls III stundir.

Frá náttmálum til nóns ef talið er aptur á bak reiknast VI stundir, enn frá nóni til óttu XII, sem gera tvo þriðjunga þess dags, er kallast handverksdagur, og skulu[2]) eptir Gulaþingslögum vera liðnir[3]) á nóni þegar þvottdagshelgin byrjast sú, er varir þar

---

[1]) Það er óvíst hver þetta sé, því að á 17. öld öndverðri og ofanverðri hafa afar margir fengizt við rímfræði og tímatal og þessháttar. Óprentuð rím frá þeim tíma eru einna merkust eptir séra Odd Oddsson á Reynivöllum [f. 1565 (ekki 1564), vígð. 1584 (ekki 1586), d. 1649] og séra Þórð Sveinsson í Ögri (f. 1623, d. 1667).

[2]) skulu hdrr.

[3]) liðinn, Kall, Thott.

eptir þann þriðja, sem og svo hefur í sér sex tíma alt til náttmála, á hverjum nóttin hefst, svo sem áður er sagt.

Þetta er réttur og eiginlegur skilningur þessarar málsgreinar, sem eg hefi tilfært úr Gulaþingslögum, af hverri menn kunna fyrir víst að segja, hvað langur handverksdagurinn eigi að haldast hér norðarlega í Norðurhálfunni á öllum tímum ársins. Af þessu er auðsætt, að öðruvísi hafa fornaldarmenn hér við norðrið reiknað handverksdaginn [en] þeir, er búa á miðju stræti veraldar, og er það vel tilfundið vegna mismunar sólargangsins þar og hér á hverjum ársins misserum.

Það eg hefi nú fram fært um kirkjulögin fornaldarmanna, svarar og mikið vel verkstundum vorum, þegar mestar eru annir, einnig þessari [grein], ef rétt er skilin:

„Sól skal um sumar ráða, en dagr um vetr.“

Því norður undir gradum elevationis poli LIX kemur ekki sól við krabba fyrr en undir óttu, og gengur til viðar að liðnum náttmálum.

Dagurinn, sem eg fyrr um gat, tekinn í rúmri merkingu fyrir dag og nótt til samans, skiptist fyrst í tvo parta, af hverjum sá eini kallast nótt, annar dagur, og gerist sú deiling með tvennu móti; fyrst náttúrlega eptir eiginlegum skapnaði himinhvolfanna og sólarinnar rás þar í gegnum, hver dagsins helmingaskipti hafa almennilega brúkuð verið, fyrst hjá Gyðingum, sem kalla þann eina part eptir skriptarinnar tilvísan kvöld, en annan morgun, og síðan hjá öðrum þjóðum um allan heim; byrjast þá dagurinn á miðjum morgni, þegar sól er í fullu austri, og varir til miðaptans kl. 6 eptir miðdag. Þar hefst nóttin, og nær þangað sem dagurinn byrjaðist; fylgir svo annar helmingur morguns og aptans deginum, en annar nóttunni. Þessi deiling er bygð á góðum grund-

velli, sem er jafndægrahringurinn. Því þegar sólin er að fara yfir um samkomur hans og dýrahrings haust og vor, þá upplýsir hún í XII tíma það efra hvolfið yfir vorri aðskilnaðarlínu, og aðra 12 hleypur hún um það neðra, sem er hulið fyrir vorum augum. Þar næst uppá búskapar [deiling] eptir búskapar hætti hér í landi, svo sem fornmönnum vorum hefur saman komið, þá hefst dagurinn á dagmálum, þegar sól er í landsuðri kl. 9, og endast við náttmál í útnorðri. Þá byrjast nóttin og helzt 12 stundir, alt til dagmála.

Eptir þessari niðurraðan fylgir allur morguninn nóttinni, en náttkvöldið deginum; hafa vorir forfeður viljað brúka svo skakka dægurdeilingu vegna búskaparhátta landsins, því áður en alment er gengið til verka á sumardag hljóta menn mörgum umsvifum að gegna, bæði í því að reka heim búsmala, líka að heimta nyt af honum, svo þar mega jafnvel ganga til þrjár heilar stundir. Þar fyrir, ef almennileg dagsþjónusta skyldi byrjast á miðjum morgni, þá mætti uppistöður vera næsta tíðlegar, þá mættu og þau síðari búverk gerast á miðjum aptni, svo jafnar yrðu hættur, en þær yrðu þá heyjunum til baga og niðurdreps, því [þá] mættu giðkonur eptir mjaltir[1]) aptur til heyverka fyr en til hvílu gengi.

Í annan máta skiptist sá náttúrlegi dagur hjá oss í fjórðunga jafnlanga, svo hver einn hefur í sér tvær eiktir; sá fyrsti kallast nótt, sem byrjast á náttmálum kl. 9 eptir miðdag, varir í tvær eiktir, og nær til óttu, kl. 3 eptir miðnætti. Annar eins langur kallast morgun; byrjast á óttu, og endast á dagmálum kl. 9. Sá þriðji ber fulla rentu með nafni, og kallast dagur. Hann hefur og svo í sér tvær eiktir, hefst á dagmálum kl. 9, og endast á nóni kl. 3 eptir

[1]) mættir, misskr. hdr. Kall.

miðdag. Sá fjórði kallast aptan, hefst á nóni og endast á náttmálum kl. 9. Þetta er sú fjórhlutaðaða dagsins deiling, sem frá alda öðli hefur hér á landi brúkuð verið, og eg ætla nú sé rétt talin. Rök þar til eru þessi, fyrst nöfnin sjálf, sem af fornaldarmönnum hafa upp á þessa fjórðunga dagsins sett verið. Þau bera vitni bæði um lengd og takmark þeirra. Miður morgunn kallast eptir almennilegu samkomulagi frá kl. er 6, því þá er myrgininn[1]) hálfnaður, hlýtur því að hafa eins margar stundir til beggja hliða, hvar af augljóst er að, ótta er hans takmark að norðan, en dagmál að sunnan. Eptir morguninn kemur dagurinn; hans byrjun sýnir eiktamarkið dagmál kl. 9, því þá hefst hann eptir þessum reikningi, er hálfnaður um miðdegi kl. 12, og endast á nóni. Að liðnum deginum byrjast aptaninn, sem varir í tvær eiktir og endast á náttmálum[2]), því heitir miður aptan, þegar kl. [er] 6, að þá eru liðnar af honum 3 stundir og eptir aðrar 3. Þessi aptans byrjun líður ekkert mótmæli, því hún er svo að segja boðin í Mosis lögum, þar sagt verður, að daglegt matoffur skuli gerast milli tveggja aptna; sá fyrri svarar nóni, en hinn síðari miðjum aptni vorum, eptir því, sem flestir af Gyðingum kenna. Hefur svo þessi siðvenja færst norður eptir, og er almennilega enn í dag hjá þeim katólsku, sem byrja þvottdagshelgina með aptni á nóni.

Sá fjórði dagsins partur heitir nótt, um hverrar upphaf þess síður er efandi, sem eiktarmarkið náttmál er ljósara vitni þar til þá kl. er 9 eptir miðdag. Hún varir tvær eiktir; er hálfnuð á miðnætti og endast á óttu.

Eptir þessum fjórðunga skamti svarar nafn dagsins sjálfum honum næsta vel, svo sem áður er sagt, því hann er á öllum ársins tímum bjartur um þær heimsins

[1]) mirgininn, hdr. Kall. [2]) dagmálum, misskr. hdr. Kall.

álfur, sem eru á milli hjólgaddshringa. Nóttin gengur honum næst í því einninn að bera nafn með rentu, þar hér um hálft árið meðan sólin dvelur fyrir sunnan línuna er altíð dimm frá náttmálum til óttu. Því segir Kristinréttur í Gulaþingsbókar XVI. kapítula, svo sem áður er um getið, að helgin skuli vera frá nóni á laugardaginn þegar þriðjungur lifir dags alt til hana óttu, að liðinni mána nótt. Eins líka eitt eldgamalt rím íslenzkt[1]), sem undir höndum hefi. Það reiknar þessa dagsins fjórðunga eins langa hvern fyrir sig og áður er sagt, en lætur annan helming kvöldsins og morgunsins eins og Gyðingar og Rómverjar fylgja nóttunni, en annan deginum.

Í þriðjá máta styrkir mitt mál þessi brúkun annara þjóða, sem skipta deginum í IV parta alla jafnlanga, svo sem Gyðingar, og þótt þeirra sundurdeiling hitti ekki sömu og vér, því þeir hafa þann fyrsta partinn með síðari aptni, það er sólarinnar niðurgangi og heldur til miðrar[2]) nætur; annan reiknuðu þeir frá miðnætti til þess, sólin upp rann, þriðja þar frá til miðnættis og fjórða til sólseturs. Í þriðja máta skiptum vér deginum eptir tölu höfuðáttanna, og þeir, sem standa mitt á milli þeirra í VIII parta eður eiktir, sem ekki byrjast þó með áttunum, heldur á þeim miðjum. Deiling og upptök áttanna hverra fyrir sig höfum vér eptir þeirri tilvísan, sem biskup Þorlákur og Ketill gefa oss í sínum Krinstinrétti, hvar þeir með skýrum orðum leiða í ljós norðuráttarinnar takmörk á þennan hátt:

[1]) Þetta er eflaust það rím eða kalendarium, sem enn er til í Árnasafni Nr. 249. F. Fol. Það er æfagamalt, og er komið frá Vallanesi. Inn í það hefur Stefán sjálfur með eiginhendi skrifað innsetningardag sinn í Vallanesi 1649.

[2]) miðjar, hdr. Kall.

„Þat er norðrátt, segja þeir, þegar sólin er komin í beggja átt norðrs og útnorðrs ok til þess eins hún er komin í beggja átt norðrs og landnorðrs.“

Svo hefur þá norðrið í sér III stundir, $1^1/_2$ fyrir og $1^1/_2$ eptir miðnætti. Þá tekur við landnorðursátt, og svo hver af annari, allar eins langar hver fyrir sig, áttundi partur af sjóndeildarlínunni, og er sólin að ganga yfir hvern III tíma, en yfir allan XXIV.

Pulchra, tot ostendit villas qvas prisca solebat
Ordine Roma notis lingvam signare paternam.
Viribus atqve animis fortes sortita colonas
Hostis ab insultu propriis defenditur armis.

XLV. Bodvaro Sturlonio suo unacum literis casu repertis Salutem mittit plurimam Steph. O. Þetta er sami séra Böðvar Sturluson, sem áður er nefndur (sjá XLI).

Qvam tibi Gissurius patriis transmisit ab oris
Jam primum est oculis chartula visa meis.
Hanc aliamqve mihi scriptam Bremerus ab illo
Accipit, atqve redux reddit utramqve mihi.
Texerat interea communi veste tabellas
Petrus, amicitiae pristina jura colens.
E charta velamen erat deforme vetusta,
Inventa ingenio Pergame docte tuo.
Commissura fuit filo constricta: Puellae
Islandae ductum dixeris esse manu.
Hanc ego percupidus rerum discindo novarum
Membranam, frust[r]a nec fuit iste labor
Invenio qvoniam Stephani qvae nomen habebat
Externa chartam fronte legoqve meam.
I[n]terea vestram (qvod nunc agnosco tabellam)
Detinet in loculis arcta crumena suis
Qvam nisi jussisset totam dispandere chartae
Usus, in Asbiörni secretiore domo
Noctes atqve dies Epimenides abdita somnum
Dormisset, frustra Bodvare missa tibi
Istum de pueri manibus nunc accipe chartam
Laetus, qvem vestros visere mitto lares.
Nec tete offendat nimium mora longa tabellae
Sed seras avida jam cape mente dapes.

Hafniae 25. Januarii Anni 1647.
Stephanus Olavius Isl.
Manu ppia.

XLV. 1. Gissurius = Pétur Gissursson (sbr. 6); 2. Bremerus, mun vera íslenzkur kaupmaður.

XLVI. Ad patrem de Thorsteino scriba 1650. Þetta er hinn sami Þorsteinn skrifari, sem áður er nefndur í bréfinu til Vísa-Gísla (XXXV) 27. Janúar 1653. Skrifar Stefán hér og þann kveðskap um Þorstein orðréttan, sem hann þá sendi Gísla (Sic licet hic pedibus nigris &c.), en bætir tveim versum aptan við hér:

Istam nunc violat legem me judice segnis
Dum te Slode regit scriba pigellus eqves.

Stefán hefur því fyrst sent föður sínum þessi vers um Þorstein, en síðan Gísla, og þá slept aptan af. Úti á spássíunni stendur þessi skýringargrein eptir Stefán: Slode, sic vocavimus eqvum qvendam nigro colore natura pigrum cui hic scriba ipse pigerrimus incidebat. Því næst kemur:

Dum piger versus fabricare pergo
Nec patri scriptam relego tabellam
Impiger tanto stolide priorem
ponere longam.

Sic canis coecos peperit catellos
Qvae nimis partum properavit: unde
Sentio nobis fluctuare venam
Haud sine cura.

XLVII. Þýðing á 13. vísu úr Reginsmálum. Stefán hefur íslenzka textann hjá á þann hátt:

Komiñ er hijngad
Sonur(!) Sigmundar
Seggur hiñ snarrädi
til ſala Vorra.
Magn heffur mikid,
enn eg Madur gamall:
þuij er Mier fangs von
ad frekum ulffe.
Irruit in nostras Sigmundi filius aedes
Acer consiliis: insigni robore pollens:
Ast ego sum longae mihi conscius ipse senectae,
Unde ab hiante lupo est anceps mihi lucta parata.
Ao. 1657 faeſto Martini
Steph. Olavius vertit
m. ppia.

Auk þeirra bréfa, sem nú hafa verið talin eru til tvö bréf frá Stefáni til Ola Vorms. Finnast þau bréf bæði í safni Árna Magnússonar Nr. 267. Fol., og eru þau með Stefáns eiginhendi. Þar eru eiginhandarbréf ýmsra fleiri Íslendinga til Vorms, og eru þau öll á latínu, nema frá Magnúsi lögmanni Björnssyni á Munkaþverá. Það er á dönsku. Mart úr þeim er prentað í útgáfu Vorms bréfa 1751.

1. Clarissimo et experientissimo viro Dño Doctori Olao Wormio medicinæ in alma Hafniensi Academia Professori ordinario Praeceptori suo et Patrono incomparabili salutem et Officia. Dagsett: Skalhollti 12. Julij Anno 1648. Stefán er alveg nýkominn til Íslands, þegar hann skrifar bréfið; það er þá í bígerð að hann fari að Vallanesi og ferðist austur. Bréfið er óprentað.
2. Fyrirsögn þessa bréfs er þvínær eins. Það er dagsett: Kyrkebæ 15. Septembr. Anni 1648, og er það rétt á eptir að hann var kominn austur. Utan á bréfið neðan undir utanáskriftinni stendur með Vorms hendi: „R[ecepi] 25. Octobr."; hefur bréfið því verið 40 daga á leiðinni, eða tæpar 6 vikur. Kafli úr þessu bréfi er prentaður í Vormsbréfum bls. 1072. Insigli Stefáns er á bréfinu.

ÝMISLEGT.

I.

VÖLUSPÁ.

Eitt af því, sem liggur eptir séra Stefán og hér er ekki prentað, er þýðing hans á Völluspá á latínu, sem hann gerði þegar hann var erlendis (1644, Resens-Edda hs) fyrir Óla Vorm, og er þessi þýðing hans prentuð aptan við fyrstu útgáfu Völuspár, sem Pétur Resen lét prenta 1665, sama árið og „Laufáseddu“ og Hávamál. Völuspá hefur þar þennan titil: Philosophia antiqvissima | norvego-danica | dicta Wolúſpa | qvæ est pars | Eddæ Sæmundi | Eddâ Snorronis non brevi antiqvioris | Isſlandicè & Latinè | publici juris | primum | facta | à | Petro Joh. Resenio | Havniæ M.DC.LXV. Völuspá sjálf með þýðing og skýring Stefáns og orðamun er alls 10 blöð í 4to, en aptan við eru athugasemdir Guðmundar Andréssonar frá Bjargi við þýðing séra Stefáns, og hafa þær þennan titil: Gudmundi Andreæ Islandi | Notæ seu levis Paragraphus in expli | cationem super Versus Sibyllinos seu | Philosophiam (Wølu Spa) Norvego-Danicam, og eru þær 8 blöð. Guðmundur fer hörðum orðum um mart í þýðingu Stefáns, en játar þó að mart sé í henni skarplegt og heppilegt. Páll lögmaður Vídalín hinn lærðasti og skarpasti maður á forna fræði fer þessum orðum um þýðinguna í rithöfundatali sínu: „Sr Stefán Ólafsson gerði útlegging yfir Eddu þá hann var í Kh. ungur, sem Resenius hefur látið þrykkja, að svo miklu leyti, sem hún samhljóð[að]i [ei] útlegging Magnúsar Ólafssonar. Þá setti hann og upp á

latínu Völuspá, og lagði til commentarium, í hverjum hann hefur að sönnu mikillega vilt farið víða, en átti þó ei svo djarflega að lastast af Guðmundi Andréssyni, þar unglingur gerði útleggingu í fyrsta sinni yfir svo myrkva drápu. Guðmundur sjálfur hefur ekki síður villast látið í sama efni.“ Nú á tímum mun og heldur ekki þykja mikið gefandi milli þess, hvor réttara hafi haft fyrir sér. Guðmundur vill leiða mart af hebresku, eins og lengi vel var vandi, þegar leitað var að uppruna orða, en um þann lærdóm stillir Stefán sig alveg. Sjálfur þýddi Guðmundur Völuspá á latínu, og gaf Resen þá þýðingu út 1673, 4to. Guðmundur var skrifaður í stúdentatöln við Kaupmannahafnarháskóla „prid. Id. Junii 1650“, og dó 1654 á Garði (Regensi) í drepsóttinni. Æfisaga Guðmundar á íslenzku er í Espólíns Arbókum VI. 130—33, en á latínu er hún prentuð bæði framan við þýðingu hans á Völuspá og framan við orðabók hans, sem Resen gaf út Hafn. 1683. 4to. Guðmundur var vel gefinn um mart. Hann hefur auk áðurtaldra rita skrifað rit móti stóradómi (discursus oppositivus), sem víða er til í hdr. (svo sem A M. 209c. 4to, Ísl. Bókmfél. 36 4to, 109. 4to, 128. 4to, 620. 8vo, F Magn. í British Museum Nr. 2137, Advocat. Libr. Edinb. Nr. 13. 4to); ennfremur hefur hann ritað γνώθι σεαυτον, og beindist þar helzt að Þorláki biskupi Skúlasyni; það rit er enn til í Árnasafni. Guðmundur var og hagmæltur og orti meðal annars rímur af Perseus, sem enn eru til í Árnasafni, en lítið lætur Páll Vídalín yfir þeim í rithöfundatali sínu, og segir að þær loði að eins saman í hendingum. Þar á að vera þessi vísa eptir því, sem Hallgr. Jónsson djákni segir:

Þegar vegar þususus
þeytir um reiti álfa
jasturs rasta jusu gus
jörðin varð að skjálfa.

En ekki hefi eg getað fundið vísuna í rímunum, en þó þori eg ekki af fortaka, að hún kunni að vera þar. Flestir aðrir kveðlingar Guðmundar munu nú vera undir lok liðnir. Ymislegt fleira hefur og Guðmundur ritað, sem nú mun ekki vera á hverju strái.

Eg get þess hér (af því það kemur þessu dálítið við), sem dæmi uppá flæking á íslenzkum handritum enn þá á vorum dögum, að eg fékk 9. Febrúar 1885 afskrift frá seinni hluta 17. aldar af þessari Völuspár þýðingu séra Stefáns með íslenzka textanum framan við, frá List & Francke's bóka-

verzlun í Leipzig, og er afskriftin auðsjáanlega frá Íslandi flækt, því að á saurblaðinu eptra stendur nafnið: Magnús Ólafsson, og latnesk þýðing á vísunni um dauða (1688) Sigurðar Dalaskálds, sem eignuð er Leirulækjar-Fúsa:

Sigurður dauður datt í sjó,
dysjaður verður aldri,
í illu skapi út af dó
og í ramma galdri.

Þýðingin er eignuð A. E. F. (= A[rnas] E[gilli] f[ilius] = Árni Egilsson?), og er svo:

Morte mala periit Sigurdus et arte maligna,
submersus pelago non sepelitus humi.

Það er óhætt að fullyrða, að vísuna hafi eigi útlendur maður kunnað.

II.

Auk þessa, sem þegar er talið og hér er ekki prentað að framan, en við kemur Stefáni á einhvern hátt er þetta:

1. Rímur af historíu forföðursins Nóa. Þær eru skýlaust eignaðar Sr Stefáni Ólafssyni í hinum eldra hluta Landsbókasafnsins Nr. 128. 8vo. En það er rangt, því að rímurnar eru eptir séra Jón í Laufási Magnússon, og finst eiginhandarrit hans af þeim í safni Árna Magnússon. Séra Stefán hefur eingar rímur ort svo menn viti:

2. Kaupmannabragur, sem byrjar svo:

Skáldin forðum skemtu sér við kvæði,
skrifuðu og gerðu sína að byrja fræði,
lærðu og kendu vísna val,
var þar nærri gleðinnar hjal
í hverjum sal;
til dægrastyttingar dreingir hafa það unnið,
af dæmum góðum spunnið.

Bragurinn er 92 erindi eða jafnvel leingri sumstaðar. Hann er alkunnur, og er mjög víða til í handritum, og sumum ærið gömlum, svo sem í Stokkhólmi meðal íslenzkra pappírshandrita Nr. 21. 8vo, með hendi frá hér um bil 1660. Í afskript, sem herra Markús óðalsbóndi

Loptsson í Hjörleifshöfða á Mýrdalssandi sendi mér af bragnum haustið 1884, var hann eignaður séra Stefáni Ólafssyni eða séra Þorsteini Jónssyni á Dvergasteini. En eptir þeim líkum þótti ekki vert að taka hann upp í kvæðasafnið einkum þar bragurinn er yfrið langur og ólíkur Stefáni. Hann er eflaust frá fyrri hluta 17. aldar, og er mart enn til af viðlíkum æfintýrakvæðum.

3. Pilsdrápa. Sigurður Guðmundsson málari getur þessa kvæðis neðanmáls í Skýrslu um forngripasafn Íslands II. bls. 120 Nr. 701, og segir, að það sé eignað séra Stefáni Ólafssyni, en hann tilfærir ekkert úr því. Þetta kvæði hefi eg hvergi getað fundið, og veit því ekkert um það að segja. Jónas Jónsson dyravörður latínuskólans segir í bréfi til mín 21. Marts 1885, að hann hafi heyrt að kvæðið byrji svo:

Veslings pilsið mitt hið forna.

Kvæðið er að minsta kosti 5 erindi að tölu eptir því, sem ráða má af orðum Sigurðar málara.

4. In epigrammate qvodam dñi Stephani Olavii:

Vantar hann viðreldi,
veldur því fastheldi.

Þennan stúf tilfærir Jón Ólafsson frá Grunnavík í orðabók sinni á þenna hátt, sem hér er gert. En það kvæði, sem þetta er úr, hefur ekki orðið fyrir mér.

5. In epigrammate dñi Stephani Olavii de eqvo qvodam egregio versicolore, qvem qvidam in foro generali Islandiae capitis damnatus et dilapsus furto illi abstulit, ut vitae consuleret periclitanti, dixit inter alia poëta:

hringvafði beinin slyngu.

Jón Ólafsson Grunnvíkingur Additam. Bibl. Univ. Hafn. Nr. 8. 4to bls. 1338. En ekki hefi eg heldur fundið hvar þessi stúfur á heima. En svipar honum til fjórðu hendingar í fyrsta erindi af þýðingu Stefáns á kafla Virgils í Búnaðarbálki um hestana, þar sem stendur:

og kringvefur bein slyng (I. 406).

Ef þetta ætti saman yrði Jón að hafa rangmint, sem honum hættir stundum til, og hefði hann þá verið búinn að gleyma bragarhættinum.

6. Riddara Kristjáns Fris drápa. Þessi drápa hefur Jón Sigurðsson ímyndað sér, að væri eptir Stefán Ólafsson, en það er ekki svo. Hún er eptir séra Magnús Ólafsson í Laufási, um Kristján Fris kanzlara af Krarup við Slagelse, en ekki eins og Jón heldur um Kristján Fris af Borreby. Drápan finst í háskólabókasafninu í Uppsölum í Svíþjóð Nr. 19—20. 4to meðal íslenzkra handrita, með þýðingu latneskri með hendi frá fyrri hluta 17. aldar. Aptan við eru danskar tíðavísur með hendi frá hér um bil 1600. Framan á fyrsta blaðinu stendur: „Jørgenn Madzon Egen Hand 1614.“ Drápan er dróttkvæð með stefjum, og byrjar svo:

Heyri Hildar skúra
hefjendur mál stefja,
gust ber Golnis yztu
gjálfur úr Norðurhálfu.
Griðar girnist veður
göfugs vinar jöfra
lofi að hreifa, sem lifi
lönd meðan bryddast söndum.

Drápan er 47 erindi. Að drápan sé eptir séra Magnús, sést af bréfasafni Óla Vorms II. bls. 607. Þar segir Benedikt sonur séra Magnúsar í bréfi dagsettu í Laufási 1. Sept. 1636, að þann sendi Vorm „Riddara Christians Frijs drapu“, er faðir hans hafi svo nefnt, og sem hann hafi ort að fornra skálda dæmi um kanzlarann, og hafi hann lagt svo fyrir, að hún yrði send Vorm og Fris. Hann minnist í byrjun bréfs síns á lát föður síns, sem dó 22. Júlí sama sumar. Af 12. erindi drápunnar má og sjá, að það er rétt, sem sumir ætla, að séra Magnús hafi tvisvar sinnum utan verið; í seinna sinni til þess að fá uppreisn fyrir barneign. Þar stendur svo:

Virða geðljúfur gerði
gunnrjóður fyrir haf sunnan
mig sá máls, er fögur
minning hans, tvisvar sinnum.

Kristján Fris er fæddur 4. nóv. 1581, og dó 1. okt. 1639, og er það fjórum árum áður en Stefán Ólafsson fer utan.

7. Króavíkurkvæði. Þetta kvæði sýnist þegjandi að vera eignað Stefáni Ólafssyni sumstaðar, en í kvæðasafni séra Stefán Þorsteinssonar á Völlum (Ísl. Bókmfél. Nr. 340.

8vo) er „undirskrifaður Árni Eyjólfsson“, sem höfundur, og því hef eg ekki þorað að taka það upp í safnið. Þetta gæti verið Árni Eyjólfsson í Saurbæ á Kjalarnesi, sem druknaði á Kotferju í Hvítá (sbr. Bps. II. 650). Kvæðið byrjar svo:

Viðlag: *Króavík er kostarýr,*
eg kann þar ekki búa,
þegni lúa því mega allir trúa.

1. erindi: Túnið sjálft er töðulaust,
tyrjótt, gæðalasið,
eingið snögt, en eyðinaust,
ekkert sprettur grasið,
baulur rása burt með raust,
blómgvast einginn kvistur nýr.
Króavík er kostarýr.
Verður hafa bang sá í brauzt
að byggja salinn kúa.
Þegni lúa því mega allir trúa.

Kvæðið er sumstaðar að minsta kosti 17. erindi.

8. Geitnavísur. Vísurnar finnast á saurblaði á rími frá 1671, sem Jón Sigurðsson hefur átt. „Þær eru skrifaðar öðru megin á sendibréf, og hefur verið lakk fyrir því með kringlóttu innsigli, sem er á S. G. S., en þar hjá utanáskrift: Ungum sveini Thorfa Gíslasyni að Ási í Kelduhverfi. Kverið hefir komið frá Þóroddi Þórðarsyni 1728. Þóroddur þessi var heyrari á Hólum, faðir Þorodds beykis á Vatneyri og Þórðar landyrkjumanns“ (Athugagr. J. Sig.). Jóni þykja vísurnar svipaðar séra Stefáni og Austfirðingum á hans tíma. Eg þori ekki að segja neitt um höfund vísnanna, en læt þær fylgja hér, af því þær taka svo lítið rúm upp:

Græn þér fylgir geit ljót,
þær ganga kringum haushring,
mikið á sú mæt snót,
þær morkið rífa upp landslyng,
5. og festa víða fót fast
á fjalla tinda melröð,
og allar ganga í örtröð.
Utigangur er inn í blóð,
allar jeta ket hrátt,

Þá er opt bein blátt.
Kiður hafa kend hljóð,
kjagga þær með júgrið gleitt,
skeggið er skóggreitt.
Þykist vera þó góð,
Þvær hún koll um ársfrest,
þá henni lætur þó bezt.
Mengrund sú er mikið móð,
mjólkar sú og skekur,
fljóðið fé rekur.
Hún æðir þannu[ig] örn-óð,
undarlegt það þykir mér,
hún gefur aldrei gott smér.
Í kulda úti streytt stóð
að stjampast við að kvía,
ílt er einn að stía.
Búskap þenna burðugt fljóð
brúkað hefur leingi ein
með hálfrotið hausbein.
Linar þetta létt ljóð
lokið máls af góma gríð,
stirt er þetta stutt smíð.

Leiðréttingar og viðaukar.

I.

bls.

3. „Nafnið Kollgrímur hefur verið til á Austurlandi fram á mína daga", segir Sigmundur Mattíasson á Seyðisfirði $^{8}/_{4}$ 85. Þó mun nafnið Kolgrímur vera venjulegra, þó fágætt sé. Kolgrímur Koðránsson hét prestur sá, sem hélt Valþjófsstað 1514, og sem varð ábóti á Þykkvabæ í Veri 1523, og var faðir Eyjólfs gamalsveins Ögmundar biskups.
6. Séra Rögnvaldur Ormsson kvartar yfir því á prestastefnu í Vallanesi á Laurentii dag 1641 við Brynjólf biskup, að hann geti ekki lifað í Mjóafjarðarþingum fyrir tekjurýrð (A. Magn. Nr. 262. Fol.).
11. l. 25 finn les: finna.
15. Fyrir ártalið 1642, sem gizkað er á að bréfið sé frá, ætti að standa 1643 eða þar eptir, því að það sýnist ort í Kaupmannahöfn.
20. Guðmundur Ormsson gæti verið bróðir séra Rögnvalds í Möðrudal.
23. Jón Ólafsson (sbr. bls. 373) hefi eg seinna fundið að er bróðir Stefáns, og telur séra Einar í Heydölum hann í 28. erindi í Barnatöluflokki sínum 1626, og virðist hann vera yngri en Stefán.
27. Greinin um séra Bjarna á Þingmúla á að leiðréttast á þá leið, að séra Gissur faðir hans var prestur á Þingmúla, og var sonur séra Gísla Örnólfssonar á Söndum í Dýrafirði. Séra Gissur átti Guðrúnu Einarsdóttur fóðursystur Stefáns, en séra Bjarni átti Ingibjörgu dóttur séra Árna Þorvarðssonar í Vallanesi. Þeir voru því systkina synir séra Stefán og séra Bjarni (Sbr. II. bls. 371).

bls.

29. 7. l. a. n. Gaðrúnu les: Guðrúnu.
30. Kvæðið, sem hér er prentað (bls. 30—32) ætti að réttu lagi að vera á undan kvæðinu á bls. 29—30, því að það er eldra (sbr. bls. 31,19).
32. 2. l. a. n. kveiðið les: kveðið.
— 1. l. — hvorttvegja les: hvorttveggja.
36. 2. l. — Epistola sub. nom. les: Epistola sub nom.
40. Jörgen Kem. Nafnið Kem kvað finnast enn á Austfjörðum, en nú venjulega vera borið fram Kemb.
43. 4. l. a. o. er *i* fallið aptan af eiginhandarrit(i).
70. Vísan um Rafn finst og prentuð í Corp. poet. boreale II. 414, og Eptirmælum 18. aldar bls. 632—33.
71. 10. l. a. n. óklíklegt les: ólíklegt.
75. 6. l. — J. Jig. les: J Sig.
85. Oddsbragur. Páll Vídalín segir í rithöfundatali sínu (J. Sig. Nr. 30. 4to): „Oddsbragur uppfyllir alla prýði kveðskaparins. Hornfirðingabragur og Búravísur eru minna háttar".
88 31. Stakst á hnífið feigðar far, Snót Rvík 1865, en er það ekki prentvilla?
89. 12. l. a. o. djupið les: djúpið.
90. 8. l. — komman eptir gjör á að falla burt.
91. 3. l. — feigar les: feigur.
95—96. Spádómur Odds. Þetta kvæði er án efa úr bréfi til séra Bjarna Gissurssonar á Þingmúla, og sést það af syrpu hans í Thottssafni Nr. 473. 4to. Þar er kvæði, sem auðsjáanlega er svar upp á þetta kvæði Stefáns. Kvæði Bjarna er svo og með þessari fyrirsögn:

Kunningja sínum um vetrarhátt gamanvísa.

Mikið skratar margur hér
maður um vetrar kviða,
svo ríða
dómar þeirra húsum hér
hærra, en ekki sýnist mér
þeim hent að hlýða.

Hver vill öðrum halda á mót,
heimskan má það beygja
og teygja
í efasemd og sinnu rót
eg segi það helztu meinabót
í þögn að þreyja.

Blási hann við um þorra þann,
sem þunglega mörgum ríður
á síður,
þá skal brátt í barka rann
busul finna hártækan
vor lamba lýður.

Trauður geng eg trúnni frá,
þó tímana Oddur reki
með speki
og tempran þeirra tæpti á,
tekst honum aldrei það að fá,
þó villu veki.

Tel eg það ráð að trúa á Krist
og tign hans dýrðar sanna
um manna
eymdar hag eður auðnu vist,
Oddi lítt mun hrökkva fyrst
hans boð að banna.

Vilji hann láta vinda frón
velta dögunum stríðum
að lýðum,
getur það aldrei Geirmundsson
gert fyrir nokkurs þýða bón,
að hætti hríðum.

8. 4. l. a. o. stjálir les: strjálir.
8. 3. l. a, n. Piscaboribus les: Piscatoribus.
4. Um Ásmund hefðarhósta finst og í Rask 83. 8vo.
1—33. Sigurður scurra. Afskrift af kvæðinu eptir handriti í British Museum Nr. 11,175. 8vo (F. Magn. Nr. 181) barst mér eigi fyrri en kvæðið var prentað. Þar (Br$_2$) er þessi orðamunur: Fyrirsögn: Vijsur um Sigurd ganta; 1. „sijdt“; 3. næsta „kudsär“; 8. dausinn; 12. hann gefur; 13. kaupeñ knapt; 14. flotsaft (sem eflaust er réttara, þó eg hafi tekið hinn lestrarmátann upp); 16. og skellir upp; 18. fer og skellir: 22. skreitur og fótadump; 25. opt „kryngiande“; 30. skein í margan slað[1]); 31. þeir, sem: 34. sem lengi; 35. hver; 38. smíða fer.

[1]) slaður, sbr. slöður, slöðra, en haft um slátt, þegar skeinótt eða óhreint er slegið og loðið á milli [Athugasemd Eiríks Magnússonar í afskrift hans].

Hvar mun hinn gamli Geirmundsson
gömlu spánum fletta
um þetta
vetrarfar í svefna sjón,
sá hefur feingið góða von
og reynslu rétta.

Eirekur er annar sá,
sem ei hefur lánið minna
að kynna
um himintungla sterka stjórn
stilliveður og gustinn hvórn,
sem fyrðar finna.

Þér hafið ekki langa leið,
ef lystir yður að kreika
til Eika,
hans vizkuljóð um vetrarskeið
veltir af yður þungri neyð
með von óveika.

Þegar að leggur löður og svað
læt eg klárinn amla
hinn gamla
Odd að finna og frétta það,
hvort fimbulveturinn riði að
oss heill að hamla.

Skaki hann Oddur skeggið hvítt
skamt mun þá að bíða
til hríða,
en ef strýkur ótt og títt
ei mun skorta veðrið hlýtt
og bezta blíða.

Hamingjan láti hærðan kall
haglega skeggið strjúka,
svo hnúka
veðrin stríð og storma gjall
stofni ekki gripanna fall
í feiknum fjúka.

---

27. Eiríks, sbr. I. bls. 169—171.

bls.

Blási hann við um þorra þann,
sem þunglega mörgum ríður
á síður,
þá skal brátt í barka rann
busul finna hártækan
vor lamba lýður.

Trauður geng eg trúnni frá,
þó tímana Oddur reki
með speki
og tempran þeirra tæpti á,
tekst honum aldrei það að fá,
þó villu veki.

Tel eg það ráð að trúa á Krist
og tign hans dýrðar sanna
um manna
eymdar hag eður auðnu vist,
Oddi lítt mun hrökkva fyrst
hans boð að banna.

Vilji hann láta vinda frón
velta dögunum stríðum
að lýðum,
getur það aldrei Geirmundsson
gert fyrir nokkurs þýða bón,
að hætti hríðum.

108. 4. l. a. o. stjálir les: strjálir.
118. 3. l. a, n. Piscaboribus les: Piscatoribus.
124. Um Ásmund hefðarhósta finst og í Rask 83. 8vo.
131—33. Sigurðar scurra. Afskrift af kvæðinu eptir handriti í British Museum Nr. 11,175. 8vo (F. Magn. Nr. 181) barst mér eigi fyrri en kvæðið var prentað. Þar (Br$_1$) er þessi orðamunur: Fyrirsögn: Vijsur um Sigurd ganta; 1. „sijdt“; 3. næsta „kudsär“; 8. dausinn; 12. hann gefur; 13. kaupeñ knapt; 14. flotsaft (sem eflaust er réttara, þó eg hafi tekið hinn lestrarmátann upp); 16. og skellir upp; 18. fer og skellir: 22. skreitur og fótadump; 25. opt „kryngiande“; 30. skein í margan slað[1]); 31. þeir, sem: 34. sem lengi; 35. hver; 38. smiða fer.

[1]) slaður, sbr. slöður, slöðra, en haft um slátt, þegar skeinótt eða óhreint er slegið og loðið á milli [Athugasemd Eiríks Magnússonar í afskrift hans].

bls.

152. 4. l. a. o. os les: oss.

165. 16. l. — vil tjá les: vill tjá.

170. Í fyrirsögn kvæðisins „Oddur og Eirikur“ hefur en dottið úr á eptir orðinu önnur.

172—73. Um vinnumenn á Svalbarði. Ef Jóni Magnússyni á Svalbarði er réttilega eignað þetta kvæði, þá gæti Mangi og Pétur verið nöfn á sonum Jóns, þá unglingspiltum, þegar kvæðið var ort. Magnús væri þá Magnús prúði (gamli), en Pétur hefði heitið eptir móðurföður sínum og hefði þá dáið ungur; ekki er hans getið í ættartölum.

179—84. Flóamannakvæði. Löngu eptir að fyrra bindið var prentað rakst eg af hendingu á kvæðasyrpu séra Bjarna Gissurssonar í þingmúla í safni Thotts Nr. 473. 4to, og sýnist syrpan áreiðanlega vera með eiginhendi séra Bjarna. Þar finst þetta kvæði aptarlega. Þar finnast og nokkur fleiri, sem venjulega eru eignuð Stefáni og gerð verður grein fyrir á sínum stað. Það er líklega svo að skilja, að þau séu eptir Bjarna, þar sem hann færir þau inn í syrpu sína, þó sum sýnist dálitið grunsamleg. Flóamannakvæði hefur þessa fyrirsögn þar: Flóabragur með nokkrum gömlum erindum. Orðamunur við útgáfuna er þessi: 1. sem hinn kímni; 4. kunnu; 5. hinir, sem voru vestanað: 6. úr viðlaginu er slept sér; 7. bollaskorið hár; 14. risternar; 17. legginn á; 19. Bændurnir hittast; 20. forráðin; 22. og bindur í staurinn; 26. *á* slept; 33. það í fréttum; 37. gesturinn og hinn; 38. flatmagast: 41. mylsnan, duptið og moskið í skegg; 46. skeinkti; 47. sótti; 49. borðsettur (*á* sl.); 50. salltið; 51. söngurinn saminn í gát; 55. það, sem; 59. fullvel; 64. hnakkinn síga fer; 65. ef afgangur er; 67. sízt gefa svefróna söngfögur; 74. kviknar þá búrhurðum; 77. af þarsveitar þjóð; 83. þar bændurnir; 87. básálmur (eins og getið var til); 88. með breiðum hurðarfisk; 89. einninn af sjófangi allskonar visk; 92. enn þá þeir herða: 101. og sólþurkuð töðin í fulgurnar feld; 104. á sumrinu; 105. braut er vaðla vot; 107. þá öllu á flot; 109. sauðfé; 110. úða (= eta) þar baulurnar; 112. og dulla niðri í því; 116. þá gera(!); 121. Heiman þá ferðast hver með sínum vin; 124. er mikillega. Seinasta erindið vantar hér. Flóabragur er næstur á undan erindum þeim, sem hér finnast úr drykkjuvísum Stefáns. Gæti verið að séra Bjarni hefði skrifað hvort-

bls.

tveggja hér, þó hann vissi, að það væri eptir séra Stefán?

185. Í upphafslínu kvæðisins hefur *ð* í summum expl. fallið aptan af orðinu *brúðkaupi(ð)*, og í línu 5 aptan af *þa(ð)*.

197—200. Næturgistingarsálmur. Afskrift af þessu kvæði fékk eg eptir að það var prentað frá herra cand. philos. Hallgrimi Melsteð aðstoðarmanni við Landsbókasafnið, og var hún eptir safni Páls Pálssonar Nr. 1. 8vo. XV. Þar er þessi fyrirsögn: Slæm næturgisting. Úti á spássínu stóð þar: „Eignuð Sr H[allgrimi] í afskr. J. G.(?) í safni Jóns Borgfirðings. Í einu handriti sögð ort af Sr Halldóri Brynjólfssyni. þá hann kom að Berserkjahrauni". Á hinni spássiunni: „Eignuð Sr Steph. Ól. s. í einu handriti í safni J. Bgð." Þessi séra Halldór Brynjólfsson er líklega séra Halldór Brynjólfsson á Staðastað, sem seinna varð biskup á Hólum. Annars hefur handritið þennan orðamun við útg.: 10 = Bl, K; 14. féleg; 17 = A: 19. í ausu (eptir hdr. í safni J. Árn.); 25. þumbaði vel í; 38. verst (eins og öll, nema Gv.)

202. l. 6. a. o. 1774 les: 1744.

219—29. Hestakaupavísur. Eptir að vísurnar voru prentaðar fékk eg afskrift frá Eiríki Magnússyni af British Museum Add. Nr. 11,175. 8vo (F. Magn. Nr. 181). Þar er þessi helzti orðamunur: 4. það er þeirra einka art; 6. né kossa; 7. sælir hjarta; 9. nýra (skr.); 10 = B; 17. hana, svipan; 21. þó eg í tauminn; 41 = Þ, G; 44 = Gr, B, $Þ_2$; 59. framlogan og; 65. honum eg aldrei eptir tel; 68. linhryggjaður; 109 = $Þ_2$, D, B; 113 = Gr, T, D, $Þ_2$, J A; 123. hann hrasar; 125. anzar hann þá og varð við fár; 127 = D, B; 128 = Þ.

234 90. bjósthörð les: brjósthörð.

244—59. Brúðkaupsreið bænda. Afskrift frá Eiríki Magnússyni af British Mus. Add. Nr. 11,191. 4to (F. Magn. 194) kom eptir að kvæðið var prentað. Þar er fyrirsögn „Búravísur Sr St. O. S." Orðamunur helzti: 4 = St; 9. í staupi; 13. svo hörund fær ei bætt (líklega hið rétta); 25. bezt er þar um skrá; 44. kelli; 50. Hún þá sem í hljóði; 82. kátir kalla bútar; 84. að sizt frjósi seims freyr; 87. fer það mest úr máta; 191. þá bóndameingið; 211. svaki „svak" (sbr. svakalegur), „læti", „gangur"; sbr. Eng. Swagger, í breyttri þýðingu = svak- í nútíðarorðinu svakalegur, sá sem lætur

bls.

mikið yfir sér með hrokalegum gestus", segir Eiríkur Magnússon.

250. l. 10. a. n. í fjórum skinnhandritum les: í þrem skinnhandritum.

253. l. 4. a. n. Þar sem hér er sagt, að séra Brynjólfur Halldórsson í Kirkjubæ hafi dáið 1737, þá er það svo að skilja að Grunnavíkur-Jón telur svo, en hið rétta er 1735 (sbr. bls. 202).

255. l. 18. a. n. blessum les: blessun.

319. Vísan: Pontus þakkar skorðu skjóðs &c.
er líklega öllu heldur úr Pontusrímum, en úr vikivaka.

324. Tröllaslagurinn: Fer her ei fótspar &c. er prentaður í Magni Olavii Specimen lexici runici Hafniæ 1651. Fol. bls. 88—89 undir orðinu múta.

334—49. Í kvæðasyrpu séra Bjarna Gissurssonar í Thotts safni Nr. 473. 4to finnast 8 erindi úr þessu kvæði. Eitt af þeim (hið síðasta) er í fyrri útgáfunni, en hin ekki. Hvort þessi erindi eru eptir séra Bjarna og þá ránglega komin inn í kvæði séra Stefáns í afskriftunum læt eg ósagt. En erindin eru þar svo:

Ofdrykkjuávextir inter pocula.

1. Einn er keikur, annar veikur (p. 339 46-59.)
ýtum hjá,
færast reikur augun á,
lúinn og bleikur líkt sem kveikur
lyknast til og frá
Inter pocula.

2. Tekur að hrjóta, en hinir blóta, (p. 342 100-108.)
er horfa á,
til handa og fóta hlaupa þá,
píslum hóta ruska, róta
og rykkja í sætið há.
Inter pocula.

3. Vakna hlýtur, virða lítur (p. 342 109-17.)
og vínið hjá,
illa bítur brisið á,
rjóður og hvítur halurinn nýtur
heldur að lifi þá.
Inter pocula.

bls.

4. Veikist kviður, veltast iður, (p. 343 127-35.)
vöknar brá,
bifast liður og beinin smá,
úti er friður, upp og niður
ölið leitar þá.
Inter pocula.

5. Þessi laman þykir gaman (p. 344 136-44.)
þeim eð sjá,
heimskutaman herma þá,
allan saman aptan og framan
ölinu klindan á.
Inter pocula.

6. Illa settur út af dettur (p. 344 145-53.)
ýtum frá,
hvomsar stéttur ofan á,
vitinu flettur fótaslettur
fær hann í kollinn þá.
Inter pocula.

7. Sofnar móður munngátsrjóður, (p. 341-42 91-99.)
minkar þrá,
hvílubróður öngvan á,
þar til rjóður röðullinn góður
rennur á loptið há.
Inter pocula.

8. Úr rotinu freku rakna tekur (p. 343 118-27,
rekkurinn sá, 1. útg. p. 77.)
höfuðið rekur í hverja slá,
um allar brekur lútin lekur,
laglegur er hann þá.
Inter pocula.

345 170. á heimsku les: af heimsku.
361. l. 2. a. n. Ítalín les: Ítalíu.
366. l. 1. a. n. IV. les: III.
366–67. Við drykkjuborð. Eptir að prentun var lokið rakst og á afskift af þessu kvæði frá hér um bil 1700 í A. Magn. Nr. 102. 8vo. Fyrsta erindið er þar með nóteruðu lagi. Fyrirsögnin er þar: „Wijfur Nockrar Wid Øl med Baſſa og Tenor“. Orðamunur helzti: 4. = Br; 8. = Sm; 9. skýra: 12. kraptinn dýra.

bls.

373. l. 3. a. n. sjá leiðrétting við bls. 23.

392—94. Kokkur. Í afskrift. sem komin er eptir að prentun var lokið frá herra Sigmundi Mattíassyni á Seyðisfirði, er einginn verulegur orðamunur. Seinni vísan er þar ekki. Sigmundur segist hafa heyrt, að Kokkur sé sá elzti hestur, sem verið hefur á Austurlandi. Hann segir og, að Kokk Stefáns hafi leingi verið viðbrugðið eystra sem mesta kostahesti, og færir til sönnunar því þessa vísu, sem hann segir ekki gamla, þó honum sé ókunnugt um höfundinn:

Mokk eg nefni mætan blakk,
Mokkur prýðir jóra flokk,
Mokki ríða menn í hnakk,
Mokkur líkist gamla Kokk.

398. l. 5. a. o. Ingimandur les: Ingimundur.

402. Hvað margar Disputationes physicæ Runólfs Jónssonar hafi verið, ber mönnum ekki saman um. Brünnich telur þær tólf, en Jón rektor Þorkelsson gamli (Thorchillius) segir í Specimen Islandiæ non barbaræ (Ny kgl. saml. Nr. 2872. 4to.), að Árni Magnússon segist aldrei hafa séð, nema sjö.

II.

12. l. 2. a. n. Bókmentofél. les: Bókmentafél.

13. l. 16. a. n. Spurnarmerkið aptan við fæðingarár Steins biskups á að falla burt.

19. l. 2. a. n. hefur ruglast í prentuninni; á að vera: Þorra dægur þykja löng.

41—42. Ellivísa. Afskrift frá Sigmundi Mattíassyni komin eptir að búið var að prenta eignar Stefáni skýlaust vísuna. Annars einginn verulegur orðamunur.

50—51. Um ágirnd. Jón Espólín (Árb. VII. 50) færir þetta strand til ársins 1667, og svo gerir Jón prófastur Halldórsson (Rask Nr. 55. 4to). Espólín segir, að skipið hafi brotnað við Sólheimasand, en það mun rangt vera. Um strand þetta er greinilegur kafli í árbókunum á áður greindum stað.

bls.

75. l. 2. a. n. 5. Hof í Fellum les: 3. Hof í Fellum.

128. Um hund. Þessar vísur finnast í kvæðasafni séra Bjarna Gissurssonar aptan til, í Thotts safni Nr. 473. 4to með þessari fyrirsögn.

Langhendur.

Situr Láfi og saxar gras,
svo gerði hann á deginum,
þiggur Bokki þetta vas,
það er nú rýrð í heyjonum,
gól hann bæði í gær og cras,
þó geri menn opt að „sueionum“,
ílt fekk þura af honum flas,
upp stökk hún með teygjonum,
í hana rann það reiðibras,
hún réttist öll úr beygjonum,
á henni varð svo fallegt fas
sem fegursta kinn á meyjonum,
augun líkt sem glóandi glas,
þá gekk hún út í þeyjonum,
ox við þetta murr og mas
mikið í hunda greyjonum.
Þegar hann Gvöndur letrið las
leggi hann við, eg „seigionum.“

13—14. og 17—18. vantar í útg. Þetta kvæði er í útg. 1823, og er þess utan hiklaust eignað Stefáni í öllum handritum. En helgar syrpan séra Bjarna það?

146. l. 3. a n. Höttur les: 5. Höttur.

152. Sléttubönd. Thotts safn Nr. 489. 8vo eignar vísurnar Sr Hallgrími Péturssyni; leiðréttist því það, sem sagt er, að þær séu þar eingum eignaðar.

153—54. Vísa um sjóaraðferð. Vísan finst og í háttalyklinum í Vigursbók (A M. 148. 8vo), og er kölluð þar „Laungu lokur.“ Orðam.: 21. spyrnast við og og rétta; 23—26:

fagurt hagar lag um lög
leið er orðaflétta
vör um sundið slétta
ellegar kann þig bletta (!)

156 5. gjóti les: grjóti.

157—58. Um böðul. Er auðsjáanlega afbakað.

173. IX. 4. drussan les: drussann.

bls.

176. l. 9. a. o. fyrirsögni les: fyrirsögn.
177 23. muudi les: mundi.
186. Guðríður Gísladóttir sú, sem kvæðið er til, er efalaust dóttir Vísa-Gísla, sem var sýslumaður fyrst í Múlaþingi. Hún varð seinna kona Þórðar biskups Þorlákssonar. Kvæðið mun vera ort nálægt 1654; einmitt það ár yrkir séra Bjarni í Þingmúla barnagælur til hennar (Thott. 473. 4to). Líkræða yfir hana eptir Jón biskup Vidalín er gefin út af Jóni Bjarnasyni Straumfjörð í Reykjavík 1884. 8vo.
235—41. Sólarljóð. Þetta kvæði finst í syrpu Séra Bjarna Gissurssonar, Thott. 473. 4to. fol. 53, og mun það vera eptir hann. Fyrirsögn er þar: „Kuæde vm̃ gagn z nytſeme sölariñar.“ Orðamunur við útg. er þessi: 3. = A; 8. en efnin standa í skorðum; 9. geislinn klár; 10. = C; 11. sæl nefnist sólin; 12. sl. hún; 13. upplýsandi þar eð hún stár; 18. fest við; 19. en hvergi má; 20 = C, L; 24. fyrir kristinn her; 28 = L; 41 = C, L; 43. en grænkar; 46. af henni; 51. yrkju önn; 54. að glóar; 57. glypjar; 58. til ysju; 65. hyldi dökkva njólin; 68 = C, L; 74. synda blóði; 75. að lausnarinn; 77. og sæl nefnist; 78. og andlegt fjörið aptur lér; 80. af girndar galla; 82. fegurðin; 86. heilög, skær; 88. sú sæl náðarsólin; 90. vilji þær; 94 = B, C; 95. sem sjálfur munnurinn; 100. í hærstu gæðum himnaranns; 101. heilaga; 110. og sæl náðar sólin; 111. svo að lofa og lesa um hann; 112. að lýsi hann mér í sólar ranu.
294. l. 12. a. o. höfanda les: höfunda.
308. l. 7. a. n. kallað les: kallaði.
326. l. 15. — Adels les: Ades.
333. l. 5. a. o. Jónsar les: Jónasar.
356. Auk þeirra sálma, sem taldir hafa verið, má geta þess, að í kveri, sem Sigfús Sigfússon unglingspiltur á Nesi í Loðmundarfirði á, er sálmur eignaður Stefáni, sem svo byrjar:

Nú er eg risinn úr dökku djúpi.

Ennfremur eru á bók, sem Sigmundur Mattíasson á Seyðisfirði á 5 kvöldvers eignuð Stefáni. Þau byrja svo:

Untu mér drottinn yfirbótar.

En afskriftir af þessum sálmum hef eg eigi enn fengið, og get eg því ekki gefið frekari skýrslu um þá.

bls.

357. Þessi grein um eiktamörk á Íslandi er prentuð aptan við útgáfu Stefáns Björnssonar af „Rymbeglu“ Havniæ 1780. 4to., og Fingrarím, og sýnist hann eigna hana Jóni biskupi Árnasyni, en það mun vera rangt.

368. Eg held, að þessi Guðmundur Jónsson geti ekki verið Guðmundur sýslumaður frá Einarsnesi, því að hann mun vera ofungur til þess. Það er reyndar svo að sjá af orðum Jóns Ólafssonar frá Grunnavík, sem hann hafi verið orðinn fulltíða maður 1652, þar sem hann segir: „Þó eg hefi séð framan við eina bók, hvar einn hefur skrifað sig Gudmundus Jonas Einarsnesius, dat. 1652, 30. octobr., og í næstu áður dedication til hans (sem ogso er á latínu) kallast hann vir jurisperitissimus et consultissimus.“

EFNISYFIRLIT.

a) Eptir fyrirsögnum.

Ad operarium suum, sjá Um Ásmund hefðarhósta.
Á Ingólfshaugi I. 73.
Álptfirðingabrúðkaup, sjá Hornfirðingakvæði.
Amatoria, sjá Meyjarmissir.
Áminningarkvæði til ungra meyja II. 232—35.
Andvari I. 378—79.
Ásmundur á Strönd skilar heim horgemling um vorið í heytoll II. 67—68.

Barnagælur II. 178—86.
Baukmerkingavísa I. 333—34.
Beinakerlingarvísa II. 132.
Berfótur I. 377, 383.
Bergur líttlæs II. 94.
Bjarni á Bjarnhúsum II. 81—82.
— á Eyði II. 83—84.
Bjarni Þorsteinsson komst í lífsháska II. 79—80.
Blaingur, sjá Blængur.
Blankar, sjá Blængur.
Blængur I. 380, 397—401.
Bleikjalingur, sjá Skildingur og Bleikjalingur.
Bleikur I. 387.

Brandur, er játaði sig hafa sofið hjá stúlku í kaupstað II. 85.
Bréf til séra Bjarna Gissurssonar á Þingmúla II. 371, 375—76, 383, 385, 386—87.
— - séra Björns Snæbjörnssonar á Staðarstað II. 376—77.
— - Brynjólfs Sveinssonar biskups II. 374, 376, 381, 382, 383.
— - séra Böðvars Sturlusonar á Valþjófsstað II. 387—88, 390.
— - séra Eiríks Ketilssonar í Vallanesi II. 378—79, 381—82.
— - Gísla Magnússonar sýslumanns á Hlíðarenda II. 383—85.
— - séra Guðmundar Jónssonar á Hjaltastað II. 368—70, 374—75, 378, 385—86.
— - séra Halls Árnasonar á Ranfseyri II. 382.
— - Hjalta Jónssonar II. 374.
— - séra Jóns Gissurssonar í Múla II. 367.
— - séra Marteins Jónssonar á Skeggjastöðum II. 380—81.
— - séra Ólafs Einarssonar í Kirkjubæ II. 377, 379, 381, 390—91.
— - Óla Vorms prófessors II. 391—92.
— - séra Páls Björnssonar í Selárdal II. 372—73.
— - séra Péturs Gissurssonar á Ofanleyti í Vestmannaeyjum II. 378, 382.
— - séra Vigfúsar Árnasonar á Hofi í Vopnafirði II. 377—78, 382.
— - Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns á Hvoli II. 379, 382.
Brietarkvæði I. 150—52.
Brúðkaupsreið bænda I. 244—59, II. 401, 405.
Brúðkaupsvísur til Jörgens Kems I. 40—42.
Brúnn I. 385.
Búravísur, sjá Brúðkaupsreið bænda.
Bylur I. 386.
Byrsældarvísur, sjá Propemticon.
Bænarflokkur móti Íslands ræningjum 1675 II. 394—304.

Canticum I. 169—70.
Canticum rusticorum, sjá Brúðkaupsreið bænda.
Carmen de inebriatis, sjá Ölkvæði.
Carmen potatorium, sjá Ölkvæði.
Carmina Theodorica I. 165—69.
Comparatio hominum maximæ diversitatis II. 11—18.

Dagsláttumenn II. 91.
Danskurinn II. 62—63.
De Bubulco I. 52—53.
De crasso, sjá Guðmundur digri.
De Henrico II. 389.
De historiarum commendatione declamatiuncula II. 373.
De præpostero conjugio II. 3. sjá Tilhugalíf; II. 6. sjá Præposterum conjugium.
De Samsogia octostichon II. 399.
De Sigurdo scurra, sjá Sigurður scurra.
Descriptio honestæ virginis, sjá Raunakvæði.
Descriptio virginis deformis II. 14—18.
Descriptio virginis formosæ II. 11—13.
De Thorsteino scriba II. 390—91.
Díakon I. 137—38.
Díli I. 394—95.
Drengur flutti mat á engjar II. 130.
Drengur, sem opt snikti í búrið II. 97.
Drengur varð fyrir athlátri II. 84.
Drykkjuvísur I. 365—66.
Drykkjumannavísur, sjá Ölkvæði.
Dubium conjugium II 4—5.
Dvergmál II. 144.
Dæmisaga af hananum og refnum II. 270—76.
Dæmisaga um leonið, úlfinn og refinn II. 276—87.

Einmani I. 391—92.
Einn loflegur sálmur, sjá Gott og ilt.

Eitt kvæði II. 217—23.
Eitt kvæði um skrumara II. 259—66.
Eitt kvæði um vit og álit II. 288—94.
Elgur I. 390—91.
Ellivísa II. 41—42.
Elskuga erindi, sjá Raunakvæði.
Enn um Odd, sjá Spádómur Odds.
Epigrammata II. 396.
Eyvararvísur II. 111—18.

Fáar stökur tilteiknaðar Steingrími Kollgrímssyni I. 3—5.
Fabulæ Æsopi fáeinar II. 171—75.
Fagrar vísur, sjá Svanasöngur.
Ferð Gunnlaugs og félaga hans II. 105.
Ferjubragur Odds Þorvarðssonar, sjá Oddsbragur.
Filiolus, sjá Við Ólaf son sinn.
Fjandinn í Birni II. 110.
Fjelmóður, sjá Fjölmóður.
Fjórar tóbaksdygðir I. 320—21.
Fjöðurnasi I. 385.
Fjölmóður I. 373.
Flóabragur, sjá:
Flóamannakvæði I. 179—84, II. 404.
Folaraunir I. 396—97.
Folöld I. 389.
Fyrsta stafagerð Ólafs Stefánssonar II. 122—23.

Gamanbögur um hörkulausan heimadóla I. 56—58.
Gamanvísur I. 139—45.
Gamanvísur um bréfamann I. 174—79.
Gamanvísur um Eyvöru, sjá Eyvararvísur.
Gamanvísur um Jón Ormsson, er var smalamaður í Vallanesi II. 65.
Gáta um árið II. 154—55.
Gáta um rokkinn II. 142—43.

Geitnavísur II. 398—99.
Gestur á baðstofuglugga II. 53—54.
Giptingarmannaljóð(-vísur), sjá Tilhugalíf.
Gortaraljóð I. 200—219
Gosi I. 382.
Gosavísur I. 401—405.
Gott og ilt II. 214—16.
Grafið spónskapt, sjá Sauðhyrningshrós.
Gráni I. 382.
Griðkonukvæði, sjá Griðkuvísur.
Griðkukvæði, sjá Griðkuvísur.
Griðkuvísur I. 303—307.
Gripir fella sæti, sjá Jón á Víkingstöðum.
Grýlukvæði I. 230—44.
Gudmundus crassus, sjá Guðmundur digri.
Guðmundnr digri I. 134—36.
Guðmundi Ormssyni [til] I. 20—22.
Guðmundur snikkari I. 75—78.
Gullskór I. 381.
Gumlaugur II. 104—105.
Gvendur digri, sjá Guðmundur digri.
Gvöndur Vest, sjá Guðmundur snikkari.

Hafur og kiða II. 55—56.
Hallur á Breiðavaði I. 153—54.
Harðindi[n í Fljótsdalshéraði] II. 145.
Harmagrátur Narfa, sjá Folaraunir.
Hásetavísa II. 153.
Hastverk á giptingu, sjá Præposterum conjugium.
Haugbúi I. 374—75.
Hegðunarháttur sumra, er giptast I. 159—61.
Heimsádeila I. 300—302.
Heimslystarvísa II. 8.
Helga á Hofströnd II. 88.
Hestakaup lagsmaður, sjá Hestakaupavísur.

Hestakaupavísur I. 219–29, II. 405.
Hestavísur I. 372–409.
Hestvísa I. 389—90.
Hestvísa, sjá Um prelátann.
Hestur stóð hjá viðarkesti II. 105—106.
Hexametrum II. 122.
Hjónaefnavísur II. 12—18.
Hornafjarðarmessugjörð, sjá Hornfirðingakvæði.
Hornfirðinga brúðkaupsreið, sjá Hornfirðingakvæði.
Hornfirðingakvæði I. 185–95, II. 405.
Horntoppur I. 377—78.
Hrútsóhapp II. 137.
Hugar hægð og óhægð, sjá Gott og ilt.
Húsasmíði II. 127.
Húukvæði, sjá Húuvísur.
Húuvísur I. 307—15, II. 90.
Hvernig maður skuli haga sér í heiminum II. 80.
Hvít II. 139.
Högni Þorgrímsson átti að flytja að norðan bók og þófa II. 77—78.

Inga græðir Þorstein lamaðan II. 72.
Ingimundur í Ekkjufellsseli II. 110.
Iþróttir Sigurðar ganta, sjá Sigurður ganti.

Jarpur deyr, krummar kætast I. 595—96.
Jón á Víkingsstöðum II. 95—96.
Jón Salómonsson I. 129–30.
Jón stúfur giptist Möngu II. 69—70.
Jón Þorvaldsson á Vaði II. 102.

Kaupmannabragur II. 395—96.
Kerling leitaði sér lúsa II. 129—30.
Kerling drakk úr blekpjaka um nótt og meinti iður II. 58—59.

Ketát II. 103.
Kokkur I. 392—94.
Kolbeinn dvergur, sjá Kolbeinn á Hvamshyl.
Kolbeinn á Hvamshyl I. 133—34, II. 100.
Konuleysingjakvæði II. 25—31.
Króavíkurkvæði II. 397—98.
Krummi á skjá II. 120—21.
Krúsarlögskvæði, sjá Ölkvæði.
Kuldinn í Kirkjubólsbaðstofu II. 137.
Kveðja II. 135.
Kveðjusending mín til litla Dóra í bréfi til Kristínar Ólafsdóttur I. 25—26.
Kvæði II. 57—58.
Kvæði um ávöxt og krapt bænarinnar II. 241—47.
Kvæði Hórazar II. 162—67.
Kvæðiskorn af þeim rúnlata Ferða-Knút II. 252—59.
Kvæði um Jón greiða I. 145—49.
Kvæði um vinnumannanna látgæði, sjá Vinnumannakvæði.

Langloka II. 9—10.
Landnyrðingur II. 146.
Lappi I. 388—89.
Laufahringur, Travali og Berfótur I. 383.
Lífsreglur kristins manns II. 202—13.
Litfari I. 380.
Lofsöngur ölfanga, sjá Ölkvæði.
Lofvísa II. 201—202.
Lofvísa um hornið II. 141.
Lúkídór og Krysillis II. 168—70.

Maður átti barn við stelpu; var hýddur II. 86.
Maður elti móskjóttan hest II. 105.
Maður meiddi sig á fingri II. 99.
Manni afráðið að fara yfir Lagarfljót á ísi, er datt ofan í og drukknaði II. 150.

Meðmælingarbréf Jóns Gissurssonar með Stefáni II. 388.
Meyjarmissir II. 37—39.
Minning mistrar unnustu, sjá Raunakvæði.
Misjöfn gipting, sjá Dubium conjugium.
Moldi I. 386.
Mýs urðu fyrir ljá II. 138.

Narfi veiddi tóu í boga II. 66—67.
Nasi I. 387.
Neftóbak I. 322.
Nokkur andleg moralia II. 202—35, 410.
Nokkrar vísur skrítnar, sjá Hegðunarháttur sumra, er giptast.
Nomen authoris II. 118-19.
Nýársgjöf Guðríðar litlu Gísladóttur II. 186—200, 410.
Nýbýlingurinn I. 296—97.
Nýir búmenn bíla stundum flýtt II. 44—45.
Næturgistingin, sjá Næturgistingarsálmur.
Næturgistingarsálmur I. 197—200, II. 405.

Óaldarbragur, sjá Ómenskukvæði.
Oddsbragur I. 85—94, II. 401.
Oddur fjósadrengur II. 91—92.
Oddur og Eiríkur I. 170—71, II. 404.
Oddur Þorvarðsson spáði um veðráttufar, sjá Spádómur Odds.
Oddur hinn sami spáði um vetur, sjá Spádómur Odds.
Ofsi I. 386.
Óhappsreið I. 410—11.
Olgeir, sjá Elgur.
Ómenskubragur, sjá Ómenskukvæði.
Ómenskukvæði I. 261—78.
Óskagjarnrar ekkju kvæði I. 64—68.
Óþrifnaðarminning Ása, sjá Um Ásmund hefðarhósta.

Páll og reka II. 142.
Penni I. 374.

Persónur, sem afleysast áttu fyrir barneign II. 85—86.
Pétur hjarta I. 155—57.
Pilsdrápa II. 396.
Propemticon til kaupmanns á Reyðarfirði I. 43—46.
Præposterum conjugium II. 6.
Pönnusmiði Björns Bjarnasonar 1649 I. 79—81.

Rafn Jónsson á Ketilstöðum I. 70—71, II. 401.
Raunakvæði II. 33—37.
Raup Einars II. 101.
Reiðvísur I. 368—72.
Retrogradum I. 52.
Riðið í kaupöl II. 133.
Ríma af Sigurði Eyjólfssyni Rönkufót (sem kallaður var Rönkufótur), sjá Rönkufótsríma.
Rosti I. 375—76.
Rönkufóts ríma I. 103—24.

Sálmur um heilsu og vanheilsu, sjá Svanasöngur.
Sálmur í sjúkdómi, sjá Svanasöngur.
Sálmvísur, sjá Gott og ilt.
Sárt er meyjar að missa, sjá Meyjarmissir.
Sauðhyrningshrós II. 42—43.
Selshausum var stolið II. 131—32.
Séra Bjarna Gissurssyni tilskrifað forðum I. 27—28.
Séra Eiríki Ólafssyni til I. 22.
Séra Eiríki Ólafssyni um Skálholtssetu bréfamanns I. 22.
Séra Eiríki Ólafssyni um Varða fjárpilt I. 23—24.
Séra Eiríki Ólafssyni um barneign brókasjúkrar eldakonu I. 26.
Séra Rög[n]valdi Ormssyni tilteiknaðar vísur I. 6—8.
Séra Stefán spyr hvernig úti sé og svarar sér sjálfur II. 146—47.
Sigurborg II. 89.
Sigurður á Eyjólfsstöðum II. 99.

Sigurður ganti, sjá Sigurður scurra.
Sigurður scurra I. 131—33, II. 403.
Sjötíu og þrjú oss velgjörðafull lausnarans heiti II. 247—52.
Skáktafl II. 48.
Skáktaflsvísa II. 48–50.
Skáldið bindur nafn sitt, sjá Nomen authoris.
Skáldsins fyrsta vísa II. 129–30.
Skáldið kvað við dætur sínar II. 124.
Skáldsins seinasta vísa II. 107, 118.
Skálholtssetukvæði I. 22.
Skeggjavísur I. 157–64.
Skeggi til Laugu skrifar og segir I. 160–64.
Skildingur og Bleikjalingur I. 383.
Skinnhúuvísur I. 315–19.
Skjóna I. 389.
Skjóni I. 381.
Skoli I. 384.
Skolur, sjá Skoli.
Slátturinn í rústinni II. 130–31.
Sléttubönd II. 152, 409.
Smalamenska lmbu, reiðlag Gunnu II. 90.
Snjóholtsferjan fórst í stórum stormi I. 81–84.
Snjókoma II. 147–48.
Sólarljóð II. 235—41, 410.
Sorgarraunir Maríu II. 176–78.
Spádómur Odds I. 95–96, II. 401.
Spádómur út af Oddsbrag, sjá Spádómur Odds.
Staka áttmælt II. 103, sjá Ketát; II. 109, sjá Viðvaningsskript.
Staka í gamni II. 134.
Staka Pétri Bjarnarsyni tileinkuð I. 6.
Státsmeyjarkvæði II. 18–24.
Steintrompur I. 375.
Stropha æqvivocationum, sjá Hestur stóð hjá viðarkesti.
Stúlkuvísur, sjá Státsmeyjarkvæði.

Stökur II. 87, 98, 107, 109–10, 133, 135, 137, 138, 140, 141, 151, 157.
Superbia I. 73—75.
Svanasöngur II. 224–31.
Svar séra Stefáns til séra Þorsteins Jónssonar I. 403—405.
Söngurinn í Úlfstaðakór II. 52—53.
Söngvísa sneidd og alhend II. 200.

Taflvísur II. 47–50.
Tigull I. 388.
Tilhugalíf II. 2—4.
Til Árna Jónssonar á Geirastöðum í Hróarstungu I. 10—20.
— Séra Eiriks Ketilssonar I. 9.
— Guðrúnar dóttur sinnar I. 29–32 (undir nafni Ólafs bróður hennar) 36–37.
— Séra Páls Björnssonar II. 63–64.
— Þorsteins Magnússonar, er skáldið misti mann í skák II. 47.
Titlingur I. 388.
Tóa I. 384.
Tóbaksádeila I. 325–26.
Tóbaksdygðir, sjá Fjórar tóbaksdygðir.
Tóbakslast I. 323—24.
Tóbaksvísur I. 320–34.
Tófa, sjá Tóa.
Travali I. 376, 383.
Trippuvísur, sjá Óhappsreið.
Tröllaslagur I. 323–24, II. 10—11, 117—18.
Tvíræðar hendur, sjá Hestur stóð hjá viðarkesti.
Tvöfaldrar meiningar orð, sjá Hestur stóð hjá viðarkesti.

Um afsettan kaupmann, sem kallaður var Skulda-Lárus II. 98.
Um ágirnd II. 50—51, 408.
Um Ara Gíslason, sjá Veiðikvæði Ara Gíslasonar á Ekkjufelli.
Um Arnes í Hjáleigunni II. 68—69.

Um Ásmund hefðarhósta I. 124–28, II 403.
Um Berg Einarsson II. 94—95.
Um biðla II. 7.
Um Bjarna á Mýrnesi II. 82–83.
Um Búlka, Pola og Prata I. 59—61.
Um böðul II. 157—58.
Um dygðir og lesti, sjá Gott og ilt.
Um eiktamörk á Íslandi II. 357—65, 411.
Um ellina, sjá Ellivísa.
Um fagra stúlku, sjá Descriptio virginis formosæ.
Um gjaldvefnað II. 126.
Um Guðmund djákna, sjá Guðmundur digri.
Um Hafur I. 49.
Um hestakaup, sjá Hestakaupavísur.
Um Hinrik skósvertusala, sjá De Henrico.
Um hjón, sjá vitrun á skjáglugga.
Um hláku II. 148.
Um hrafnaganginn II. 144.
Um hrútlamb, hvert vér kölluðum Dúða I. 58.
Um hund II. 128, 409.
Um Imbu húu, sjá Húuvísur.
Um Jón P. s. sjónl. I. 55.
Um Jón Salómonsson, sjá Jón Salómonsson.
Um kaupamann sinn, sjá Ögmundur reiddist o. s. frv.
Um Kolbein dverg (til Jóns sýslumanns Þorlákssonar) I. 38—40.
Um litla Grána I. 59.
